


**BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON**

*Hamborgari vinsælastur hjá syninum*

Matur Tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**sirkus**

**HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR**

*Trúlofunarhringurinn frá Bubba er dýrasta djásnið*

SIRKUS Í MIÐJU BLAÐSINS




**VETRARLÍF**

*Stökk úr fallhlíf með blinda konu í fanginu*

Sérblað um vetraríþróttir og útivist

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. janúar 2007 — 25. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR



### Misery í kvöld

Jóhann Sigurðarson leikstýrir hryllingsstykki Stephen King á Nasa.

LEIKLIST 36

### Vinstri stjórn?

„Fyrsta verk Ingibjargar Sólrúnar í Stjórnarráðinu verður vitanlega að taka niður málverkin í húsinu af Jóni Þorlákssyni, Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 28

### Bubbi með brjósklos



Bubbi Morthens þurfti að fresta tónleikum vegna þess að hann er greindur með brjósklos í hálsi.

FÓLK 54

### Grátlegt tap



Íslenska landsliðið tapaði gegn Póllandi á HM í handbolta í gær í leik sem liðið átti að vinna að mati þjálfara og leikmanna eftir leik.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður yfirleitt hægur vindur af vestri. Súld eða rigning sunnan og vestan til, snjómugga norðvestan til síðar í dag en bjart með köflum framan af degi eystra. Snjókoma eða slydda þar í kvöld. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4



**SÝKNUDÓMUR** Spennan í þéttsetnum dómsal Hæstaréttar var mögnuð þegar Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, gekk í salinn áður en dómur var kveðinn upp, framhjá verjendum sakborninga; þeim Gesti Jónssyni, Kristínu Edwald og Þórunni Guðmundsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sýknað í Baugsmáli

**Sýknudómur Hæstaréttar í Baugsmálinu á að leiða til þess að sækjandi dragi ákærur í átta ákæruliðum í endurákæru til baka segir verjandi. Saksóknari segir aðrar forsendur í sýknudómi Hæstaréttar en í héraði og endurákærur standi.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær alla fjóra sakborningana af öllum sex ákæruliðunum sem eftir stóðu í upprunalegu Baugsmáli. Verjandi og sækjandi eru ekki sammála um áhrif dómsins á annan anga málsins.

Eftir að hafa kynnt sér hæstaréttardóminn í gærkvöldi sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, að dóminn ætti að leiða til þess að saksóknari felldi niður átta ákæruliði í endurákæru sem gefin hefur verið út í öðrum hluta Baugsmálsins. Hann segir þó að verjendur muni ekki leggja að sækjanda að vísa málinu frá vegna þessa, heldur vilji þeir fá endanlegan dóm.

„Mér sýnist að forsendur þessa dóms séu með þeim hætti að það sé afar fjarlægt að það sé hægt að sakfella fyrir ákæruliði 2 til 9 [í endurákærunni],“ sagði Gestur. „Hann [saksóknari] hlýtur að þurfa að fara yfir það hvort það þurfi ekki að fella niður þessa ákæruliði eftir þennan dóm.“

Hann sagði Hæstarétt að einhverju leyti hafa breytt forsendum héraðsdóms. Miklu skipti hins vegar að Hæstiréttur skilgreini hugtakið lán þröngt, en fjórir ákæruliðir sneru að því að stöður á viðskiptareikningum voru ekki skilgreindar sem lán og ekki getið í ársreikningum.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagði í gærkvöldi að í dómi Hæstaréttar væri skýringum héraðsdóms á lánveitingum algerlega hafnað og dómurinn hefði því ekki bein áhrif á endurákærurnar.

„Þær forsendur sem héraðsdómur var grundvallaður á voru að mati ákæruvaldsins algerlega óásættanlegar. Þær hefðu í sjálfu sér, hefðu þær verið staðfestar, haft þau áhrif að það hefði verið nærtækast að falla frá ákæruliðum númer 2 til 9 í [endur]ákærunni. En forsendur Hæstaréttar gera það að verkum að þessar forsendur standa alveg,“ sagði Sigurður.

brjann@frettabladid.is / sjá síðu 6

Tveir pólskir athafnamenn ferðast um landsbyggðina og kaupa dráttarvélar:

# Vilja gamla Zetora og Ursusa

**FÓLK** Tveir pólskir athafnamenn ferðast nú um landið og sanka að sér gömlum dráttarvélum af gerðunum Zetor og Ursus. Þeir voru einnig á landinu í fyrra og fluttu þá með sér „skipsfarm af gömlum dráttarvélum“, eins og viðmælandi Fréttablaðsins komst að orði. Það mun ekki ofsagt því Pólverjarnir munu vera langt komnir með að hreinsa sveitir Borgarfjarðar af dráttarvélum og ferðast nú um Norðurland í sömu erindagerðum.

Ingólfur Helgason, bóndi í Borgarfirði, er einn þeirra sem Pólverjarnir heimsóttu í gær. „Jú, þeir komu hérna við og ég losnaði við fjórar gamlar dráttarvélar sem ég átti. Þeir voru frá ýmsum tímabilum og í misjöfnu ástandi.“ Ingólfur segir þá félaga hafa komið vel fyrir og hann hafi fengið dagatal í kaupbæti, ef vera skyldi að hann hefði áhuga á að kaupa nýjar Klas-dráttarvélar sem þeir hafa umboð fyrir.



**PÓLLANDSFARI** Þessi gamli Zetor hefur þjónað vel í gegnum árin. Hann fær nú endurnýjun lífdaga á pólskum akri.

Fréttavefurinn Skessuhorn greinir frá forsögu málsins. Reykvíkingur fékk símtal frá þeim félögum þar sem þeir föluðust eftir gömlum Zetor sem stóð fyrir utan hús hans. Að hans sögn gera þeir félagar vélarnar upp og selja til pólskra bænda. Gamli reykvíski Zetorinn hans er nú kominn í vinnu á pólskum akri.

- shá

Kröfur um þjóðlendur:

# Kunna að vera brot á lögum

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður telur að kröfugerð ríkisins um þjóðlendur á austanverðu Norðurlandi kunni að varða við almenn hegningarlög.

Ragnar og Ólafur Björnsson hæstaréttarlögmaður hafa sent óbyggðanefnd bréf þar sem þeir krefjast frávísunar þjóðlendukrafna óbyggðanefndar í jarðir skjólstæðinga þeirra á svæðinu. Þeir telja að í kröfugerð ríkisins sé ekki farið að íslenskum lögum.



**RAGNAR AÐALSTEINSON**

Óbyggðanefnd mun svara kröfu þeirra um frávísun í næstu viku.

- ifv / sjá síðu 8



**MÓTMÆLT Í MOSKVU** Ungliðar Pútín-holla stjórnarflokksins í skipulögðum mótmælum gegn áformum Eista.

MYND/AP

Rússland-Eistland:

# Vara við færslu minnismerkis

**RÚSSLAND, AP** Rússneska þingið hefur samþykkt einróma ályktun þar sem Eistar eru varaðir við því að gera alvöru úr áformum um að flytja eða taka niður minnismerki um sigur Rauða hersins, sem sett voru upp í Eistlandi eftir síðari heimsstyrjöld.

Tilefni ályktunarinnar er að Eistlandsþing samþykkti nýlega lög sem heimila að minnismerki í eistnesku höfuðborginni Tallinn verði fært af þeim áberandi stað sem það var reist á inn í kirkjugarð, ásamt jarðneskum leifum hermanna sem grafnir voru við minnismerkið á sínum tíma.

- aa










## SPURNING DAGSINS



*Hermann, er það rétt að þið Gróa á Leiti eigið barn saman?*

„Nei, það er ekki rétt. Samband okkar komst aldrei á það stig þótt oft hafi litlu munað.“

Hermann Gunnarsson, sjónvarpsmaður með meiru, ætlar að taka til við ævisöguskrif. Hann telur það jafnvel nauðsynlegt að skrifa bókarauka um allt sem hann er sagður hafa gert í gegnum tíðina, en er ekki sannleikanum samkvæmt.

Verðbólgan hér á landi um tveimur prósentustigum lægri vegna erlends vinnuafls:

# Erlent starfsfólk léttir pressu

**VINNUMARKAÐUR** Gera má ráð fyrir að ef erlent vinnuafl hefði ekki komið hingað til lands í miklum mæli væri verðbólga um tveimur prósentustigum hærri nú. Þetta er mat Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans.



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

„Til að meta áhrif erlends vinnuafls er til dæmis hægt að gefa sér að ekki sé minni þensla nú en í síðustu uppsveiflu. Þá hækkaði launakostnaður um sextán prósent þegar hann fór hæst. Hann hefur nú hækkað um ellefu prósent og er sennilega í hámarki,“ segir Edda Rós.

Hún segir að í síðustu sveiflu hafi verðbólgan án húsnæðis hæst verið um tíu prósent, en nú sé hún 7,1 prósent. Með húsnæðisverði hafi hún hæst farið í 9,4 prósent síðast, og 8,6 prósent núna.

Það sem hafi breyst sé fyrst og fremst vinnumarkaðurinn. Því megi segja að áhrifin sem erlent vinnuafl hafi haft séu að verðbólgan hafi orðið um tveimur prósentustigum lægri en hún hefði orðið án þessa erlenda vinnuafls.

„Það er margt annað sem kemur inn í þetta, breytt peningastefna, gengi krónunnar og fleira slíkt, en í mínum huga er vinnumarkaðurinn gríðarlega mikilvægur í þessu,“ segir Edda Rós.

„Það eru til tölur þar sem fram kemur að um sextán þúsund erlendir ríkisborgarar hafi verið við störf á Íslandi á síðasta ári, og þar eru ekki taldir með þeir sem hafa ríkisborgararétt. Þetta eru um tíu prósent af vinnuaflinu, þannig að þetta er gríðarlega hátt hlutfall og engin spurning að þetta starfsfólk hefur létt á pressunni.“ - bj

Orkuveita Reykjavíkur:

## Kaupir fráveitu Álftaness

**UMHVERFISMÁL Orkuveita Reykjavíkur mun kaupa fráveituna á Álftanesi og taka við uppbyggingu og rekstri fráveitumannvirkja í sveitarfélaginu. Orkuveitan rekur nú þegar fráveitu fyrir Reykjavík, Akranes og Borgarbyggð.**

**Kaupverð fráveitunnar er 57,5 milljónir króna en með samningunum skuldbindur Orkuveitan sig til að sjá um uppbyggingu hennar til samræmis við kröfur um umhverfisáhrif. Framkvæmdir í þessu skyni eru taldar nema um 340 milljónum. Við kaupin skuldbindur Orkuveitan sig til að leggja tíu milljón króna til umhverfisseturs á Álftanesi.** - shá

Utanríkisráðherra Ísrael:

## Palestínuríki innan seilingar

**SVISS, AP Eina leiðin til að Ísraelar og Palestínumenn geti samið um frið er að viðræðurnar miði að tveimur ríkjum hlið við hlið, sagði utanríkisráðherra Ísraels, Tzipi Livni, í gær á hinu árlega heimsefnahagsþingi. Livni sagði að palestínskt ríki væri innan seilingar og hvatti alþjóðasamfélagið til að styðja við bakið á hófsömum öflum á Mið-Austurlöndum. Beindi hún orðum sínum sérstaklega til Mahmouds Abbas, forseta Palestínumanna, sem sagði í ávarpi fyrr um daginn að tími friðar á milli Palestínumanna og Ísraela væri kominn. Sagði hann að friðarsamkomulag myndi styrkja stöðu hófsamra afla gegn öfgahópum.** - sdg

# Embættið vissi af samböndum í Byrgi

**Landlæknisembættinu barst bréf frá geðlækni í janúar 2003 þar sem hann sagðist ítrekað hafa heyrt af kynferðissamböndum milli starfsmanna Byrgisins og vistmanna þess. Embættið brást hvorki við bréfinu né sendi það áfram.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættinu barst bréf frá geðlækni hinn 16. janúar 2003 þar sem hann sagði frá því að hann hefði ítrekað heyrt frásagnir af ástarsamböndum og kynferðissamböndum starfsmanna Byrgisins, bæði yfirmanna og meðferðaraðila, við vistmenn og sjúklinga sem þar dvöldu. Rannsókn á málefnum Byrgisins hófst hins vegar ekki fyrr en seint á síðasta ári, tæpum fjórum árum síðar.

Aðspurður staðfesti Matthías Halldórsson, settur landlæknir, að embættinu hefði borist bréfið en sagði að því hefði ekki verið formlega svarað. Talið hefði verið að málið væri embættinu hugsanlega óviðkomandi þar sem Byrgið heyrði ekki undir það. Að sögn Matthíasar eru ekki til nein gögn um að erindið hafi verið sent áfram til þeirra opinberu aðila sem fara með málefni Byrgisins. „Ég var í leyfi á þessum tíma og veit ekki nákvæmlega hvernig brugðist var við þessu. En auðvitað er það þannig að það á að senda svona áfram til þess aðila sem hefur með málið að gera. Ég veit ekki af hverju það var ekki gert.“

Í 7. grein stjórnsýslulaga er fjallað um leiðbeiningarskyldu. Þar segir að „berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er“.

Matthías viðurkennir að þótt Byrgið hafi ekki heyrt undir landlæknisembættið hefði það verið góð stjórnsýsla að senda bréfið áfram. Þegar hann var spurður um hvort embættið hefði mögulega brotið stjórnsýslulög vildi hann ekkert um það segja. Matthías segir að hann hafi rætt bréfið við Sigurð Guðmundsson landlækni, sem er staddur í Malaví, í gær en að Sigurður hafi ekki munað eftir bréfinu.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að bréfið hafi ekki borist formlega í ráðuneytið en að ráðuneytinu hafi verið skýrt frá innihaldi þess í lok síðasta árs. „En ráðuneytinu var ekki sent bréfið þegar það barst. Ég hef rætt við settan landlækni um þetta og við erum sammála um að það hefði verið æskilegt að bregðast við á sínum tíma.“

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi félagsmálaráðuneytisins, staðfesti að félagsmálaráðuneytinu hefði heldur aldrei borist bréfið.

thordur@frettabladid.is




**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ** Settur landlæknir segir að það hefði verið góð stjórnsýsla að senda bréfið áfram til þeirra aðila sem hefðu með málið að gera. Hann veit ekki af hverju það var ekki gert.

Fangelsismálastofnun:

## Vorum blekktir

**FANGELSISMÁL** Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að Byrgið hafi blekkt stofnunina þegar forsvarsmenn þess voru spurðir um leyfi fanga sem þar dvöldu. Í Fréttablaðinu á miðvikudag var sagt frá tveimur dæmdum ofbeldismönnum sem afplánuðu hluta dóma sinna í Byrginu, en reyndust ganga frjálsir með leyfi Guðmundar Jónssonar þegar fangelsismálayfirvöld vitjuðu þeirra. Valtýr segir það ekki vera boðlegt að dæmdir ofbeldismenn gangi frjálsir. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagði þjónustusamninginn milli Fangelsismálastofnunar og Byrgisins alfarið á ábyrgð þeirra aðila. - þsj



VALTÝR SIGURÐSSON



**SAUÐFÉ** Nýr samningur um sauðfjárrækt hefur tekið gildi.

Samningur um sauðfjárrækt:

## Styrkja á búsetu í dreifbýli

**LANDBÚNAÐUR** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtök Íslands undirrituðu í gær nýjan samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Samningurinn gildir til sex ára og eru markmið hans meðal annars að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein, bæta afkomu sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli. Framlög ríkisins hækka um 300 milljónir króna og nema þannig 3.348 milljónum á fyrsta ári samningsins. Framlögin lækka síðan í áföngum á samningstímanum. - shá

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Fimm ár fyrir hnífstungur

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti fimm ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir 22 ára gömlum pilti, Daníel Þór Gunnarssyni, fyrir tilraun til manndráps. Daníel stakk mann tvisvar sinnum með hnífi með þeim afleiðingum að lunga hans féll saman. Árásin var gerð í mars 2006 á skemmtistaðnum Gauki á Stöng.**

**Í dómsorðum héraðsdóms, sem staðfest eru í Hæstarétti, segir að hnífstunga í brjósthol hljóti alltaf að teljast til þess fallin að valda dauða og því hafi Daníel hlotið að gera sér grein fyrir því að langlíklegast væri að maðurinn biði bana af atlögu hans.**

**Daníel er gert að greiða fórnarlambi sínu 680 þúsund krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum.** - shá


BÍLL DAGSINS

VOLVO S40 2.4I

Nýskr. 08.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 31 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Sundlaugargestir uppgötvuðu eftirstöðvar af næturlífi í Laugardalslauginni:

# Breezer og sprauta í pottinum

**NÆTURLÍF** Par sem gerði sig heimakomið í heitu pottunum í Laugardalslaug í fyrrinótt skildi þar eftir sig sprautu og vínflösku sem tók síðan á móti fyrstu sundlaugargestunum í bítið næsta dag.

Fastagestur í Laugardalslaug segir að hann og fleiri hafi að venju verið mættir á staðinn þegar laugin var opnuð klukkan hálf sjö í gær. Úti í heita potti hafi þeir bæði þurft að fiska upp Breezer-áfengisflösku og sprautu. Hann segir að hylki hafi að vísu verið á sprautunálinni sjálfri en er undrandi á að ekki skuli vera betur fylgst með slíkum hættulegum hlutum, sérstaklega fyrir berskjaldaða baðgesti. Hann segir jafnframt að í næsta potti hafi ung stúlka fundið einnota kveikjara.

„Það var par hér um klukkan fimm um nóttina sem neitaði að hlýða næturverðinum og fara upp úr svo það þurfti að kalla til lögreglu,“ segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar, um uppákomuna í fyrrinótt. „Þau fóru síðan mótþróalaust með lögreglunni.“

Logi segir það fremur sjaldgæft að fólk stelist í laugina að næturlagi enda sé ávallt vörður á staðnum.



**HEITI POTTURINN** Vínflaska og sprauta með nál tóku á móti fyrstu gestum heita pottsins í Laugardalslaug í gærmorgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heitu pottarnir voru ekki hreinsaðir sérstaklega eftir hina óboðnu næturgesti. Mælitæki sýni ef eitthvað sé athugavert við vatnið. „Hér er svo öflugt hreinsikerfi að vatnið hefur algerlega verið búið að endurnýja sig þegar fyrstu gestirnir mættu,“ segir forstöðumaðurinn. - gar




Hann er kominn. Nýr Mitsubishi Pajero. Ný hönnun, glæsilegt útlit, aflmeiri og hljóðlátari vél. Þá er búnaðurinn óvenjulega íburðarmikill, og má nefna DVD spilara, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og 860 vatta Rockford hljómkerfi sem er sérhannað fyrir bílinn.

Dómarnir eru allir á einn veg:

*„Það er ekki aðeins að nýjasti Pajeroinn sé sá öflugasti og flottasti sem smíðaður hefur verið, heldur sá besti"*

Bílablað Morgunblaðsins 1. desember 2006

Komdu og reynsluaktu nýjum Pajero. Þú kemst ekki hjá því að hrífast með.

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ 25.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,6 | 68,92 |
| Sterlingspund | 135,12 | 135,78 |
| Evra | 89,04 | 89,54 |
| Dönsk króna | 11,944 | 12,014 |
| Norsk króna | 10,854 | 10,918 |
| Sænsk króna | 9,81 | 9,868 |
| Japanskt jen | 0,569 | 0,5724 |
| SDR | 102,49 | 103,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,6242

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrýst á Stöð 2 um afhendingu gagna um barnaníðinga:

# Lögregla vill gögnin í dag

**LÖGREGLUMÁL** Embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins mun leita eftir úrskurði dómstóla í dag til að leggja hald á gögn um ætlaða barnaníðinga sem Stöð 2 hefur í fórum sínum, verði þau ekki afhent. Þetta segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann átti fund með forráðamönnum Stöðvar 2 í gær um málið.



**STEFÁN EIRÍKSSON** Segir almannahagsmuni krefjast gagna í hendur lögreglu.

Gögnin urðu til við vinnslu fréttaþáttarins Kompáss, þar sem búin var tálbeita á netinu. Dæmdur barnaníðingur, Ágúst Magnússon, sást í þættinum koma til að hitta, að því er hann taldi vera, unglingsstúlku. Lögreglan lagði hald á tölvubúnað mannsins strax sama kvöld að beiðni Fangelsismálastofnunar.

Þáttagerðarmenn hafa tjáð lögreglu að þeir séu með undir höndum upptökur af fjórum eða fimm einstaklingum öðrum sem svöruðu auglýsingu tálbeitunnar með sama hætti og Ágúst. Þessi gögn vill lögreglan nú fá, en þátturinn sem byggist á þeim verður sýndur á sunnudagskvöld.

Lögreglan á von á svörum í dag frá forráðamönnum Stöðvar 2 um afhendingu gagnanna.

„Við teljum almannahagsmuni krefjast þess að við fáum þessi gögn í hendur og getum skoðað þau nánar til að leggja mat á næstu skref," segir lögreglustjóri. „Við vitum ekki nákvæmlega hvað þarna er á ferðinni, en vísbendingarnar um það að nokkrir menn hafi áhuga á að komast í kynferðisleg samskipti við börn eru nægilega miklar til þess að við stígum það skref sem við höfum nú ákveðið að stíga." - jss

Kvartað undan dóna á MSN:

## Beraði sig með vefmyndavél

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Ísafirði rannsakar mál þar sem ókunnugur maður hafði beðið um leyfi til að spjalla við unglingsstúlkur í gegnum MSN-spjallforritið.**

**Viðkomandi beraði sig síðan í gegnum vefmyndavél sem birtist óvænt á tölvuskjánum. Lögreglan bendir á að slíkt geti varðað við kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.**

**Í tilkynningu frá lögreglu eru foreldrar ungmenna hvattir til að ræða við börn sín um spjall í gegnum netið og að tala aldrei við þá sem þau ekki þekkja, hvað þá gefa þeim einhverjar upplýsingar um sig.** - sþs



**PÚTÍN OG SINGH** Rússlandsforseti og indverski forsætisráðherrann Manmohan Singh í Nýju Delí í gær. MYND/AP

Pútín á Indlandi:

## Rússar bjóða kjarnakljúfa

**INDLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti bauð í opinberri heimsókn sinni til Indlands í gær að Rússar myndu byggja fjóra kjarnorkuofna þar í landi. Á fundum Pútíns með indverskum ráðamönnum leituðust báðir aðilar við að treysta vináttubönd landanna, sem voru bandamenn á dögum kalda stríðsins, einkum með heitstrengingum um að efla orku- og hermálasamvinnu.

Pútín verður heiðursgestur við hátíðarhöld á þjóðhátíðardegi Indlands í dag. Rétt 57 ár eru frá stofnun indverska lýðveldisins, en í sumar verða 60 ár frá því þessi fyrrum stærsta nýlenda Breta hlaut sjálfstæði. - aa

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hálkan fer, hraðinn eykst**

Tuttugu voru teknir fyrir of hraðan akstur á höfuðborgarsvæðinu í gær. Sá sem hraðast fór var á 128 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Varðstjóri segir ökuhraða iðulega aukast þegar hálkan fari.

### LEIÐRÉTTING

Í óformlegri verðkönnun á súrmat sem Fréttablaðið birti í gær var rangt verð frá Bónus. Rétt kílóverð er: súr sviðasulta 1.358, súr svínasulta 764, lundabaggi 1.078, súr blóðmör 840, súr lifrapylsa 1.010, súrir hrútspungar 1.500 krónur, sem er lægra en greint var frá.

# Dýrastur vegna tolla og hráefniskostnaðar

**Big Mac-hamborgarinn er hvergi dýrari en á Íslandi. Hér er hann 89 prósentum dýrari en í Bretlandi og rúmlega 50 prósentum dýrari en í Svíþjóð og Danmörku. Framkvæmdastjóri segir háan hráefniskostnað orsaka þetta vafasama heimsmet.**

**NEYTENDUR** Hár hráefniskostnaður, tollar og álögur eru ástæðan fyrir því að Ísland selur heimsins dýrasta Big Mac-hamborgara.

VÖRUVERÐ

Til dæmis er nautakjötið meira en tvöfalt dýrara hér en erlendis og osturinn hátt í þrefalt dýrari. Þetta segir Magnús Ögmundsson, framkvæmdastjóri Lystar hf. sem rekur McDonald's-veitingastaðina.

Fréttablaðið er um þessar mundir að vinna verðkannanir á ýmsum vörum hér á landi og í nágrannalöndunum í þeim tilgangi að sjá hver verðmunurinn er milli landanna og reyna að grafast fyrir um í hverju munurinn liggur. Í þetta skipti er Big Mac-hamborgarinn tekinn fyrir.

Verðkannanir í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Bretlandi ásamt Íslandi leiða í ljós að borgarinn er 23 prósentum dýrari hér en í Noregi, 51 prósenti dýrari en í Danmörku, 56 prósentum dýrari miðað við Svíþjóð og heilum 89 prósentum dýrari hér á Íslandi en í Bretlandi.

Það þýðir að fyrir sömu upphæð og einn borgari kostar hér er hægt að fá tæpa tvo í Bretlandi.

Jafnvel þótt litið sé lengra en til Norðurlandanna og Bretlands er Ísland ennþá í efsta sæti hvað varðar verð á Big Mac. Samkvæmt könnun bandarísku útgáfu tímaritsins The Economist á verði Big Mac í heiminum árið 2006 er hann dýrastur hér á landi. Noregur, sem er í öðru sæti, var dýrastur um stund í fyrra þegar krónan veiktist, en það varði ekki lengi.

„Það er ekki eins og maður vilji eiga heimsmetið, en svona er þetta," segir Magnús. „Ég er að kaupa hráefnin inn á mjög góðu verði en tollarnir og flutningskostnaðurinn hækka kostnaðinn upp úr öllu valdi. Nautakjötið er rúmlega hundrað prósentum dýrara hér en erlendis, brauðið er um fimmtíu prósentum dýrara og osturinn er tvö hundruð prósentum dýrari."

Hann segir allt hráefnið í Big Mac hamborgarann koma að utan, en hætt var að nota íslenskt nautakjöt þegar mikill skortur var á því fyrir nokkru. Hráefnið er þess í stað keypt frá Þýskalandi, þar sem það er einna ódýrast í Evrópu.

salvar@frettabladid.is




**MCDONALD'S** Vinsælt er að nota Big Mac til að bera saman vöruverð á milli landa. Þetta er vegna þess að borgarinn er alltaf nákvæmlega eins, sama hvar hann er seldur.

**HEIMSINS DÝRASTI BIG MAC**

**Þetta færðu fyrir verð eins Big Mac á Íslandi:**




Málshöfðun gegn ritstjóra:

## Vill ekki tjá sig

**DÓMSMÁL** Sigurjón M. Egilsson, fyrrverandi ritstjóri Blaðsins, kvaðst ekki vilja tjá sig, þegar Fréttablaðið leitaði eftir því, um viðbrögð sín við því að stjórn Árs og dags ehf. hefði falið lögmanni að undirbúa skaðabótamál á hendur honum.



**SIGURJÓN M. EGILSSON**

Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður undirbýr nú málshöfðun á hendur Sigurjóni og Janusi Sigurjónssyni, fyrrverandi ritstjórnarfulltrúa Blaðsins. Að sögn Kristins er bótakrafa á hendur hinum fyrrnefnda grundvölluð á brotum í starfi. Bótakrafa á hendur hinum síðarnefnda er grundvölluð á ólögmætum starfslokum á Blaðinu. - jss

Íslenskir bræður í átökum:

## Danirnir verða líka ákærðir

**LÖGREGLUMÁL Fjórir Danir munu sæta ákæru vegna atviksins þegar tveimur íslenskum bræðrum lenti saman við flokk danskra ungmenna í bænum Hadsten í desember.**

**Samkvæmt upplýsingum frá dönsku lögreglunni er enn verið að binda lausa enda við rannsókn málsins og ekki hægt að segja til um hvenær henni lýkur. Íslensku bræðurnir voru þrjá sólarhringa í gæsluvarðhaldi grunaðir um manndrápstilraun eftir að samskiptum þeirra við Danina lauk með því að eldri bróðirinn ók bíl á dönsku ungmenni. Nokkrir þurftu að fara á sjúkrahús, þar á meðal íslenski ökumaðurinn með sprungið milta eftir kviðspark frá Dönunum. Allir sem slösuðust hafa jafnað sig.** - gar






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MEIRI HLÝINDI Á LEÐINNI**

Núna í morgunsárið er hitnn ekki ýkja hár en það er hlýrra loft á leiðinni og gengur það inn á landið með kvöldinu. Samfara komu þessa milda lofts fylgir úrkoma og má búast við að víða verði úrkoma á landinu í kvöld og þá með snjómuggu á norðanverðu landinu. Annars verður helgin almennt blaut með köflum því önnur úrkomuskil ganga inn á landið á sunnudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg vestlæg átt. Dálítil súld eða rigning en úrkomuminna í kvöld. Hiti 3-6 stig.

um hádegi »




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C rigning | London | 7°C alskýjað | Alicante | 14°C rigning |
| Þórshöfn | 4°C hálfskýjað | París | 4°C skúrir | Mallorca | 11°C skúrir |
| Osló | -0°C hálfskýjað | Frankfurt | 0°C hálfskýjað | Algarve | 11°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C snjókoma | Friedrichshafen | -7°C léttskýjað | Krít | 19°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 5°C skúrir | Berlín | 0°C snjóél | Las Palmas | 20°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.






Kjöt&fisktorgið

# Frábærir fiskréttir
## um helgina








**Ýsa í malasíukarrý**
Ýsa marineruð í chili, lauk, ferskum kryddjurtum og malasíukarrý

**Lax í engifer og hvítlauk**
Lax marineraður í fersku engifer, chili, hvítlauk og ferskum kryddjurtum

**Steinbítur með hvítlauk**
Steinbítur marineraður með hvítlauk, rauðlauk, strengjabaunum og ferskum kryddjurtum





**Lax í tikka masala**
Lax marineraður í tikka masala, rauðlauk, papriku og ferskum kryddjurtum

**Þorskur nætursaltaður**
Þorskur nætursaltaður og marineraður í pestó, sólþurrkuðum tómötum, rauðlauk og ferskum kryddjurtum

**Lax í kóríander**
Lax marineraður í hvítlauk, kóríander ásamt öðrum ferskum kryddjurtum





## Ostaborð

**Allt að 25% afsláttur af erlendum ostum**

í Kringlu og Smáralind



20% afsláttur við kassa



TILBOÐ
339 kr/kg
Verð áður 489,-



**Ítalskur ís** 400 ml
- gæða ís í glerbikar

**Vínber**
- fyrsta flokks vínber frá S-Afríku

**Heilsu tómatar**
- þrefalt meira magn af andoxunarefninu Lýkópen

Gildir til 28. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú verslað á útsölunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með leikjum íslenska landsliðsins á HM í handbolta?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Jón Ásgeir segir settan saksóknara í Baugsmálinu vera hinn eiginlega fjósamann:

# Niðurstaðan ekki óvænt

**DÓMSMÁL** Sýknudómur Hæstaréttar í sex ákæruliðum í Baugsmálinu kom Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group, ekki á óvart.

Í yfirlýsingu sem hann sendi fjölmiðlum í gær segir hann að í ljós hafi komið að það sé ekki hann sem sé fjósamaður, heldur Sigurður Tómas Magnússon, sérstakur ríkissaksóknari í málinu. Þar vísar hann til ummæla Sigurðar Tómasar við meðferð málsins fyrir Hæstarétti, þar sem hann líkti Jóni Ásgeiri við fjósamann sem stæli mjólk.

„Þetta er mjög ánægjuleg niðurstaða og í samræmi við það sem ég vissi í hjarta mínu að myndi gerast,“ segir í yfirlýsingu Jóns Ásgeirs. Hann segir að Sigurður Tómas hafi ekki metið málið sjálfstætt, heldur haldið „þessari vitleysu“ áfram.

„Við flutning málsins í Hæstarétti í síðustu viku viðhafði hann mjög ósmekkleg og ómakleg ummæli um mig og líkti mér við fjósamann sem stæli mjólkinni úr kúnum sem honum væri treyst fyrir. Sýknudómur Hæstaréttar í dag leiðir á hinn bóginn í ljós að það er hann sjálfur, Sigurður Tómas, sem er hinn eiginlegi fjósamaður í málinu. Hann situr í forinni sem þeir Haraldur Johannessen og Jón H.B. Snorrason skildu eftir sig þegar þeir hrökkluðust frá málinu,“ segir Jón Ásgeir.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

- bj

Maðurinn sem lenti í snjóflóði:

# Haldið sofandi í öndunarvél

**SLYS Líðan mannsins sem lenti í snjóflóði í Hrappstaðaskál í Hlíðarfjalli á sunnudaginn er óbreytt. Hann er þungt haldinn og er haldið sofandi í öndunarvél á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þorvaldur Ingvarsson lækningarforstjóri segir manninn hafa liðið súrefnisskort eftir að flóðið féll á hann og ekki sé ljóst hvaða áhrif það hafi.**

**Maðurinn var í vélsleðaferð með félögum sínum þegar snjóflóðið féll. Félagar hans grófu hann upp úr snjónum og gerðu á honum lífgunartilraunir. Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti hann á sjúkrahús.**

- sþs

# Ákærðu í Baugsmáli sýknuð

**Hæstiréttur kvað í gær upp sýknudóm vegna sex ákæruliða í upphaflegu Baugsmáli. Meðal annars þótti ekki hafið yfir vafa að starfsmenn hefðu staðið ranglega að innflutningi á jeppa Jóns Ásgeirs.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær alla fjóra sakborningana í því sem eftir stóð af upphaflegu Baugsmáli og staðfesti þar með sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu.

Í þessum hluta málsins var Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, ákærður fyrir að hafa sett fram rangar eða villandi sérgreiningar í ársreikningum Baugs fyrir árin 1998 til 2001 með því að geta ekki lána til sín og tengdra aðila á viðskiptareikningum.

Endurskoðendurnir Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir voru ákærð fyrir að árita án fyrirvara ársreikningana, Stefán vegna áranna 1998 til 2001 en Anna vegna ársins 2001.



**RÝNT Í DÓMINN** Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, og Jakob Möller hæstaréttarlögmaður skoða dóminn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auk þess voru Jón Ásgeir og Kristín Jóhannesdóttir systir hans ákærð vegna innflutnings á tveimur bifreiðum.

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að hugtakið lán verði að skilgreina þröngt, þannig að félag teljist hafa veitt lán þegar það hafi látið peningaupphæð eða ígildi hennar af hendi gegn því að upphæðin verði síðar endurgreidd.

Sækjandi byggði mál sitt á því að neikvæð staða á viðskiptareikningum við áramót jafngilti láni. Hæstiréttur telur að fjölmargar hreyfingar á viðskiptareikningum beri það ekki með sér að um lán hafi verið að ræða og þar sem ákæruvaldið hafi ekki sundurgreint til hvers sé vísað beri að sýkna Jón Ásgeir af ákærum vegna ársreikninganna.

Hæstiréttur telur þó mestu skipta að sakborningar hafi ekki verið spurðir nánar út í einstakar færslur á viðskiptareikningunum og málið ekki flutt með einstakar færslur í huga í héraðsdómi. Þar með hafi ákærðu ekki gefist kostur á að verjast ákærunum fyrir dómi og koma að eigin skýringum. Því sé óhjákvæmilegt að sýkna í þeim ákæruliðum sem snúi að ársreikningum.

Jón Ásgeir var einnig ákærður fyrir að koma sér undan því að greiða rúmlega 480 þúsund krónur í aðflutningsgjöld vegna innflutnings á Grand Cherokee-bifreið árið 1999. Hæstiréttur taldi að ekki væri hægt að útiloka að mistök starfsmanna hefðu orsakað að ranglega hefði verið staðið að innflutningnum og því bæri að sýkna Jón Ásgeir.

Kristín Jóhannesdóttir, systir Jóns Ásgeirs, var ákærð fyrir að hafa komið sér undan því að greiða tæplega 612 þúsund krónur vegna innflutnings á bifreið.

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að ósamræmi hafi verið í frásögn vitnanna Jóns Geralds Sullenberger og bandaríska bílasalans Ivan G. Motta um innflutninginn, auk þess sem ekki sé ljóst hvaða verð hafi að endingu verið greitt fyrir bílinn. Því verði að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms að sýkna Kristínu af kröfum ákæruvaldsins.

brjann@frettabladid.is

## BAUGSMÁLIÐ Í HNOTSKURN

**1. JÚLÍ 2005:** Sex einstaklingum birtar ákærur í fjörutíu liðum í máli sem fljótlega verður þekkt sem Baugsmálið.

**20. SEPTEMBER 2005:** Héraðsdómur Reykjavíkur vísar öllum ákæruliðunum fjörutíu frá vegna vegna ágalla á ákærum.

**10. OKTÓBER 2005:** Hæstiréttur staðfestir að vísa beri 32 ákæruliðum frá dómi, en vísar átta ákæruliðum aftur til héraðsdóms.

**15. MARS 2006:** Héraðsdómur kveður upp sýknudóm vegna ákæruliðana átta.

**22. MARS 2006:** Saksóknari áfrýjar dómi héraðsdóms hvað varðar sex ákæruliði.

**25. JANÚAR 2007:** Hæstiréttur kveður upp sýknudóm vegna ákæruliðana sex.

**31. MARS 2006:** Saksóknari gefur út endurákæru í 19 liðum á hendur fjórum einstaklingum vegna þeirra 32 ákæruliða sem Hæstiréttur vísaði frá dómi.

**30. JÚNÍ 2006:** Héraðsdómur vísar fyrsta ákæruliðnum í endurákærunni frá dómi.

**21. JÚLÍ 2006:** Hæstiréttur staðfestir frávísun á fyrsta ákæruliðnum í endurákærunni.

**12. FEBRÚAR 2007:** Þeir ákæruliðir sem eftir standa verða að óbreyttu teknir til efnislegrar meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Rannsókn á meintum skattalagabrotum stendur einnig yfir, en engin ákæra hefur verið gefin út vegna þessarar rannsóknar.**







Síminn
0 kr.
FYRIR ÖLL SÍMTÖL
INNAN FJÖLSKYLDUNNAR
FYRIR ÞÁ SEM ERU
Í BETRI LEIÐ Í GSM
ENNEMM / SÍA / NM23783
**Betri leið í GSM** hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.
Góður GSM 35
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.
Betri GSM 100
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.
Bestur GSM 160
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.
Langbestur GSM 280
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.
**Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar.** Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift.
Treystum fjölskylduböndin! **Kynntu þér málið www.siminn.is.**




Stofnfundur Landssambands landeigenda samþykkti áskorun til ríkisstjórnar:

# Geri ekki kröfur í eignarlönd

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Landssamtök landeigenda, sem stofnuð voru í pakkfullum Sunnusal Hótel Sögu í gær, skora á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að þjóðlendulögunum verði breytt þannig að ríkisvaldið geri ekki kröfur í jarðir með athugasemdalausum þinglýstum landamerkjabréfum. Samtökin telja slíkar jarðir eignarlönd og ef ríkið haldi öðru fram hvíli sönnunarbyrðin á því. Á fundinum í gær var samþykkt ályktun sem felur þetta í sér.

Tilgangur samtakanna er að berjast fyrir því að eignarréttur landeigendanna sé virtur í þjóðlendumálinu, eins og kveðið sé á um í stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu.



**GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR** Segir að aðeins ein sátt sé í stöðunni í þjóðlendumálinu: að ríkið geri ekki kröfur í jarðir með athugasemdalausum þinglýstum landamerkjabréfum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og ein af þeim sem skipulögðu stofnfundinn, sagði á fundinum að eina sáttin í stöðunni væri að ríkið gerði ekki kröfur í eignarlönd fólks.

Ólafur Björnsson, hæstaréttarlögmaður og einn af lögmönnum landeigenda, sagði á fundinum að ríkið hefði gengið of hart fram í kröfugerð sinni því að það hefði ekki verið vilji löggjafans, þegar þjóðlendulögin voru samþykkt árið 1998, að jarðir með athugasemdalausum þinglýstum landamerkjabréfum skyldu verða þjóðlendur. Hann sagði framkvæmd þjóðlendulaganna umdeilda.

Í ályktun fundarins var einnig samþykkt að ríkisvaldið gengi gegn skilningi laganna í kröfugerð sinni. Talið er að skráðir stofnfélagar séu um 300 talsins. - ifv

# Kröfur ríkis kunna að varða við lög

**Lögmenn landeigenda krefjast frávísunar þjóðlendukrafna á austanverðu Norðurlandi. Ragnar Aðalsteinsson segir kröfugerð ríkisins kunna að varða við almenn hegningarlög. Óbyggðanefnd svarar frávísunarkröfunum í næstu viku.**

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Kröfugerð Árna Mathiesen fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á austanverðu Norðurlandi kunna að vera brot á almennum hegningarlögum. Þetta kemur fram í bréfi Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, sem gætir hagsmuna nokkurra landeigenda á svæðinu. Ragnar sendi óbyggðanefnd bréfið um miðjan janúar. Í lagagreininni sem hann vísar til segir: „Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

Ragnar segir í bréfinu að með kröfum sínum hafi fjármálaráðherra farið langt út fyrir það umboð sem honum sé veitt til kröfugerðar með lögunum. Lögmaðurinn telur að kröfugerðarlýsingar ríkisins brjóti í bága við þjóðlendulögin sjálf því í þeim komi fram að ríkið skuli rökstyðja þær kröfur sem það geri í jarðir með heimildum og gögnum. Að mati lögmannsins þarf ríkið að sanna af hverju það gerir kröfurnar, en hingað til hefur framkvæmdin verið þannig að sönnunarbyrðin hefur hvílt á landeigendunum; þeir þurfa að sanna að þeir eigi jörðina en ekki ríkið. Að mati Ragnars er því verið að brjóta lög með kröfugerðinni.

Þess vegna krefst lögmaðurinn þess að þjóðlendukröfum ríkisins á svæðum skjólstæðinga hans verði vísað frá óbyggðanefnd. Til vara krefst hann þess að ríkið leggi fram sönnunargögn til óbyggðanefndar þar sem kröfurnar séu rökstuddar. Hann telur að ef verði þetta ekki gert njóti landeigendur ekki réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu.



**RAGNAR AÐALSTEINSSON** Telur að kröfugerð íslenska ríkisins í þjóðlendur á austanverðu Norðurlandi kunni að varða við almenn hegningarlög.

Ólafur Björnsson hæstaréttarlögmaður sendi óbyggðanefnd einnig bréf 16. janúar þar sem hann gerir sömu kröfur fyrir hönd skjólstæðinga sinna á austanverðu Norðurlandi og beitir sams konar rökum og Ragnar.

Sif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, segir að nefndin hafi ekki tekið ákvörðun um hvort hún verði við frávísunarkröfum lögmannanna. Hún segir að nefndin muni taka kröfur lögmannanna fyrir og að þeim verði svarað í næstu viku.

Andri Árnason, lögfræðingur fjármálaráðuneytisins, hefur svarað bréfi Ragnars fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Ekki náðist í Andra í gær vegna málsins.

ingifreyr@frettabladid.is

Styrjaldarástandi í þjóðlendumálinu verður að linna segir Jón Kristjánsson:

# Kröfugerð ríkisins harkaleg

**ALÞINGI** Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu hefur verið fráleit munalega harkaleg og ekkert tillit tekið til landeigenda, sagði Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðu utan dagskrár um framkvæmd þjóðlendulaga á Alþingi í gær.

Björgvin spurði Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra af því tilefni hvort til stæði að endurskoða framkvæmd laganna, og hvort framkvæmdin stæðist á annað borð stjórnarskrá.

Fjármálaráðherra sagði í svari sínu að samkvæmt fjölmörgum hæstaréttardómum dygði þinglýst landamerki ekki sem fullgild sönnun á eignarhaldi.

Árni benti enn fremur á að það væri hlutverk hans sem fjármálaráðherra að gæta hagsmuna landsmanna allra, og það yrði að gera kröfur til lands þar sem einhver vafi væri á eignarhaldi. Það væri svo dómstóla að skera úr um hvort kröfurnar væru réttmætar.

Tilgangurinn með þjóðlendulögum var ekki sá að gera eignir upptækar, sagði Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

„Skemmst er frá því að segja að logandi ófriður hefur verið á þeim svæðum sem sæta kröfugerðinni hverju sinni. Svo virðist sem stígandi hafi verið í kröfugerðinni eftir því sem fleiri landsvæði voru lögð undir. Kröfur voru þingfestar í jarðirnar og fram undan eru málaferli sem geta tekið langan tíma,“ sagði Jón. „Þessu verður að linna, það styrjaldarástand við landeigendur sem ríkir á þessum svæðum er ekki þolandi.“ - bj



**ÓÞOLANDI ÁSTAND** „Það styrjaldarástand við landeigendur sem ríkir á þessum svæðum er ekki þolandi,“ sagði Jón Kristjánsson á Alþingi í gær.


ENNEMM / SÍA / NM25508
ÉG NÝT MEIRI ÁVINNINGS AF ÞVÍ AÐ VERA Í VEXTI
Dæmi um heildarávinning ársins 2006, miðast við hjón
Kr. 74.225,-*
Pantaðu ráðgjöf á voxtur.is, hafðu samband við þjónustuver Kaupþings í síma 444 7000, þjónustuver VÍS í síma 560 5000 eða komdu við í næsta útibúi til að kynna þér málið.
VÖ XT UR
– þú færð meira
FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR
KAUPÞING
VÍS
*Forsendur dæmis: Debetkortafærslur: 3 x 365 x 6 kr. = 6.570 kr. x 2 á hjón / Gullkort: 8.900 kr. x 2 á hjón / Lán: 1.000.000 x 20% vextir x 5% afsl. = 10.000 kr. VÍS: 93.708 x 5% afsl.: 4.685 kr. / Líftr.: 16.000 x 5% afsl. = 800 kr. x 2 á hjón / Sjúkdómatr.: 20.000 x 5% afsl. = 1.000 kr. x 2 á hjón / Lýsing: 2.000.000 í einkaleigu 0,5% lægri vextir = 10.000 kr. / Öryggismiðstöðin: 5.000 kr. á mánuði x  25% afsl. = 15.000.
www.voxtur.is

**Framboðsfrestur**

Ákveðið hefur verið að efna til allsherjar-atkvæðagreiðslu um kjör stjórnar og trúnaðar-ráðs VR fyrir árið 2007.
Framboðslistum skal skila á skrifstofu félagsins, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 1. hæð, eigi síðar en kl. 12:00 föstudaginn 9. febrúar.

**Kjörstjórnin**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Ráðuneytin notuð í kosningabaráttu stjórnarflokkanna segir Ögmundur Jónasson:

# Alþingi ræði innflytjendamál



MAGNÚS STEFÁNSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON

**ALÞINGI** Kynning félagsmálaráðherra á stefnu um aðlögun innflytjenda er gott dæmi um hvernig ráðuneytin eru notuð í kosningabaráttu stjórnarflokkanna, sagði Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna, í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær. Hann sagði ráðamenn nú gerast gjöfula vegna komandi kosninga, en þeir reyndu helst að lofa fram í tímann.

Aðrir þingmenn kölluðu eftir því að stefnumótunin yrði rædd í þinginu. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði Alþingi verða að fá málið til efnislegrar meðferðar svo þingmenn fengju tækifæri til að hafa áhrif á gang þess. Annað væri lítilsvirðing við þingið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði að félagsmálaráðherra hefði lagt fram mjög góða stefnumótun í þessu máli, en mikilvægt væri að þingið ræddi málefni útlendinga.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra tók undir með Þorgerði Katrínu og sagði tillögu um að hann sem ráðherra flytti skýrslu um málið á Alþingi góða. Hann svaraði hins vegar ekki ummælum um að ráðuneyti hans væri notað í kosningabaráttu, öðruvísi en svo að ummælin hefðu verið á lágu plani. - bj



**SÖFNUNARRÁÐSTEFNA Í PARÍS** Ráðstefnan var haldin til að afla fjár til að draga úr skuldum Líbanons og til uppbyggingar í landinu eftir eyðilegginguna sem stríð Hizbollah og Ísraels í sumar hafði í för með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stórfé safnast til uppbyggingar í Líbanon

**Yfir fjörutíu ríki og stofnanir heita Líbanon sem svarar yfir 550 milljarða króna aðstoð til enduruppbyggingar. Landið er eitt það skuldsettasta í heiminum. Aðstoðin er byr í segl stjórnvalda í valdabaráttu við Hizbollah-samtök sjíamúslima.**

**PARÍS, AP** Stjórnvöldum í Líbanon var heitið sem svarar yfir 550 milljörðum króna í styrki og lán á alþjóðlegri fjáröflunarráðstefnu í París í gær. Yfir fjörutíu þjóðir og stofnanir hétu aðstoð í formi lágra lánsvaxta, skuldaívilnana eða beinna styrkja. Skilyrði er að aðstoðin fari í áætlun um efnahagslegar umbætur sem kynnt var fyrr í mánuðinum.

Forsætisráðherra Líbanons, Fuad Saniora, lýsti því yfir á ráðstefnunni að landið væri „á barmi djúprar efnahagskreppu“. Skuldir Líbanons jafngilda 2.750 milljörðum króna, um 185 prósentum af árlegri þjóðarframleiðslu, sem gerir Líbanon að einu skuldsettasta ríki heims. Yfirmaður Alþjóðabankans, Paul Wolfowitz, sagði stríðið milli Hizbollah og Ísraels í fyrrasumar hafa valdið Líbanon beinu tjóni að andvirði 165 milljarða króna og óbeinu tjóni upp á 48 til 55 milljarða.

Aðstoðin gefur stjórnvöldum í Líbanon byr í seglin í valdabaráttunni við Hizbollah-samtökin og bandamenn þeirra. Hizbollah, sem Íranar og Sýrlendingar styðja, hóf herferð gegn stjórnvöldum, sem hafa stuðning Bandaríkjanna og annarra Vesturlanda, fyrir tveimur mánuðum með það að markmiði að koma ríkisstjórn Saniora frá.

Á miðvikudaginn brutust út átök víða í Líbanon á milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í kjölfar verkfalls sem Hizbollah boðaði sem mótmælaaðgerð. Að minnsta kosti þrír létu lífið og fleiri en 170 særðust. Óeirðaástand skapaðist í gær þegar sló í brýnu á milli andstæðra fylkinga námsmanna. Einn lést og að minnsta kosti sautján særðust.

Átökin á miðvikudaginn þykja minna á daga borgarastyrjaldarinnar sem geisaði í Líbanon árin 1975 til 1990, og vera ákveðið varúðarmerki um hve fljótt ástand geti farið úr böndunum verði ekki fundin lausn á deilum stjórnvalda og Hizbollah. sdg@frettabladid.is

Námskeið í Matstækni

við Háskólann í Reykjavík



Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði eignamats, s.s. kostnaðarmats vegna viðhalds fasteigna, markaðsmats vegna fasteignaviðskipta o.fl.

**Námskeið hefjast í febrúar.**
**Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.**

Nánari upplýsingar má finna á www.hr.is og hjá Guðmundi Borgþórssyni, gudmb@ru.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLUNNI 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Andstæðingar álvers gagnrýna deiliskipulagstillögu:

# Ekki þverpólitískt samkomulag



**ÁLVERIÐ** Andstæðingar segja mengun frá álveri verða meiri eftir stækkun.

**HAFNARFJÖRÐUR** Pétur Óskarsson, talsmaður Sólar í Straumi, segir deiliskipulagstillöguna engu breyta í sambandi við afstöðu Hafnfirðinga til fyrirhugaðra framkvæmda í Straumi. Hugmyndir um mengunarvarnir og minni útblástur brennisteins eigi ekki heima í deiliskipulagstillögu.

„Ef álverið ætlar að minnka útblásturinn þarf það að fara fram á endurnýjað starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Svo er bara verið að taka á brennisteinsmengun, ekki annarri mengun. Þarna er bara eitt lítið brot í málinu lagað til og markaðssett sem stórkostlegur sigur umhverfisins í Hafnarfirði,“ segir hann.

Jón Ólafsson, fulltrúi Vinstri grænna í starfshópi Alcan og bygginga- og skipulagsnefndar Hafnarfjarðar, segir það rangt að þverpólitískt samkomulag sé um deiliskipulag vegna mögulegrar stækkunar álversins.

Markmið starfshópsins hafi verið að þrengja kosti mengunar og hópurinn hafi bara unnið tillögu að deiliskipulagi ef svo illa færi að tillagan yrði samþykkt. Villandi sé að segja að mengun verði svipuð og í dag. Magn brennisteinstvíoxíðs sem fari út í andrúmsloftið aukist um þrjátíu prósent eftir stækkunina. - ghs

Íbúakosningar í Hafnarfirði:

# Tillögu vísað í bæjarstjórn



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

**HAFNARFJÖRÐUR** Málsmeðferðarreglur vegna fyrirhugaðra íbúakosninga 31. mars voru til umræðu í bæjarráði Hafnarfjarðar í gær og var þeim vísað til bæjarstjórnar. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, lagði til að þær yrðu ræddar í tveimur umferðum í bæjarstjórn og var það samþykkt.

Í tillögunni sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að mögulegt verði að framkvæma íbúakosningar með tvennum hætti, þegar bæjarstjórn ákveði eða þegar fjórðungur kosningabærra íbúa krefjist þess. Bæjarstjórn geti ákveðið að kosningarnar verði bindandi áður en þær fari fram. Engin mörk séu á þátttöku og einfaldur meirihluti dugi. - ghs




ÚTSALA
Allt að 70% afsláttur
Úrval ljósa á frábæru verði!
-30%
-50%
-30%
-50%
Næturljós, 3 í pk.
-70%
-50%
-30%
-30%
-50%
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16



**NÝBAKAÐ BRAUÐ** Þessi piltur í Kabúl er á leiðinni heim til sín með nýbakað brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framsóknarmenn í Suðurkjördæmi skipa á framboðslista:

# Brynja líklegust í þriðja sæti

**REYKJANESBÆR** Framsóknarmenn í Suðurkjördæmi velta nú vöngum yfir því hvernig þriðja sætið á lista framsóknarmanna verði skipað eftir að Hjálmar Árnason alþingismaður dró sig út úr listanum eftir niðurstöður prófkjörsins um síðustu helgi.

Tvær konur eru nefndar í þessu sambandi; Brynja Lind Sævarsdóttir, formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjanesbæ, og Petrína Baldursdóttir, bæjarfulltrúi í Grindavík, sem sat á þingi fyrir Alþýðuflokkinn 1993-1995 og var varaþingmaður 1995-1999.

Listi framsóknarmanna í Suðurkjördæmi verður kynntur á kjördæmisþingi á Selfossi á morgun. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er ljóst að konu verður boðið þriðja sætið og þykir langlíklegast og nánast frágengið að bjóða Brynju Lind að taka það sæti en hún gaf kost á sér í fjórða sæti í prófkjörinu.



**LÍKLEGUST** Ljóst er að konu verður boðið þriðja sætið og sterkar líkur á að Brynja Lind Sævarsdóttir fái tilboðið.

Brynja Lind kannaðist við að nafnið hennar væri í pottinum þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í gær. Hún kvaðst myndu íhuga málið og skoða það vel og vandlega, fengi hún tilboð um að taka þriðja sætið.

„Það er ekkert búið að ákveða. Þetta kemur í ljós á næstu dögum,“ segir hún. - ghs

Félag um lýðheilsu:

## Skimun verði utan LSH

**HEILBRIGÐISMÁL Skimun vegna brjóstakrabbameins á ekki heima innan veggja Landspítalans, LSH, segir stjórn Félags um lýðheilsu. Í tilkynningu hennar segir að fyrirhugaður flutningur skimunar Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands í fyrirhugaða brjóstakrabbameinsmiðstöð á vegum LSH kljúfi núverandi þjónustu Leitarstöðvarinnar við konur sem felist í skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini.**

**Stjórnin fer því á leit við stjórnvöld að leita sameiginlegra leiða til að bæta þjónustuna án þess að sjúkdómsvæða forvarnarstarfið.** - ghs

Ráðherra gagnrýndur á þingi:

## Nefnd fari yfir svör ráðherra

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, gagnrýndi það harðlega á Alþingi í gær að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði vikið sér undan að svara spurningum hans um leyniþjónustustarfsemi lögreglu á síðustu öld í tvígang.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur sagði rétt að forsætisnefnd færi yfir umræður sem farið hefðu fram um málið í tvígang án þess að dómsmálaráðherra svaraði spurningum þingmanna, eins og lög kvæðu á um að hann ætti að gera. Það væri forsætisnefndar að kveða upp úr um hvort vinnubrögð dómsmálaráðherra væru eðlileg. - bj

Níræð hjón létust sama dag:

## Gat ekki lifað án konu sinnar

**BANDARÍKIN Níræð bandarísk hjón voru það samrýmd eftir tæplega 66 ára hjónaband að þau gátu bókstaflega ekki lifað án hvors annars, að því er kemur fram á fréttavef The Sun.**

**Joan Standen var flutt á sjúkrahús með sýkingu í brjóstholi og féll stuttu síðar í dá með lungnabólgu. Fjórum dögum síðar var Reg, eiginmaður hennar, fluttur á sjúkrahús með svipaðan kvilla. Joan lést síðar sama dag.**

**Fjölskyldan ákvað að segja Reg ekki frá andláti Joan þar sem hann var svo veikburða en fimm klukkustundum síðar lést Reg. Dóttir hjónanna telur að faðir sinn hafi fundið á sér að Joan væri látin og hafi við það gefist upp.**

**Standen-hjónin voru jarðsett hlið við hlið á 66 ára brúðkaupsafmælinu sínu.** - sdg

# Íslendingar breyti siglingalögum

**Íslensk lög stangast á og þeim þarf að breyta, að mati prófessors. Ef bótatakmörkunarreglur gilda greiða eigendur Wilson Muuga aðeins 71 milljón króna. Afgangurinn fellur á ríkið. Umhverfisstofnun sendir reikninginn í næstu viku.**

**SKIPSSTRANDIÐ** Guðmundur Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, telur að eigendur flutningaskipsins Wilson Muuga geti borið fyrir sig bótatakmörkunarreglur í siglingalögum og það sé þeim í hag að láta hjá líða að fjarlægja skipið úr Hvalsnesfjöru og hreinsa til meðan lagaleg ágreiningsatriði komist á hreint, til dæmis fyrir Hæstarétti.

Þá bendir Guðmundur á að sá möguleiki sé fyrir hendi að skipið standi óhreyft á strandstað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um að taka tillit til umhverfissjónarmiða, hvort hægt sé að fjarlægja skipið og hvort það hafi truflandi áhrif á siglingar framhjá.

Guðmundur fjallaði um þessi mál á hádegisfundi í Háskólanum í Reykjavík í gær. Hann telur að siglingalög og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda stangist að hluta til og að siglingalög gangi framar lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda enda hafi þeim ekki verið breytt þegar lög um varnir gegn mengun hafs og stranda voru sett, auk þess sem vísað sé til siglingalaga í þessum mengunarvarnalögum.



**WILSON MUUGA** Eigendur Wilson Muuga þurfa líklega aðeins að greiða 71 milljón króna fyrir samtölu allra krafna vegna mengunarvarna og björgunar í Hvalsnesfjöru í desember ef þeir gæta þess að bíða með hreinsun fjörunnar þar til niðurstaða liggur fyrir í málinu.

Guðmundur benti á að samkvæmt bótatakmörkunarreglum siglingalaga ættu eigendur skipsins aðeins að greiða 71 milljón króna fyrir samtölu allra krafna vegna aðgerðanna í desember og mun restin þá væntanlega lenda á ríkissjóði. Sé miðað við rúmlestir getur upphæðin orðið lægri. Guðmundur fór yfir reynslu Norðmanna en norsku siglingalögunum var breytt árið 2005, meðal annars vegna strands Guðrúnar Gísladóttur, og bótatakmörkunarfjárhæðir hækkaðar verulega.

Guðmundur telur að Íslendingar þurfi að breyta siglingalögum og tala um brúttótonn í stað rúmlesta, staðfesta Alþjóðasáttmálann frá 1976 eins og hafi staðið til og nýta rétt til að gera fyrirvara varðandi tjón, lögfesta bótatakmörkunarreglur svipaðar þeim norsku og veita útgerðarmönnum heimild til að bera fyrir sig takmörkunarreglur gagnvart kostnaði við að fjarlægja og hreinsa til.

Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur Umhverfisstofnunar, segir að í næstu viku fáist niðurstaða um kostnað stofnunarinnar vegna Wilson Muuga. Í framhaldinu verði reikningurinn sendur út. Lögfræðingar samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar eru með málið í skoðun.

ghs@frettabladid.is

### EIGA AÐ HREINSA UPP EFTIR SIG

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra telur að eigendum flutningaskipsins Wilson Muuga beri siðferðileg og umhverfisleg skylda til að fjarlægja skipið úr Hvalsnesfjöru í Sandgerði og hreinsa upp eftir sig.

Í umræðunni upp á síðkastið hefur komið fram að samkvæmt lögum beri eigendum skipsins hugsanlega aðeins að greiða 71 milljón króna upp í allar kröfur en ráðherrann bendir á að ekkert banni eigendunum að axla samfélagslega ábyrgð sína og greiða meira en það. - ghs



**NÁMSMENN** Eru óánægðir með nefskatt.

Stúdentaráð HÍ ályktar:

## Námsmönnum sýnt tillitsleysi

**KJARAMÁL** Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar það tillitsleysi í garð námsmanna sem birtist í nýsamþykktu frumvarpi menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. Nefskattur, óháður viðtækjaeign, geti haft miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir þá námsmenn sem séu með yfir 850.000 krónur á ári í tekjur. Þetta kemur fram í ályktun sem ráðið sendi frá sér í gær.

Segir að frumvarpið hafi talsverða kjaraskerðingu í för með sér fyrir námsmenn og ótrúlegt að gert sé ráð fyrir því að námsmenn allir yfir 16 ára aldri hafi lægri árstekjur en 850.000 krónur. - sþs

**AUSTURRÍKI**

### Lík kærustunnar í ísskáp

Austurrískur maður var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að myrða unnustu sína, hluta lík hennar í sundur og geyma í bútum í ísskápnum heima hjá sér. Hann sagðist hafa kyrkt hana eftir að hafa vaknað eina nóttina við að hún stóð yfir honum með hníf í hendi.

**BANDARÍKIN**

### Smokkar frá borgarstjórn

Borgarstjórnin í New York ætlar á næstunni að bjóða borgarbúum upp á ókeypis smokka, sérstaklega skreytta með þemum tengdum borginni. Ein hugmyndin er að skreyta þá með kortum af neðanjarðarlestakerfi borgarinnar. Tilgangurinn er að draga úr útbreiðslu kynsjúkdóma.





FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

# JANÚAR ÚTSALA

**Dagana 24. til 27. janúar**

**hjá Bílalandi B&L, B&L Selfossi og umboðsmönnum um land allt.**
**Valdir bílar á alvöru útsölu. Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**
**Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**

**Nokkur dæmi um bíla á útsölu:**

**Útsöluverð kr. 1.080 þús.** Verð áður kr. 1.420 þús.


Renault Megane, 2003 - Ek. 74 þús. JG-369

**Útsöluverð kr. 2.380 þús.** Verð áður kr. 2.890 þús.


Hyundai Santa Fe, 2005 - Ek. 47 þús. UI-651

**Útsöluverð kr. 680 þús.** Verð áður kr. 930 þús.


Hyundai Getz ... Ek. ...s. ...33

**Útsöluverð kr. 470 þús.** Verð áður kr. 730 þús.

Hyundai ... 2001 - Ek. 83 þús. UI-140

**Útsöluverð kr. 1.590 þús.** Verð áður kr. 1.990 þús.


Re... 2004 - Ek. 25 þús. PJ-285

Ú... þús.


Renault Laguna, 1999 - Ek. 107 þús. UL-018

**2 dagar eftir**

**...rð kr. 1.050 þús.** Verð áður kr. 1.390 þús.


Renault Megane II, 2003 - Ek. 71 þús. OK-601

**Útsöluverð kr. 830 þús.** Verð áður kr. 1.190 þús.


Hyundai Sonata, 2002 - Ek. 59 þús. VX-408

**Útsöluverð kr. 570 þús.** Verð áður kr. 890 þús.


Renault Clio, 2004 - Ek. 51 þús. VV-138

**Útsöluverð kr. 1.490 þús.** Verð áður kr. 1.890 þús.


Hyundai Santa Fe, 2003 - Ek. 90 þús. NX-393

**Útsöluverð kr. 790 þús.** Verð áður kr. 1.120 þús.


Renault Scenic, 2003 - Ek. 86 þús. OI-471

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

**Opið frá kl. 9 til 18**
**og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.**

**Reykjavík ✆ 575 1230**
**Selfoss ✆ 575 1460**

bíla land B&L
notaðir bílar

**Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 Reykjavík**
**Bílaland B&L, Hrísmýri 2a Selfossi**

**bílaland.is**

# ENGIN verðhækkun

## á þessu Bónus áleggi og Bónus pylsum frá Síld og fisk

Reykt skinka
KÍLÓVERÐ NÚ:
799 KR.
Merkt verð 888 KR.

Bónus vínarpylsur
kílóverð nú:
539 KR.
Merkt verð 599 KR.

Bitafiskur 200g
PRÓTÍNBOMBA!
899 KR.
80% prótín innihald

Samlokuskinka
KÍLÓVERÐ NÚ:
699 KR.
Merkt verð 776 KR.

Malakoff
KÍLÓVERÐ NÚ:
719 KR.
Merkt verð 799 KR.

Kótelettur í raspi
Lærissneiðar í raspi
40% afsláttur
við kassann

EKKERT BRUÐL

Rogan Josh og Madras í 475g krukkum
Rogan Josh/Madras
129 KR.
475g

Smyrja 300g
98 KR.

Kótelettur/lærissneiðar
kílóverð nú:
1199 KR.
Merkt verð 1999 KR.

Beinlaus útvatnaður saltfiskur

Euroshopper smálúða 750g (koli)

500 ml
159 KR.

Íslenskir laxabitar
kílóverð nú:
799 KR.
Merkt verð 999 KR.

Saltfiskur beinlaus
kílóverð nú:
775 KR.
Merkt verð 859 KR.

Smálúða 750g
99 KR.

20% afsláttur
við kassann

Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar frá Norðanfiski

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Fulleldaðir og kryddaðir kjúklingavængir
Holta-kjúklingur
Eldaðir kjúklingavængir kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
Ferskar Holta kjúklingabringur -verð aðeins:
Holta-kjúklingur
FERSKAR BRINGUR kílóverð nú:
1599 KR.
Merkt verð 2565KR.
37,5% afsláttur við kassann
ENGIN verðhækkun
á frosnu kjöti frá Kaupfélagi Skagfirðinga
...fyrir góðan dag!
Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
Frosin KS lambasvið
...fyrir góðan dag!
Lamba fille
FROSIÐ LAMBAFILLE kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lambasúpukjöt I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
...fyrir góðan dag!
Bónus býður betur!
Frosinn KS lambabógur
...fyrir góðan dag!
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
www.bonus.is



**LOKS KOM SNJÓRINN** Í gær snjóaði heldur betur í Þýskalandi þar sem snjóleysið í vetur hefur valdið miklum áhyggjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## DANMÖRK

### Minna atvinnuleysi

Hlutfall atvinnulausra í Danmörku minnkaði niður í 3,9 prósent í desember, sem er minnsta atvinnuleysi sem mælst hefur í landinu í þrjá áratugi. Þetta kemur fram í nýjustu tölum dönsku hagstofunnar sem birtar voru í gær.

Barack Obama segir sögusagnir um skólagöngu sína á Indónesíu furðulegar:

# Gekk aldrei í kóranskóla

**BANDARÍKIN** Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Barack Obama, sem gerir sér vonir um að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, ber nú til baka ásakanir um að hann hafi á barnsaldri sótt kóranskóla róttækra múslíma á Indónesíu.



**BARACK OBAMA**

Tímaritið Insight fullyrti á vefsíðu sinni að sögur um þetta séu komnar frá stuðningsmönnum Hillary Clinton, sem keppir við Obama í forsetaslagnum, en talsmenn hennar neita því.

Sjálfur segir Obama þessar ásakanir „furðulegar“. Hann viðurkennir að hann hafi sótt skóla hjá múslímum, en það hafi ekki verið kóranskóli. Einn af talsmönnum hans taldi sig þurfa að taka fram að Obama hafi „aldrei verið múslími“.

Obama var fæddur á Havaí. Móðir hans var hvít bandarísk kona frá Kansas en faðir hans svartur maður frá Kenía. Eftir að faðir hans sneri aftur til Kenía fluttist Obama til Indónesíu sex ára gamall með móður sinni og indónesískum stjúpföður sínum, Lolo Soetoro. Þar bjó hann í fjögur ár og sótti þar skóla eins og önnur börn, en flutti tíu ára gamall aftur til móðurforeldra sinna á Havaí.

Bæði bandaríska sjónvarpsstöðin CNN og fréttastofan AP hafa gert menn út af örkinni til að heimsækja grunnskólann í Jakarta, sem Obama gekk í á sínum tíma í Indónesíu.

„Það er ekkert hæft í þessum ásökunum,“ sagði Almad Solichin, aðstoðarskólastjóri í skólanum SDN Menteng 1. „Jú, flestir nemendurnir okkar eru múslímar, en hér eru kristnir líka. Allir eru velkomnir hingað … þetta er almenningsskóli.“ Sumir kennarar við skólann muna enn eftir Obama, óvenju háum strák með hrokkið hár sem var fljótur að tileinka sér tungumálið og þótti góður í stærðfræði.

Fréttirnar af forsetaframboði þessa fyrrverandi nemanda vöktu mikla ánægju í skólanum. **- gb**



**GRUNNSKÓLI Í JAKARTA** Kennari fylgist með nemendum sínum í skólanum, sem Barack Obama gekk í á Indónesíu þegar hann bjó þar á barnsaldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Frumvarp um sameiningu:

# HÍ og KHÍ í eina sæng 2008

**ALÞINGI Frumvarp menntamálaráðherra um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands var tekið til umræðu á Alþingi í gær. Stefnt er að því að sameina skólana frá 1. júlí 2008. Tilgangurinn með frumvarpinu er meðal annars sá að stuðla að frekari uppbyggingu háskóla í landinu, sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra þegar hún mælti fyrir frumvarpinu í gær.**

**„Þetta er mál sem að mínu mati hefur mikla þýðingu fyrir háskólasamfélagið, og er brýnt og mikilvægt skref í því að byggja upp Háskóla Íslands sem öflugan háskóla í fremstu röð,“ sagði Þorgerður Katrín. - bj**




# Mestu munar á saltfiski

**Gríðarlegur verðmunur er á fiski og hefur meðalverð hækkað verulega frá því í fyrra. Mestur var verðmunurinn á saltfiski. Fiskur var oftast dýrastur í Fiskisögu Sundlaugavegi en oftast ódýrastur í Fjarðarkaupum.**

**VERÐKÖNNUN** Allt að níutíu prósenta verðmunur var á fiski í verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði á miðvikudaginn. Hæsta verðið var oftast í verslun Fiskisögu við Sundlaugaveg í Reykjavík en lægsta verðið var oftast í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði.

Munur á hæsta og lægsta verði var í flestum tilvikum yfir fjörutíu prósent. Mestur var munurinn á útvötnuðum saltfiski, eða heil níutíu prósent. Í Fiskisögu kostaði hann 1.590 krónur en 838 krónur í Fjarðarkaupum. Verðmunurinn nemur tæpum níutíu prósentum. Mikill verðmunur var einnig á laxaflökum með roði, ýsuhakki, steinbít í sneiðum og bein- og himnuhreinsuðum skötusel.

Minnsti verðmunurinn var á steinbítsflökum með roði, eða 26 prósent. Steinbíturinn fékkst á 865 krónur kílóið í Fiskbúðinni Trönuhrauni 9 en 1.090 krónur í Fiskbúðinni Lækjargötu 34b. Á roðflettum og beinlausum ýsuflökum, stórlúðu í sneiðum, laxi í sneiðum og ýsuflökum með roði og beini var innan við fjörutíu prósenta verðmunur.

Verðkönnunin var gerð 24. janúar í Nóatúni Hringbraut, Melabúðinni Hagamel, Fiskbúðinni Freyjugötu, Fiskisögu Skipholti, Höfðabakka, Nesvegi, Sundlaugavegi og Háaleitisbraut, Hagkaupum Skeifunni, Fiskbúðinni Hafberg Gnoðarvogi, Fiskbúðinni Arnarbakka, Fiskbúðinni Hófgerði, Fiskbúðinni Okkar Smiðjuvegi, Fiskbúðinni Lækjargötu, Fiskbúðinni Trönuhrauni, Samkaupum-Úrvali Miðvangi, og Fjarðarkaupum Hólshrauni. Gallerý fiskur neitaði þátttöku. Kannað var verð á 29 tegundum.

Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður frá því í janúar í fyrra kemur í ljós að meðalverð allra tegunda hefur hækkað um tíu til tuttugu prósent. Tindabikkja er undanskilin.

Mest hefur meðalhækkunin orðið á útvötnuðum saltfiski í bitum, eða um 31 prósent milli ára, og meðalverð á heilum slægðum laxi hefur hækkað um 24 prósent.

ghs@frettabladid.is



**FISK Á DISK** Mikill verðmunur er á milli fiskbúða og hagur neytenda að gera verðsamanburð.

**MESTI VERÐMUNUR**
**samkv. verðkönnun ASÍ á fiski 24. janúar 2007**

| | Prósent |
|---|---|
| Saltfiskflök útvötnuð | 89,7 |
| Laxaflök með roði | 87,8 |
| Fiskhakk ýsa | 84,8 |
| Steinbítur í sneiðum | 83,1 |
| Skötuselur, bein og himnuhreinsaður | 80,5 |

**MINNSTI VERÐMUNUR**
**samkv. verðkönnun ASÍ á fiski 24. janúar 2007**

| | Prósent |
|---|---|
| Steinbítur flök með roði | 26 |
| Ýsuflök roðflett og beinlaus | 31,1 |
| Stórlúða í sneiðum | 33,6 |
| Lax í sneiðum | 36,6 |
| Ýsuflök með roði og beini | 37,3 |

HEIMILD: VERÐKÖNNUN ASÍ

Gagnrýni á Íransforseta:

## Sagður skaða þjóðarhag

**ÍRAN, AP** Æðsti klerkur andófsmanna í Íran, Hossein Ali Montazeri, gagnrýnir Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta fyrir framgöngu sína vegna kjarnorkuáætlunarinnar sem hann segir skaða Íran.



HOSSEIN ALI MONTAZERI

Montazeri tók fram að hann styddi kjarnorkuáætlunina en ögranir Ahmadinejads á alþjóðavettvangi stefndu þjóðarhag í voða. Margir hafa gagnrýnt Ahmadinejad að undanförnu fyrir að einblína um of á áróður gegn Bandaríkjunum og ekki nógu mikið á efnahagsmál heima fyrir.

Ahmadinejad var kjörinn í fyrra í kjölfar loforða um að allar fjölskyldur myndu njóta olíuauðsins og fátækt yrði útrýmt. Í ræðu á sunnudag sagði hann verðbólgu innan við 12 prósent en sérfræðingar áætla hana vera 30 prósent.

- sdg




## „ORÐRÉTT“

### Flest batnar með aldrinum

**„Ég hef kannski verið svolítil karlremba í gegnum tíðina og kannski ágætt að snúa ofan af því og láta þetta renna í þá átt, til kvenna.“**

EIÐUR HARALDSSON, EIGANDI VERKTAKAFÉLAGSINS HÁFELLS, SEM AFÞAKKAÐI GJAFIR Á SEXTUGSAFMÆLINU OG HVATTI GESTI TIL AÐ STYRKJA UNIFEM.

**Morgunblaðið 25. janúar**

### Gott að lofta um

**„Ég held að þróun síðbuxna hafi verið mikið feilspor.“**

HAFLIÐI SKÚLASON, SEM HLAUT MESTU VIÐURKENNINGU THE ROYAL AND ANCIENT GOLFCLUB OF ST. ANDREWS OG LÍÐUR BEST Í SKOTAPILSI.

**Fréttablaðið 25. janúar**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓNÍ JÓNSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR

## *Með mörg járn í eldinum*



„Það er bara allt gott að frétta hjá mér og nóg að gera,“ segir myndlistarmaðurinn Jóní. „Ég er einmitt núna að undirbúa myndatöku með Gjörningaklúbbnum uppi á hálendinu. Þetta er verkefni sem við erum að vinna fyrir svona umhverfissýningu á vegum Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Noregi í sumar,“ segir Jóní og bætir því við að sýningin í Noregi sé alls ekki sú eina sem Gjörningaklúbburinn er að undirbúa. „Í sumar sýnum við bæði í San Francisco og í nágrenni Boston og svo verðum við með stóra sýningu í Listasafni Reykjavíkur í ágúst,“ segir Jóní.

„Við erum svo heppnar að geta sinnt myndlistinni sem fullri vinnu. Það væri erfitt að undirbúa svona margar sýningar ef við þyrftum að vinna annars staðar með.“

Þótt nóg sé að gera reynir Jóní að gefa sér tíma til að fylgjast aðeins með menningarlífinu. „Síðasta sunnudag fór ég í leikhús með guðdætrum mínum sem eru fimm og sjö ára. Við fórum að sjá Ronju Ræningjadóttur og skemmtum okkur konunglega. Þetta var frábær skemmtun og virkilega góð sýning. Það má eiginlega segja að síðasta helgi hafi verið leikhúshelgi hjá mér því ég fór líka að sjá Sælueyjuna hennar Maríu Ellingsen í Þjóðleikhúsinu. Það var mjög skemmtilegt líka,“ segir Jóní.

## ELSTA SKURÐAÐGERÐIN?

### TREPANATION

Skurðaðgerð sem kallast á ensku trepanation er hugsanlega elsta skurðaðgerð sögunnar. Í aðgerðinni er gert gat á höfuðkúpu sjúklinga. Gatið var talið létta á þrýstingi sem myndaðist vegna ýmissa kvilla, meðal annars heilaæxla, geðveiki og þunglyndi. Í Frakklandi hafa fundist 40 hauskúpur sem taldar eru vera frá því 6500 fyrir Krist, með ummerkjum eftir aðgerðina. Eins hafa fundist hauskúpur af indíánum í Ameríku sem renna stoðum undir að aðgerðin hafi einnig verið framkvæmd þar í nokkrum mæli. Aðgerðin er ekki hluti af nútímalæknavísindum.

## SJÓNARHÓLL

WILSON MUUGA Í HVALSNESFJÖRU



STEINUNN ÞORSTEINSDÓTTIR
Upplýsingafulltrúi í Hafnarfirði

### *Fjarlægjum það*

„Ég hef heyrt þær hugmyndir að einhverjir vilji láta skipið vera áfram í Hvalsnesfjöru og mér skilst að það hafi verið stöðugur straumur af fólki að skoða skipið og að þetta sé mjög vinsæll sunnudagsrúntur. Ég hef líka heyrt að það sé mikið að gera á kaffihúsunum á Suðurnesjum en ég veit ekki hvort fólk myndi borga sig inn á svæðið eða inn í skipið til að skoða það,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi í Hafnarfirði. „Ég tel að þar sem skipið hafi enga þýðingu fyrir staðinn, eigi enga sögu eða tengingu við Sandgerði, hafi ekkert sögu- né minjagildi sem slíkt eigi að fjarlægja það af staðnum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hreinsa skipið burt af umhverfissjónarmiðum. Ef skipið verður látið standa þá er spurning hvort það liðist ekki í sundur í fjörunni. Maður veit ekkert hvernig ástandið á því er eða hvort það væri hægt að halda því við á strandstað.

Ef skipið ætti sér sögu eða gildi fyrir Sandgerði eða strandstaðinn þá væri umhugsunarefni að láta það standa og gera eitthvað úr því sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn á svæðinu. En þar sem svo er ekki, segi ég – hreinsum fjöruna, fjarlægjum Wilson Muuga úr Hvalsnesfjöru.“

# Bloggstríð fyrir kosningar

**Þjóðmálaumræðan blómstrar í bloggheimum og sérstaklega hafa borgaralegu gildin haldið innreið sína. Margir telja að kosningaumræðan í vor markist meir af blogginu en nokkru sinni áður. Vefsvæðið mbl.is hefur yfirburðastöðu en ekki eru allir dús.**

„Stjórnmálaflokkarnir beita sér inni á blogginu sem þeir gerðu ekki fyrir örfáum mánuðum og hreinræktaðar stjórnmálasíður hafa sprottið upp. Það er af hinu góða að menn geti skrifað milliliðalaust og komið skoðunum og lífsgildum sínum á framfæri,“ segir Steingrímur S. Ólafsson, bloggari á saevarr.blog.is.

Bloggæði hefur heltekið þjóðfélagsumræðuna og Steingrímur telur að það hafi áhrif á þróunina, einstaklingar láti í minni pokann fyrir samtökum af ýmsu tagi. Bloggið skipti æ meira máli fyrir stjórnmálaflokkana og einstaka frambjóðendur sem geti komið skoðunum sínum og hugsunum á framfæri en hætt sé við því að bloggið drukkni í pólitík.

„Jákvætt er að fjölmiðlar fá kannski meira til að moða úr og almenningur getur nýtt sér bloggið til að kynnast skoðunum stjórnmálamanna milliliðalaust. Boðskapur til kjósenda getur orðið beinskeyttari. Næstu mánuði munu stjórnmálin flæða vel á blogginu, eftir það tekur við óvissutímabil en síðan reikna ég með að samkeppni aukist milli fyrirtækja sem bjóða upp á blogg.“

Stefán Pálsson sagnfræðingur, sem bloggar á kaninka.net/stefan, hefur upp á síðkastið endað færslur sínar með tillögum um að koma Moggablogginu fyrir kattarnef. „Bloggheimurinn hefur anarkískan blæ en Moggabloggið gerir tilraun til að steypa alla í sama mót og hampa eigin bloggurum. Þar er ákveðin „elítuhugsun“ og menn fá stimpil sem úrvalsbloggarar. Þeim sem ekki blogga hjá Mogganum er gert erfiðara fyrir með að gera athugasemdir við Moggablogg,“ segir hann og telur að blaðamenn klappi hver öðrum á bakið með tilvísunum í auknum mæli.

Salvör Gissurardóttir bloggar á salvor.blog.is. Hún telur að borgaralegri skoðanir hafi haldið innreið sína í bloggheiminn. Stjórnmálamenn hafi notað bloggið allt of lítið til að koma skoðunum sínum á framfæri. „Ég hef þá trú að umræðan verði trylltari fram að kosningum,“ segir hún og telur hættulegt ef hneykslismál komi upp fyrir kosningar og bloggarar gleymi sér í hita leiksins og kunni sér ekki hóf í orðræðunni.

Salvör telur rétt að átök eigi sér stað í bloggheiminum þar sem Mogginn hafi hingað til staðið uppi sem sigurvegari og Stefán og Steingrímur virðast sammála um að von sé á harðari samkeppni. „Mér sýnist Vísir vera að manna sig upp í það þó að þeirra blogglið sé afar fámennt og hvorki fugl né fiskur,“ segir Stefán.

Hann bendir á að bloggið sé slúðurmiðill, miðill fyrir „niðursoðin stjórnmál“ en ekki staður fyrir pólitíska samræðu. Hann telur að stjórnmálaflokkar reyni að fara inn á þessar lendur en ekki sé nóg að henda upp síðu, hún þurfi að vera grípandi og skemmtileg og það taki tíma að byggja hana upp. Menn hafi auk þess tilhneigingu til að ofmeta bloggið. **ghs@frettabladid.is**



**Á FUNDUM EÐA BLOGGINU** Bloggæði hefur heltekið þjóðfélagsumræðuna síðustu vikur og mánuði. Bloggið og þjóðmálaumræðan á blogginu skipta sennilega meira máli fyrir stjórnmálaflokkana og þjóðmálaumræðuna fyrir kosningarnar í vor en kosningarnar fyrir fjórum mánuðum síðan. Óvenjumargir nýir bloggarar hafa opnað bloggsíðu síðustu mánuði og má búast við að þeir verði enn fleiri áður en kosningar fara fram í vor.



**MEÐ ANARKÍSKAN BLÆ** „Bloggheimurinn hefur anarkískan blæ en Moggabloggið gerir tilraun til að steypa alla í sama mót,“ segir Stefán Pálsson sem bloggar á kaninka.net/stefan.



**STJÓRNMÁLIN FLÆÐA VEL** „Næstu mánuði munu stjórnmálin flæða vel á blogginu, eftir það tekur við óvissutímabil,“ segir Steingrímur S. Ólafsson, bloggari á saevarr.blog.is.



**TRYLLTARI UMRÆÐA** „Ég hef þá trú að umræðan verði trylltari fram að kosningum,“ segir Salvör Gissurardóttir, sem bloggar á salvor.blog.is. Hún telur hættu á að bloggarar kunni sér ekki hóf í orðræðunni ef hneykslismál koma upp fyrir kosningar.

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-
IKEA
IKEA® Restaurant & Café
Þú átt allt gott skilið!
©Inter IKEA Systems B.V.2007

Hvetja fólk til garðfuglaskoðunar um helgina:

# Fuglaskoðun er göfug

Það er göfugt áhugamál að stunda fuglaskoðun. Þetta segir Ólafur Einarsson, líffræðingur og meðlimur í Fuglaverndarfélagi Íslands sem stendur fyrir garðfuglaskoðun um helgina.

„Þetta er í þriðja skiptið sem við hvetjum fólk til að líta í garða sína og kynna sér töfra smáfuglanna í kringum okkur. Við hvetjum fólk einnig til að senda okkur upplýsingar um skoðunina,“ segir Ólafur. Fyrirmyndina að garðfuglaskoðuninni segir hann vera Konunglega breska fuglaverndarfélagið, sem staðið hefur fyrir fuglaskoðun í um þrjátíu ár. Hann segir fuglaskoðunina mjög vinsæla á Bretlandseyjum og að síðast hafi tæplega hálf milljón manna tekið þátt í henni. „Við vonum að áhugi á fuglum kvikni við skoðunina því þetta er ekki bara skemmtilegt heldur er líka heilnæmt að fara út og virða fuglana fyrir sér í rólegheitum,“ segir Ólafur, sem þegar hefur virkjað nemendur í líffræði við Fjölbrautaskóla Suðurlands í fuglaskoðun.

Þeim sem hafa áhuga á því að fara út í garð og virða fiðraða nágranna mannfólksins fyrir sér er bent á vefinn fuglavernd.is en þar má finna eyðublaðið sem fólk er hvatt til að senda eftir garðfuglaskoðunina auk ráðlegginga um fóðrun fugla að vetrarlagi. **- kdk**



**STARRI** Starrar eru áberandi meðal þeirra fugla sem lifa í nábýli við manninn en tegundirnar eru miklu fleiri og atferlið misjafnt. MYND/FUGLAVERND.IS




**334** kr/kg. áður 445 kr/kg.
Bautabúrs saltkjöt




**1.468** kr/kg. áður 1.835 kr/kg.
Borgarnes helgargrís með Indverskum hætti




**974** kr/kg. áður 1.298 kr/kg.
Goða grísarif BBQ




**599** kr/kg. áður 749 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur - ferskur



**98** kr/stk.
Ananas stór




**127** kr/pk. áður 159 kr/pk.
Nettó samlokubrauð - Gróf

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 26. janúar til 28. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott

# VIÐ HÖFUM lægsta verðið*




## HVAÐ KOSTAR ÞORRAMATURINN?

| Tegund: | Bónus | Krónan | Bónus HÆRRA |
|---|---|---|---|
| Súr sviðasulta | 1.598 | 1.431 | 11,7% |
| Súr svínasulta | 1.198 | 798 | 50,1% |
| Lundabaggi | 1.428 | 878 | 62,6% |
| Súr blóðmör | 1.092 | 878 | 24,4% |
| Súr lifrarpylsa | 1.069 | 919 | 16,3% |
| Hrútspungar | 2.598 | 1.598 | 62,6% |
| Hákarl | 3.799 | 2.959 | 28,4% |

Í óformlegri verðkönnun á kræsingum þorrans, þar sem hringt var í verslanir og þær beðnar um að gefa upp kílóverð, kom í ljós að ódýrast er í Krónunni.

*) skv. könnun Fréttablaðsins á þorramat 25. janúar 2007

Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávísun

# Safnaðu ferðapunktum



47% afsláttur
399 kr. kg.
Móa kjúklingur ferskur
99 kr. stk.
Dr. Oetker pizza - m/peppperoni, sveppum
Þín lágvöruverðsverslun
26% afsláttur
395 kr. kg.
Goða súpukjöt poki
30% afsláttur
Kjúklingastrimlar fulleldað
1119 kr./kg.
399 kr. pk.
Ungnautahakk frosið
30% afsláttur
1399 kr. pk.
Danpo kjúklingabringur frosnar 900 g
Gríms fiskibollur
319 kr./pk.
AB mjólk
6 fyrir 4
20% afsláttur
Gríms fiskbuff
736 kr./kg.
12 pokar í einum
Lays multipack
399 kr./pk.
Pantene sjampó/næring 1 ltr
998 kr./stk.
Neutral þvottaefni 8 kg
1498 kr./pk.


KRÓNAN

## Svona erum við

> Hlutfall heimila með ADSL-tengingu




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** REYKJAVÍKURBORG SELUR FRÍKIRKJUVEG 11

# *Borgundarhólmsgranít á Fríkirkjuvegi*

Glæsihúsið Fríkirkjuvegur 11 er til sölu og óskar Reykjavíkurborg eftir tilboðum í húsið. Stórathafnamaðurinn Thor Jensen lét reisa húsið á Fríkirkjuvegi 11 á árunum 1907 og 1908 en hann hafði keypt lóð út úr því sem hét Útsuðurvellir af Eggerti Clausen og J. Jónassyni. Auk lóðarinnar sjálfrar fékk Thor heimild til að fylla upp í vík af Tjörninni sem var framundan lóðinni.

Á árinu 1912 bætti Thor við litlu skemmtihúsi á lóð sinni sem nú er garðskáli og fylgir ekki með í kaupunum.

**Hvert er ástand hússins?**
Íbúðarhúsið var afar vandað járnvarið timburhús. Raflýsing, miðstöð og vatnssalerni voru sett í húsið strax í upphafi. Því hefur alltaf verið vel haldið við og var það friðað svokallaðri B-friðun af borgarstjórn á árinu 1978. Miklar endurbætur voru gerðar á húsinu árið 1989 og það fært því sem næst í upprunalegt horf.



**Hverjir hafa notað húsið?**
Húsið er geysistórt, 1.049 fermetrar að gólffleti. Fyrstu áratugina bjó Thor sjálfur í húsinu ásamt fjölskyldu sinni þar til Templarar í Reykjavík keyptu bygginguna undir starfsemi sína. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 1963 og þar hafa síðan verið höfuðstöðvar æskulýðsstarfs á vegum borgaryfirvalda.

**Hvernig er húsið?**
Í lýsingu Árbæjarsafns frá árinu 1978 á Fríkirkjuvegi 11 segir að tréskurðarskraut utan og innan á húsinu gefi því sérstakan svip: „Tólf súlur úr tré eru utan á húsinu og við forstofuinngang. Tröppur við forstofuinngang eru úr Borgundarhólmsgranít og handrið úr járni og teaktré. Á veggjum í forstofu og stigagangi er skrautmáluður strigi sem hefur ekki verið raskað frá upphafi.“

**Hverjir mega kaupa?**
Allir mega bjóða í húsið en við mat á tilboðum verður tekið tillit til sögu hússins og þeirrar notkunar sem væntanlegir kaupendur ætla það til. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út föstudaginn 2. febrúar.

**Heimild: Árbæjarsafn og framkvæmdasvið Reykjavík-**

## SPURT & SVARAÐ

**FRAMBOÐ ELDRI BORGARA OG ÖRYRKJA Í ALÞINGISKOSNINGUM**

# *Telur sundrað framboð óráð*

Tveir hópar áhugafólks um bætt kjör eldri borgara og öryrkja hafa í vikunni tilkynnt framboð alþingiskosninganna í maí. Arndís H. Björnsdóttir er formaður annars hópsins, Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja.



**ARNDÍS H. BJÖRNSDÓTTIR**
Formaður Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja.

**Er ekki slæmt ef tveir flokkar eldri borgara og öryrkja bjóða fram?**
Ég hygg að það væri óráð. Sameinuð stöndum vér og sundruð föllum við.

**Hvernig líta samstarfsmál út?**
Um miðjan janúar var stofnaður undirbúningshópur sem falið var að kanna samstarf milli þessara tveggja hópa og láta vita innan mánaðar. Við bíðum eftir þeirri niðurstöðu.

**Telurðu að slíkur sameinaður flokkur nái manni inn á þing?**
Ég vona það og trúi því. Við erum ekki bara samtök eldri borgara heldur vona ég að um okkur fylki sér atvinnulausir, geðfatlaðir, láglaunafólk og allir þeir sem búa við léleg kjör í þjóðfélaginu.






**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON OG GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON** Standa þétt saman í baráttu um æðstu embætti Frjálslynda flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Baráttan um frjálslyndið

**Hreinræktuð valdabarátta er nú um Frjálslynda flokkinn og kemur hún til úrslita á laugardaginn. Fjölmiðlamenn og bloggarar hafa setið sveittir síðustu daga við að spá fyrir um klofning flokksins.**

Landsþing Frjálslynda flokksins verður sett í dag klukkan fjögur á Hótel Loftleiðum. Flokkurinn var stofnaður í nóvember 1998 en aldrei í sögu hans hefur verið jafn mikill áhugi og æsingur vegna landsþings og nú. Á þinginu mun enda ráðast hvort Margrét Sverrisdóttir verði valin sem varaformaður eða Magnús Þór Hafsteinsson og næst þá niðurstaða úr langvinnum væringum.

Verði Margréti hafnað af flokksmönnum er talið víst að hún segi skilið við Frjálslynda flokkinn og fari í sérframboð, eða í samstarf við annan flokk. Hún mun vera velkomin í þá alla. Fari hins vegar svo að Margrét nái kosningu flækjast málin enn, því formaður flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, hefur ítrekað lýst yfir stuðningi við andstæðing hennar, Magnús Þór. Með kjöri hennar færu flokksmenn því gegn boðum skipstjórans.

**„Hófsami armurinn“**
Utanfrá séð má greina fjögur óformleg bandalög innan Frjálslynda flokksins. Það elsta samanstendur af stofnendum flokksins. Þeirra frægust eru þau Sverrir Hermannsson og Margrét dóttir hans. Aðrir bandamenn Margrétar eru þau sem mest hefur borið á í kringum borgarstjórn og má þar nefna Ólaf F. Magnússon og Guðrúnu Ásmundsdóttur. Nýlega hefur einnig borið á Sólborgu Öldu Pétursdóttur, kennara í Mosfellsbæ og miðstjórnarkonu Frjálslyndra til margra ára. Sólborg býður sig fram til ritara á flokksþinginu og er einarður stuðningsmaður Margrétar. Aðrir óbreyttir miðstjórnarfélagar sem hafa stutt Margréti opinberlega og ekki hefur verið minnst á eru þau Svanur Sigurbjörnsson og Jóhanna Guðmundsdóttir, Guðmundur Wiium, Kjartan Eggertsson og Daníel Helgason.

**„Karlaklíkan“**
Bandamönnum Magnúsar Þórs má einnig skipta í tvo hópa. Annars vegar er sjálfur þingflokkurinn, en í honum eru Guðjón, Magnús og Sigurjón Þórðarson, ásamt nýjum þingmanni, Valdimar Leó Friðrikssyni. Valdimar, einn þingmanna, hefur ekki tekið opinbera afstöðu með Magnúsi.

Aðrir bandamenn Magnúsar koma úr Nýju afli og efstir þar á lista eru þeir Jón Magnússon og Höskuldur Höskuldsson.

Nýtt afl var í síðustu alþingiskosningum rammasti andstæðingur Frjálslyndra og sameining flokkanna því góð pólitík, hefðu andstæðingarnir gerst samherjar. Hins vegar var Margrét mótfallin sameiningu og nokkuð klaufalega virðist hafa verið staðið að málum, þannig að ekki eru allir sáttir í miðstjórninni. Síðan á ágústfundi miðstjórnarinnar hefur verið slegist leynt og ljóst um Nýtt afl. Andstæðingar Margrétar kalla skærurnar hluta af kosningabaráttu hennar og hafa þeir barist mjög gegn henni í Útvarpi Sögu og víðar. Margrét hefur útilokað þátttöku í flokki sem tekur mið af stefnu Nýs afls.

En Magnús á einnig samherja í miðstjórn flokksins. Lægi beinast við að nefna alla þá sem ekki skrifuðu undir stuðningsyfirlýsinguna handa Margréti. Það flækir þó málin að eitthvað er um að fólk velji Margréti sem varaformann en kjósi að ögra ekki formanninum. Hins vegar á Magnús marga fylgismenn í miðstjórninni og má þekktastan nefna Grétar Mar Jónsson, varaþingmann Magnúsar, en einnig Ásthildi Cesil Þórðardóttir garðyrkjukonu. Minnst þrír miðstjórnarmenn, fyrir utan þá sem þegar eru nefndir, munu vera á bandi Magnúsar. Þeir hafa þó ekki lýst því yfir opinberlega.



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Er ekki í þeirri áhöfn sem formaður flokksins hefur valið sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Samskiptaörðugleikar**
Það er ef til vill til marks um samskiptaörðugleika frjálslyndra að síðustu daga hafa lykilmenn þurft að leiðrétta fréttaflutning. Sagt var á forsíðu Morgunblaðsins í fyrradag að Ólafur F. Magnússon væri „hálfvolgur“ í stuðningi sínum við Margréti. Ólafur sendi síðan frá sér tilkynninguna í gær og áréttaði að borgarstjórnarflokkurinn stæði „heill og óskiptur“ með Margréti.

Ríkisútvarpið sagði svo þann sama dag að formaðurinn vildi ekki svara spurningum um hvort hann gæti starfað með hverjum sem er að loknum kosningum. Guðjón sjálfur segir hins vegar að hann muni una niðurstöðum kosninganna, hverjar sem þær verði. „Ég hef starfað með Margréti í átta ár, svo ég myndi bara gera það besta úr því,“ sagði Guðjón í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Samskiptaörðugleikar hafa lengi verið höfuðvandamál Frjálslynda flokksins og víst er að margt verður rætt á Loftleiðum um helgina. Því miður fyrir flokkinn er um seinan að sammælast.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

# Njóttu lífsins!



Fullkomnaðu veröndina og njóttu lífsins með fjölskyldunni í heitum potti frá Vatnsvirkjanum, heima við eða í bústaðnum!



Vatnsvirkinn flytur inn afar vandaða, fallega og tæknilega fullkomna nuddpotta frá Cal Spas sem er einn stærsti og virtasti framleiðandi heitra potta í veröldinni. Við veitum faglega ráðgjöf um frágang og uppsetningu pottanna. Með samstarfi Vatnsvirkjans og Cal Spas gefst þér gott tækifæri til að ákveða hvernig búnað þú vilt hafa á heita pottinum þínum. Kynntu þér möguleikana hjá sölumönnum okkar. Allur rafbúnaður í pottunum kemur frá General Electric.





VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Smiðjuvegi 42 - Kópavogi - Sími: 557 5400 - www.vatnsvirkinn.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.875 **-0,14%** **Fjöldi viðskipta:** 391 **Velta:** 5.081 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Glitnir** | +0,81% |
| **Landsbankinn** | +0,35% |
| **Eimskipafélagið** | +0,30% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Mosaic** | -2,07% |
| **Atlantic Petroleum** | -1,63% |
| **Atorka** | -1,36% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,41 -0,68% ... Actavis 70,20 -0,57% ... Alfesca 4,88 -0,41% ... Atlantic Petroleum 544,00 -1,63% ... Atorka 6,52 -1,36% ... Bakkavör 65,00 -0,61% ... Eimskipafélagið 33,00 +0,30% ... FL Group 28,80 -0,35% ... Glitnir 25,00 +0,81% ... Kaupþing 915,00 -0,33% ... Landsbankinn 29,10 +0,35% ... Marel 74,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,20 -2,07% ... Straumur-Burðarás 18,00 +0,00% ... Össur 112,00 -0,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**SAS býður farþegum aflátsbréf**

Flugfélagið SAS mun frá og með haustinu bjóða þjónustu sem byggir á svipaðri hugmynd og aflátsbréf kaþólsku kirkjunnar á miðöldum. Bréf kirkjunnar áttu að tryggja styttri dvalartíma í hreinsunareldinum. Bréf SAS eru hins vegar til þess gerð að hreinsa samvisku flugfarþega. Þeim mun gefast kostur á að leggja sautján krónur danskar ofan á fargjaldið. Krónurnar munu svo renna beinustu leið í græn verkefni sem binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og losna við flugferðina. Þannig geta farþegarnir flogið með hreina og strokna samvisku.



**Íslendingar fá enga syndaaflausn**

Fleiri flugfélög hafa farið svipaða leið og SAS. British Airways er þar á meðal og hefur þjónustan mælst vel fyrir þar. Ekki ómerkari maður en Tony Blair hefur fullyrt að hann muni framvegis borga umhverfisskattinn fyrir sig og fjölskyldu sína. Viðskiptavinir Icelandair geta þó ekki fylgt í fótspor hans og keypt sér syndaaflausn. Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Icelandair Group, segir engar áætlanir um að bjóða þeim upp á það í bráð. Þar á bæ sé þó vel fylgst með umræðunni um mengun af völdum flugumferðar sem verði æ háværari. Allra leiða sé leitað til að takmarka mengun sem hlýst af fluginu.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir um fimm prósenta samdrætti á íbúðamarkaði á árinu. Byggist það á síðustu vísbendingum um kaupáform heimilanna, hækkun verðtryggðra vaxta á íbúðalánamarkaði og að íbúðabyggingar hafi farið langt fram úr langtímaleitni.

Uppgjör stærsta farsímaframleiðanda heims, Nokia, sem var birt í gær, var yfir væntingum markaðsaðila. Jókst hagnaðurinn um 28 prósent á milli ára. Samkvæmt Vegvísi Landsbankans nam hagnaður á hlut um 1,06, samanborðið við 0,83 evrur árið 2005.

Fræ ehf., eignarhaldsfélag í eigu Langanesbyggðar, fer nú með 60 prósenta eignarhlut í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. Félagið keypti í gær 30 prósenta eignarhlut FSP hf. í Hraðfrystistöðinni.



**FORSTJÓRI AIR FRANCE-KLM** Fjölmiðlar segja fransk-hollenska flugfélaginu Air France-KLM þykja verðið fyrir Alitalia of hátt miðað við skuldastöðu þess. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ekki ljóst hvort af samruna verði

Ekkert liggur fyrir hvort fransk-hollenska flugfélagið Air France-KLM muni leggja fram yfirtökutilboð í ítalska flugfélagið Alitalia eða hafi fallið frá því.

Ítalska ríkið á rétt tæpan helmingshlut í Alitalia og spá fjölmiðlar í Frakklandi og Ítalíu því að Air France-KLM hafi í hyggju að tryggja sér hlut í ítalska félaginu komi til einkavæðingar þess.

Talsmaður Air France-KLM hefur neitað að tjá sig við fjölmiðla um áætlanir stjórnar flugfélagsins varðandi Alitalia en orðrómur hefur verið uppi um að félagið ætli að boða til sérstaks hluthafafundar fyrir lok þessa mánaðar þar sem ákveðið verði hvort lagt verði fram tilboð í Alitalia. Stjórn Air France-KLM hefur átt í samrunaviðræðum við stjórn Alitalia síðan seint á síðasta ári en stefnt hefur verið að samrunanum í langan tíma. Franska dagblaðið La Tribune segir verðið sem sett var upp fyrir Alitalia hafa verið of hátt auk þess sem skuldastaða þess væri svo slæm að Air France-KLM hefði hætt við frekari kauphugleiðingar á ítalska félaginu.

Krosseignarhald er á báðum flugfélögum og sat Jean-Cyril Spinetta, forstjóri Air France-KLM, í stjórn Alitalia allt fram til síðustu viku þegar hann sagði sig úr henni. **- jab**

# Kaupþing bætir við sig í Notio í Færeyjum

### Notio er fyrsti fjárfestingarsjóður Færeyja sem hefur veruleg ítök í færeyskum sjávarútvegi. Kaupþing er meðal stofnenda sjóðsins.



**FÆREYJAR** Íslenskir ferðamenn í árabát á Skálafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Kaupþing hefur fest kaup á 38 prósent hlutafjár í færeyska fjárfestingafélaginu Notio Framtaksfelag P/F. Á fréttavefnum skip.is segir að Kaupþing og Fram Invest í Færeyjum eigi í jafnri eign samanlagt 98,5 prósent í Notio.

Seljendur bréfanna eru Eik Grunnurinn, stærsti hluthafinn í Eik Bank sem áður kallaðist Föroya Sparikassi, og Sp/f 14, einn stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON. Eik Grunnurinn hefur stofnað nýtt fjárfestingafélag í samfloti við hlutafélagið 14 sem er meðal stærstu stofnfjáreigenda í SPRON.

Kaupþing var meðal stofnenda Notio árið 2002 en sjóðurinn, sem er fyrsti fjárfestingasjóður Færeyja, hefur verið kjölfestufjárfestir í færeyskum fyrirtækjum sem talin eru hafa mikla burði til vaxtar. Notio er til dæmis meðal stærstu hluthafa í Faroe Seafood, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki eyjanna, Skipasmiðju Þórshafnar og matvælaframleiðslufyrirtækinu Poul Michelsen. Þá átti félagið sautján prósenta hlut í símafélaginu Kall sem er nú að öllu leyti í eigu Teymis.

Félagið Notio Seafood hefur verið stofnað utan um eignarhlutinn í Faroe Seafood vegna laga um eignarhald erlendra fjárfesta í færeyskum útgerðarfélögum.

Eigið fé Notio stóð í um það bil 970 milljónum króna í árslok 2005 og nam eiginfjárhlutfall um tæpum 80 prósentum. **- eþa**

# LÍ birtir ársuppgjör

Landsbankinn ríður fyrstur fjármálafyrirtækja á vaðið með ársuppgjör sitt í dag. Glitnir spáir því að Landsbankinn hafi hagnast um 7.557 milljónir króna á síðasta ársfjórðungi og um 32,8 milljarða fyrir árið 2006. Kaupþing reiknar aftur á móti með minni hagnaði Landsbankans og spáir 6.890 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi og rúmum 32,1 milljarði fyrir árið í heild.

Landsbankinn skilaði 25 milljarða króna hagnaði í hús árið 2005, þar af 8,8 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi. **- eþa**

**SPÁR MARKAÐSAÐILA UM AFKOMU LÍ Á 4. ÁRSFJÓRÐUNGI ***

| | |
|---|---|
| Spá Glitnis | 7.557 |
| Spá Kaupþings | 6.890 |
| Meðaltalsspá | 7.224 |

* Upphæðir í milljónum króna.

# Matur og drykkur dýrastur hér

Landsframleiðsla á mann var hér með því mesta sem þekkist árið 2005, 29 prósentum yfir meðaltali Evrópusambandsríkja, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum alþjóðlegs samanburðar sem Hagstofan birti í gær. Þá kemur fram að hér sé verðlag sömuleiðis hlutfallslega hæst.

Fram kemur að hér þurfi að meðaltali að greiða 44 prósentum hærra verð en nemur meðalverði í Evrópusambandsríkjunum fyrir sama magn vöru og þjónustu. Sé hins vegar bara horft til matar og drykkjar munar 69 prósentum. Hagstofan segir miklu muna á niðurstöðum milli ríkja.

Landsframleiðsla á mann er minnst í Makedóníu, 26 prósent af meðaltali Evrópusambandsríkja, en mest í Lúxemborg, 151 prósenti yfir meðaltalinu. Ástæða þess hversu hátt Lúxemborg skorar er að þar býr stór hluti vinnuaflsins utan landamæra landsins.



**DÝRT AÐ BORÐA** Samkvæmt nýjum alþjóðlegum verðsamanburði er matur og drykkur hér 69 prósentum dýrari en í ríkjum Evrópusambandsins.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að gengisþróun hafi áhrif á niðurstöðu samanburðarins frá ári til árs. „Í ljósi þess hve gengi krónunnar var sterkt árið 2005 mældist verðlag á vöru og þjónustu hærra mælt í evrum. Hins vegar má gera ráð fyrir því að niðurstaðan verði önnur fyrir árið 2006 þar sem krónan var talsvert veikari á því ári," segir Kaupþing.

Samanburðurinn náði til Íslands og 32 annarra Evrópuríkja, 25 ríkja Evrópusambandsins, Noregs og Sviss, Búlgaríu, Rúmeníu, Tyrklands, Króatíu og Makedóníu. **- óká**




ABC-kort

Hjálpaðu bágstöddum börnum og njóttu afsláttar í leiðinni

BabySam

Með ABC-kortinu færðu 10% afslátt í BabySam og 1% af upphæðinni rennur beint til ABC-barnahjálpar.

abc BARNAHJÁLP

Þú sækir um ABC-kortið hjá Netbankanum á www.nb.is

Netbankinn


# Kaupþing leiðir kaup á Phase Eight

Kaupþing fer fyrir hópi fjárfesta sem hefur keypt bresku tískuvöruverslunina Phase Eight. Kaupverðið var 51,5 milljónir punda sem nemur tæpum sjö milljörðum króna.

Kaupþing fjármagnaði lánahluta kaupanna og stefndi saman hópi fjárfesta til þátttöku. Helgi Bergs, yfirmaður fjárfestingabankastarfsemi hjá Kaupþingi, segir bankann hafa séð tækifæri í því að efla keðjuna. „Hugmyndin er að opna fleiri stærri búðir, því þær hafa verið að skila betri afkomu en þær smærri." Kaupþing mun sjálft eiga um fjörutíu prósenta hlut í keðjunni. Segir Helgi fjárfestinguna hugsaða til þriggja til fimm ára, eða þar til virði keðjunnar hafi verið aukið.

Meðal fjárfestanna sem koma að kaupunum eru Saj Shah og Ian Findlay, forstjóri og framkvæmdastjóri tískuvörukeðjunnar Jane Norman, fjárfestirinn Robert Tchenguiz og Michael Rahamim, fyrrum forstjóri tískuverslanakeðjunnar Kookai. Þar að auki munu lykilstjórnendur eiga um 25 prósenta hlut. **- hhs**



**ROBERT TCHENGUIZ** Tchenguiz er meðal þeirra fjárfesta sem, ásamt Kaupþingi, hafa keypt bresku tískuvöruverslunina Phase Eight.

# Skuldatryggingarálag lækkar

Erlend fjármögnunarkjör íslensku bankanna hafa batnað töluvert undanfarna mánuði, þótt enn séu þau lakari en árið 2005, að því er fram kemur í nýjum Vegvísi Landsbankans.

Skuldatryggingarálag (CDS) mælir hvað kostar fyrir fjárfesta að kaupa tryggingu gegn því að útgefandi skuldabréfs geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Kostnaðurinn er mældur sem álag ofan á grunnvexti.

Frá 10. janúar hefur álag á skuldatryggingar Landsbankans og Kaupþings lækkað um 6 punkta, og Glitnis um 4 punkta, að sögn greiningardeildar Landsbankans. „Skuldatryggingar bankanna hafa lækkað jafnt og þétt frá birtingu 9 mánaða uppgjara þeirra." Álagið er nú 33 punktar hjá Landsbankanum og Glitni, en 44 punktar hjá Kaupþingi. **- óká**




FABRIKAN

# ÚTSÖLULOK!

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR – ÓTRÚLEGRI VERÐ

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÖNG OPNUNARHELGI! OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

# LOKSINS KOMIÐ

## WINDOWS VISTA Í ÖLLUM GIGABYTE TILBOÐUM



**SMELLTU ÞÉR Í TÖLVUTEK OG SKOÐAÐU ÞETTA FRÁBÆRA STÝRKERFI SEM ER HLAÐIÐ ÓTRÚLEGUM NÝJUNGUM**






### GigaByte GZ # 1

- AMD Sempron64 3100+
- 512MB DDR400 OCZ minni
- 160GB SATA2 8MB diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 128MB Geforce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Logitech þráðlaust lyklab.og mús
- Windows VISTA Home Basic

**49.900**

EV5 **9.980** Á MÁN | Vaxtalaust í 5 mánuði

### GigaByte GZ # 3

- AM2 Dual Core X2 3800+
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB Geforce 6100 skjástýring
- 17" LCD skjár frá Acer
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

EV10 **9.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

### # 1 GigaByte Poseidon

- Intel Core 2 Duo E6600 - 4MB
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 7600GT skjákort Silent2
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Gigabit Netkort, 400W aflgjafi, ofl.
- Windows VISTA Home Premium

**139.900**

EV10 **13.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

### # 2 GigaByte Poseidon

- Intel Core 2 Duo E6600 - 4MB
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 7600GT skjákort Silent2
- 19" LCD skjár frá Acer
- 5.1 Creative T6100 hátalarakerfi
- Windows VISTA Home Premium

**179.900**

EV10 **17.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

Birt með fyrirvara um breytingar og villur




## MICROSOFT OFFICE 2007

- Office Home and Student 2007
- Word 2007, Excel 2007
- PowerPoint og OneNote 2007
- Má setja upp á 3 heimilisvélar

**14.900**
Afgreiðsludagur 30. jan 2007

# GIGABYTE TRITON VISTA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI

**Intel Core 2 Duo**
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu

**19" LCD SKJÁR**
Vandaður ACER LCD skjár með 8ms viðbragðstíma og og 700:1 í skerpu

**SILENT PIPE2**
Gífurlega öflugt og hljóðlaust 256MB Ge-Force 7300GT skjákort fyrir alla vinnslu

**ALLTÞRÁÐLAUST**
Þráðlaust lyklaborð og mús frá Logitech með ábrenndum íslenskum stöfum

**VISTAPREMIUM**
Tölvutek í samstarfi við Gigabyte eru fyrstir á Íslandi með Microsoft VISTA í öllum tölvum

**NÝJASTA TÆKNIN**
Hlaðin öllum helstu nýjungum og klár í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

- Intel Core 2 Duo E6400 2.13GHz örgörvi
- 1GB DDR2 667MHz OCZ vinnsluminni
- 320GB SATA2 16MB WD harðdiskur
- 18xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19" LCD Acer 8ms 700:1 skjár
- 256MB 7300GT Silent Pipe2 skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Logitech Þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

EVIO **12.990**
Engir vextir í 10 mánuði

# TÖLVUTEK

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það þarf sterk bein til að þola góða daga.

## Makindi auðsins og öfundin

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hvaðan skyldi hún ættuð ræðan sem gripið er til um öfundina þegar fundið er að makindum og óhófi hinna auðugu?

Rótin er ævinlega sú sama: einhver bubbinn missir sig í ofsalegu ríkidæmi sínu og ber sig eins og smákóngar fyrri tíða. Þegar vottar fyrir opinberri vandlætingu á misskiptingu auðsins hefst ræða, ýmist úr munni eyðsluseggsins eða málsvara hans.

Hvað er öfundsvert í högum hins auðuga? Látlítil græðgin sem heimtar á okkar tímum sjúklegan gróða sem er í engu samræmi við venjulega ávöxtun fjár, hvorki í þróuðum samfélögum né þróunarlöndum, er það hún sem er öfundsverð?

Er það valdastaða hans fengin með styrkum vina- og hagsmunaböndum í samfélagi þar sem kerfin riðlast hratt og örfáum er veitt tækifæri til uppkaupa á eignum almennings eins og dæmin sanna í austurvegi og okkur nær? Að kunna og geta makað krókinn, farið á svig við almenn viðhorf sanngirni og réttlætis? Er sú gáfa öfundsverð?

Varla er það óhófið sem menn vilja komast í, hin skamma sæla neyslunnar, þar sem hinn ofsaddi mettar sig á blístrinu svo honum verður illt. Eða eru það hin ytri tákn hégómans sem menn skarta og hefja sig á stalla með. Eru þau öfundsverð?

Sálaróvinir sækja heim snauða og ríka. Blasa ekki við dæmin að auði fylgir oft óhamingja?

Ríkidæmi í samfélagi okkar hefur lengst af farið fram með meðalhófi og stillingu – skynsemi og varúð þess hyggna sem veit að veraldargengi er valtast af völtu. Sú auðstétt sem nú er orðin til á Íslandi veit að hóf er best, þó hún missi sig á stundum í oflátungslegum bokkahætti. Flestir í þeim söfnuði þekkja sér nærri dæmi um sára fátækt, þrældóm langra vinnudaga, sundrungu fjölskyldunnar og þann einmanaleik sem mörgum er búinn í okkar samfélagi. Að ónefndum heilsubresti og umönnun – ef gefst – sem brátt skilur á milli hinna auðugu í samfélaginu og allra hinna sem eru mannsævina að öngla saman í þak yfir höfuðið og menntun fyrir börnin sín. Fáir þeirra ná á sinni stuttu ævi að draga saman það fé sem eytt var í alræmda veislu auðmanns á dögunum á einni skammri kvöldstund. Betur væri að þeirri gleði hefði verið aflýst.

Á endanum falla allir eins og grasið: hold verður mold. Nema upphefjist sá siður að greftra auðkýfinga enn á ný með skarti, veislufföngum og þjónaliði sínu: þrjá þreytta söngvara og flygil í mína gröf.

Auðmenn landsins risu upp á skömmum tíma fyrir dugnað, aðstöðu og tækifæri sem þessi þjóð gaf þeim og þeir hrifsuðu. Þeim er hollast að misbjóða ekki almenningi með stærilæti og stórbokkaskap. Kjósi þeir ekki, er þeim skást að finna sér aðra þjóð. Í útlöndum er öllum sama hvernig þeir láta. Þar þekkir þá enginn. Hér heima stendur fólki ekki á sama. Skipti það auðkýfinga landsins máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

• Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Aðalfundur

Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík, SffR, verður haldinn laugardaginn, 27. janúar, kl. 11 á Hallveigarstíg 1



Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf

Sókn fyrir Ísland allt

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar flytur barátturæðu í aðdraganda kosninga.

Fundarstjóri: Stefán Jóhann Stefánsson varaborgarfulltrúi.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í framboð fyrir Frjálslynda?

Eins og fram hefur komið í fréttum hefur Ómar Ragnarsson, maður síðasta árs, ekki gert upp við sig hvar og hvort hann stefni á framboð til Alþingis. Eins og hann sagði í fréttum Stöðvar 2 á mánudagskvöld vill hann bíða fram yfir landsfund Frjálslynda flokksins nú um helgina áður en nokkuð er gefið upp. Margir hafa túlkað þetta sem svo að hann sé því að íhuga boð um sæti á lista Frjálslynda flokksins, sem hann sjálfur skilgreinir sem hægrigrænan flokk á bloggsíðu sinni.



### Eftir hverju er beðið?

En af hverju vill Ómar bíða eftir útkomu landsfundar, og þá væntanlegu kjöri til embætta flokksins? Hann skilgreinir sjálfur bæði Margréti Sverrisdóttur og Magnús Þór Hafsteinsson sem umhverfissinna, þar sem þau tóku bæði þátt í Laugavegsgöngunni sem hann skipulagði. Þannig að ekki er hægt að ráða í rúnirnar eftir þeim línunum. Þó hefur Ómar greinilega áhyggjur af því að innflytjendamálin muni tröllríða öllu á landsfundi og mætti á honum skiljast að hann óttist það að fyrrverandi félagar Nýs afls séu að taka völdin í flokknum.



### Áberandi ráðherrar

Það eru fleiri sem blogga en Ómar. Nýlega kom fram að Jón Sigurðsson og Einar Kr. Guðfinnsson væru þeir ráðherrar sem oftast eru viðmælendur í ljósvakafréttum. Einar Kr. hyggst nú á frekari landvinninga í netheimum og hefur opnað bloggsíðu á vefsvæði blog.is, líkt og Björn Bjarnason. Björn var reyndar sá ráðherra sem sjaldnast var talað við í ljósvakafréttum á síðari hluta ársins 2006, þannig að það er ekki sjálfgefið að landvinningar í netheimum leiði til þess að oftar sé rætt við þá. Jón Sigurðsson hefur til dæmis enga heimasíðuna, né heldur Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, sem er þriðji í röðinni yfir þá ráðherra sem oftast var rætt við.

svanborg@frettabladid.is

# Vinstri stjórn?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Stjórnmál

Ef stjórnarflokkarnir fá þingmeirihluta í komandi kosningum, þá er eðlilegast, að þeir haldi áfram samstarfi. Það hefur gengið vel. Ef stjórnarandstæðingar verða hlutskarpari, þá munu þeir reyna stjórnarmyndun saman, eins og þeir segjast stefna að. Hvað myndi vinstri stjórn undir forsæti Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur gera? Reynum að reikna það út.

Í fyrsta lagi má styðjast við reynsluna af fyrri vinstri stjórnum á Íslandi. Vinstri stjórnin 1971-1974 skildi eftir sig 50% verðbólgu, en vinstri stjórnin 1980-1983 100% verðbólgu. Vinstri stjórnin 1988-1991 sóaði almannafé í loðdýrarækt og fiskeldi og lét eftir sig stórkostlegan fjárlagahalla.

Í öðru lagi má styðjast við reynsluna af stjórn Ingibjargar Sólrúnar í Reykjavík 1994-2002. Á sama tíma og ríkið lækkaði skatta verulega, hækkaði R-listinn opinber gjöld í Reykjavík. Útsvar hækkaði úr 9,2% 1994 í 13,03% 2005. Skatttekjur borgarinnar jukust um fjórðung. Á sama tíma og ríkið lækkaði hreinar skuldir sínar úr 172 milljörðum kr. 1997 niður í 45 milljarða kr. 2006, tífölduðust hreinar skuldir borgarinnar, úr röskum 4 milljörðum kr. 1993 í 44 milljarða kr. 2002.

Í þriðja lagi má styðjast við reynsluna af stjórn jafnaðarmanna í Svíþjóð, en Samfylkingin vill fara „sænsku leiðina". Svíar voru löngum ríkasta þjóð Norðurlanda, en eru nú hin fátækasta. Landsframleiðsla á mann í Svíþjóð var 1964 um 90% af landsframleiðslu á mann í Bandaríkjunum, en er nú um 75%. Raunverulegt atvinnuleysi er um 15-17% og bitnar aðallega á æskufólki. Nánast öll ný störf frá 1950 hafa orðið til í opinbera geiranum. Skattheimta nemur um 60% af landsframleiðslu. Í fjórða lagi má styðjast við orð Ingibjargar Sólrúnar og annarra forkólfa Samfylkingarinnar. Þau virðast ekki geta á heilum sér tekið, því að í góðæri síðustu tíu ára hefur sumum gengið enn betur en öðrum. Þau tala um, að fjármagnstekjuskattur sé of lágur og auka þurfi framlög til velferðarmála (þótt þau hafi stóraukist síðustu ár). Þau vilja stöðva virkjanir og hafa í hótunum við útgerðarfyrirtæki. Þau virðast ekki hafa neinn áhuga á hagvexti.

*Fyrsta verk Ingibjargar Sólrúnar í Stjórnarráðinu verður vitanlega að taka niður málverkin í húsinu af Jóni Þorlákssyni, Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni. Annað verkið verður að ráða nokkra vildarvini til skrafs og ráðagerða.*

Fyrsta verk Ingibjargar Sólrúnar í Stjórnarráðinu verður vitanlega að taka niður málverkin í húsinu af Jóni Þorlákssyni, Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni. Annað verkið verður að ráða nokkra vildarvini til skrafs og ráðagerða. En umræðustjórnmálin munu ekki reynast ókeypis. Ríkisútgjöld munu stóraukast og skattar hækka. Skatttekjur ríkisins munu minnka vegna aukinnar skattheimtu, því að atvinnulífið mun dragast saman, og þá verða tekin lán, svo að hreinar skuldir ríkisins munu stóraukast.

Fjármagnstekjuskattur verður hækkaður úr 10% í 20%, en við það hverfur skattstofninn áreiðanlega að mestu leyti, svo að ríkið missir af 15-20 milljarða tekjum á ári. Tekjuskattur á fyrirtæki verður hækkaður úr 18% í 30%, en við það minnka tekjur ríkisins (alveg eins og þær jukust við lækkunina), líklega um 10 milljarða. Sérstakur skattur á útgerðarfyrirtæki verður stórhækkaður.

Þetta verður atvinnulífinu þungbært. Seðlabankinn verður sviptur sjálfstæði og látinn „leysa" vandann með lánsfjárþenslu. Verðbólga eykst þá í 20-30% að minnsta kosti, en fjöldi fólks mun ekki ráða við afborganir af húsnæðislánum og missa heimili sín. Bankar munu lenda í miklum erfiðleikum. Ríkt fólk hraðar sér til útlanda með fyrirtæki sín og fjármagn (en við það verður tekjuskipting vissulega jafnari). Atvinnuleysi eykst í 10-15%, sérstaklega í röðum æskufólks. Nú eru hreinar skuldir ríkisins á mann um 150 þúsund kr. Þær munu tífaldast, í 1,5 millj. kr. á mann. Skattheimta ríkisins, sem á samkvæmt áætlunum að fara í 32% 2008, mun þess í stað aukast um fjórðung, í 40%, svo að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, mun samtals taka til sín 52% af landsframleiðslu. Ísland mun dragast aftur úr Danmörku og Noregi í almennum lífskjörum og lenda við hlið Svíþjóðar.

Hér hef ég ekki gert annað en reikna framtíðina út eftir fenginni reynslu. Vonandi hef ég rangt fyrir mér. En sporin hræða.

# Er Samfylkingin á móti eflingu HÍ?

**UMRÆÐAN**

Háskóli Íslands



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Samningur sá sem nýlega var gerður við Háskóla Íslands um eflingu rannsókna við skólann markar tímamót. Sameiginlegt markmið samningsaðila er að tryggja gæði kennslu og rannsókna við Háskólann og stuðla að metnaðarfullri framþróun í starfsemi skólans.

Framlög til Háskóla Íslands voru hækkuð um 300 milljónir króna á fjárlögum 2007 í tengslum við samninginn. Rannsóknarframlög til skólans munu hækka um 640 milljónir króna árlega á tímabilinu 2008-2011 og hafa þá hækkað um tæpa þrjá milljarða í lok samningstímabilsins, árið 2011.

Það er athyglisvert að Samfylkingin hefur nú tekið þann kúrs að leggjast gegn þessari eflingu Háskóla Íslands líkt og fram kemur í grein þingmannsins Þórunnar Sveinbjarnardóttur í Fréttablaðinu miðvikudaginn 24. janúar. Þórunn segir að best sé að setja aukið fjármagn í samkeppnissjóði og að sú ákvörðun að efla rannsóknir við HÍ „sé í raun óskiljanleg í ljósi þróunarinnar á háskólastigi og í vísindasamfélaginu". Með samningnum sé verið að „feta veg meðalmennskunnar".

Þetta eru kaldar kveðjur til Háskóla Íslands og óneitanlega nýstárlegur rökstuðningur að með því að efla okkar helstu menntastofnun verulega sé verið að ýta undir meðalmennsku.

Ekki síður vekur athygli að Samfylkingin sem til þessa hefur verið óvinveitt einkareknum háskólum og haft horn í síðu samkeppnissjóða skuli nú leggjast gegn því að Háskóli Íslands sé efldur með þeim rökum að betur hefði farið á því að leggja fjármagnið í samkeppnissjóði.

Höldum nokkrum staðreyndum til haga. Á undanförnum árum hafa framlög til háskólamenntunar aukist hröðum skrefum, eða úr 6,6 milljörðum við upphaf kjörtímabilsins árið 2002 í 10,8 milljarða á fjárlögum þessa árs. Fjöldi háskólanema hefur tvöfaldast á örfáum árum. Námsframboðið hefur aldrei verið meira. Framlög í samkeppnissjóði hefur rúmlega tvöfaldast á kjörtímabilinu. Er þetta að feta veg meðalmennskunnar?

Ég fagna því að Samfylkingin áttar sig loks á mikilvægi samkeppnisjóða. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að áfram verði unnið að eflingu þeirra og raunar sérstaklega tekið fram í samningi stjórnvalda og HÍ.

Til að háskólar og vísindamenn þeirra séu í stakk búnir til að keppa um fé í samkeppnissjóðum, innlendum jafnt sem erlendum, verður hins vegar ákveðinn grunnur að vera til staðar. Á síðustu árum hafa rannsóknarframlög til háskóla margfaldast. Með nýjum samningi er Háskóli Íslands viðurkenndur sem hornsteinn okkar háskólakerfis. Er Samfylkingin á móti því?

*Höfundur er menntamálaráðherra.*



**BRETUM LÍKAR FISKURINN**
Erna Kaaber rekur veitingastaðinn Fish and Chips á Tryggvagötu.
MATUR 4




**HÁKARL Í PYLSUVAGNI**
Lúðvík Ríkharð Jónsson selur hákarl úr eldgömlum pylsuvagni á Akureyri.
MATUR 3



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]



**Gítarinn** hljóðfæraverslun stendur fyrir útsölu þessa dagana. Til að mynda má fá Walden-þjóðlagagítar á 39.900 krónur en áður kostaði hann 78.900 krónur.



**Lagerútasala** verslunarinnar Svefn&heilsa er að Kletthálsi 13. Þar er hægt að gera góð kaup á sófasettum, gjafavöru og dýnum.

**Egill Árnason** veitir allt að 70 prósenta afslátt af flísum þessa dagana.

**Kafbátur** mánaðarins hjá Subway er kalkúnabringa og skinka.

**íslenskt.is** hefur sett á markað nýja íslenska rófustöppu sem fer vel með þorramatnum. Meginuppstaðan í stöppunni er íslenskar rófur en hún verður seld í 250 g og 500 g umbúðum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 26. janúar, 26. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.27 | 13.40 | 16.55 |
| Akureyri | 10.27 | 13.25 | 16.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is





Bjarni Haukur fór í Melabúðina að kaupa í matinn handa þeim feðgum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hamborgari vinsælastur hjá syninum

***Bjarni Haukur Þórsson frumsýndi einleikinn Pabbinn í Iðnó í gær. Þar fjallar hann um allt mögulegt sem fylgir því að sinna börnum og axla ábyrgð á uppeldinu. Því var freistandi að spyrja hann hvað hann eldaði í alvörunni þegar þriggja ára sonur hans væri svangur.***

„Þegar við sonur minn ætlum að hafa það virkilega náðugt á laugardegi saman fær hann að ráða hvað haft er í matinn. Þá er það hamborgari sem er vinsælastur,“ segir Bjarni Haukur brosandi. „Sonurinn er áhugamaður um tómatsósu og vill hafa mikið af henni. Því leggur hann áherslu á að hafa hana líka borna fram sér og fær sér oftast tómatsósu í forrétt sem hann klárar áður en hann byrjar á borgaranum.“

Bjarni Haukur kveðst búinn að koma drengnum inn á að það sé mikilvægt að borða grænmeti og í staðinn fyrir að troða því á hamborgarann skeri hann það niður, gulrætur, agúrkur og kál, og hafi á sérstökum diski. „Við jöplum á þessu feðgarnir og verður gott af,“ segir hann og svo kemur snilldin. „Ég ber fram heimagerðar franskar með borgurunum. Þá kaupi ég venjulegar kartöflur, sker þær í báta og dreifi þeim á smjörpappírsklædda plötu. Síðan skelli ég yfir þær smá olíu, salti og kryddi áður en ég set þær í ofninn. Það er gott að forsjóða þær aðeins fyrst og það er mjög mikilvægt að setja þær á smjörpappír svo þær klessist ekki.“

Brauðið kveðst Bjarni Haukur líka hita aðeins í ofninum og hefur hugmyndir að ýmsum útfærslum á þessum ameríska rétti. „Það er fínt að setja aðeins sýrðan rjóma á milli og nachos-sósur og sinnep fara vel með líka. Það er svo gott með hamborgarann að það er hægt að borða svo margt með honum og hann er svo handhægur í matreiðslu, fljótlegur og góður. Svo er drukkið með þessu sódavatn eða kók. Ekki er það nú flóknara.“

*gun@frettabladid.is*

## Eymundur aðlaður

EYMUNDUR MAGNÚSSON Í VALLARNESI HLAUT Í GÆR VIÐURKENNINGU NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR AÐ STUÐLA AÐ GÓÐRI HEILSU LANDSMANNA OG HOLLUSTU. VÖRUR HANS BERA MERKIÐ MÓÐIR JÖRÐ.

Eymundur Magnússon í Vallarnesi á Fljótsdalshéraði hefur notað lífrænar aðferðir við ræktun um langt árabil og var brautryðjandi á því sviði hér á landi. Hann hlaut í gær viður-kenningu frá NLFR fyrir alúð og metnað sem hann hefur lagt við framleiðsluferlið allt frá ræktun til manneldis. Árlega framleiðir fyrirtæki hans, Móðir jörð, 25 til 30 vottaðar lífrænar vörutegundir.
Meðal þess merkasta sem Eymundur hefur lagt af mörkum er ræktun og úrvinnsla á byggi, einkum til manneldis. Það kallar hann hrísgrjón norðursins. *- gun*



Verðlaunahafinn ásamt stjórn og starfsfólki NLFR og NLFÍ. Frá vinstri: Auður Guðmundsdóttir, Ásthildur Einarsdóttir, Bjarni Þórarinsson, Eymundur Magnússon, Ingi Þór Jónsson, Björg Stefánsdóttir og Brynja Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**Avocado** er stútfullur af hollri fitu, miklum vítamínum og er góður með mexíkóskum mat, í salöt, ofan á brauð og í barnamat.

**Er fyrirtækið eða klúbburinn þinn að leita að nýjum og spennandi leiðum til að halda árshátíð?**

Við á Galbi bjóðum upp á ferskt og vel valið hráefni sem þú grillar síðan á ekta kóreskri grill pönnu, flutt inn sérstaklega fyrir okkur. Við bjóðum upp á val á tveim forréttum:

Parma skinka með minari mari sósu og muchae salat eða
Asískir vindlar: Þunnir og stökkir deigvindlar með grænmetis- og kjúklingafyllingu og asísku kryddi.

**Aðalréttir:**
Steinbítur marineraður með myntu og hnetum eða Mínútu steik (180 gr.) marineruð í ekta kóreskri bbq sósu. Hrísgrjón, grænmeti og sósur fylgja með.
Við gerum hráefnið í aðalréttinn klárt og hjálpum ykkur af stað!

**Desert:**
Ekta súkkulaði kaka eða ljúffengur ís Aðeins 4.100 kr.

Gerum gott ennþá betra og bætum við Torres víni með matnum! Taktu tilboðið fyrir ofan og fáðu 1 fordrykk, 1 glas af Torres víni með forréttinum og 1 glas með aðalréttinum fyrir aðeins 1.400 kr. á mann aukalega! Þetta tilboð gildir alla daga fram að 30. apríl 2007. Hópar frá 30 til 45 manns geta fengið veitingasalinn út af fyrir sig ef óskað er.




GALBI RESTAURANT
KOREAN BARBEQUE

Barónstígur 2-4, Reykjavík
**Pöntunarsími 867 4448**
**galbi@galb.is • www.galbi.is**

# Einn af tíu bestu í heimi

***Það eru fleiri en íslensku handboltamennirnir að gera það gott á erlendri grund. Eðalkokkurinn Friðgeir Ingi Eiríksson varð í áttunda sæti í heimsmeistarakeppninni í matreiðslu í Lyon í Frakklandi.***

Friðgeir Ingi var einn af 24 keppendum á Bocuse d'Or keppninni í Frakklandi sem er stærsta og virtasta matreiðslukeppni heims. Þótt hann næði ekki að komast á verðlaunapall þá má íslenska þjóðin vera stolt af frammistöðu hans. Hann hafnaði í áttunda sæti og er því einn af tíu bestu í heimi.

Hann lauk sínum þætti á réttum tíma, lagði sig allan fram og var „fljótvirkur, vandaður, hraður en ekki sjáanlega stressaður", eftir því sem Dominique Pledel Jonsson skrifar á netmiðilinn www.freisting.is Hún var á keppnisstað og segir Íslendinga hafa látið hressilega í sér heyra í höllinni.

Frakkinn Fabrice Desvignes sigraði keppnina í ár og í öðru sæti var Tomas Kofoed frá Danmörku. Keppendur frá Noregi og Svíþjóð voru í 4. og 5. sæti þannig að fulltrúar Norðurlandanna voru sannarlega að gera það gott.

Friðgeir Ingi er alinn upp í einu virtasta eldhúsi á Íslandi því faðir hans var yfirkokkur á Hótel Holti. Síðustu fjögur ár hefur Friðgeir Ingi verið yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Domaine de Clairefontaine sem er í eigu meistarakokksins Philippe Girardon og er einn sá vinsælasti í Lyon. *- gun*



Friðgeir Ingi með einbeitinguna í botni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hér er unnið af mikilli list í eldhúsinu. WWW.FRIDGEIR.IS




Borði Íslands settur upp. WWW.FRIDGEIR.IS



Friðgeir Ingi gaf sér tíma til að sinna syni sínum, Júlían Inga meðan á æfingum stóð.



Víkingarnir voru Friðgeiri Inga hugleiknir þegar hann framreiddi kjúklingaréttinn.



Uppstillingin á matnum segir sögu Íslands. Hér er smálúða aðalrétturinn.





Valentína eldar pastarétt með grænmeti.

# Við köllum þetta ástareldhús

***Þrír nýir grænmetisréttir hafa bæst á markaðinn frá Móður náttúru og þeir sem fyrir voru hafa fengið ferskan búning.***

„Okkar markmið er alltaf að búa til góðan mat og því fylgir sem sjálfsagður hlutur að hann sé jafnframt hollur í gegn,“ segir Valentína Björnsdóttir sem er í forsvari fyrir Móður náttúru. Hún segir hráefnisvalið vandað eins og kostur sé. „Þegar við getum notað lífrænt ræktað grænmeti þá gerum við það. Notum til dæmis lífræna, íslenska bankabyggið.“

Nú er Valentína beðin að lýsa nýjungunum í framleiðslunni. „Við erum með nýja tegund af kjúklingabaunabuffi með sólþurrkuðum tómötum og þrjá tilbúna pottrétti sem við seljum í 500 gramma boxum. Þá er gott að borða með buffi eða bara hrísgrjónum og salati,“ segir hún brosandi þar sem hún stendur við pottana í höfuðstöðvum Móður náttúru uppi í Gufunesi. „Við erum líka að skipta um útlit á öllum okkar réttum,“ heldur hún áfram. „Fengum til liðs við okkur auglýsingastofuna Fabrikkuna og það er margra mánaða vinna sem liggur að baki þessum nýju umbúðum sem fara í búðirnar í dag.“

Alls eru það ellefu vörutegundir sem Móðir náttúra framleiðir og eru ferskar í kæliborðum verslana. „Við matreiðum líka mikið fyrir skóla og leikskóla og fórum af stað í haust með átak sem við kölluðum gott og gaman,“ lýsir Valentína. „Fengum matvælafræðing til samstarfs við að reikna út næringargildi heildarmáltíðar og nú eru margir skólar með okkar rétti á matseðlinum reglulega.“ Hún bætir því við til fróðleiks að fyrirtækið sé nánast stofnað á leikskóla. „Ég var matráðskona á leikskóla og fannst vanta mat af þessu tagi. Svo er Karl maðurinn minn snillingur í grænmetismatargerð svo úr varð að við stofnuðum fyrirtækið fyrir þremur árum.“ Viðtökurnar segir hún hafa verið ævintýralegar. „Það virðist algerlega hafa vantað tilbúinn mat sem er líka hollur.“

Tólf manns vinna hjá Móður náttúru og Valentína ber lof á starfsfólkið og starfsandann. „Við köllum þetta stundum ástareldhús því það eru þrenn hjón í hópnum. Þetta er persónulegur og heimilislegur vinnustaður. Við viljum ekki verða eins og verksmiðja heldur elda mat sem við gætum hugsað okkur að bjóða gestum í heima. Ef ekki væri hægt að búa til hollan mat af bestu sort þá mundi maður ekki nenna þessu. Þá færi maður bara að framleiða karamellur.“

Að lokum gefur hún Fréttablaðinu uppskrift að einföldum og fljótlegum pastarétti með basilsósu. *gun@frettabladid.is*

## Linsubolognese frá Móður náttúru

**Spelt pastaskrúfur**
**Olía**
**Rauðlaukur**
**Hvítlaukur**
**Paprika**
**Kúrbítur**
**Svartar ólífur**
**Brokkolí**
**Ferskt basil**
**Fersk steinselja**
**Salt pipar**

**Sjóðið pastað og hitið Linsubolognese í potti. Skerið grænmetið fallega og steikið á pönnu ásamt ólífum. Setjið brokkolí aðeins seinna á pönnuna svo það tapi ekki græna litnum. Saxið basil og steinselju og bætið því á pönnuna í lokin. Blandið saman pastanu og steiktu grænmeti, setjið Linsubolognese yfir og toppið með basil sósu. Gott er að bera fram ferskt salat með mangó og jarðarberjum með þessum frábæra rétti.**

**Basilsósa**
**50 gr hreinn feta ostur**
**150 gr sýrður rjómi**
**15 blöð ferskt basil**
**5 sólþurrkaðir tómatar**
**Svartur pipar**
**Allt sett í matvinnsluvél og maukað vel saman.**




Réttirnir frá Móður náttúru hafa fengið nýtt útlit.



„Við látum ekkert frá okkur nema það sem okkur þykir gott. Ef það er eitthvað við hann sem okkur líkar ekki hendum við honum,“ segir Lúðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Hákarl við brjóstsviða

***Lúðvík Ríkharð Jónsson selur hákarl úr eldgömlum pylsuvagni fyrir framan verslunarmiðstöðina Glerártorg á Akureyri.***

„Þetta er eldgamall pylsuvagn sem hafði verið í Lækjargötunni í Reykjavík í mörg ár,“ segir Lúðvík Ríkharð Jónsson sem selur hákarl úr pylsuvagni fyrir utan verslunarmiðstöðina Glerártorg á Akureyri. Þetta er í þriðja skiptið sem Lúðvík selur hákarlinn yfir þorrann í pylsuvagninum og hann segir áhuga Akureyringa og annarra viðskiptavina mikinn en auk hákarlsins selur Lúðvík skötu. „Fólki finnst þægilegt að sækja hákarlinn hingað og ég er að fá viðskiptavini frá Austurlandi sem koma í verslunarferð í bæinn. Ég held að neyslan sé mjög svipuð og hún hefur verið síðustu árin, allavega ekki minni. Sumir borða hákarlinn allt árið og hann er góður í magann og við brjóstsviða.“




Lúðvík selur hákarl í eldgömlum pylsuvagni sem stóð áður við Lækjargötu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Lúðvík segir hákarlinn í ár mjög góðan. Hann hafi að minnsta kosti ekkert nema hól fengið. „Við látum ekkert frá okkur nema það sem okkur þykir gott. Ef það er eitthvað við hann sem okkur líkar ekki hendum við honum,“ segir Lúðvík sem ásamt syni sínum rekur fyrirtækið Marsibil á Ólafsfirði. „Við feðgar erum með þetta saman en hann er nú aðalmaðurinn, ég gríp inn í þegar hann er á sjó.“

Aðspurður segist Lúðvík sjálfur vilja hákarlinn bragðsterkan. „En ekki þó þannig að hægt sé að taka hann upp með skeið. Fæstir vilja hann þannig. Sjálfur vil ég hafa hann mjúkan og góðan en það er óskaplega misjafnt hvernig fólk vill hafa hann. Sumir vilja láta lýsið renna af honum á meðan aðrir vilja hafa hann þéttan.“

Lúðvík segir að fólki á öllum aldri þyki hákarlinn góður en þeir sem séu æstastir í hann séu þeir sem aldir voru upp við hann. „Sonarsonur minn sem er rúmlega tveggja ára er alveg æstur í hákarl og finnst hann sælgæti. Hinir sem ekki eru vanir finnst þetta oft ekki eins gott. Um daginn komu eldri ítölsk hjón til mín og fengu að smakka. Ég rétti þeim stóran bita sem þau skyrptu fljótt út úr sér og komu ekkert aftur. Ég hafði bara gaman af því.“ *indiana@frettabladid.is*



# Bretarnir mjög hrifnir

***Veitingastaðurinn Fish and Chips í Tryggvagötu var opnaður rétt fyrir jólin. Erna Kaaber, eigandi staðarins, segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar.***

Á veitingastaðnum Fish and Chips er boðið upp á fisk og kartöflur, súpur og alls konar brauð og kökur. „Fiskur og franskar byrjaði í bakaríum í Bretlandi á átjándu öld, en við höfum snúið þessu við og byrjum í fiskinum og erum smám saman að færa okkur yfir í bakaríið,“ segir Erna og hlær.

Á veitingastaðnum er allt sem boðið er upp á eins hollt og hugsast getur. Fiskurinn er djúpsteiktur í speltdeigi og kartöflurnar ofnbakaðar. „Ég nota kartöflur frá Eymundi í Vallarnesi sem er með Móður jörð og ég er á því að þær séu með bestu kartöflum á Íslandi. Við ofnbökum þær í olíu, Maldonsalti og steinselju því ólíkt fisknum eru kartöflur þess eðlis að þær soga í sig fituna. Því er eiginlega ómögulegt að vera að nota lífrænt ræktaðar kartöflur og eyðileggja þær með djúpsteikingu. Ef fólk vill heldur kartöflusalat bjóðum við upp á það, en ekki majonessalat heldur tómat- og kartöflusalat. Við erum heldur ekki með neinar majonessósur heldur sósur sem við búum til úr skyrgrunni, ferskum kryddjurtum og hunangi og sinnepi.“

Erna segir að hún fái ferskan fisk á hverjum morgni en svolítið misjafnt sé eftir dögum hvaða fisk hún bjóði upp á. „Við erum venjulega með þorsk og oft með ýsu og gellur. Gellurnar hafa verið vinsælastar hjá okkur, eins furðulega og það hljómar. Ég átti ekki von á því fyrir fram að nútíma Íslendingurinn myndi háma í sig gellur en þær eru náttúrlega ótrúlega ljúffengar. Síðan erum við mjög oft með rauðsprettu sem hefur verið mjög vinsæl því hún er svolítið ólík hinum fisknum. Vinur minn kom svo með háf handa mér um daginn sem ég djúpsteikti og hann var svona hrikalega mikið lostæti. Nú ætla ég því að setja alla öngla út og athuga hvort ég nái ekki í meiri háf,“ segir Erna og hlær.

Súpurnar hafa einnig verið vinsælar hjá gestum staðarins. „Við erum af og til með fiskisúpu og mikið með graskerssúpu, gulrótarsúpu, ekta franska lauksúpu og bara alls kyns grænmetissúpur.“

Rúsínan í pylsuendanum er svo kökurnar hjá Ernu. „Við erum núna með eplamúffur, banana og hnetusmjörsmúffur og ótrúlega súkkulaðiköku sem ég bý til sykurlaust marsípan í sjálf. Í henni er ekkert hveiti, bara möndlur, sykurlaust súkkulaði og kókosolía svo það er eiginlega bara hollara að borða hana heldur en að sleppa því,“ segir Erna og hlær.

Mjög vel hefur gengið síðan staðurinn var opnaður og er Erna mjög ánægð með viðbrögð matargesta. „Vænst þykir mér um viðbrögð Bretanna, því það hefur verið svolítið af þeim hérna að undanförnu og annar hver Breti sem kemur inn heldur því fram að þetta sé besti fiskur og franskar sem hann hefur smakkað.

Það er náttúrlega besta hrós sem maður getur fengið því við erum svolítið að bregða út af því sem þeir þekkja en ég held að það skipti líka miklu máli að við erum alltaf með ferskan fisk.“

*emilia@frettabladid.is*



Erna er mjög ánægð með þær góðu viðtökur sem staðurinn hefur fengið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sykurlausa súkkulaðikakan er mjög girnileg.



Gestirnir njóta matarins í notalegu umhverfi.

## MEÐFYLGJANDI ER UPPSKRIFT AÐ SPELTPÖNNUKÖKUM MEÐ AMERÍSKU SNIÐI

„Þessi uppskrift er sérlega einföld en ljúffeng og auðvelt að skvera nokkrum pönnukökum á borð án nokkurs undirbúnings ef gesti ber að garði eða ef fjölskylduna langar skyndilega til að gera vel við sig á sunnudagsmorgni. Hún er þar að auki full af hollustu, sér í lagi ef pönnukökurnar eru bornar fram með ferskum ávöxtum, hnetum og fræjum.“



**SPELTPÖNNUKÖKUR MEÐ AMERÍSKU SNIÐI**
**1 1/2 bolli fínt eða gróft spelt**
**1 tsk. vínsteinsduft**
**1 egg (má sleppa)**
**2 msk. kókosolía**
**vanillufræ eftir smekk**
**sojamjólk eftir þörfum**
**Maldon-salt eftir smekk**

**AÐFERÐ:**
Spelti, vínsteinsdufti og vanillufræjum er skellt í skál og hrært vel í á meðan mjólkinni er bætt út í. Deigið á að vera nokkuð þykkt eða þykkara en þegar hinar hefðbundnu íslensku pönnsur eru bakaðar. Hrærið vel þar til blandan er kekkjalaus. Þá er egginu bætt út í og kókosolíunni en hana er best að bræða með því að setja krukkuna í 40° C heitt vatn í stálskál.
Nauðsynlegt er að hafa góða pönnu til bakstursins, helst góða pönnukökupönnu. Svolitlu af kókosolíu er skellt á pönnuna til að smyrja. Gott er að bæta smá kókosolíu á pönnuna af og til svo pönnukökurnar festist ekki. Svo er þá að hella úr ausunni á pönnuna eins miklu og kosið er en fljótlegast er að hafa pönnsurnar fremur litlar og baka þrjár í einu. Deigið ætti þá að gefa um tólf pönnukökur.

Þegar allur staflinn er kominn á disk má skera niður banana og raða á milli og ljúffengt er að hella yfir þær agave sýrópi eða hreinu hlynsýrópi. Niðurskornar hnetur og sykurlaust súkkulaði gefa góðan keim með þessari blöndu og síðast en ekki síst er gott að smella sojarjóma á toppinn. Aðrir ávextir og ber koma einnig vel til greina, allt eftir smekk, og það gefur einnig góða raun að skella hinum ýmsu hnetum og fræjum út í deigið og baka með pönnukökunum. Hnetusmjör út í deigið gefur einnig ljúffengt bragð. Þá bragðast þær einnig vel með steiktum eggjum, beikoni, osti og skinku eða hverju öðru sem fólk kann að kjósa sér.









# Gráðaostur góður er



*Gráðaostur er aðalsmaður ostanna og góður í alls konar matargerð.*

Gráðaostur er ýmist kúa-, sauða- eða geitaostur sem pensilínbakteríum hefur verið bætt í svo að osturinn er með myglublettum eða æðum. Hann er yfirleitt látinn gerjast í hitastýrðu umhverfi, til dæmis helli þar sem kjöraðstæður eru bæði fyrir ost og myglu. Gráðaostur er aðalsmaður ostanna og flestir erlendir gráðaostar eru vernduð vörumerki og eiga sér bæði sögu og heimalén. Franski Roquefort-osturinn er til dæmis sagður hafa verið fundinn upp árið 1070 og ítalski Gorgonzola-osturinn er enn eldri eða frá árinu 879. Enski Stilton-osturinn er frekar ungur í samanburðinum eða síðan á átjándu öld. Allir eru þessir ostar bundnir við ákveðna staði og héruð og má til að mynda enginn kalla ostinn sinn Stilton nema sá hinn sami sé búsettur og framleiði ostinn í Derbyshire, Leicestershire eða Nottinghamshire í Englandi. Margir síðari tíma gráðaostar eru tilkomnir vegna þess að hinir svokölluðu „alvöru“ gráðaostar voru ekki á boðstólum, annaðhvort af landafræðilegum ástæðum eða pólitískum.



Bragðið af gráðaosti er sterkt og stundum dálítið salt og lyktin hefur unnið þessum ostum virðingarheitið „táfýluostar“. Gráðaost má borða einan sér en hann nýtist líka vel í alls konar matargerð.

Gráðaostur er íslenska afbrigði Roquefort hins franska og er fyrsti íslenski mygluosturinn. Á seinni tímum hefur notkun hans í matargerð aukist verulega, eins og til dæmis í eftirrétti, súpur, sósur og salöt enda segja ostakaupmenn á Íslandi að gráðaostur sé helsti jólaostur Íslendinga.

Gráðaostur er einkar góður í sætu samhengi og ein frábær og einföld leið til að njóta hans felur jafnframt í sér að klára piparkökuafganga frá jólum. Bræðið saman í potti einhvern góðan gráðaost, rjómaost og rjómaslettu og búið til sósu. Dýfið piparkökunum í og setjið síðan örlítið balsamedik ofan á. Furðulegt og alveg himneskt.



## Gráðaostur og döðlur

ÓTRÚLEGA GÓÐ BLANDA OG HENTAR VEL SEM SMÁRÉTTUR MEÐ ILMANDI PÚRTVÍNSGLASI.

Gráðaostur og döðlur
100 g gráðaostur
12 ferskar döðlur
24 klofnar möndlur
Ristaður cayennepipar

Þeytið ostinn þangað til hann er orðinn mjúkur. Bætið hugsanlega nokkrum dropum af mjólk saman við. Skerið döðlurnar í tvennt, takið steinana úr og raðið helmingunum á disk. Smyrjið um það bil einni teskeið af osti inn í döðluna og einn möndluhelming ofan á. Stráið piparnum yfir og berið fram. Hægt er að nota þurrkaðar plómur eða fíkjur í staðinn fyrir döðlur.

Döðlur með gráðaosti og beikoni
½ kíló beikonsneiðar skornar í tvennt
½ kíló döðlur
200 g gráðaostur

Hitið ofninn í 190 °C. Skerið döðlurnar í tvennt. Klípið af gráðaostinum og setjið inn í döðlurnar. Klemmið saman og vefjið inn í hálfa beikonsneið. Festið með tannstöngli. Raðið í eldfast mót. Bakið í 30-40 mínútur.

## Pönnukökur
### með gráðaosti, valhnetum og perum

ÓTRÚLEGA GÓÐAR Á KÖLDUM VETRARMORGNUM.

Deig
2/3 b. hveiti
1 egg
1/2 b. mjólk
Olía á pönnuna

Fylling
2 miðlungsstórar þroskaðar perur, flysjaðar og skornar í teninga
125 g valhnetur
1/4 b. púðursykur
250 g gráðaostur, skorinn í teninga
Sýróp eða flórsykur til skrauts

Sigtið hveitið í skál, búið til laut í miðjuna og brjótið eggið þar út í. Hrærið saman með trésleif og bætið mjólkinni í smám saman. Látið standa á meðan fyllingin er gerð.

Setjið allt innihald fyllingarinnar í skál og blandið vel saman. Bakið pönnukökur úr deiginu á venjulegan hátt og setjið fyllinguna í. Skreytið með sýrópi eða flórsykri og berið fram.





## Gráðaostasúpa

METTANDI OG MAKINDALEG SÚPA SEM KEMUR HITA Í KROPPINN.

2 msk. smjör
1/2 b. fínt saxaður laukur
1/2 b. fínt saxað sellerí
1/2 b. fínt söxuð gulrót
1 tsk. marinn hvítlaukur (garlic minced)
1/3 b. hveiti
2 tsk. maizenamjöl
3 b. kjúklinga- eða grænmetissoð
250 g rifinn gráðaostur
250 g rifinn goudaostur
1/8 tsk. sódaduft
1 b. rjómi
1/3 b. hvítvín
Salt og cayennepipar til bragðbætis
1/4 tsk. svartur eða hvítur pipar
1 lárviðarlauf
1/4 b. steinselja til skrauts

Bræðið smjörið og bætið lauk, sellerí, gulrót og hvítlauk saman við. Látið malla í átta mínútur. Hrærið hveitinu og mjölinu saman og látið malla í tvær mínútur í viðbót.

Bætið soðinu, ostinum, sódaduftinu, rjóma og víni saman við. Hrærið þar til orðið þykkt. Bætið kryddi og lárviðarlaufi út í og látið suðuna koma upp. Látið malla enn í átta til tíu mínútur. Fjarlægið lárviðarlaufið og stráið steinselju yfir. Berið fram með grófu brauði og vínberjum. Má þynna með mjólk ef vill.



## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Gufusoðnir þorskbögglar á hrognabeði

Hrogn eru skemmtilegur matur sem gaman er að föndra með og nota sem hráefni í dýrlega fiskrétti. Hér er það hollustan og ferskleikinn sem ræður. Gufusoðið næstum því sushi, laugað höfugu kryddsmjöri og með áferð hrognanna verður samsetningin hreint frábær.

**1 brók af hrognum**
**1 flak af þorski**
**1 blað af nori sjávarsölvum**
**1 rauður chili**
**2 msk. söxuð fersk steinselja**
**3 msk. smjör**
**rifinn börkur af 1/2 límónu**
**sjávarsalt**
**nýmalaður pipar**
**3 gulrætur**
**1/2 kúrbítur**

1. Saltið hrognabrókina og pakkið henni í plastfilmu, svo hún springi síður við suðuna. Látið síðan út í sjóðandi vatn og sjóðið hrognin í um 20-25 mínútur eftir stærð.

2. Skerið þorskinn í bita, saltið og piprið. Kippið nori-blaðið í u.þ.b. 2 cm strimla og vefjið einum strimli utan um hvern þorskbita. Festið með tannstöngli. Gufusjóðið þorskbitana yfir hrognapottinum í um 10-15 mínútur (einfalt er að setja fiskinn í sigti yfir sjóðandi hrognunum og lok þar yfir).

3. Fræhreinsið chilíið og skerið það í litla bita. Bræðið smjör á pönnu og setjið chilíbitana, límonubörkinn, og saxaða steinselju út í.

4. Þegar fiskurinn og hrognin eru soðin, skerið hrognin þá í sneiðar með beittum hníf. Setjið tvær hrognsneiðar á hvern disk og þorskbita ofan á hrognin. Saltið og piprið og hellið svo kryddsmjörinu yfir.

Berið fram með fersku salati, ásamt gulrótum og kúrbít skornum í strimla og steiktum í smjör- og ólífuolíublöndu í 3-4 mínútur.









**60%** Nóatún trónir á toppnum þessa helgi með sveita-langbrauðin sem lækka úr 249 í 99 krónur. Það munar um 60%.


# Útsala – Útsala
**10-80% afsláttur af öllum vörum**
Hægt er að sjá sýnishorn af því sem í boði er á vefnum keramikgallery.is
**Keramikgallery**, Dalbrekku 14, 200 Kópavogur, s: 544-5504
Opið virka daga frá 10.00-18.00 – Lokað laugardaga



SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
# Allir á skauta
Skautaholl.is
Opið frá kl. 13 00 allar helgar



# TILBOÐSDAGAR
10-50% AFSLÁTTUR
VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is



ELBA eldunartæki og uppþvottavélar
Nettoline innréttingar
Snaigé kæliskápar
Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana
Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 Laugardaga 10-15
ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM
Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



# ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI
Húsgögn sem lentu í óhappi vantar laghenta eigendur, fást fyrir mjög gott verð. **Verð frá kr. 5000.**


Opið alla helgina
UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun 13-16
www.unika.is


**Þín verslun**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Beikon magnpakkning | 1.109 | 1.385 | 1.109 | 20 |
| Hrossakjöt saltað úrb. | 499 | 630 | 499 | 20 |
| Medesterpylsa reykt | 675 | 844 | 675 | 20 |
| Ferskur kjúklingur | 468 | 669 | 468 | 30 |
| Úrb. Bringur án skinns | 1.686 | 2.409 | 1.686 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir magnbakki | 484 | 692 | 484 | 30 |
| Jacob's píta gróf 400 g | 119 | 139 | 298 | 15 |
| Jacob's píta fín 400 g | 119 | 139 | 298 | 15 |
| Build-Up 152 gr | 329 | 379 | 2.164 | 15 |
| Hatting Filonino Durum 420 g | 329 | 399 | 783 | 20 |
| Hatting Panino Rustico 420 g | 329 | 399 | 783 | 20 |
| Fil. Berio ólífuolía 500 ml | 419 | 459 | 883 | 10 |
| Fil. Berio ólífuolía E.Virgin 500 ml | 479 | 579 | 958 | 15 |
| Capri Sonne Mystic Dragon 8*5stk. | 169 | Nýtt | 34 | |
| Capri Sonne Safari 8*5stk | 169 | Nýtt | 34 | |
| Capri Sonne Orange 8*5stk | 169 | Nýtt | 34 | |
| Capri Sonne Apple 8*5stk | 169 | Nýtt | 34 | |

**Tilboðin gilda til 31. janúar**

**KRÓNAN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu kindabjúgu 389 g | 169 | 219 | 434 | 25 |
| Ungnautahakk | 998 | 1.449 | 998 | 30 |
| Móa kjúklingur ferskur 1/1 | 399 | 749 | 399 | 45 |
| Móa kjúklingastrimlar fulleldaðir | 1.119 | 1.599 | 1.119 | 30 |
| Gríms fiskibuff | 736 | 920 | 736 | 20 |
| Gríms fiskibollur 550 g | 319 | 399 | 580 | 20 |
| Oetker pítsa pepperoni/sveppir 260 g | 99 | 199 | 381 | 50 |
| AB mjólk 1/2 l 5 teg. 500 ml | 83 | 124 | 166 | 35 |
| Myllu orkubrauð 500 g | 85 | 169 | 169 | 30 |
| Kexsmiðjan súkkulaðisnúðar 400 g | 299 | 325 | 748 | 10 |

**Tilboðin gilda til 28. janúar**

**BÓNUS**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Euroshopper smálúða 750 g | 99 | 399 | 130 | 75 |
| Gull harðfiskbitar 200 g | 899 | 998 | 4.495 | 10 |
| Myllu orkubrauð 500 g | 129 | 168 | 258 | 25 |
| Smyrju viðbit 300 g | 98 | 119 | 326 | 20 |
| Ferskt blandað hakk | 489 | 639 | 489 | 25 |
| KF frosin lambasvið | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Holta HM tilbúnir kjúklingavængir | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Gillette mach turbo rakblöð 8 stk. | 1.119 | 1.598 | 140 | 30 |
| Pólarbrauð 6 stk. | 159 | 189 | 26 | 15 |
| Colgate tannkrem 100 g 3 teg | 159 | 199 | 1.590 | 20 |

**Tilboðin gilda til 28. janúar**

**FJARÐARKAUP** ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverðLækkun í %k Corny musli | |
|---|---|---|---|---|
| 150gr | 198 | 219 | | |
| Sólskin appelsínusafi 1 l | 149 | 188 | 149 | 20 |
| Hörfræolía 250 ml | 598 | 689 | 598 | 15 |
| Lambalæri úr kjötborði | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Lambakótilettur úr kjötborði | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Nauta piparsteik úr kjötborði | 2.298 | 2.998 | 2.298 | 25 |
| Ferskur kjúklingur | 494 | 749 | 494 | 35 |
| Reykt folaldakjöt | 469 | 782 | 469 | 40 |
| Kindahakk frosið | 699 | 998 | 699 | 30 |
| Kindabjúgu | 482 | 688 | 482 | 30 |

**Tilboðin gilda til 27. janúar**

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur úr kjötborði | 1.198 | 1.575 | 1.198 | 25 |
| Lambahryggsneiðar út kjörborði | 998 | 1.759 | 998 | 45 |
| Kengúra fille | 1.493 | 2.489 | 1.493 | 40 |
| Íslensk andarbringa | 1.788 | 2.980 | 1.788 | 40 |
| UN Nautahakk | 998 | 1.499 | 998 | 35 |
| Óðals svínahnakkasneiðar | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Sætar kartöflur | 199 | 319 | 199 | 40 |
| Hollt og gott pokasalöt 200 g | 259 | 324 | 259 | 20 |
| Ítalskur ís í glerglösum 2 stk. í pakka | 524 | 699 | 524 | 25 |

**Tilboðin gilda til 28. janúar**

**NÓATÚN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba rib eye Grand marnier | 2.498 | 3.398 | 2.498 | 25 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 1.998 | 2.798 | 1.998 | 30 |
| Lambainnralæri | 2.698 | 3.398 | 2.698 | 20 |
| Ungnautastrimlar í Tex Mex | 1.698 | 2.198 | 1.698 | 25 |
| Naggalínan kjötbollur 450 g | 377 | 539 | 838 | 30 |
| Gourmet ofnsteik m/ítölskum blæ | 1.294 | 1.848 | 1.294 | 30 |
| Freschetta diavolo 2 pac 990 g | 559 | 799 | 559 | 30 |
| Baguette sveita | 99 | 249 | 99 | 60 |
| MB pönnukökumix | 249 | 289 | 249 | 15 |
| Brassi ávaxtasafi 5 teg. | 103 | 155 | 103 | 35 |

**Tilboðin gilda til 28. janúar**

# Dúndurdagar í Max

***Fimmtán til nítíu prósenta afsláttur er af rafmagnstækjum í hinum nýlega stórmarkaði Max að Kauptúni 1 í Garðabæ.***

Svokallaðir Dúndurdagar standa nú yfir í versluninni Max sem er í næsta húsi við Ikea í Garðabæ. Sem dæmi um kjarakaupin sem hægt er að gera þar má nefna að Kenwood ryskuga sem áður kostaði 9.999 er nú á 5.999 krónur. Fullkomin Espresso kaffivél lækkar um 20.000 og Siemens amerískur ísskápur með bæði kæli og frysti er kostaði áður 259.999 er nú á 199.999 kr. Saumavélar sjást ekki oft á þessum markaði en Elna saumavél með fimmtán sporgerðir sem áður kostaði 19.699 fæst nú á 14.999 kr.


Elna saumavél með ýmsa fylgihluti er á tilboðinu.

# Útsala í Ellingsen

***Kerru-útsala í verslunum Ellingsen.***

Útsala stendur yfir á kerrum í verslunum Ellingsen að Fiskislóð 1 í Reykjavík og Tryggvabraut 1-3 á Akureyri. Sem dæmi fæst Daxara 107 á 32.900 krónur en kostaði áður 43.900 krónur. Daxara 238 á 177.900 krónur sem kostaði áður 238.000 krónur. Mótorhjólakerra 751 fæst á útsölu á 67.900 krónur en kostaði áður 89.900 kr. Verslanir eru hafðar opnar virka daga 08.00-18.00, laugardaga 10.00-16.00 og sunnudaga 12.00-16.00. Nánar á www.ellingsen.is.



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Sjónvörp eru á miklum afslættum núna í Sony Center.

## Allt að 90% afsláttur

NÚ ER HÆGT AÐ SPARA 200.000 KRÓNUR Á SJÓNVARPSKAUPUM Í SONY CENTER.

Útsala er í fullum gangi í Sony Center. Sjónvörp, hljómtæki, myndavélar og DVD spilarar fást með allt að 90 prósenta afslætti. Ein bestu kaupin eru í 46“ Sony HD sjónvarpi. What Home Cinema valdi sjónvarpinu Best buy stimpil og tækjatímaritið T3 gaf tækinu 5 stjörnur af 5 mögulegum. Tækið kostaði 799.950 krónur, en kostar nú 566.950 krónur. Þetta er 200.000 króna afsláttur.

Lækkunin er mest á Sony vasaútvarpi. Tækið kostaði 9.995 krónur en kostar nú 995 krónur. Verðlækkunin er því 9.000 krónur.

# Garn á góðu verði

*Skólavörubúðin er með stórútsölu á prjónagarni og hannyrðavörum.*



Allt að 60 prósenta afsláttur er í boði og nú er tími til kominn að taka til prjónanna.

Skólavörubúðin er til húsa að Smiðjuvegi 5 í Kópavogi. www.skola.is. Sími 585 0500. Opið virka daga frá klukkan 9-18 og á laugardögum frá klukkan 10-14.

# Lagersala á fartölvum og flatskjám

*Lagersala á fartölvum og flatskjám hjá Office 1 Superstore Skeifunni.*



Ritföng, skrifstofuvörur, húsgögn og skólavörur eru á allt að 70 prósenta afslætti, ásamt tölvum og flatskjám.

Airis Fartölvur frá 54.990 krónur og Acer tölvur á 99.990 krónur með 1GB vinnslu minni og 100 GB harðan disk á 99.990. Office 1 er í Skeifunni 17.

# Fyrir verðandi bíleigendur

*Notaðir bílar á lækkuðu verði.*



Þeir sem eru að hugleiða kaup á notuðum bíl ættu að líta við í Bílalandi B&L Grjóthálsi 1 í Reykjavík, hjá B&L í Hrísmýri 2a á Selfossi og umboðsmönnum um allt land því þeir bjóða alla notaða bíla á 100 prósenta láni án útborgunar í allt að 84 mánuði dagana 24. til 27. janúar. Opið frá klukkan 9 til 18 virka daga og 12-16 laugardaga.

## Tveir fyrir einn



ÚTSALAN ER Í GANGI HJÁ BERNHARD LAXDAL.

Úrval af vetrarkápum og dúnúlpum má finna á útsölu Bernhard Laxdal að Laugavegi 63. Útsalan er í fullum gangi og er veittur allt að 70 prósenta afsláttur af fötum. Þá gildir sérstakt tilboð um allar peysur, boli og samkvæmisdress en þar er reglan tveir fyrir einn, sumsé, tvær flíkur á verði einnar.

## Bláa bomban á útsölu



VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VEITTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU Í DEBENHAMS.

Í tilefni nýs kortatímabils er blá bomba í versluninni Debenhams í Smáralind. Það þýðir að tuttugu prósenta viðbótarafsláttur er veittur af allri útsöluvöru. Vara sem kostar upphaflega 990 krónur kostar 495 krónur með 50 prósenta afslætti, svo dæmi sé tekið. Að viðbættum fyrrnefndum 20 afslætti kostar hún 396 krónur. Athugið að viðbótarafsláttur reiknast við kassann. Afgreiðslutímar í Debenhams eru frá kl. 11.00-19.00 virka daga, fimmtudaga frá kl. 11.00 til 21.00, laugardaga frá 11.00-18.00 og sunnudaga 13.00-18.00.

## Raftæki á útsöluverði

LCD-SJÓNVÖRP Á GÓÐUM KJÖRUM.



Hagkaup býður upp á fjölda raftækja á frábæru verði og vaxtalaus tilboð. LCD-sjónvörp kosta frá 34.990 upp í 149.990 krónur og fást á afborgunarkjörum Hagkaups sem eru vaxtalaus. Stimpil-, seðil- og lántökugjald er ekki innifalið í afborgunarlausn sem Hagkaup býður. Tilboðið stendur til 31.janúar eða á meðan birgðir endast. www.hagkaup.is




NÚ LOKAR HERRA HAFNARFJÖRÐUR

FLJÓTLEGA VEGNA BREYTINGA

PIPAR • SÍA

• Allar úlpur á **3.990 kr.**

• Gallabuxur frá **1.990 kr.**

• Jakkaföt frá **6.900 kr.**

• Bolir frá **212 kr.**

ALLT Á GJAFAPRÍS

Herra hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

Kæru viðskiptavinir
Verið velkomnir á stofuna mína
Hef tekið við rekstri Greiðunnar
Kveðja Lilja

GREIÐAN
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

ÚTSALA
MÖRG HUNDRUÐ ERLENDIR TITLAR
Opið laugardag frá kl. 12-18
MIKILL AFSLÁTTUR
BÓKABÚÐ STEINARS
Bergstaðastræti 7 Sími 551 2030 Fax 562 6430 steinbook@heimsnet.is
Opið virka daga 13-18

allt heimili
Alla fimmtudaga

Nýjar vörur
Stærðir 36-48

bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16


Binni getur þakkað fjárfestingu sinni í Freeport líf sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áfengismeðferð án efa bestu kaupin

***Hendrik Berndsen er betur þekktur sem Binni í Blómaverkstæði Binna. Bestu kaup hans voru lífið sjálft.***

Þegar Binni var ungur maður átti hann erfitt með að fóta sig í lífinu. „Árið 1975 var ég kominn á grafarbakkann vegna ofneyslu áfengis," segir Binni. „Ég átti arf eftir ömmu mína sem ég nýtti til að borga meðferð á Freeport meðferðarspítalanum í New York í Ameríku. Það eru mín bestu kaup."

Arfurinn var um milljón krónur sem voru þó nokkrir peningar á þeim tíma. Arfinn fékk Binni hins vegar ekki greiddan út þegjandi og hljóðalaust því fjölskylda hans hindraði hann í að komast yfir peningana. „Ég var búinn að gera margar tilraunir til að fá peninginn greiddan út en fjölskylda mín sat fast á honum," segir Binni sem á þeim tíma var búinn að drekka allt frá sér. „Þá kom vinur minn heim úr meðferð í Freeport og vildi að ég færi í þetta líka. Hann talaði við fjölskylduna og sannfærði þau um að leyfa mér að fá peninginn og setja hann í þessa meðferð."

Binni fór út í meðferð og kom heim breyttur maður, en hann hefur ekki smakkað áfengi síðan 1975. „Ef ég hefði ekki fjárfest arfinum eins og ég gerði væri ég ekki hér í dag," segir Binni. „Þessi kaup eru því búin að skila mér og fjölskyldu minni miklum arði."

Það má færa rök fyrir því að fjárfestingar Íslendinga í Freeport, þar með talið Binna, hafi ekki bara verið góð fjárfesting fyrir þá persónulega, heldur einnig fyrir íslensku þjóðina. Þeir sem komu úr meðferð í Freeport, svokallaðir fríportarar, voru stofnendur SÁÁ sem allar götur síðan hefur hjálpað alkóhólistum í baráttunni við áfengið.

Þegar Binni er spurður um verstu kaup sín er hann ekki lengi til svars. „Það er allt brennivínið sem ég keypti þar til ég fór í meðferð."

*tryggvi@frettabladid.is*

## Flakkaradagar

TÖLVUVERSLUNIN TAKKAR BÝÐUR NÚ ÚRVAL FLAKKARA Á TILBOÐI.

Flakkararnir eru frá Sarotech og eru margar útgáfur fáanlegar. Verðið er frá 3.900 krónum til 29.900 króna.

Fremstur í flokki er Abigs-vídeóflakkarinn. Hann gerir notanda kleyft að horfa á myndir beint úr sjónvarpinu án þess að þurfa að tengja sjónvarpið við tölvuna. Flakkarinn styður einnig afspilun á ljósmyndum og MP3 lögum.

Hægt er að setja stafrænar myndir úr myndavél beint inn á Abigs og með fjarstýringu er hægt að senda tónlist í hljómtækin með FM-sendi sem fylgir með.

Abigs virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari sem tengist beint í usb tengi tölvunnar. Hann spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DIVX, XVID, MP3, ISO, MPG, JPEG og fleira.

Abigs DVP570 er að auki kominn með DVI-tengil sem nýtist vel í að tengja við háskerpu, netkort svo að hægt sé að hafa flakkarann eins og útstöð og USB-tengi að framan. Með þessu USB-tengi er hægt að tengja venjulegan flakkara við þennan.


Sarotec Abigs 3,5" sjónvarpsflakkari kostar 29.900 krónur.


Flakkararnir fást í úrvali hjá Tökkum.

## Ódýrar baðinnréttingar

BAÐINNRÉTTINGAR Á SÉRTILBOÐI Í INNRÉTTINGUM & TÆKJUM.

Baðinnréttingar eru á tilboði í versluninni Innréttingar & tæki í Ármúla 31 í Reykjavík. Baðinnréttingar á 28.900 krónur, 49.900 krónur og 59.900 krónur svo dæmi séu tekin. Innfalið í því eru handlaugar, handlaugarskápar og spegilskápar. Afgreiðslutímar virka 09.00-18.00 virka daga og kl. 11.00-15.00 á laugardögum. Nánar á www.i-t.is.



# sirkus

26. Janúar 2007

## Magni og Eyrún

Náin saman á Hlustendaverðlaunum FM 957 í Borgarleikhúsinu á þriðjudaginn. Eyrún neitar þó að þau séu byrjuð saman á nýjan leik. BLS. 2





Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

# TRÚLOFUNARHRINGURINN FRÁ BUBBA ER DÝRMÆTASTA DJÁSNIÐ

Sirkus fékk sex konur til að segja frá því hvaða hlutir eru dýrmætastir í þeirra lífi. BLS. 10



Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar

# fréttir

## Heyrst hefur



### Hækkandi verð í gufuna

Nokkrum viðskipavinum **World Class í Laugum** brá heldur betur í brún þegar þeir ætluðu að endurnýja árskort sitt í fínni aðstöðu hinnar glæsilegu stöðvar. Í ljósi mikillar eftirspurnar eftir aðstöðu í gufu og setlaugum af öllum stærðum og gerðum ákváðu hjónin **Björn Leifsson** og **Hafdís Jónsdóttir** í World Class að hækka ársgjaldið úr rúmlega 100 þúsund krónum í 150 þúsund. Ekki minnkaði þó eftirspurnin enda enginn maður með mönnum nema hann sé í flottari hluta Lauga.

### Af hverju fimm ár?

Menn velta því fyrir sér af hverju **Ólafur Ólafsson** bauð aðeins starfsmönnum **Samskipa** sem unnið hafa lengur en fimm ár hjá fyrirtækinu í stórglæsilega afmælisveislu sína síðastliðinn laugardag. Ástæðan ku vera sú að fyrir um fimm árum hætti Ólafur sem forstjóri Samskipa og varð stjórnarformaður. Þar með lauk daglegum afskiptum hans af fyrirtækinu en að sögn þekkti hann alla starfsmenn með nafni á meðan hann var forstjóri.



### Fær Landsbankinn stúku hjá West Ham?

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni er **Landsbankinn** með 16 manna VIP-stúku á leigu á hinum nýja og glæsilega Emirates-leikvangi í London, heimavelli Arsenal. Bankinn deilir stúkunni með öðru fyrirtæki en þangað býður hann valinkunnum einstaklingum og helstu viðskiptamönnum sínum þegar gera á vel við þá. Þess verður varla langt að bíða að stórkúnnar geti líka horft á leiki **West Ham** úr VIP-stúku enda eigandi Landsbankans og West Ham sá sami, **Björgólfur Guðmundsson**.





**HAMINGJUSÖM** Það var ekki annað að sjá en Magni og Eyrún Huld væru hamingjusöm saman í Borgarleikhúsinu á þriðjudagskvöldið. SIRKUSMYND/DANÍEL

MAGNI OG EYRÚN SKEMMTU SÉR SAMAN Á HLUSTENDAVERÐLAUNUM FM 957

# „VIÐ ERUM BARA NÁNIR VINIR“

Nei, við erum ekki byrjuð saman. Við erum bara nánir og góðir vinir sem búa saman,“ segir Eyrún Huld Haraldsdóttir, fyrrverandi unnusta Magna Ásgeirssonar, aðspurð um hvort þau skötuhjúin væru byrjuð saman á nýjan leik. „Magni fer út til Bandaríkjanna í dag [Imiðvikudag, innsk. blm.] og kemur ekki heim fyrr en eftir mánuð,“ segir Eyrún enn fremur en Magni hefur loksins fengið vegabréfsáritun til Bandaríkjanna eftir nokkurt streð og mun halda í tónleikaferðalag með félögum sínum úr Rockstar-þáttunum.

Það var eftir því tekið á Hlustendaverðlaunum FM 957 sem voru haldin í Borgarleikhúsinu á þriðjudagskvöldið að Magni og Eyrún Huld voru mjög náin, sérstaklega eftir verðlaunaafhendinguna þar sem Magni vann til tvennra verðlauna, sem besti söngvari og fyrir bestu tónleikana. Auk þess hafa glöggir einstaklingar tekið eftir því að Magni hefur ekki enn tekið niður trúlofunarhringinn jafnvel þótt komnar séu fjórar vikur frá því að þau tilkynntu að samband þeirra væri á enda.

„Það hefur svo sem enga þýðingu,“ sagði Eyrún Huld um trúlofunarhringinn. Aðspurð sagðist hún þakklát fyrir hinn mikla stuðning sem fjölskyldunni hefði verið sýndur á þessum erfiðum tímum en segja má að íslenska þjóðin hafi hreinlega tekið litlu fjölskylduna í Skerjafirðinum í fóstur.

Eyrún Huld bíður róleg á meðan Magni eltir rokkstjörnudrauma sína vestanhafs. Þegar hann kemur heim í lok febrúar taka þau ef til vill upp þráðinn að nýju. Hver veit nema ástin blómstri í Bauganesinu á nýjan leik.



**HRINGURINN ER ENN Á** Magni hefur ekki enn tekið trúlofunarhringinn niður. Það er vísbending sem mark er takandi á.


# Vetrarútsalan á fullu skriði!

**Peysur með allt að** 70% afslætti!
**Bútasaumsefni á 600kr/m,** mikið úrval!
**Bútasaumsbækur** á 60% afslætti
**Bómullar-, silki og ullarbolir** á 30% afslætti!



Diza

Laugavegi 44 • S:561-4000 • www.diza.is


# Blúsaður Bubbi á Classic Rock

Blúsáhugamenn duttu heldur betur í lukkupottinn á mánudagskvöldið þegar Bubbi Morthens hélt blústónleika á Classic Rock í Ármúlanum ásamt gítarleikaranum Guðmundi Péturssyni. Tónleikarnir voru hluti af röð blúskvölda sem skipulögð hafa verið. Frítt var inn og tók Bubbi ekki krónu fyrir.

„Ég var beðinn um hjálp við að kynna þennan klúbb og þetta framtak. Það var ekkert mál enda sjálfsagt að leggja hönd á plóg. Ég hringdi í Guðmund Pétursson og fékk hann með mér,“ sagði Bubbi Morthens við Sirkus um ástæður þess að hann tróð upp á blúskvöldinu.

„Ég tók með mér helling af nýju efni og impróviseraði síðan með það. Við spiluðum í klukkutíma og skemmtum okkur konunglega,“ sagði Bubbi sem útilokar ekki að gefa út blúsplötu með Guðmundi „svona on the side“ eins og hann orðaði það.



**BLÚSAÐUR BUBBI** Óhætt er að segja að Bubbi Morthens hafi lifað sig inn í blúsinn á mánudaginn. SIRKUSMYND/HEIÐA



Við vitum ekki
hver þú ert ...
0485405
AUÐKENNI
... nema þú notir Auðkennislykilinn
Á næstu vikum verður notendum gert skylt að nota Auðkennislykilinn við innskráningu í banka á Netinu. Nánari upplýsingar um Auðkennislykilinn eru að finna á www.audkenni.is eða hjá næsta banka eða sparisjóði.
Tryggðu þér aukna vernd í bankaviðskiptum á Netinu
– taktu Auðkennislykilinn strax í notkun.
Auðkennislykillinn er samstarfsverkefni allra banka og sparisjóða á landinu sem miðar að auknu öryggi við notkun banka á Netinu. Allir notendur fá lykilinn sendan heim í pósti.
AUÐKENNI
KAUPÞING
Netbankinn
Landsbankinn
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína
GLITNIR
S24
spron

# fréttir



## 4 Erlendar hljómsveitir sem eiga eftir að spila í afmælum á Íslandi

**1. U2** **Hannes Smárason**, forstjóri og aðaleigandi **FL Group**, heldur upp á fertugsafmælið sitt í nóvember. Hann er alltaf flottur á því og vill gjarnan toppa félaga sína. Býður upp á stærstu hljómsveit heims.





**2. Fílharmóníusveit Lundúna og tenórarnir þrír** **Björgólfur Thor Björgólfsson** verður fertugur í mars. Hann er annálaður fagurkeri og fær til sín Fílharmoníusveit Lundúna með manni og mús ásamt **Domingo**, **Carreras** og **Pavarotti**.





**3. Rolling Stones** **Lýður Guðmundsson**, starfandi stjórnarformaður **Exista**, og annar Bakkabræðra, heldur líka upp á fertugsafmæli sitt á árinu. Þeir Bakkabræður eru mýsnar sem læðast og Lýður fær **Rolling Stones** til að trylla afmælisgesti.



**4. Michael Jackson** **Jón Ásgeir Jóhannesson**, forstjóri Baugs, verður fertugur á næsta ári. Það vita það ekki allir en Jón Ásgeir hreinlega dýrkar **Michael Jackson**. Miðað við stöðuna á Jackson er ekki ólíklegt að hann myndi skella á sig grímunni, vippa sér upp í flugvél og taka lagið sem og „moonwalkið“ fræga fyrir afmælisbarnið.







Ólafur Ragnar Grimsson Forsetinn og hans fólk hefur miklar áhyggjur af öryggi tiginna gesta sem dvelja í gestabústaðnum við Laufásveg.

GATAN GÓÐA Tvöfaldur bílskúr Þorsteins M. Jónssonar gæti orðið til þess að Laufásvegur yrði hættuleg gata að mati forsetaembættisins.

### ÞORSTEINN M. JÓNSSON VILL BYGGJA BÍLSKÚR VIÐ LAUFÁSVEG

# AFTUR Í BÍLSKÚRSSTRÍÐ VIÐ FORSETAEMBÆTTIÐ

Þorsteinn M. Jónsson, starfandi stjórnarformaður og aðaleigandi Vífilfells, hefur mikinn hug á því að byggja tvöfaldan bílskúr við hús sitt á Laufásvegi 73 í stað 24 fermetra bílskúrs sem nú stendur við götuna. Hann gerði tilraun til þess sama snemma árs 2005 en var þá hafnað. Beint á móti Þorsteini er gestabústaður forsetaembættsins, sem hefur verið gististaður tiginna gesta allar götur frá því að embættið fékk það að gjöf. Þar á bæ hafa menn lagst hressilega gegn því að bílskúr Þorsteins eða reyndar nokkurra annarra í nágrenni hússins rísi. Forsetaembættið hefur bæði bent á heildarmynd hverfisins muni skaðast auk þess sem það fékk Ríkislögreglustjóra til að skila inn greinrgerð um að erfiðara yrði að gæta öryggis hinna erlendu gesta ef bílskúr Þorsteins yrði reistur.

Þorsteinn gefst þó ekki upp og skilaði inn nýrri fyrirspurn í síðustu viku. Hann vill byggja tvöfaldan bílskúr, byggja kvisti, byggja jarðhýsi austan og norðan meginn við húsið, útbúa verönd og svalir á þaki eldhúss. Örnólfur Thorsson forsetaritari vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið þegar Sirkus náði sambandi við hann á hlaupum á milli funda á Indlandi. Forveri hans, Stefán Lárus Stefánsson, var orðhvatari í fjölmiðlum á sínum tíma og sagði að Þorsteinn gæti vel látið sér nægja þann bílskúr sem hann hefði yfir að ráða nú. Ekki náðist í Þorstein þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Hann er ekki eini nágranni forsetaembættsins sem hefur lent í deilum vegna hugmynda um byggingu nýs bílskúrs eða annarra viðbygginga. Læknirinn Stefán Matthíasson, sem býr fyrir neðan gestabústaðinn á Smáragötu 13, hefur í fjögur ár reynt að fá leyfi til að byggja sér tvöfaldan bílskúr upp við lóðamörkin að gestabústaðnum án árangurs. Einar Eiríksson, sem býr við hliðina á gestabústaðnum á Laufásvegi 74, hefur lengi alið þann draum með sér að byggja sólskála ofan á bílskúr sinn. „Ég hef ekki enn sótt um en stefni að því að byggja sólskála ofan á bílskúrinn. Það er galið að hægt sé að halda heilu hverfi í gíslingu og sennilega er það ekki til mikils að sækja um leyfi fyrir þessu. Það verður örugglega stoppað,“ sagði Einar vondaufur.




NEI OG JÁ Tveir af þeim þremur sem sótt hafa um að byggja bílskúr hafa fengið nei. Einn til viðbótar nennir varla að sækja um vegna látanna í forsetaembættinu.

## „Mínir keppendur eru bestir“

Í kvöld, föstudagskvöld, má segja að þátturinn X-Factor á Stöð 2 fari raunverulega á flug en þá hefjast beinar útsendingar frá Smáralind. Páll Óskar Hjálmtýsson stýrir einum hluta keppenda, og hann var ansi brattur þegar Sirkus ræddi við hann í gær.

¿Ég er nú bara hérna að máta föt með keppendunum mínum. Ég sá fyrstu æfinguna í gær og sá í fyrsta sinn öll atriðin. Ég var mjög stoltur af mínum krökkum og fullviss um að mínir keppendur eru bestir,¿ sagði Páll Óskar.

Fyrirkomulagið er þannig að tólf atriði, fjögur frá Páli Óskari, fjögur frá Einari Bárðarsyni og fjögur frá Elínborgu Halldórsdóttur, verða á sviðinu í kvöld en eftir símakosningu þurfa tveir neðstu keppendurnir að flytja atriðin sín aftur. Eftir það ákveða dómararnir hver fer heim.

¿Það verður drama, rifrildi og slagsmál. Við getum lent í því að þurfa að senda okkar eigin keppendur heim en ég mun berjast með kjafti og klóm. Ég vona bara að Ellý og Einar séu sjúkratryggð,¿ sagði Páll Óskar og hló.



BARÁTTAN AÐ BYRJA Einar, Páll Óskar og Ellý munu berjast hart til að halda sínum keppendum inni.





G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

*Lokadagur útsölu er á morgun*
*27.01.07 50%-70% afsláttur*

RAW DEFENDER marc newson g-star.com

# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette




- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsætt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart

**25%**

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

# partí

## Hverjir voru hvar



Leikarar lögðu **101 Hótel** undir sig á föstudagskvöldið eftir vel heppnaða frumsýningu á leikritinu Sælueyjunni í Þjóðleikhúsinu. Þar fór fremst í flokki fjölskylda leikarans ástsæla Arnars Jónssonar sem lá þó á sjúkrabeði heima, meiddur á hné. Dóttir hans **Sólveig Arnarsdóttir**, sem leikur eitt af aðalhlutverkunum í leikritinu, fagnaði góðu kvöldi ásamt systkinum sínum **Oddnýju** og **Þorleifi Arnar**i og móður þeirra **Þórhildi Þorleifsdóttur**.



Borgarfulltrúinn **Dagur B. Eggertsson** heiðraði **Ölstofu Kormáks og Skjaldar** með nærveru sinni á föstudagskvöldið og ræddi borgarmálin við gesti staðarins. Leikarinn **Hilmir Snær Guðnason** skaut sér einnig inn í stutta stund. Það þótti mönnum merkilegt því ekki er langt síðan hann lenti í „ryskingum" við dyravörð á staðnum. Hugrakkur maður hann Hilmir.





Það var margt um manninn á veitingastaðnum **Domo** á föstudagskvöldið. Tvíburarnir **Arnar** og **Bjarki Gunnlaugssynir**, sem eru á meðal eigenda staðarins, létu fara vel um sig í einu horninu og að sjálfsögðu í félagsskap fagurra kvenna. World Class-hjónin **Björn Leifsson** og **Hafdís Jónsdóttir** skemmtu sér konunglega sem og **Ottó Guðmundsson** lýtalæknir og frú. Eignasalinn **Andrés Pétur Rúnarsson** var þar ásamt vini sínum Apple-kónginum **Bjarna Ákasyni** og unnustu hans **Elvu Dögg Sigurgeirsdóttur**.





Söngkonan **Heiða** naut lífsins með fjölskyldu sinni eftir þátttöku í forkeppni Eurovision fyrr um kvöldið. Á einu borði staðarins sátu útvarpskonan **Ragnheiður Magnúsdóttir** á Bylgjunni, **Elín Arnar**, ritstýra Vikunnar, ljósmyndarinn **Nína Björk Gunnarsdóttir** og **Marsibil Sæmundsdóttir**, varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins, og spjölluðu um lífið og tilveruna.





Á **Tapasbarnum** á laugardaginn sátu ekki ómerkari menn en **Frosti í Mínus**, **Ísleifur Þórhallsson** hjá Event og **Jón Gunnar Geirdal** að snæðingi upp á spænskan móð og virtist líka það vel.



**Andrea Róbertsdóttir** lýsti upp **Boston** á laugardaginn ásamt leikstjóranum **Silju Hauksdóttur**. Arkitektinn **Marc Leffe** rak inn nefið sem og myndarlistarkonan **Þórdís Aðalsteins** og **Örvar í Múm** sveif um staðinn.



**SÆTAR SAMAN** Tískudrottningin **Svava Johansen** býr á Flötunum í Garðabæ og hún lét sig ekki vanta á þorrablótið. Hér er hún með einni af sínum bestu vinkonum, henni **Lóló** sem vakti mikla athygli á blótinu fyrir glæsilegt dress. „Þetta er partur af þjóðbúningi sem ég erfði eftir ömmu mína. Ég nota vestið og beltið en bæti síðan við leðurbuxum og bol. Þetta er svona 2007 útgáfan af þjóðbúningnum," segir Lóló og hlær. Hún var að mæta í fyrsta sinn á þorrablótið en sagðist ætla að mæta á öll blótin hér eftir. SIRKUSMYND/RÓSA



**SKYLDUMÆTING MEÐ VINAHÓPNUM** **Hildur Dungal**, forstjóri Útlendingastofu, var mætt á þorrablót Stjörnunnar ásamt eiginmanni sínum Halldóri Þorkelssyni. Við hlið hennar er vinkona hennar **Guðrún Elfa Tryggvadóttir** og lengst til hægri er **Ingibjörg Þ. Sigfúsdóttir**. Hildur og eiginmaður hennar búa reyndar í Kópavogi en fylgdu vinum sínum úr Garðabænum. „Það var skyldumæting með vinahópnum. Við förum líka í fyrra þótt við styðjum ekki Stjörnuna. Þetta snýst meira um að vera bara með vinum sínum," sagði Hildur. SIRKUSMYND/RÓSA

# ÞORRA BLÓTAÐ Í GARÐABÆNUM



**FRUMKVÖÐLARNIR** Sjónvarpsmaðurinn góðkunni **Sigmar Guðmundsson** var ræðumaður kvöldsins og sagðist aðspurður hafa fengið góð viðbrögð við ræðu sinni. ¿Það var hlegið nokkrum sinnum eins og venjan er á þorrablótum,¿ sagði Sigmar. Með honum á myndinni eru alþingismaðurinn **Bjarni Benediktsson** og eiginkona hans, **Þóra Margrét Baldvinsdóttir**. Sigmar og Bjarni eru í hópi þeirra sem komu þessu blóti á laggirnar fyrir fimm árum og sagði Sigmar það gleðilegt að þessi samkoma væri nú snar þáttur í samkvæmislífi Garðbæinga á ári hverju. SIRKUSMYND/RÓSA

Það komust færri að en vildu á þorrablót knattspyrnudeildar Stjörnunnar sem haldið var í Stjörnuheimilinu í Garðabænum síðastliðið föstudagskvöld. Um 700 manns mættu í veisluna og voru á milli 200 ogl 300 á biðlista. Þetta þorrablót hefur verið haldið undanfarin fimm ár og hefur vaxið gífurlega á þeim tíma.

Tónlistarmaðurinn Hrafnkell Pálmarsson sá um veislustjórn og fórst það vel úr hendi. Sjónvarpsmaðurinn góðkunni Sigmar Guðmundsson, einn hinna brottfluttu Garðbæinga, var ræðumaður kvöldsins og Milljónamæringarnir léku fyrir dansi fram á nótt eins og þeim er einum lagið. ¿Ég er enn með gleðina í mér,¿ sagði einkaþjálfarinn Lóló við Sirkus á þriðjudaginn, fjórum dögum eftir blótið.



**STÓÐ UNDIR NAFNI** **Hrafnkell Pálmason**, gítarleikari hljómsveitarinnar Í svörtum fötum, var í svörtum fötum á þorrablótinu en hann var veislustjóri. Eiginkona hans, **Elín María Björnsdóttir**, oft kennd við brúðkaupsþáttinn Já á Skjá einum, var glæsileg í nýjum Karen Millen-kjól sem var keyptur sérstaklega fyrir þorrablótið. „Er það ekki kjóll fyrir hvert tilefni?" segir Elín María og hlær. IRKUSMYND/RÓSA





**TÓK SVIÐIÐ MEÐ STORMI** Óhætt er að segja að **Storm Large** hafi slegið í gegn á Hlustendaverðlaununum og ekki var verra að hafa **Magna** með á gítarnum.

**LALALALALALALA** Allir verðlaunahafar hátíðarinnar tóku undir í lokalagi kvöldsins, hinu vinsæla Barfly með **Jeff Who?**



**KYNÞOKKI** **Auðunn Blöndal** var kynnir og er óhætt að segja að kynþokkinn hafi hreinlega leikið af honum þegar hann gekk inn í salinn á nærbuxunum einum klæða. SIRKUSMYND/DANÍEL



**ENGRI LÍK** **Sylvía Nótt** frumflutti nýtt lag og setti á svið sýningu eins og henni er einni lagið.

# Sylvía og Storm í Borgarleikhúsinu

Hlustendaverðlaun FM 957 voru afhent á þriðjudagskvöldið við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu. Jeff Who? var sigurvegari kvöldsins með þrenn verðlaun sem hljómsveit ársins, nýliðar ársins og áttu besta lag ársins Barfly. Magni var valinn söngvari ársins en að auki voru Rockstar-tónleikar hans í Höllinni í lok nóvember valdir bestu tónleikarnir. Nylon átti myndband ársins og Klara úr sömu sveit var valin söngkona ársins. Laddi fékk síðan Heiðursverðlaun FM 957 og gamlingjarnir í Sálinni unnu í flokknum plata ársins. Fjölmenni var í Borgarleikhúsinu en hátíðin var einnig sýnd beint á sjónvarpsstöðinni Sirkus og á FM 957.

# ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!




# 20-90% AFSLÁTTUR!

## VERÐDÆMI 1:
## 70%AFSLÁTTUR!

Rúmgaflasett 140*200 með tveimur náttborðum,
mjög vandað, með góðri kiropraktor heilsudýnu

verð áður kr. 409.550

verð nú **kr. 122.865**

## VERÐDÆMI 2:
## 50%AFSLÁTTUR!

Viscocomfort þrýstijöfnunardýnan með mjög góðri yfirdýnu
stærð 160*200cm

verð áður kr. 273.900

verð nú **kr. 136.500**

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is

KLARA Í NYLON VAR VALIN SÖNGKONA ÁRSINS AF HLUSTENDUM FM 957

# ÞETTA ER VIÐURKENNING FYRIR OKKUR ALLAR

**Klara Ósk Elíasdóttir söngkona úr Nylon hlaut verðlaun sem besta söngkona ársins á Hlustendaverðlaunum FM 957 í vikunni. Klara Ósk segist aldrei hafa getað ímyndað sér hvaða stefnu líf hennar myndi taka áður en hún fór á sinn fyrsta fund með Einari Bárðarsyni og hinum stelpunum í Nylon á sínum tíma. Sirkus ræddi við Klöru um lífið í Nylon-flokknum.**

**viðtal**

Það var ofboðslega skemmtilegt að fá þessar viðurkenningar,"segir Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona Nylon, sem hlaut Hlustendaverðlaun Fm957 sem besta söngkona ársins auk þess sem Nylon-flokkurinn fékk viðurkenningu fyrir besta myndbandið við lagið Closer.

### Ráðríkar og skoðanaglaðar

Klara segir að verðlaunin fyrir bestu söngkonuna séu ekki aðeins viðurkenning fyrir hana heldur hljómsveitina eins og hún leggi sig enda séu þær í þessu saman.

Aðspurð hvort hún sé aðalsöngkona Nylon segir hún það af og frá. „Alls ekki. Við skiptum lögunum á milli okkar og reynum að gera þetta saman. Við stjórnum þessu mest sjálfar og í rödduninni er það Emilía sem fer fremst í flokki. Það fer ekkert frá okkur nema við séum allar ánægðar og við höfum okkar skoðanir á öllu," segir hún og bætir við að það sé oft gott að hafa Einar Bárðarson við hendina þegar þær þurfi á oddaatkvæði að halda.

„Við erum ráðríkar og heimtum þangað til við fáum okkar fram en það er gott að hafa Einar með okkur. Sem betur fer vinnum við vel saman enda myndi þetta annars aldrei ganga. Við erum stoltar af okkur og þessi viðurkenning er fyrir okkur í heild sem sönghóp. Í rauninni held ég að þeir hafi sett öll fjögur nöfnin okkar í pott og dregið um hver yrði fyrir valinu. Ég á bara einn fjórða af þessu."

### Með fæturna á jörðinni

Nylon-ævintýrið, sem hófst sem auglýst sumarvinna í dagblaði, hefur heldur betur undið upp á sig. Klara segist aldrei hefði getað ímyndað sér hvaða stefnu líf hennar myndi taka þegar hún fór á sinn fyrsta fund með Einari Bárðasyni á sínum tíma.

„Mér fannst þetta ofsalega spennandi strax í byrjun en vissi voðalega lítið út í hvað ég var komin. Við áttum að stofna hljómsveit og koma fram á 17. júní auk þess sem sjónvarpsþáttur var í bígerð. Þetta sumar var algjört ævintýri og þegar því lauk voru ákvarðanirnar orðnar mun stærri og tækifærin sem stóðu okkur til boða stærri og meiri. Allt í einu vorum við komnar til Bretlands og farnar að spila með stórum böndum sem við höfðum horft upp til sem krakkar. Við vorum farnar að lifa drauminn sem við vissum ekki að við áttum fyrr en hann var farinn að rætast. Þetta hefur verið rosalega gaman og er það enn þá," segir hún og bætir við að þrátt fyrir velgengni takist þeim að halda fótunum niðri á jörðinni.

„Maður nær ekki að njóta neins nema vera með góða yfirsýn yfir það sem er að gerast. Við vitum líka að gæfan er hverful, það gæti allt verið horfið á morgun og því ætlum við að njóta á meðan er."

### Erum ekki haldnar strípihneigð

Aðspurð segir Klara að hún hafi alist upp við djass á æskuheimilinu en að dívurnar Maria Carey og Celine Dion hafi verið númer eitt, tvö og þrjú hjá henni á unglingsárunum. „Í dag hlusta ég mikið á Evu Cassidy og Lucy Silvas. Tónlist þeirra höfðar til mín en þetta eru léttar ballöður og ljúfir tónar sem eru um leið kraftmiklir."

Nylon hefur ekki fetað í fótspor þeirra fjölmörgu sönghópa og kvenna sem selja tónlist sína með nekt og kynþokka. Klara segir að sú ákvörðun hafi verið meðvituð, engin þeirra sé haldin strípihneigð.

„Engin okkar vildi feta þá braut enda trúum við ekki að nektin selji þótt hún veki umtal og spenning. Við viljum vera góðar fyrirmyndir og vitum að það eru stelpur þarna úti sem líta upp til okkar og við viljum vera ánægðar með það sem við erum að bjóða upp á. Við erum mjög meðvitaðar um að þetta snýst um tónlistina og að brosa með henni og hafa gaman. Vonandi skilar það sér án þess að þurfa að fækka fötum."

Um það hvort þrýstingurinn um þá stefnu sé mikill í Bretlandi segir hún að hann sé vissulega til staðar. „Þetta er mismunandi eftir tónlistarsviðum og þrýstingurinn er mestur í poppinu. Hins vegar pínir enginn Nylon til að gera eitthvað sem við viljum ekki. Við erum allar mjög harðar á þessu og ætlum að vera það áfram."

### Komnar með aðdáendahóp úti

Eftir viðburðaríkt ár úti í Bretlandi hafa stelpurnar í Nylon slakað vel á heima. „Þetta er búið að vera ofboðslega ljúft. Nú bíðum við bara eftir fréttum að utan. Það kemur allt í ljós á næstu mánuðum hvernig framhaldið verður," segir hún og bætir við að það sé erfitt að vera langtímum fjarri fjölskyldu og kærasta.

„Það er það erfiðasta og það er alltaf jafn gott að heyra og sjá mömmu og kærastann. Við erum heppnar að því leyti að við höfum hverja aðra, annars væri þetta leiðinlegt. Við höfum gaman af hver annarri og skemmtum okkur vel saman í öllum þessum löngu bílferðum."

Nylon hefur hitað upp fyrir nokkrar af þekktustu sveitum Bretlands og eru komnar með sinn eigin aðdáendahóp. „Það er hópur af krökkum sem fylgir okkur eftir og bíður alltaf eftir okkur til að fá eiginhandaráritanir og svona. Svo vitum við líka um þó nokkra aðdáendur sem horfa á atriðið okkar en láta sig hverfa áður en aðal hljómsveit kvöldsins stígur á sviðið. Það er æðisleg tilfinning. Að einhver skuli borga miða til að horfa á okkur hita upp fyrir stóru sveitina en yfirgefa staðinn áður en aðalnúmer kvöldsins spilar," segir Klara Ósk brosandi að lokum.

*indiana@frettabladid.is*




**Klara Ósk Elíasdóttir „Við erum stoltar af okkur og þessi viðurkenning er fyrir okkur í heild sem sönghóp. Í rauninni held ég að þeir hafi sett öll fjögur nöfnin okkar í pott og dregið um hver yrði fyrir valinu. Ég á bara einn fjórða af þessu."** SIRKUSMYND/HEIÐA




**SAMAN Á HLUSTENDAVERÐLAUNUNUM Nylonstelpurnar voru flottar saman á sviðinu í Borgarleikhúsinu á þriðjudaginn.** SIRKUSMYND/DANÍEL



# ÖLL FJÖLSKYLDAN Á SKÍÐUM

*Arna Ívarsdóttir* SJÁ BLS. 2



# FLOGIÐ UM Á VÉLSLEÐUM

*Keppni í snjókrossi* SJÁ BLS. 12

[ SÉRBLAÐ UM VETRARÍÞRÓTTIR OG ÚTIVIST – FÖSTUDAGUR 26. JANÚAR 2007 ]

# Vetrarlíf



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

## EFNISYFIRLIT


NÆR NÁTTÚRUNNI
*Jarðböðin í Mývatnssveit* BLS. 2

ÍSKLIFUR ALLAR HELGAR
*Guðmundur Freyr Jónsson* BLS. 4

EKKI BARA FYRIR UNGA FÓLKIÐ
*Snjóbretti* BLS. 6

STÖÐUGLEIKI Á SVELLINU
*Mannbroddar* BLS. 10





ELSTA SKÍÐASVÆÐI HEIMS
*Aspen, Colorado* BLS. 10

STÖKK ÚR FLUGVÉL MEÐ BLINDA KONU Í FANGINU
*Sigurður Baldursson* BLS. 14






„Norðurmýrin leynir á sér yfir veturinn. Það munar miklu að drífa almennilega í þessum litlu hallandi götum." Subaru eigendur vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar. „Hann er bara svo öruggur, t.d. þegar maður fer upp í bústað. Krafturinn í honum skemmir samt ekkert fyrir." Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru.

Sedan verð frá **2.490.000,-** Wagon verð frá **2.640.000,-** Cross Wagon verð frá **2.760.000,-** SYMMETRICAL AWD

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðu fylgja frí vetrardekk með.

# Öll fjölskyldan á skíðum

Arna Ívarsdóttir, skíðakennari í Hlíðarfjalli á Akureyri, hefur verið á skíðum frá fjögurra ára aldri. Hún segir Akureyri eiga mikil sóknarfæri í skíðasvæðinu.

„Það má segja að maður hafi alist upp hér í fjallinu en pabbi minn sá um skíðasvæðið áratugum saman," segir Arna Ívarsdóttir, skíðakennari á Akureyri. „Ég byrjaði að kenna á skíði árið 1989 svo þetta fer að nálgast tuttugu ár. Ég byrjaði sjálf að æfa sex ára gömul og það má líka segja að maður sé með þetta í blóðinu." Arna hefur bæði starfað sem þjálfari og kennari en er að kenna börnum á skíði núna. „Það er rosalega gaman að vinna með börnunum og aðstaðan hér er öll hin besta."

Arna er í stjórn Andrésar andar leikanna og segir nóg að gera við skipulagningu þeirra. „Þetta er alltaf mjög vinsælt mót og það má segja að undirbúningur standi allan ársins hring."

Arna segir Akureyri eiga góð sóknarfæri í skíðasvæðinu. „Við höfum til dæmis fengið fyrirspurn frá Danmörku um skíðaferðir hingað til lands, en Danir hafa eins og kunnugt er litla aðstöðu til skíðaiðkunar í sínum heimalandi. Það er mikil ferðamennska í kringum skíðaiðkun og ég hef sjálf ferðast til Ítalíu og prófað brekkurnar þar. Það var mikil upplifun."

Það má með sanni segja að skíðin séu fjölskylduíþrótt því öll börn Örnu eru komin í brekkuna. „Karen dóttir mín er 13 ára og er á fullu í alpagreinum og Ívar sonur minn sem er 10 ára er í skíðagöngu. Sá yngsti, Sveinn, er fjögurra ára og hann er byrjaður að renna sér í brekkunni með afa sínum og á örugglega framtíðina fyrir sér." *- öhö*



Arna Ívarsdóttir skíðakennari hefur verið á skíðum frá sex ára aldri og segir aðstöðuna á Akureyri vera á heimsmælikvarða. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

## Nesti í skíðaferðina





Skíðaferðum fylgir nestisútgerð því ekki dugar annað en næra sig og fylla á orkutankinn við slíkar aðstæður. Fátt er betra en heitt kakó og góð samloka þegar tekin er pása í fjallinu. Samlokur eru hentugur skyndibiti og geta verið fínasta fæði sé vandað valið á hráefninu.

Brauðið þarf að vera þétt og matarmikið og áleggið getur verið af ýmsum gerðum, ostur af einhverju tagi, fiskur eða kjöt í sneiðum, grænmeti, egg og salöt eða sósur. Fitulítil salöt eiga vaxandi vinsældum að fagna eftir að fólk fór að huga í auknum mæli að hollustu. Yfirleitt er brauðið smurt með eilitlu smjöri, bæði til að halda álegginu betur á og gera matinn mýkri í munni.

allt atvinna
Alla sunnudaga



Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Jarðböðunum ehf. í Mývatnssveit, flutti í Mývatnssveit fyrir rúmum tveimur árum og sér ekki eftir því í dag.

# Jarðböðin færa okkur nær náttúrunni

Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Jarðböðunum ehf. í Mývatnssveit, segir ótrúlega upplifun að horfa á stjörnur og norðurljós í heitu vatninu.

„Hér er jöfn og góð umferð yfir veturinn en þó mun minni en á sumrin," segir Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Jarðböðunum ehf. í Mývatnssveit.

Stefán segir íslenska gesti í miklum meirihluta yfir vetrartímann en útlendingarnir fari að láta sjá sig í mars og alveg fram í október. „Yfir sumartímann eru útlendingar í meirihluta hérna," segir hann og bætir við að það sé ótrúlega fallegt í Mývatnssveitinni yfir háveturinn. „Ég varð að kíkja í borgina í vikunni en ætlaði varla að hafa mig úr sveitinni. Hér var 27 stiga frost og stafalogn og náttúran eins og á póstkorti en fólk lét kuldann ekki aftra sér frá að mæta ofan í böðin," segir Stefán sem flutti í Mývatnssveit fyrir rúmum tveimur árum og sér ekki eftir því.

Jarðböðin opnuðu sumarið 2004 og Stefán segir viðbrögðin hafa verið góð frá fyrsta degi. „Gestagangur hefur farið stigvaxandi. Árið 2005 fengum við 51 þúsund gesti en í fyrra komu 62 þúsund manns hingað og við vonum að þeir verði enn fleiri þetta árið," segir hann og bætir við að það sé margt annað í boði í Mývatnssveit yfir vetrartímann. „Hér er hægt að leigja snjósleða, dorga á vatninu og fara í gönguferðir. Við höfum lagt mikla vinnu í þetta og erum loksins að sjá árangur af erfiðinu og bindum miklar vonir við framtíðina. Á sumrin er Mývatnssveit algjör náttúruperla og algjör paradís fyrir fuglaskoðunarfólk auk þess sem jarðfræði Mývatnssveitar er afar áhugaverð fyrir alla. Umhverfið breytist mikið á veturna og þá er ekki síðra að koma hingað, upplifunin verður hins vegar allt önnur. Það er ótrúleg lífsreynsla að sitja í 39-40 stiga heitu vatninu eftir að sólin hefur sest og horfa á stjörnubjartan himininn og hugsanlega norðurljós.

Á veturna er opið til 22 á kvöldin en á sumrin er opið til miðnættis og þá er mjög vinsælt að horfa á miðnætursólina héðan úr böðunum. Fólk kemst aðeins nær náttúrunni fyrir vikið."

*indiana@frettabladid.is*



„Umhverfið breytist mikið á veturna og þá er ekki síðra að koma hingað, upplifunin verður hins vegar allt önnur," segir Stefán.






# MÓTEFNI VIÐ KULDA

| |
|---|
| Gerð: **ULLARNÆRFÖT** |
| **Gunnar - Hallgerður - Langbrók** |
| Litir: **Dökkgrár** |
| Efni: **Merino ull. Ótrúlega létt og þægileg.** |
| Þyngd: **190g.** Stærðir: **XS-XXL** |

Cintamani Outdoor Store // Laugavegur 11

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG


Það getur verið vandasamt að ná gripi á ísnum og ekki síst þegar svo mikið er af grýlukertum. Guðmundur klífur þarna í Skálagili en grýlukerti datt á löppina á honum á niðurleiðinni.

# Ísklifur allar helgar

Guðmundur Freyr Jónsson hefur stundað ísklifur af miklu kappi í um tvö ár og líkir því við að leysa erfiðar þrautir.

Áhugi Guðmundar á ísklifri vaknaði þegar hann komst inn í leiðangur á Mont Blanc í júní árið 2005. „Ég fór með hópnum í æfingaferðir áður en haldið var út og þá kynntist ég ísklifrinu,“ segir Guðmundur sem fer nú helst alla laugardaga og sunnudaga í ísklifur. „Þetta er mitt helsta áhugamál og ég stunda það eins oft og ég get þegar ég er í fríi.“

Aðspurður hvað sé svona skemmtilegt við ísklifur segir Guðmundur: „Þetta byggist á strategíu og tækni enda er maður að leysa erfiðar þrautir í hvert sinn sem maður klífur nýja leið. Það eru engar tvær leiðir eins og alltaf gaman að fara erfiðar leiðir.“

Guðmundur segir ísklifur mjög erfitt og enn fari hann ekki hvaða leið sem er. „Það tekur tíma að komast inn í þetta. Það þarf að læra tæknina auk þess að ná nægum styrk í hendur og fætur til að geta hangið utan í vegg,“ segir hann og viðurkennir að auðvitað geti ísklifur verið hættulegt. „Maður er samt alltaf bundinn við línu og ef menn fylgja þeim öryggisreglum sem eru í þessu þá ættu þeir að vera nokkuð öruggir. Það gengur heldur ekki að fara einn í ísklifur heldur verður að hafa félaga. Það kemur alltaf sá tímapunktur að félaginn heldur í líflínuna hjá manni.“

Spurður hvort hann hafi einhvern tíma lent í óhappi við ísklifur segir Guðmundur: „Já, já. Ég hef alveg fengið að detta. Síðasta laugardag datt grýlukerti á löppina á mér og ég er aðeins haltur eftir það en annars er ég alveg heill ennþá. Það þýðir ekkert að hætta þó maður meiði sig eitthvað. Stundum fær maður smá klakastykki í andlitið en það er bara gaman að því. Bara skella á það plástri og halda áfram,“ segir hann og hlær. „Um daginn hrapaði ég hátt í tíu metra en þá greip línan mig þannig að ég fann ekkert fyrir því. Þetta er alveg ofsalega skemmtilegt sport en er auðvitað ekki fyrir hvern sem er.“

*sigridurh@frettabladid.is*


Guðmundur Freyr slakar á yfir grillinu eftir ísklifur í Skálagili í Haukadal síðastliðinn laugardag. MYND/DAVÍÐ JÓN ÖGMUNDSSON


Hér tók Guðmundur mynd niður eftir Grafarfossi eða Granna eins og hann er jafnan kallaður. Félagarnir eru þarna komnir langleiðina á toppinn.


Það er aldrei of varlega farið í ísklifrinu og eins gott að hafa öll öryggisatriði á hreinu þegar klifið er. Þarna er Guðmundur í Glymsgili um síðustu helgi.




## Vetrarhlaup

Mikilvægt er að klæða sig rétt þegar hlaupið er úti að vetri til. Mestu máli skiptir að vera í mörgum flíkum, hverri utan yfir aðra, því það hjálpar til við að halda á manni hita. Gerviefni eins og polypropylene, Drylete, eða Thermax, henta vel í þær flíkur sem eru næstar líkamanum. Ekki er ráðlagt að nota bómull næst líkamanum því hún hleypir ekki raka í gegnum sig. Utan yfir flíkurnar sem eru innst er gott að vera í þunnum rúllukragabol sem er úr gerviefnum, eða úr blöndu af gerviefnum og bómull.

Best er að yfirhöfnin sé léttur vatnsheldur vindjakki úr efni sem andar. Á virkilega köldum dögum kemur Gore-Tex jakki að góðum notum sem vernd í miklum kulda.




Það á líka að leika úti
Rán - hlýr, flísfóðraður, vindheldur og vatnsfráhrindandi fatnaður á börn 2ja-14 ára.
Úlpa 6.800 kr. Buxur 4.700 kr. Fást í brúnu, svörtu, rauðu og ljósu.
REYKJAVÍK: Kringlan • Bankastræti 5 • Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 • AKUREYRI: Glerárgata 32
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR




Ein þeirra mynda sem Arnar hefur tekið af norðlenskum snjóbrettaköppum. MYND/ARNAR ÓMARSSON.

# Snjóbretti eru ekki bara fyrir unga fólkið

Arnar Ómarsson, snjóbrettakennari á Akureyri, segir snjóbrettaiðkun njóta aukinna vinsælda og að þetta sé ekki bara íþrótt unga fólksins. Töluvert sé um að fullorðið fólk læri á snjóbretti til að geta rennt sér með börnum sínum og jafnvel barnabörnum.

„Ég byrjaði að stunda snjóbretti árið fyrir fermingu. Ég sá nokkra stráka á snjóbrettum hér í bænum og fékk að prófa hjá þeim. Ég gat ekki neitt og þá kviknaði áhuginn á að læra meira,“ segir Arnar Ómarsson sem nú kennir á snjóbretti í Hlíðarfjalli við Akureyri. „Ég fékk svo snjóbretti í fermingargjöf og hef verið að síðan.“

Arnar segir snjóbrettaiðkun vaxandi íþrótt og það færist stöðugt í aukana að eldra fólk fari á snjóbretti. „Þetta er íþrótt sem allir aldurshópar geta stundað. Sá elsti sem ég hef séð hér í Hlíðarfjalli er um sextugt. Foreldrar hafa líka verið að læra á bretti til að geta stundað þessa íþrótt með börnum sínum.“

Arnar hefur getið sér gott orð fyrir snjóbrettamyndir og ljósmyndun, en hann hefur gert fjölda myndbanda með hópi snjóbrettamanna frá Akureyri. „Ég kom inn í hópinn sem tæknimaðurinn og fór að taka myndbönd af strákunum en er núna aðallega að taka myndir af þeim. Við höfum gert sjö myndbönd og þau hafa fengið mjög góð viðbrögð. Strákarnir leggja mikið á sig til að gera þetta sem flottast og það er aðdáunarvert að fylgjast með þeim flytja snjó inn í bæ til að geta stundað snjóbrettin. Það hefur líka verið lögð mikil vinna í lýsingu og kvikmyndatökurnar.“



Arnar Ómarsson segir ánægjulegt hversu vel er gert við brettafólk í skíðasvæðinu á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Arnar segir mjög góða aðstöðu fyrir snjóbrettaiðkun á Akureyri. „Við höfum aðgang að þessu frábæra skíðasvæði rétt fyrir ofan bæinn og þar eru nýjar og góðar stólalyftur. Það hefur verið stefna aðstandenda skíðasvæðisins að leggja áherslu á snjóbrettamenninguna og það hefur verið afmarkað ákveðið svæði fyrir snjóbrettafólk. Þetta hefur skilað sér í auknum áhuga fólks á íþróttinni.“ *- öhö*




MOTORMAX
VÉLSLEÐAR!
NOTAÐIR OG NÝIR
Mikið úrval notaðra vélsleða auk nýrra Can-Am fjórhjóla.
Ski-Doo Renegate 800 2007
verð: 1.399.000-
Ski-Doo Ranegate 600 X 2007
verð: 1.379.000-
Ski-Doo XRS 800 2007
verð: 1.559.000-
Yamaha Phazer Montain Lite
2007 verð: 1.159.000
Yamaha Warrior 2006
verð: 1.327.000-
Yamaha Apex Mountain 2007
verð: 1.637.000-
Outlander 800 Max XT EFI
2007 Verð á götuskráðu:
1.639.000-
Outlander 650 Max XT EFI
2007 Verð á götuskráðu:
1.498.000-
Outlander 400
2007 Verð á götuskráðu:
1.059.000-
Klettháls 13 • 110 Reykjavík
Sími 563 4400 • Fax 563 4401
www.motormax.is
MotorMax
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# RISAÚ

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI

MYNDAVÉLAR MYNDBANDSTÆKI MAGNARAR

## ÚTSÖLUNNI LÝK

ÞVOTTAVÉLAR KAFFIVÉLAR

ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR FRYSTIKISTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR

HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL SAFAPRESSUR

STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR HELLUBORÐ

BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MATVINNSLUVÉLAR SAUMAVÉLAR

REIKNIVÉLAR HÁFAR OFNAR BRAUÐRISTAR

RAKVÉLAR PÖNNUR

POTTAR

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED

BEKO DēLonghi elna exido ide line Melissa TecnoWind

Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFROST Whirlpool

HÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR MP3 SPILARAR

# KUR Á MORGUN

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

UPPÞVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN SAMLOKUGRILL HRÆRIVÉLAR MYNDAVÉLAR HLJÓMTÆKI

Skoðið tilboðin
á www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

OPIÐ Á LAUGARDAG 10-16

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | SELFOSS |
|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 480 3700 |

# Dráttartóg kemur oft að góðum notum

Dráttartóg er gott að hafa alltaf í jeppanum. Þegar bílar hafa fest sig er mun líklegra að jeppafólk sé beðið að aðstoða. Hjá Artic Trucks fást dráttartóg með góðri teygju sem dregur úr hættu á að kaðallinn slitni og valdi þannig skemmdum á bílum. Dráttartógin eru til 10, 15 og 30 metrar að lengd. Þau eru öll 24 mm þykk og hafa 30 prósent teygju. Báðir endar eru frágengnir, annar með lykkju.











Gormarnir frá Yaktrax eru algjör snilld í hálkunni og eru mikið notaðir af skokkurum yfir vetrartímann. Þeir eru með góðu gripi hvort sem er í snjó eða hálku og eru til í tveimur gerðum. Annars vegar með bandi yfir ristina til að tryggja að keðjurnar haldist undir en þeir kosta 2.190 krónur og hins vegar án bandsins en sú tegund kostar 1.690 krónur í Afreksvörum í Síðumúla.

# Verum stöðug á svellinu

Það er ekki bara gamla fólkinu sem skrikar fótur í vetrarhálkunni. Svellið hefur valdið fólki á öllum aldri tjóni um aldir og gott að grípa til mannbroddanna þegar svellalögin eru mikil.

Mannbroddar eru til í mörgum gerðum og eru yfirleitt afskaplega handhægir og auðvelt er að skella þeim undir skóna. Skokkarar, póstburðarfólk og fleiri nota gjarnan mannbrodda í hálkunni og lætur vel af notkuninni enda er hægt að velja sér þá tegund sem hentar hverjum og einum best. *- sig*



Sensi Sandals eru ekki bara mannbroddar heldur einnig gúmmískór sem verndar skóinn fyrir bleytu. Sensi Sandals eru því alveg kjörnir yfir spariskóna sem haldast hreinir og þurrir eftir gönguna í snjó og hálku. Þessir fást hjá Skóaranum í Kringlunni og kosta 3.890 krónur.



Skósmiðir bjóða upp á þann möguleika að festa hælplötu með ískló undir skóna. Hjarir eru á ísklónum og handhægt að færa þær undir hælinn. Þegar inn er komið er klóin geymd undir ilinni þannig að ísklóin er alltaf til taks án þess að hún sé tekin af skónum. Hjá Skóaranum í Kringlunni kosta ísklærnar 2.650 krónur með ásetningunni.



Hefðbundnu mannbroddarnir frá IG vörum hafa forðað mörgum frá falli. Þeir eru úr mjúku gúmmíi og auðvelt er að setja þá undir skóna. Þessir fást hjá Skóaranum í Kringlunni og kosta 1.650 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Eitt elsta og þekktasta skíðasvæði heims

Í Colorado er skíðasvæði sem margir þekkja úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Skíðaglaðir Íslendingar gera talsvert af því að fara til útlanda til að skíða í miklum brekkum sem þar er að finna. Austurríki og Ítalía hafa ætíð notið mikilla vinsælda, en nú er Norður-Ameríka einnig komin á kortið. Þar ber helst að nefna Aspen í Colorado, sem er eitt þekktasta skíðasvæði heims. Staðurinn hefur á sér orð fyrir að vera skíðasvæði ríka og fræga fólksins. Skíðafæri þar er einstaklega gott og helst óbreytt frá morgni til kvölds.

Snjórinn í fjöllunum fjórum, sem skíðafær eru í Aspen, er léttur sem fis og þykir hinn fullkomni skíðasnjór. Sameiginlegur skíðapassi er fyrir fjöllin fjögur, Aspen, Buttermilk, Snowmass og Highlands, og eykur það möguleikann á spennandi upplifun á hverjum degi. Skíðarúta gengur á milli svæðanna, gestum að kostnaðarlausu. Skemmtilegar krár er að finna um allt svæðið, þar sem skíðamenn koma saman á



Aspen hefur á sér orð fyrir að vera skíðasvæði ríka og fræga fólksins, en skíðafæri þar er einstaklega gott..

kvöldin, borða góðan mat og lyfta glasi. Auk þess er að finna góða verslunargötu í Aspen með öllum helstu tískumerkjunum.



# TAKTU ÞINN LÝSISTÍMA

## Á HVERJUM DEGI ÞVÍ AÐ...


Ný næringarfræðileg rannsókn á kalkbúskap líkamans:

Lýsi á dag kemur beinum í lag

„... hvetjum við lækna til að beina þeim tilmælum til sinna skjólstæðinga að taka D-vítamín aukalega þar sem það er að finna í svo fáum fæðutegundum. Lýsi er einnig fyrirtaks lausn á þessu en það inniheldur nægilegt D-vítamín“.

Laufey Steingrímsdóttir, næringarfræðingur. Morgunblaðið, 12. nóvember 2005

LYSI

www.lysi.is

# Sex snjókrossveislur á næstu mánuðum

WPSA-mótaröðin í snjókrossi hefst þriðja febrúar og munu fjögur öflug keppnislið, að amerískri fyrirmynd, mæta til leiks.



Mikið fjör var á snjókrosskeppninni í Ólafsfirði síðasta vetur.

WPSA-mótaröðin í snjókrossi hefur verið haldin hér á landi frá árinu 1999 og svo verður einnig í ár. Snjókross er ein allra skemmtilegasta keppnisgreinin í íslensku mótorsporti og að þessu sinni má búast við miklu.

„Snjókrosskeppnirnar hafa verið miklir viðburðir undanfarin ár en ég þori að lofa því að núna munum við sjá enn glæsilegri umgjörð í kringum keppnisliðin sem gerir þetta enn skemmtilegra. Mótaröðin er að amerískri fyrirmynd og við erum að sjá alla umgjörðina í kringum þetta þróast í þá átt sem flottast er í Bandaríkjunum,“ segir Gunnar Hákonarson, sem er einn af upphafsmönnum snjókrossins hér á landi og sömuleiðis einn keppenda en segja má að „gamli maðurinn“ fáist hreinlega ekki til að hætta að keppa. „Ég verð með í ár á mínum forsendum. Þetta er bara svo gaman að það er ekki nokkur leið að hætta,“ segir hann.

Snjókrosskeppnirnar fara þannig fram að keyrt er í þremur styrkleikaflokkum, tveimur fullorðins og einum unglingaflokki. Allir keyra sömu braut, fjórar umferðir í hverri keppni og gefa keppnirnar síðan stig til Íslandsmeistaratitils. Brautirnar eru þannig lagðar að þær bjóða upp á allt í senn; hraða, stökk, ójöfnur, pústra og árekstra en þó mikið gangi á er mjög fátítt að slys verði í þessum keppnum. Kemur þar einnig til að öryggiskröfur eru miklar hvað búnað keppenda varðar og sömuleiðis eru keppendur sífellt betur þjálfaðir.



Mikil vakning hefur verið í snjókrossi undanfarin ár.

„Við höfum séð mikla vakningu í snjókrossi undanfarin ár. Keppendur eru farnir að æfa mun meira í brautum en áður sem aftur gerir að verkum að þeir vita nákvæmlega hvernig þeir eiga að bregðast við í mismunandi brautum. Sleðarnir eru líka sérútbúnir til keppni, líkt og gerist erlendis og þegar þetta fer saman við vandaðar og vel lagðar brautir verður útkoman frábært mótorsport fyrir áhorfendur. Við höfum séð mikla vakningu meðal unglinganna undanfarin ár, hörku keppni og góða ökumenn þannig að við þurfum ekki að örvænta í framtíðinni.

Í ár sjáum við líka þá breytingu frá í fyrra að hérlendu vélsleðaumboðin leggja mikið í keppnishaldið, halda úti keppnisliðum með tilheyrandi umgjörð sem ekki hefur sést áður hér á landi. Fyrir það eiga þau mikið hrós skilið. Núna sjáum við fjögur slík keppnislið með hátt í tuttugu keppnissleðum og mér er kunnugt um að í að minnsta kosti einu liðanna verður reyndur snjókrossmaður frá Bandaríkjunum sem mun þjálfa og aðstoða í mótum. Það eru því sannkallaðar stórveislur framundan í snjókrossinu fyrir bæði keppendur og ekki síður áhorfendur,“ segir Gunnar.

Fyrsta keppnin er áætluð 3. febrúar í nágrenni Reykjavíkur, 2. umferð verður í Ólafsfirði 10. febrúar, 3. umferð á Akureyri 24. febrúar, 4. umferð við Mývatn 10. mars, fimmta umferðin á Húsavík þann 24. mars og 6. og síðasta umferðin verður alþjóðlegt mót með þátttöku erlendra keppnisökumanna hinn 14. apríl á Egilsstöðum. Keppnisdagatalið getur tekið breytingum vegna tíðarfars.

Upplýsingar um keppnirnar verða birtar á www.snocross.is.



# LÍKLEGA BESTU HJÓL Í HEIMI...







## ENDURO 2007




KTM EXC Enduro hjólin eru ein mest seldu Enduro hjól á Íslandi.

KTM 200 EXC 819.900,-
KTM 250 EXC-F 989.900,-
Heimsmeistari í E1 flokki 2006

KTM 450 EXC 999.900,-
Heimsmeistari í E2 flokki 2006

KTM 525 EXC 1.049.900,-
Heimsmeistari í E3 flokki 2006

## NYTT CROSSHJOL 2007



2007 Crosshjólin eru ný frá grunni, nýtt stell, nýir demparar, nýtt útlit ofl.

KTM 125 SX 769.900,-
KTM 250 SX 849.900,-
KTM 250 SX-F 919.900,-
KTM 450 SX-F 999.900,-
KTM 505 SX-F 1.039.900,-

**Skoðið www.ktm.is fyrir allar nánari upplýsingar. Alltaf frábær tilboð í gangi á aukahlutum og fatnaði.**

KTM Ísland ehf
Nethyl 1
110 Reykjavík
S: 586-2800
moto@ktm.is

Söluaðili Akureyri:
Icehobby
Draupnisgata 6
603 Akureyri
Simi. 461-4848

**www.ktm.is** KTM



**Nýr Ski-Doo MXZ 600 Adrenaline**
**121" Belti, 600cc H.O.**
**Framleiðsluár 2004, nýr ókeyrður. Skráningarár 2007**
**Tilboðsverð: 890.000,-** **Getum útvegað bílalán.**
**Upplýsingar í síma 893-2098 / 586-2800**

# Stökk úr flugvél með blinda konu í fanginu




Myndir: Heida.is

**Sigurður Baldursson var einn af fáum atvinnufallhlífastökkvurum okkar Íslendinga. Nú unir hann sér best uppi í heiði á mótorhjóli eða vélsleða.**

Öll dreymir okkur um ævintýri og áhættur á exótískum ströndum. Sum okkar láta sér ekki nægja að dreyma. Sigurður Baldursson er einn þeirra en eftir að hafa alist upp í snjónum á Akureyri flutti hann til Flórída þar sem hann gerði áhugamál sitt að atvinnu. Í fjölmörg ár var hann atvinnustökkvari, kennari og myndatökumaður háloftanna yfir ýmsum ströndum.

## SNJÓRINN FYRIR NORÐAN

Sigurður Baldursson er sonur Baldurs Sigurðssonar, eða snjókatta Baldurs eins og hann er kallaður, sem var mikill frumkvöðull á sviði vetraríþrótta. Hann var einn af þeim sem átti þátt í byggingu skíðalyftu í Hlíðarfjalli árið 1962 og einn af þeim fyrstu til að koma á fót reglulegum jöklaferðum fyrir ferðamenn. Auk þess átti hann snjóbíla sem notaðir voru til að ferja fólk og ná í slasaða einstaklinga þegar aðrir komust ekki leiðar sinnar vegna ófærðar. Eplið fellur sjaldan langt frá eikinni og Sigurður tók fljótt ástfóstri við snjóinn. „Þegar ég er 14 ára byrja ég að keyra snjóbíl hjá pabba. Ég fékk að troða þegar snjótroðararnir biluðu,“ segir Sigurður. „Svo var maður auðvitað heilmikið á skautum eins og flestir Akureyringar og það er eitthvað sem fylgdi mér lengi.“

Skautaáhuginn skilaði Sigurði nokkrum Íslandsmeistaratitlum og bænum heilu skautasvelli, en Sigurður átti þátt í að leggja í fyrsta vélfrysta skautasvellið á Íslandi. „Þetta var búið að vera kosningamál lengi bæði fyrir norðan og sunnan. Við biðum og biðum og ekkert varð úr þessu. Við fengum nóg af biðinni og gerðum þetta bara sjálfir,“ segir Sigurður sem ásamt félögum sínum vann við byggingu skautasvellsins í sjálfboðavinnu.

Þegar svellið var vígt hafði það miklar og jákvæðar breytingar í för með sér fyrir skautaíþróttina. „Aðal breytingin fyrir okkar var að nú þurftum við ekki að moka snjó af svellinu áður en við byrjuðum,“ segir Sigurður og hlær. „Það var ákveðin eftirsjá í því vegna þess að við hituðum aldrei upp á þessum tíma eða teygðum. Við mokuðum bara snjó og vorum þannig heitir og í góðu formi áður en við fórum út á svellið.“



Sigurður er stórhuga og mun brátt bjóða búggí-bílinn til sölu í verslun sinni.

## FRÁ FLÓRÍDA NORÐUR AÐ HEIMSKAUTABAUG

Sumarið 1984 stökk Sigurður í fyrsta sinn út úr flugvél. Hann vissi afskaplega lítið um hvað málið snérist og var í rauninni ekki kennt neitt fyrir stökkið nema að toga í spottann. „Stökkið greip mig svolítið,“ segir Sigurður, en svolítið getur varla talist rétta orðið því um haustið var hann kominn til Flórída til að stökkva meira. „Ég er lærður pípulagningameistari og vann eitthvað við það en mestur tíminn fór í að stökkva og læra að kenna öðrum að stökkva,“ segir Sigurður. „Eftir þetta bjó ég á veturna úti á Flórída þannig að fallhlífarstökk og sumarsól tók við af skautum og ís.“

Sigurði leið afar vel úti á Flórída og þar gafst honum kostur á að verða stöðugt færari í háloftalistinni. Hann var farinn að undirbúa að flytja út alfarið þegar ung kona breytti framtíðaráætlunum hans svo um munaði. „Þær eiga það til, konurnar, að beygja leið manns. Ég hitti eina sænska sem ég kenndi fallhlífarstökk og veturinn eftir stóð ég úti á svölum rétt undir heimskautsbaug í 30 stiga frosti í norður Svíþjóð,“ segir Sigurður. „Ég horfði út í vindinn og spurði sjálfan mig: Hvað gerðist eiginlega? Hvar er Flórída?“

Sigurður tók sér bólfestu á Norðurlöndunum, giftist sænsku stúlkunni og með henni rak hann fallhlífaklúbb. Allar helga á sumrin unnu þau við að stökkva og í leiðinni notaði Sigurður sérsmíðaðan hjálm sinn til að taka myndir



Sigurður og félagar sendu Íslendingum eitt sinn jólakveðju með því að mynda stjörnu í frjálsu falli, taka myndir af henni og senda heim í sjónvarpið rétt fyrir jól.

í háloftunum. „Á hjálminum voru þrjár myndavélar, en hjálmurinn vó einhver 5 kíló og var rándýr í þokkabót,“ segir Sigurður. „Ég sérhæfði mig í myndatökum og myndaði þegar við stukkum á jökla og fjallatoppa, gerðum stjörnur og settum ýmiss met.“

Sigurður myndaði meðal annars fyrstu stjörnuna sem gerð var hérlendis, en svo kallast mynstur sem hópur fallhlífastökkvara myndar er þeir taka höndum saman í frjálsu falli. „Svo myndaði ég 42 manna stjörnu sem búin var til á Flórída sem jólakveðja hingað heim,“ segir Sigurður en myndbandið af stjörnunni var sent til Íslands í hraðpósti og sýnt í sjónvarpinu á síðustu stundu.

Hápunktur ferils Sigurðar var hinsvegar hvorki met né fjallstindur sem stokkið var á. „Það hringdi í mig stúlka sem hafði hringt í sex aðra fallhlífaklúbba en hvergi fengið að stökkva. Það var vegna þess að hún var blind. Þú þarft að skrifa undir blað sem segir að þú sért með heilsuna í lagi, þar með talið að sjónin sé góð, áður en þú mátt stökkva. Þess vegna hafði henni verið neitað,“ segir Sigurður. Honum fannst það hinsvegar synd að fullfrískri 35 ára stúlku væri neitað að stökkva svo hann sagði bara já. Hann skrifaði athugasemd á umsóknina að hún væri blind, sýndi henni hvað þyrfti að gera með hendinni og svo stukkum þau. Á leiðinni niður lýsti hann því sem fyrir augu bar og stuttu síðar lentu þau heilu á höldnu. „Ég missti leyfið tímabundið á meðan var verið að rannsaka atvikið, en það var vel þess virði,“ segir Sigurður. „Stelpan var svo ánægð að ég fæ ennþá jólakort frá henni.”

ALLIR SNERU ÞEIR AFTUR

Árið 1999 snéri Sigurður til Íslands en þá var hann hættur að stökkva. Vegna pípulagningavinnunnar voru hné hans orðin slæm og hann var búinn að lenda í ýmsum óhöppum og brjóta ýmiss bein á fallhlífaferli sínum. “Þau gréru öll vel þannig að það var bara eitt brákað bein í öxlinni sem var slæmt. Það nuddaðist utan í taug sem gerði það að verkum að ég missti mátt í hendinni að hluta til. Þeir voru lengi að finna meinið en þegar það var búið var það lagað,” segir Sigurður.

Nú býr Sigurður á Akureyri þar sem hann rekur verslunina Kattarbúðir. Í búðinni eru vörur fyrir vélsleða- og vélhjólamenn og hefur mótorsportið tekið við af stökkinu sem helsta áhugamál Sigurðar. “Ég var orðinn slæmur í hnjám eins og ég sagði, og einnig í baki. Þá fór ég að keyra enduro hjól, fer alltaf eftir vinnu upp í fjöll, og ég hef sjaldan verið betri í skrokkinum,” segir Sigurður. “Þetta er hollt sport og ég vil benda þeim foreldrum sem hafa áhyggjur af börnum sínum á hjólunum og vélsleðum á, að meðan þau eru í þessu er engin hætta að þau fari í dóp og aðra vitleysu. Það er mikils virði í dag.”



Sigurður segir að þátttaka ungmenna í mótorsporti sé góð forvörn fyrir ungmenni í baráttunni gegn eiturlyfjum.

En hvað býr framtíðin í skauti sér fyrir eitt sinn hokkímanninn, svo fallhlífarstökkvarann og svo mótorhjóla- og vélsleðakappann Sigurð Baldursson. “Þegar það var skýjað úti í Flórída sátum við oft, ég og félagi minn, með kokteil í hendinni og létum okkur dreyma um að opna kokteilbar á ströndinni,” seigir Sigurður og hlær. “Það er enn draumurinn. Ég vona að þegar búðin verði komin vel á ról geti ég selt hana, flutt til Hawaí og opnað lítinn kokteilbar á ströndinni.”



Sigurður Baldursson í verslun sinni Kattarbúðir. Nafnið er dregið af Kattarbúðum föður hans uppi við Gæsarvötn en þar gisti fjölskyldan sumarlangt á meðan farið var með ferðamenn upp á jökul. Búðirnar voru stórt 15 manna tjald sem reist var inni í Hraunbúðum og kötturinn var Snowcat snjóbíll Baldurs.



## Fiat Panda

Bíll ársins í Evrópu 2004

# Lipur og spræk Panda




PI PAR • SÍA • 70084

- Sparneytinn – eyðir undir 6 lítrum á hverja 100 km.
- Stór að innan svo það fer vel um alla í bílnum.
- Frábær í bæjarsnúningana – „city“-hnappurinn léttir stýrið sem auðveldar þér að leggja í stæði o.þ.h.
- Fáanlegur 4x4.

**Verð frá 1.290 þús.**



Fiat Ducato



Fiat Dobló



Fiat Punto



Fiat Multipla



Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

**SAGA**
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is



60% AFSLÁTTUR
GK REYKJAVÍK
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

# Dýrmætasta djásnið mitt

Sirkus talaði við sex glæsilegar íslenskar konur og spurði um dýrmætasta djásnið þeirra. Konurnar eru allar sammála um að dýrmætasti hluturinn þurfi að búa yfir sögu og sál. Vörumerki og hátt verð lúti í lægra haldi fyrir litilli gjöf frá ástvini og myndum af börnum þeirra. Það er því óhætt að segja að þessar konur eru með forgangsröðina á hreinu.

## Tinna Gunnlaugsdóttir

### BÆKUR SEM GEYMA ÞROSKASÖGU BARNANNA ÞRIGGJA

**„Þeir hlutir sem ég hef líklega tengst mestum tilfinningaböndum erum þrjár bækur sem hafa að geyma þroskasögu barna okkar þriggja," segir Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri og bætir við að bækurnar séu þeir veraldlegu hlutir sem henni þykir vænst um. „Þær færa mig aftur til þess tíma og hugsana sem voru þá," segir hún og bætir við að börnunum þyki einnig gaman að glugga í þessar bækur sem mamma þeirra hefur ritað.**

**„Þetta eru stórar möppur fullar af skemmtilegum sögum og myndum af börnunum frá fyrstu dögum þeirra upp að 10-12 ára aldri, eftir þann aldur verður þetta aðeins slitróttara. Við hjónin höfum líka smám saman eignast talsvert safn mynda af lifandi og liðnum forfeðrum og mæðrum sem prýða vegginn fyrir ofan píanóið. Þetta er fjölskylduveggurinn okkar. Mér þykir vænt um þetta safn og finnst gott að vita af þeim sem á undan eru gengnir, finna fyrir samhenginu í tilverunni með þessum hætti. Upp á píanóinu er líka mynd af aðaldjásninu í fjölskyldunni um þessar mundir, fyrsta ömmu- og afabarninu sem er að verða þriggja mánaða," segir Tinna og bætir við að hún eigi í raun ekki marga hluti sem hún tengist tilfinningalega. „Ég á nokkur málverk úr einkasafni föður míns heitins sem ég met mikils og örfáa hluti úr dánarbúi afa og ömmu sem mér þykir sömuleiðis vænt um."**



## Sigríður Margrét Oddsdóttir

### PLASTHÁLSFESTIN TENGDI FJÖLSKYLDUNA SAMAN

**„Ég get ekki gert upp á milli tveggja djásna sem eru mér bæði mjög dýrmæt af ólíkum ástæðum. Annars vegar er það hálsmen úr plastperlum sem Einar eldri sonur minn gerði handa mér þegar hann var að byrja í skóla og ég var heima í fæðingarorlofi með yngri bróðir hans Elmar," segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já, og bætir við að hún gleymi aldrei hversu gaman Elmar hafði af hálsmeninu. „Hitt djásnið eignaðist ég svo nýlega en það er Blackberry-tæki frá Símanum. Með þessu tæki get ég nálgast tölvupóstinn minn og allar mikilvægustu upplýsingarnar utan skrifstofunnar án þess að þurfa að kveikja á fartölvunni og finna netsamband," segir Sigríður Margrét og bætir aðspurð við að hún tengist ekki hlutum tilfinningalega nema þeir hafi eitthvað ákveðið tilfinningalegt gildi.**

**„Bara með því að hugsa um þessa plasthálsfesti man ég hvað hún tengdi okkur fjölskylduna saman og það sama er með Blackberry-tækið. Tíminn minn með fjölskyldunni er mér afar dýrmætur og nú þarf ég ekki lengur að fara á skrifstofuna til að nálgast upplýsingar. Með tækinu tekur þetta enga stund og því þykir mér vænt um það, miklu heldur en einhverjar fínar töskur og demantshringa."**



## Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

### SKIL ALDREI TRÚLOFUNARHRINGINN VIÐ MIG

**„Það eru tveir hlutir sem ég skil aldrei við mig, annars vegar trúlofunarhringurinn og hins vegar gull- og hvítagullshálsmen sem Bubbi gaf mér," segir Hrafnhildur Hafsteinsdóttir. „Hálsmenið og hringurinn hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir mig en á hálsmeninu er fullt nafnið mitt skorið út ásamt fuglinum hrafninum sem ég lít á sem verndartáknið mitt. Mér finnst hálsmenið ótrúlega fallegt en ennþá fallegri finnst mér hugurinn og vinnan sem lá að baki þess," segir Hrafnhildur og bætir við að hún taki aldrei hringinn eða hálsmenið af sér.**

**„En ef ég væri að hlaupa út úr brennandi húsi myndi ég hins vegar reyna að bjarga ljósmyndunum mínum. Myndirnar af dóttur minni eru mér sérstaklega dýrmætar," segir Hrafnhildur og bætir við að hlutir sem eiga sér sögu og sál hafa mikið gildi fyrir hana.**

**„Amma mín gaf mér skenk sem er líka saumavél sem hefur fylgt henni frá því hún var ung kona. Mér þykir ótrúlega vænt um þennan skenk enda hefur hann yfir sinni sögu að búa. Ég safna dóti sem tengist mér tilfinningalega og geymi sérstaklega hluti sem tengjast dóttur minni. Ég geymi í kistli bandið sem Isabella dóttir mín fékk á fæðingardeildinni, fyrsta lokkinn sem ég klippti af henni, fyrstu myndina sem hún teiknaði hjá dagmömmunni, fyrstu skóna og þar fram eftir. Mamma hélt utan um allt sem tengdist mér í sérstakri bók og ég vil gera það sama handa dóttur minni og skrái því dagbók um það sem gerist í lífi hennar."**



## Steinunn Valdís Óskarsdóttir

### ÞYKIR VÆNT UM KISTILINN SEM AMMA ÁTTI



**„Ég er hrifin af íslenskri skartgripahönnun og finnst við eiga fólk á heimsmælikvarða í þeim bransa. Mér þykir sérlega vænt um hálsmen sem maðurinn minn gaf mér fyrir líklega 15 árum, þegar hann hafði alls ekki efni á því að kaupa það," segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarfulltrúi og bætir við að hálsmenið sé hannað af Ófeigi gullsmiði á Skólavörðustígnum á sínum tíma en menið er úr íslenskum sjávarsteini og keðjan og smíðin er úr oxíderuðu silfri.**

**„Alla jafnan bind ég ekki bönd við dauða hluti en þetta tiltekna hálsmen hefur ákveðið tilfinningalegt gildi. Það er gamalt en stendur alltaf fyrir sínu," segir Steinunn Valdís og bætir við að hún myndi aldrei tengjast tilfinningaböndum við bíla eða álíka hluti.**

**„Annar hlutur sem mér þykir mjög vænt um er gamall kistill sem amma mín átti en hún dó þegar ég var sjö ára. Ég var skírð í höfuðið á henni og á lokinu á kistlinum eru stafirnir hennar. Í kistlinum geymi ég svo alls kyns gamalt dót sem hefur ákveðið tilfinningalegt gildi fyrir mig frá því ég var lítil stelpa."**

## Unnur Steinsson

### HLUTIRNIR VERÐA AÐ HAFA SÁL

**„Mitt dýrmætasta djásn er yfir 100 ára gamalt hús vestur í Stykkishólmi," segir Unnur Steinsson verslunarkona og bætir við að þau hjónin hafi verið að dunda sér við að gera húsið upp síðast liðin ár. „Þetta er hús með fallega sál og hefur skemmtilega sögu. Við erum langt í frá búin enda af nógu að taka sér í lagi þegar maður gerir allt sjálfur," segir Unnur og bætir við að bæjarstæðið skemmi ekki fyrir töfrum hússins. „Ég vona að ég móðgi engan þótt ég segi að sá bær er sá fallegasti á landinu."**

**Unnur segist ekki tengast dauðum hlutum auðveldlega, ekki nema þeir hafi sál eins og gamla húsið. „Ég á náttúrulega töluvert safn af bréfum til jólasveinsins frá börnunum en það er ekki eitthvað sem maður dregur fram á hverjum degi. Ég fell ekki auðveldlega fyrir veraldlegum hlutum og er lítið glysgjörn svo ég á ekki marga skartgripi sem ég ber sterkar tilfinningar til. Hlutirnir verða að hafa sögu og sál á bak við sig annars hafa þeir engan tilgang. Ég held ég hafi alltaf verið svona gamaldags í hugunarhætti. Ég er jarðbundin og það tengist því."**





## Eva Dögg Sigurgeirsdóttir

### STÓLLINN FRÁ LANGÖMMU Í UPPÁHALDI



**„Mér þykir mest vænt um stól sem langamma mín átti og svo myndaalbúmin mín," segir Eva Dögg Sigurgeirsdóttir athafnakona og bætir við að hún sé ekki mikið fyrir að safna að sér veraldlegu dóti. „Stóllinn og myndirnar mínar eru einu dauðu hlutirnir sem ég vildi alls ekki missa. Ég tengist hlutum ekki auðveldlega tilfinningalega og er ekki mikið fyrir að safna að mér dóti, vil frekar safna að mér góðu fólki, það er mikilvægast," segir Eva Dögg.**

**Stólinn góða fékk Eva í arf frá langömmu sinni á Staðarhóli sem hún hélt mikið upp á. „Þessi langamma mín var mikil fyrirmynd mín. Hún var algjör súperkona og mikill kvenskörungur og við vorum miklar vinkonur. Amma mín fékk stólinn þegar langamma lést en nú er hann kominn í mína umsjón. Mér þykir alveg rosalega vænt um hann en þekki ekki sögu hans nógu vel en veit að hann er mjög gamall. Áklæðið er orðið gamalt og slitið en ég tími ekki að skipta, stóllinn er sjarmerandi eins og hann er."**

**Eva Dögg segir að þótt henni þyki gaman að fylgjast með því sem er efst á baugi í húsgögnum og tísku þurfi hún alls ekki að eignast alla fallegu hlutina. „Ég veit fyrir víst að þeir gefa manni ekki hamingjuna þó svo að það sé vitaskuld gaman að líta vel út og að hafa fallegt í kringum sig. Ég myndi ekki ganga með dýra fylgihluti á raðgreiðslum né kaupa mér flatskjá enda finnst mér lífið ekki snúast um að eignast dýra hluti."**

# útsölulok

## síðasti dagur útsölu er á laugardag

opið laugardag frá kl.11.00 - 16.00



**Armstóll í leðri**
17.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 14.300 kr.**



**Borðstofustóll í leðri**
11.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 8.900 kr.**



**Nardo armstóll í rússkinni**
69.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 34.900 kr.**



**St. Tropez reyrstóll**
24.600 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 18.450 kr.**



**Croco reyrstóll**
24.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 18.675 kr.**



**Púðar 10 – 50% afsláttur**



**Aucland bogasófi í leðri** Litir: hvítt – brúnt 199.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 129.900 kr.**

**Paris lampar**
**Stór** 24.600 kr. **ÚTSALA 17.400 kr.**
**Mið** 21.400 kr. **ÚTSALA 14.980 kr.**
**Lítill** 9.900 kr. **ÚTSALA 7.400 kr.**



## *10 – 50% afsláttur af öllum vörum*

# LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Hollywood Hanna

# Ný dama í lífi Jude Law?

Jude Law hefur verið duglegur á djamminu undanfarið og náðust þessar myndir af kappanum í London með óþekktri blondínu. Ætli kappinn sé kominn með nýja kærustu? Hún er að minnsta kosti ekkert lík Siennu Miller.



**NÝ DAMA? Jude Law að koma af djamminu með óþekktri dömu.**



**LÆKKIÐ HITANN Eva er sjóðandi heit á þessari mynd.**

# SVONA HEITAR GELLUR ÆTTI AÐ BANNA

Eva Longoria er allt of heit, allt of heit til að vera aðþrengd húsmóðir, en við höfum gaman af frekjuköstunum hennar. Eva prýðir forsíðu nýjasta Arena-tímaritsins og myndirnar eru rosalegar.

Aðdáendur hennar ættu að hlaupa út í bókabúð í þessum töluðu orðum. Hérna er ein rosalega mynd af skvísunni naktri og umvafinni keðjum. Vá!



**Á FÖSTU Mörgum finnst mjög furðulegt að Josh skuli vera með Fergie, söngkonu Black Eyed Peas. En hún er ekki kölluð sú fríðasta í Hollywood.**



**HEITUR Josh Duhamel leikur í þáttaröðinni Las Vegas og þykir algjört „hottie“.**



**SMART Josh Duhamel togar skýluna aðeins of langt upp. Ekki mjög girnilegt.**

# Heitur líkami, ljót skýla

Margir þekkja þennan myndarlega leikara úr þáttaröðinni Las Vegas. Kappinn nýtur mikilla vinsælda meðal kvenþjóðarinnar – skiljanlega. Hann er megakroppur. Kappinn er þó ekki á lausu, því miður, en Black Eyed Peas-söngkonan Fergie nældi sér í þennan kropp fyrir alllöngu síðan og hamingja blómstrar.

Josh skellti sér í þessar dásamlega ljótu skýlu fyrir tökur á þættinum Las Vegas og eins fallegur og hann er svona seminakinn þá er þessi sundskýla alveg ferleg, sérstaklega þegar hann togar hana svona langt upp. Við fáum að sjá hluti sem okkur langar ekkert sérstaklega að horfa á.

## CAMERON DIAZ LEITAR TIL VINARS SÍNS KELLY SLATER



**LEITAÐI TIL VINAR SÍNS Cameron Diaz er í ástarsorg og leitaði til góðvinar síns Kellys Slater, sem er mega hönk.**

# Bara vinir, eh?

Okey, við vitum öll núna að það var Justin Timberlake sem dömpaði Cameron Diaz. Algjör bömmer þar sem Cameron er eitt mesta krúttið í Hollywood. En svona er lífið óréttlátt stundum. Nú er Justin á fullu að leitar sér að nýrri dömu. Það ætti ekki að reynast honum erfitt.

En Cameron hefur leitað til vinar síns, Kellys Slater, til að hjálpa sér í gegnum erfiðu tímana. Kelly Slater er fáránlega heitur brimbrettameistari sem deitaði núna síðast ofurfyrirsætuna Gisele Bündchen.

Kelly og Cameron hafa verið að tjilla á Hawaii og leikið sér í öldunum, en eins og flestir vita elskar frú Cameron að sörfa.

Eru þau par eða ekki? Enginn vill svara þessari spurningu en þau líta vel út saman og vonandi byrja þau saman. Fullkomið par.



**GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR Cameron þurfti heldur betur á félaga sínum að halda eftir rifrildi við Justin á Golden Globe-hátíðinni. Móðir Kellys hefur verið spurð út í sambandið en hún segir einungis um góða vináttu að ræða.**



**GÓÐ SAMAN Kelly og Cameron ættu að byrja saman. Þau lúkka ekkert smá vel saman.**

# DJ AM NÁÐI SÉR Í AÐRA FRÆGA GELLU

Hvað er Mandy Moore að hugsa? Hún er ótrúlega sæt og saklaus stelpa. Hún er að gera góða hluti í Hollywood og á framtíðina fyrir sér og svo velur hún lúða eins og DJ AM til þess að vera með. DJ AM var lengi vel með Nicole Richie, en þau hafa verið sundur og saman síðastliðið ár. Þessi lúða plötusnúður lét það út úr sér í fyrir ekki svo löngu síðan að hann þyrfti að ná sér í fræga gellu til að halda miðlungsferli sínum gangandi. Ah, Mandy hlauptu í burtu núna. Hann er algjör sauður þessi gaur og ekki einu sinni það sætur.



**GLATAÐUR GÆI Hvernig getur Mandy verið með honum eftir að hann sagði það í einhverjum viðtölum að hann þyrfti að ná sér í aðra fræga kærustu? Jukk!**



**SAMAN Á SUNDANCE Frá Nicole Richie til Mandy Moore. Hér eru þau saman á Sundance-hátíðinni í Utah.**

# Bestu vextirnir sjöunda árið í röð!



## Bestu vextirnir 2006*

| | |
|---|---|
| Markaðsreikningur | 9,94–11,86% |
| Verðtr. reikningar | 10,86–12,02% |
| Framtíðarreikningur | 12,13% |
| Lífeyrisreikningur | 12,19% |

*Skv. úttekt Morgunblaðsins á nafnvöxtum verðtryggðra og óverðtryggðra innlánsreikninga banka og sparisjóða árið 2006.

## Við gerum enn betur á nýju ári

Markaðsreikningur ber nú allt að **14,05%** vexti eða hæstu vexti sambærilegra reikninga.**

**Skv. vaxtatöflum banka og sparisjóða á vöxtum á óbundnum innlánsreikningum þann 11.01. 2007

## Netbankinn mælir með því að einstaklingar fjárfesti í sparnaði

Einstaklingar geta valið góðar sparnaðarleiðir hjá Netbankanum í samræmi við sín markmið. Hvort sem verið er að safna í ferðasjóð eða styrkja fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum – þá skiptir mestu að spara þar sem vextirnir eru bestir.

Sæktu um á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

**www.nb.is**

Netbankinn
*– með betri vexti*

Himinn og haf / SÍA – 9070034

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með kvikmyndunum **Little Miss Sunshine** og **Stranger than Fiction** og disknum **Coco Rosie**. Sjálf hlakka ég mikið til að sjá myndina **Foreldra** og það er óhætt að segja að bíóárið byrji mjög vel.“

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikkona**



„Ég mæli með leikritinu Pabbanum. Þetta er alveg rosalega skemmtileg og fyndin sýning sem ég mæli með fyrir alla. Einnig mæli ég með **Incubus** tónleikunum í mars. Ég hlakka alveg svakalega til að sjá þá.“

**Tinna Marína söngkona**



„Ég mæli með kvikmyndinni **Crash**. Þessi mynd kom mér mjög á óvart og ég er búinn að hugsa mikið um hana síðan ég sá hana. Einnig mæli ég með geisladisknum með **Ný danskri og Sinfóníuhljómsveit Íslands**. Ég var að finna þennan disk í hrúgunni heima og er aftur farinn að dýrka þennan disk.“

**Kristinn Darri Röðulsson Herra Ísland 2006**



„Ég mæli með leikritinu **Ófagra veröld** í Borgarleikhúsinu en það dregur mann inn í geðveikina og út aftur, algjör snilld. Einnig mæli ég með að fólk gefi til hjálparstarfs með sínum hætti og gleðjist yfir stórum jafnt sem smáum framlögum. Það skiptir ekki hvaðan fjárstyrkurinn kemur. Að lokum mæli ég með að hver og einn geri sitt í þessum loftlagsbreytingum og kíki á **www.climatecrisis.net**.“

**Hólmfríður Anna Baldursdóttir upplýsingafulltrúi UNICEF**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Hvað á að gera um helgina?



„Á föstudögum fer ég alltaf með stelpurnar mínar í íþróttaskólann og ætla svo að eiga kósý kvöld með þeim heima. Á laugardaginn ætla ég að mæta í ræktina og um kvöldið er ég búin að lofa að passa litla strákinn systur minnar. Hann ætlar að vera í næturpössun í fyrsta skiptið svo það verður öruggleg eitthvað um andvöku það kvöldið. Á sunnudögum er það alltaf sama skemmtilega rútína, við fáum okkur bakkelsi og gefum svo öndunum brauð.“

**Íris Björk Árnadóttir fyrrverandi fegurðardrottning og mamma**



„Helgin er að mestu leyti óráðin, kannski kíki ég suður eða verð heima hér fyrir norðan og stend í flutningum. Ætli maður reyni ekki að kíkja aðeins út á lífið til að sýna smá lit en annars er undirbúningur fyrir mót í fullum gangi svo maður verður að hafa sig hægan. Ég verð að æfa alla helgina, það eru engar pásur í því.“

**Heiðrún Sigurðardóttir líkamsræktarkona**



„Ég er að fara að syngja í Eurovision-keppninni á morgun og er mjög spennt fyrir því. Ég er ein af bakröddunum fyrir söngkonuna Guðrúnu Lísu Einarsdóttur og mér líst mjög vel á þetta hjá okkur. Ef lagið sigrar er ég að sjálfsögðu tilbúin að fara út og keppa fyrir Íslands hönd, þótt ekki væri nema sem bakrödd. Á sunnudaginn ætla ég svo bara að slaka á.“

**Ína Valgerður Pétursdóttir söngkona**



„Helgin fram undan er mjög róleg sem er fínt þar sem það er búið að vera mjög mikið að gera síðustu daga, bæði í vinnunni og í að þjálfa. Kannski skrepp ég bara í bíó en mig langar að sjá nýju myndina með Ben Stiller, Night at the Museum. Ég held að hún sé skemmtileg afþreying.“

**Kristín Rós Hákonardóttir sundkona**

GRÉTAR ÖRVARSSON FÉKK FJÖLSKYLDUNA MEÐ Í EUROVISION

# Samdi lag með syninum og konunni

Feðgarnir Grétar Örvarsson og Kristján Grétarsson eiga lagið Eldur sem flutt verður í Söngvakeppni Sjónvarpsins annað kvöld. Grétar fékk eiginkonu sína til að semja textann við lagið svo um alvöru fjölskylduverkefni er að ræða.

„Við feðgarnir eigum lagið saman og Ingibjörg Gunnarsdóttir konan mín samdi textann,“ segir Grétar Örvarsson tónlistarmaður en hann og Kristján Grétarsson sonur hans eiga lagið Eldur sem flutt verður í Söngvakeppni Sjónvarpsins annað kvöld. Þeir feðgar hafa ekki samið oft saman en samkvæmt Grétari gekk samstarfið vel. „Ingibjörg hefur samið texta fyrir marga lagahöfunda og söngvara í gegnum tíðina og því lá beinast við að leita til hennar enda ekki við hæfi að líta fram hjá konunni sinni,“ segir Grétar brosandi en fjölskyldan leitaði til Friðriks Ómars söngvara til að flytja lagið. „Friðrik Ómar er sterkur flytjandi sem hefur brennandi áhuga á þessari keppni. Við erum ekki í þessu af neinum fíflagangi heldur erum í þessu af fullri alvöru og leggjum allan okkar metnað í þetta,“ segir Grétar og bætir við að hann telji lagið sterkt. „Í laginu er mikill undirliggjandi kraftur, það hefur yfir þjóðlegum blæ að ráða og ýmis önnur blæbrigði en ég vil láta hlustendur um að dæma.“

Aðspurður um gengi Silvíu Nætur í fyrra segist Grétar líklega vera sammála meirihluta þjóðarinnar um að grínið hafi gengið of langt. „Mér fannst þetta voðalega sniðugt og vissi að hún myndi sigra hér heima. Hún var með heilan sjónvarpsþátt á bak við sig og yngri kynslóðin er dugleg í símakosningunni. Þar af leiðandi hvet ég þá sem eldri eru til að kjósa það lag sem við getum verið stolt af og forðast það að vakna upp með timburmenn eftir þessa keppni eins og gerðist í fyrra og hittiðfyrra. Við eigum að senda fólk sem hefur brennandi áhuga á þessari keppni, fólk sem leggur metnað í þetta.“



**SÖNGVARINN OG LAGASMIÐIRNIR „Friðrik Ómar er sterkur flytjandi sem hefur brennandi áhuga á þessari keppni. Við erum ekki í þessu af neinum fíflagangi heldur erum í þessu af fullri alvöru og leggjum allan okkar metnað í þetta,“ segir Grétar sem sést hér ásamt Kristjáni syni sínum og söngvaranum Friðriki Ómari. SIRKUSMYND/HEIÐA**



**Sólveig Eiríksdóttir Solla er tiltölulega nýkomin með bílpróf og keyrir um á sparneytnum Yaris.**

# ER Í HOLLUSTUNNI AF HUGSJÓN

Sólveig Eiríksdóttir rekur lífrænu hollustulínuna Himneska hollustu. Solla segir Íslendinga aðeins á eftir öðrum þjóðum þegar kemur að lífrænum mat. Hún tók sig til og þýddi allar leiðbeiningar á íslensku svo vörurnar séu aðgengilegri.

„Ég áttaði mig á því að fólk hafði ekki nýtt sér lífrænu vörurnar þar sem það skildi ekki hvernig átti að nota þær,“ segir Sólveig Eiríksdóttir sem rekur Himneska hollustu og selur lífrænar vörur.

„Hjá okkur er allt á íslensku. Ég komst að því að konur sem eru þaulvanar í eldhúsi og geta rúllað upp heilu fermingaveislunum skilja ekki hollenskar leiðbeiningar og hafa því hingað til sleppt lífrænum vörum. Þessi uppgötvun varð kveikjan að því að koma með þessa framleiðslu,“ segir Solla og bætir við að á umbúðunum séu einnig auðveldar uppskriftir.

„Í fyrstu voru þessar vörur svo dýrar og fólk varð að velja á milli spelts og bensíns. Nú er hins vegar komin samkeppni á þennan markað og með fleiri neytendum hefur verðið lækkað þótt enn sé um fyrsta flokks vöru að ræða. Sjálf er ég tiltölulega nýkomin með bílpróf, fór allar mínar leiðir á hjóli áður en ég ákvað að taka prófið. Ég var lengi að gefa mig en ákvað að þar sem ég var með barn yrði ég að hafa bíl. Núna ek ég um á sparneytnum Yaris því ég vil frekar eyða peningunum í eitthvað hollara en bensín,“ segir Solla og bætir við að hún sé stolt yfir hollustuvakningunni í þjóðfélaginu.

„Ég er voðalega montin yfir þessari vakningu í lífrænum mat, við vorum brautryðjendur og nú er þetta komið í allar búðir. Fólk sem aldrei spáði í neitt svona er nú farið að spurja og spá svo maður sáir fræjum og hnippir aðeins í fólk. Ég hef alltaf haft þennan áhuga á hollustu og byrjaði í þessu með hugsjón sem er enn í gangi og verður alltaf. Við Íslendingar erum á eðlilegu róli varðandi lífrænan mat, kannski frekar sein miðað við önnur lönd. Við eigum samt eftir að taka við okkur og allt í einu verða allir komnir í þetta. Við erum nefnilega svo krúttleg.“

# Pevaryl®
*(ekónazól)*






## Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum!

### Kannast þú við einkennin?



**Kláði í og umhverfis leggöng**
**Hvítleit, kornótt útferð**
**Rauðir og þrútnir barmar**

**Fæst án lyfseðils í apótekum**

**Pevaryl®, Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. **Lesið vandlega leiðarvísi sem fylgir hverri pakkningu lyfsins. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**

JANSSEN-CILAG


ÚTSALA
enn meiri afsláttur á
útsölunni..
maïa
kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt
laugavegur 86-94, sími 5526066



## Keramik og málningarvörur á góðu verði

KERAMIKGALLERY.IS HEFUR MIKIÐ ÚRVAL AF KERAMIK, AKRÍLLITUM, GLERJUNGI OG ÝMSU FLEIRU Á AFSLÆTTI.

Á vefnum keramikgallery.is er hægt að sjá úrval af útsöluvörum fyrir litla og stóra listamenn sem vilja skapa eitthvað nýtt.

Útsalan er í fullum gangi og þar er hægt að fá vörur með allt frá 10 til 80 prósenta afslátt.

Keramikgallerý er opið alla virka daga frá klukkan 10.00-18.00 og er til húsa að Dalbrekku 14, Kópavogi. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef gallerísins: www. keramikgallery.is

## Eðalvörur á afslætti

EPAL BÝÐUR ALLT AÐ 50 PRÓSENTA AFSLÁTT AF VÖLDUM VÖRUM Í DAG OG Á MORGUN.



Unnendur fallegra og vel hannaðra húsmuna ættu að gera sér ferð í Skeifuna því nú stendur yfir útsala í versluninni Epal.

Epal hefur lengi staðið mjög framarlega þegar kemur að úrvali vandaðrar hönnunar en í versluninni má meðal annars finna kostagripi, hannaða af frægum mönnum á borð við Borge Mogensen, Arne Jacobsen, Vico Magistetti, Philippe Starck og Hans J. Wegner.

Að eignast sígilda húsmuni á borð við þá sem eru hannaðir af stórum nöfnum hönnunarsögunnar er fyrir mörgum líkt og að festa kaup á listaverki, því slíkir hlutir fara seint „úr tísku“ og vekja almennt eftirtekt og aðdáun.

## Útsalan brátt á enda



ÚTSÖLULOK Í NOA NOA.

Útsala hefur nú staðið yfir í versluninni Noa Noa í Kringlunni um nokkurt skeið. Er því farið að síga á seinni hluta útsölunnar. Enn er gott úrval af kvenfatnaði, svo sem peysum, buxum, pilsum og skóm, á lækkuðu verði. Noa Noa er opin frá klukkan 10.00-18.30 frá mánudegi til miðvikudags, frá klukkan 10.00-21.00 fimmtudaga, frá klukkan 10.00-19.00 föstudaga, laugardaga frá klukkan 10.00-18.00 og sunnudaga frá klukkan 13.00-17.00.



## Græna torgið með heilsutilboð

BLÓMAVAL ER MEÐ HEILSUDAGA ÞAR SEM MIKILL AFSLÁTTUR ER Á GRÆNA TORGINU.

Vörur eins og Weleda-birkisafi, Rapunzel-vörur og grænt te eru með 15-20 prósenta afslætti. Heilsuvörurnar eru með 25-70 prósenta afslátt í Blómavali fram til 28. janúar. Græna torgið í Blómavali er við Skútuvog, en Blómaval er einnig í Grafarholti, Kringlunni, Smáralind, í Keflavík, á Selfossi og Akureyri. www. blomaval.is



## Valin efni á góðu verði í Vouge

EFNI TIL SAUMASKAPAR ERU NÚ Á ÚTSÖLU Í VOGUE Í MÖRKINNI 4, REYKJAVÍK, MIÐVANGI 1 Á EGILSSTÖÐUM OG HOFSBÓT 4 Á AKUREYRI.

Á tilboðsborðunum í Vogue eru aðeins þrjú verð í gildi. Það eru 200 krónur, 400 og 600 krónur. Einnig eru valin gardínuefni á 30% afslætti og sami afsláttur er gefinn á fata-og bútasaumsefnum. Því er tækifæri fyrir þá eða þær sem hyggja á saumaskap í náinni framtíð að útvega sér efni.



Á útsölunni í Next í Kringlunni er hægt að finna flíkur á alla fjölskylduna og ekkert verð fer yfir 2.500 krónur.

# Allt á útsölu og aðeins fimm verðflokkar í Next

***Jakkaföt á tvö þúsund og fimm hundruð krónur.***

Í verslunni Next í Kringlunni er að finna heimilisvörur og fjölbreyttan fatnað fyrir alla fjölskylduna. Þar stendur yfir stórútsala um þessar mundir og nú eru aðeins fimm verðflokkar á öllum vörum – frá fimmhundruð krónum upp í tvö þúsund og fimm hundruð. Allt sem áður kostaði yfir fimm þúsund krónum, kostar nú tvö þúsund og fimm hundruð krónur, en ekkert verð fer yfir það og allt sem er í versluninni er á útsölu.

Þannig er því hægt að kaupa jakkaföt, kápur, yfirhafnir, gluggatjöld og margs konar húsbúnað á hreint frábæru verði.



## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is







Brettatjakkar 2500 kg, frábært verð 19.900 án vsk. Partur-Spyrnan-Lyftarar ehf. Eldshöfða 10. S. 585 2500.

## Flug

Til sölu 1/6 hluti í Piper Cherokee pa-28- 180. Er í flugskýli. Góður hópur. Uppl. S. 846 0608.

## Hjólbarðar

Til sölu 36" Grandhog dekk á felgum, 6 gata. Uppl. í s. 823 3302.

## Varahlutir




**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. http://www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

## Til sölu

**Minkapelsar**
**Til sölu minkapelsar, síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. í yfirstærðum og fl. Verð frá 5.000 kr.**
**KS. Diana s. 551 8481.**



4 stk. notaðar bílskúrs.h m/opnara til sölu. Stærð 390 x 450. Verð 65 þ per stk. Uppl í s 661 5050.

Saltvatnsfiskabúr 260 l. Til sölu með fiskum. V. 200 þús. S. 661 5223.

Queen size rúm frá Serta. Millistíft. Verð 25þ. Björn 699 7572.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Sandblástur**
Allur búnaður fyrir sandblástur óskast keyptur. Uppl. í s. 863 2548.

Óska eftir þvottavél og þurrkara, Plasma/LCD. Einnig DVD og Playstation 2. S. 866 7723.

## Hljóðfæri

Óskum eftir að kaupa notað píanó fyrir ungan píanónema. Uppl. í s. 486 8642 & 661 8642.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir að kaupa notaðan járn rennibekk og fræsivél, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 840 2914.

## Til bygginga




## Verslun




## Fyrirtæki

Óskum eftir 15-45 fm vinnuskúr / skrifstofu. Þarf að vera færanlegur. Áhugasamir hafið samband í s. 893 7810.

ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. S. 893 7476.

## Bókhald

Tek að mér skattskil og bókhald einstaklinga og fyrirtækja. Jón, s. 696 1311.

Bókhald, launavinnsla, vsk uppgjör, ársreikningar, skattframtöl, skattakærur, stofnun fyrirtækja og önnur aðstoð. Viðskiptafræðingur aðstoðar. Bókhald og aðstoð. Gunnar, sími 690 6953.

## Fjármál

**Bókhald**
Bókhald fyrir einstakl. m/rekstur og smærri fyrirtæki. Uppl. í síma 864 5920.

## Ráðgjöf

Vandamál? Greiði úr fjárhagslegum og félagslegum vandamálum þínum. Jón s. 696 1311.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

**Búslóðarflutningar**
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

## Húsaviðhald




HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

pípumeistarinn

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

TILKYNNINGAR

# Delludagar

## í smáauglýsingum Fréttablaðsins Mánud. - Föstud.

## Bílaauglýsingar á 40% afslætti

## Sími 550 5000

HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Ný uppgerð mjög skemmtileg 2.herb íbúð í Daltúni, Kóp, laus strax. Verð 95 þús. með hita og rafm. Hafið sambandi í s. 861 7775. Þráinn.

Fallegt 2 herb. raðhús í 101 Rvk. 104 fm á 3 hæðum. 140 þús á mánuði. Eingöngu langtímaleiga. Uppl. í s. 897 6171.

Til leigu 2-3 herb 68 fm íbúð í Seljahverfi, langtímaleiga, leiga 100.000 á mánuði 2 mán. fyrirfram. Uppl. í síma 567 6531. e. kl. 17.

Til sölu eða leigu hæð í hjarta Reykjavíkur (2 rými), uppl. í s. 893 2329. gessi@simnet.is eða 865 1938.

2ja herb. íbúð við Hringbr. til leigu. 85 þ. á mán. með hússjóði. Uppl. í s. 823 8766 & 669 9392.

Falleg 2ja herb. 67 fm íbúð í litlum íbúðarkjarna í Lækjarsmára í Kópavogi (göngufæri í Smárann) til leigu frá 1.febrúar. Leiga 105 þús./mán. auk hússjóðs (4.480 kr./mán.) og rafmagns í séreign. 2 mánaða tryggingafé á bók. Uppl. í s. 895 8875 & 698 6889 e. kl. 16.

3ja herbergja íbúð í Engjahjalla til leigu, tilboð óskast. Uppl. í s. 565 2929 & 893 9848.

2 herb. 60 fm íbúð til leigu í Hfj. Verð 80 þús. S. 692 4094 e. kl. 17 í dag.

## Atvinnuhúsnæði

120 fm skrifstofuhústnæði í Akralind á besta stað í Kópavogi til leigu. Laust frá og með 1. feb. Uppl. í s. 863 8580.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsfólk óskast**
**á sólbaðsstofur Smart. Virka daga frá kl. 12-18.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Sólbaðstofan Smart.**

**Jolli**
**Jolli Hafnarfirði óskar eftir fólki í hlutastarf. Breytilegar vaktir í boði. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki. Umsóknareyðublöð fast á staðnum. Einnig gefur Líney uppl. í síma 565 4990.**

**Matreiðslumaður/ vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og exel og hafa góð meðmæli. Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www. kringlukrain.is**

Starfsfólk óskast á nýja og glæsilega þjónustustöð Olíufélagsins ESSO við Hringbraut. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við bíla á plani. Vaktavinna. Einning óskast starfsfólk á aðrar þjónustustöðvar ESSO á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir á www.esso. is eða í síma 560 3300.

**Þjónustustarf/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri. Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www. kringlukrain.is**

**Aktu Taktu auglýsir eftir fólki í fullt starf og hlutastarf.**
**Ef þú hefur áhuga á skemmtilegu starfi á skemmtilegum vinnustað þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Umsóknareyðublöð á aktutaktu.is og á öllum stöðum Aktu Taktu um allt höfuðborgarsvæðið.**

**Starfskraftur á Bílasölu óskast.**
**Starfskraftur óskast á Bílasölu. Vinnutími Frá 10-18 Virka Daga. Stundvís, áreiðanlegur. Reglusemi áskilin. Upplýsingar sendist á Listar@visir.is Upplýsingar sendist á Listar@visir.is**

**Hagabakarí Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða manneskju til afgreiðslustarfa, vinnutimi eftir samkomulagi. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Nánari uppl. veita Steinar í s. 863 8009 og Anna í s. 869 3320.**

**Leikskólinn Brekkuborg**
**óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda í 100% starf í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**DAGRÆSTING OG STUÐNINGUR VIÐ ALDRAÐA**
Hlutastörf
Félagsmiðstöðin Norðurbrún 1
Kröfur:
-Reynsla af ræstingum
-Góð íslenskukunnátta
-Færni í mannlegum samskiptum
Umsækjandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Frekari upplýsingar veittar í síma 5685960.

ÞORRABLÓT

## Tálknfirðingar - Nær og Fjær.

Þorrablót brottfluttra Tálknfirðinga verður haldið með glæsibrag þann 10. febrúar næstkomandi. Blótið fer fram í Akogessalnum að Sóltúni 3 í Reykjavík. Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:30

Mætum öll hress og kát þar sem Nostalgían svífur yfir vötnum. Óli Pása, Jón Gísla, Bíbí og auðvitað Dalton bræðurnir, hver veit nema þú hittir þau.

Miðapantanir eru hjá Binna, Helga og Ólafi í síma 660 - 1407, 660 - 1411 og 849 - 2380.

Hægt er að nálgast miða, föstudaginn 9. febrúar, heim til Helga að Meistaravöllum 13 - íbúð 202.

**Nefndin**

UPPBOÐ

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Auðbjörg ÞH-13 skrn. 1813, þingl. eig. Ísstoð ehf., fyrirsvarsmaður Pálína Auðbjörg Valsdóttir, gerðarbeiðendur Langanesbyggð og Sýslumaðurinn á Húsavík, fimmtudaginn 1. febrúar 2007 kl. 10:00.

Duggugerði 9, 216-6887, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Kristjana Erna Helgadóttir og Eyþór Margeirsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, föstudaginn 2. febrúar 2007 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 35, 216-7789, Þórshöfn, þingl. eig. Hafdís Yurith Zabdid Ólason, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf., föstudaginn 2. febrúar 2007 kl. 13:30.

Höfðabrekka 20, 215-2973, 640 Húsavík, þingl. eig. Jónas Guðmundsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Tollstjóraembættið, fimmtudaginn 1. febrúar 2007 kl. 11:00.

Langholt 8, 216-7835, 216-7835, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Jórunn Gréta Davíðsdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, föstudaginn 2. febrúar 2007 kl. 14:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
25. janúar 2007.

TILKYNNINGAR

## Úthlutun úr Bókasafnssjóði höfunda

Úr Bókasafnssjóði höfunda er úthlutað árlega til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 33/1997 og reglugerð nr. 203/1998 með áorðnum breytingum.

Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá Bókasafnssjóði höfunda, c/o Rithöfundasamband Íslands, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími: 568 3190, rsi@rsi.is eða á heimasíðu Bókasafnssjóðs www.rsi.is/rsi/bokasafnssjodur_hofunda

**Umsóknarfrestur er til 16. febrúar.**

Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfunda.

Mat á umhverfisáhrifum:

## Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði

**Björgun ehf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun**

Hafið er mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku af hafsbotni í Kollafirði. Efnistakan felst í útvíkkun á núverandi námum Björgunar sem hafa verið nýttar undanfarna áratugi.

Björgun ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af VGK-Hönnun hf. og Jarðfræðistofu Kjartans Thors ehf. Á vefsíðu VGK-Hönnunar (www.vgkhonnun.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar og stendur kynningin til föstudagsins 9. febrúar 2007.

Öllum er frjálst að leggja fram athugasemdir og ábendingar og skulu þær berast fyrir 15. febrúar til VGK-Hönnunar hf, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík eða á netföngin rb@vgkhonnun.is og kthors@centrum.is.

## Landsþing Frjálslynda flokksins

**Hótel Loftleiðum 26. og 27. janúar 2007**

Dagskrá:

**Föstudagur 26. janúar:**

Kl. 16:00 Skrásetning fulltrúa, afhending gagna.
- 17:00 Ræða formanns, Guðjóns Arnars Kristjánssonar.
- 17:40 Kjör þingforseta og ritara.
- 18:00 Skýrsla stjórnar.
- 18:15 Tillaga að lagabreytingum – kynning.
- 18:25 Drög að stjórnmálaályktun lögð fram og kynnt.

**Laugardagur 27. janúar:**

Kl. 9:00 Almennar umræður um stjórnmálaályktun.
- 10:00 Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa.
- 11:00 Nefndastörf
- 12:30 Hádegisverður
- 13:30 Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa.
- 14:00 Stjórnmálaályktun / umræður.
- 15:00 Kosningar:
  a) Formaður.
  b) Varaformaður.
  c) Ritari.
  d) Formaður fjármálaráðs og fjórir meðstjórnendur.
  e) Þrettán fulltrúar í miðstjórn.
- 16:00 Afgreiðsla ályktana.
- 16:15 Lagabreytingar
- 16:30 Önnur mál.
- 17:00 Áætluð þingslit.

Í upphafi fundar kynnir forseti þingsins framlögð gögn og fyrirkomulag kosninga til trúnaðarstarfa.

allt bílar
Alla laugardaga

## Leikskólakennari-Deildarstjóri

**Deildarstjóri óskast á leikskólann Skógarborg í Fossvogi. Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun áskilin. Góð samskiptafærni nauðsynleg. Leikskólinn er í nýju húsnæði og um er að ræða deild með 15 börnum á aldrinum 1 og 2 ára.**

**Uppl. gefa leikskólastjórar í s. 553 1805.**

## Starfskraftur óskast

**Starfskraftur óskast í nýsaum og fatabreytingar. Einnig vantar starfskraft í útkeyrslu og afgreiðslu. Textilline Laugavegi 101 (sími 552 1260).**

**Textilline Laugavegi 101 (sími 552 1260).**

## Atvinna í boði

**Fyrirtæki á stórreykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða til starfa laghenta menn, helst vönum húsaviðgerðum, þó ekki skilyrði. Einnig óskum við eftir málurum.**

**Upplýsingar í síma 661 0117, Rúnar.**

### Hvar í veröldinnni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 821 1714.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til starfa í verslunun okkar. Vinnutími er frá kl 13.00-18.30. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði eða Helgu í síma 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Langar þig að vinna á skemmtilegum stað? Caffi Hafnarborg í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki. Okkur vantar hresst og jákvætt starfsfólk í þjónustu. Um er að ræða hlutastarf á daginn. Nánari uppl. Gefur Sigrún í síma 534 2100 & 869 2809.

### Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi

Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 663 4220 kl. 18-22.

### Landbrot hf.

Vantar vanan gröfumann á nýja 16 tonna hjólavél. Uppl. í s. 893 7320 og jon@landbrot.is

Aupair til Lúxemborgar. Fjölskylda í Lúxemborg óskar eftir aupair sem fyrst. Nánari upplýsingar á maili sigrunt@visir.is

### Aðstoðarmaður í bakaríi

Aðstoðarmaður óskast í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

Óska eftir au pair fyrir fjölskyldu í Kópav. Uppl. í síma 899 3047. Wish for an au pair in the capital of Iceland. More information in tel. 899 3047.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Hérna einn með eldri mönnum, óskar þess að sjá. Heiðarlega góða hönnun, hinu kyni frá. Aldur 67+. Uppl. í síma 849 5034.

# Vélstjóri

**Vélstjóri óskast á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði.**

Góð laun í boði fyrir góðan mann.
Uppl. í síma 565 0830/ 896 3939.

# A. Þ. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

**Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.**



# Delludagar

í smáauglýsingum Fréttablaðsins
Mánud. - Föstud.

Bílaauglýsingar á 40% afslætti

Sími 550 5000





HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

## Sími 513 4300

| | |
|---|---|
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Anna María Kristjánsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |

Frum

www.husid.is

### Stærri íb. og sérh. Berjarimi - Grafarvogur



Mjög falleg og góð 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í snyrtilegu átta íbúða, tveggja hæða Permaform húsi með sérinngangi frá sértröppum. Þvottahús innan íbúðar. Baðherbergið er nýendurnýjað, flísalagt og fallegt, með glugga. Eikar parket á holi, eldhúsi og stofu. Stórar vestur svalir með frábæru útsýni yfir borgina og sundin. Verð 20,6 m.

### Jörð Eyvindará við Egilsstaði



Höfum fengið til sölu jörðina Eyvindará á Fljótsdalshéraði, rétt norðan við Egilsstaði. Jörðin er 587 ha. og er án húsakosts. Efri hlutinn jarðarinnar gæti hentað vel til sumarhúsabyggðar og jafnvel skógræktar og er hluti svæðisins bundinn samningi við Héraðsskóga, svo má minnast á mögulega virkjanamöguleika í Miðhúsaánni. Neðri hlutinn sýnist geta hentað mjög vel til íbúðarbyggðar og þá helst þá hluti sem er næst Egilsstöðum. Malarnám hefur verið á eyrunum við ánna

### Stærri íb. og sérhæðir Safamýri - Rvk



Sérlega glæsileg, falleg og rúmgóð 5 herb. 143,6 fm aðalsérhæð á fyrstu hæð með kjallara undir og annari sérhæð yfir í Steniklæddu og fallegu 3ja íbúða steinsteyptu húsi á þessum eftirsótta stað ásamt sérbyggðum 27,6 fm bílskúr. Nýlega er búið að setja allar innihurðar nýjar, bæði baðherbergin eru nýgegnumtekin á glæsilegan hátt, eldhúsið er rúmgott og glæsilegt með nýrri HTH innréttingu. Laus. Verð 41,9 m.

### Einbýli Mjósund - Hfj



Sérlega kósý og mjög mikið endurnýjað 84,1 fm einbýlishús á einni hæð með rislofti ásamt kjallara á frábærum stað í einum elsta hluta Hafnarfjarðabæjar. Húsið stendur á 286,2 fm lóð og er keyrt og komið að því frá Strandgötunni á milli rauða, nýja fallega hússins og blá uppgerða bárujárnsklædda húsinu. Búið er að setja nýja og er mjög fallegt og sjarmerandi. Verð 28,7 m.

### 4ra herbergja Ljósheimar - Rvk.



4ra herbergja, 100 fm íbúð á efstu hæð í 8 hæða vel viðhaldinni rólegri 2ja lyftu blokk með þvottahúsi innan íbúðar. Íbúðin er 3 herbergi, stofa, eldhús m. glugga og borðkrók, forstofa, hol, baðherbergi, þvottahús. Aðgengilegt að breyta herbergjaskipan. Sér inngangur af svölum. Stórkostlegt útsýni. Nokkurra mínútna gangur í þjónustuna í Glæsibæ og Skeifunni. Verð 21,9 milljónir króna.

### Rauðavað 13 - 25 110 Reykjavík



- 2ja og 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán

### 2ja herbergja Bergstaðarstræti - Rvk



Höfum fengið til sölu tvær 2 herbergja 28 fm, samþykktar íbúðir á 1 hæð í þessu fallega húsi á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar, íbúðirnar henta vel til útleigu, fyrir fólk utan af landi eða sem fyrstu kaup og eru íbúðirnar vel skipulagðar. Áhvílandi er á hvorri íbúð um 8,5 m. samtals um 17 m. og verðið er 9,8 m. samtals 19,6 m. Íbúðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.

### 4ra herbergja Flétturimi - Grafarvogur



Laus við samning. 86,1 fm íbúð. Eldhús með hvítri innréttingu. Baðherbergið með flísum á gólfi og veggjum, baðkar. Svefnherbergin eru þrjú og eru öll með dúk á gólfi og skápum. Stofa með dúka á gólfi og útgang á hellulagðar svalir með fallegu útsýni. Rúmgott þvottahús er innan íbúðar með dúk á gólfi. Sameign snyrtileg.

Verð 20,6 m

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

## VISSIR ÞÚ ...

... að söngleikurinn Hringadróttinssaga, sem frumsýndur var í Princess of Wales-leikhúsinu í Toronto í Kanada 23. mars 2006, er sá dýrasti í uppsetningu? Hann kostaði nærri 1.587 milljónir króna.

... að lengsta eins strengs perluhálsfesti sem gerð hefur verið er 150 m löng? Ítalinn Roberto Moschetto De Wan bjó hana til úr 12.000 perlum í tilefni opnunar tískuvikunnar í Mílanó á Ítalíu 17. febrúar 2006.

... að gullfiskurinn Albert Einstein er methafi í brellum gullfiska? Hann lumar á sex skemmtilegum brellum. Hann getur til dæmis spilað fótbolta og dansað limbódans. Bandaríkjamaðurinn Dean Pomerlau þjálfaði hann í Fiskaskólanum í Gibsonia í Pennsylvaníu.

... að hæsti skúlptúr sem hefur verið skorinn út í klaka er 12,28 m á hæð? Frakkinn Michael Amann gerði hann í Ski Dubai í Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, 20. apríl 2006. Smíðin tók tíu daga en Michael naut aðstoðar tíu manna við hana. Alls voru 45 tonn af ís notuð í skúlptúrinn.

... að dýrasta íbúðarhúsnæði heims er í eigu milljarðamæringsins Donalds Trump? Húsnæðið nefnist La Maison de L´Amite og er 3.065 fermetra strandhýsi í Flórída í Bandaríkjunum. Söluverð þess var sagt vera 8,9 milljarðar króna í maí 2006.

... að sá sem unnið hefur flest ólympíuverðlaun í skotfimi karla er Þjóðverjinn Ricco Gross? Hann hefur sjö sinnum unnið til verðlauna í skíðaskotfimi á vetrarólympíuleikum: þrjú gull (4 x 7,5 km árin 1992, 1994 og 1998), þrjú silfur (10 km 1992 og 1994; 4 x 7,5 km 2002) og eitt brons (eltingaleikur 2002).

... að tekjuhæsta klæðskiptamyndin er bandaríska kvikmyndin Mrs. Doubtfire frá árinu 1993? Kostnaður við gerð myndarinnar nam 1.791 milljón króna en tekjur af henni námu 30.291 milljón króna.

... að hin bandaríska Madonna á metið í hæstu árstekjum söngkonu? Hún þénaði jafnvirði 3.530 milljónir króna árið 2004 samkvæmt lista Forbes yfir 100 mestu stjörnurnar sem út kom 15. júní 2005.

... að árið 1899 framkallaði Króatinn Nikola Tesla lengstu manngerðu eldinguna í tilraunastofu sinni í Colorado í Bandaríkjunum? Var hún 40 m löng og þruman sem fylgdi henni er sögð hafa heyrst í 35 km fjarlægð.

... að stærsti heimilisköttur í heimi mældist 122 cm frá trýni aftur á rófuendann. Þetta er niðurstaða mælinga á Maine Coon-skógarkettinum Verismo Leonetti Reserve Red (eða Leó) frá því í mars 2002. Loppurnar á þessum risa-kisa, sem elskar að éta gráðaost, eru svo stórar að þær passa í barnaskó nr. 34.

... að breski grínistinn Lee Evans hefur skemmt stærstum áhorfendaskara á uppistandi? Voru 10.108 aðdáendur samankomnir til að berja goðið augum í MEN Arena í Manchester Bretlandi 19. desember 2005. Talan var fengin með því að reikna út fjölda afrifa við innganginn.

... að mesta fjall í heimi er að finna á Hawaii-eyjum? Mauna Kea (Hvíta fjall) teygir sig 10.205 m upp frá rótum sínum á hafsbotni í Hawaiiálnum, þar af skaga 4.205 m upp úr sjónum.

# Í TÆKINU: ELVIS

## *Kaupir frekar myndir*

Andrea Jónsdóttir útvarpskona segist ekki vera mjög dugleg að fara á myndbandaleigur og leigja sér myndir. „Ég kaupi frekar myndir en að leigja þær," segir hún.

Síðast horfði Andrea á gospeltónlistarmyndband með Elvis Presley. „Myndin heitir He Touched Me - The Gospel Music of Elvis Presley. Þetta er mjög flott mynd því hann hafði svo mikinn áhuga á gospeltónlist, hún var hans músík. Ég keypti þessa mynd einhvern tímann í Skífunni og finnst svolítið merkilegt að þetta skuli hafa verið til því það er svo langt síðan þetta var."

Andrea segist ennþá eiga vídeótæki sem hún notar mikið og fulla skápa af vídeóspólum. „Þetta er kannski mest músík sem ég á en svo er alls konar efni innan um, barnaefni og áramótaskaup og svoleiðis," segir hún og hlær.



Andrea á töluvert af tónlistarmyndböndum.




# Bjartar efnahagshorfur - þenslan gengur niður

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


JÓN SIGURÐSSON

Allt bendir nú til þess að þenslan í íslensku hagkerfi sé að ganga niður. Í vor og sumar lýkur mestu stórframkvæmdum Íslandssögunnar og hefur það auðvitað veruleg áhrif. Hækkanir íbúðaverðs hafa einnig verið að minnka.

Þrátt fyrir þetta verður atvinnuöryggi tryggt á komandi mánuðum og kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur áfram að aukast, enda þótt um hægist. Þetta tvennt, atvinna og kaupmáttur ráðstöfunartekna, eru þeir þættir sem varða almenning mestu.

Á árinu 2007 er gert ráð fyrir 2,2% hagvexti og 3,8% verðbólgu, sem mun nálgast verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands eftir því sem líður á árið. Viðskiptahalli verður enn talsverður, en mun þó lækka úr 22,4% af landsframleiðslu í fyrra niður í 14,5% á þessu ári. Hafa ber í huga að viðskiptahallinn tengist að hluta arðbærum framkvæmdum.

Framleiðsluspenna í hagkerfinu gengur niður á þessu ári og aðhald í stjórn peningamála hefur aukist. Aðhald í stjórn ríkisfjármála hefur einnig farið vaxandi.

Það lá fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að þensla hlyti að verða um skeið í efnahagslífinu á þessu kjörtímabili. Stærstu verklegar framkvæmdir Íslandssögunnar, á Austurlandi, hlytu að hafa slík áhrif. Vitað var líka að umbylting fjármálakerfisins yrði áraun fyrir jafnvægi, enda þótt fáir hafi getað séð fyrir þá stórkostlegu þróun og vöxt sem hlaupið hefur í íslensku viðskiptabankana og útrásarfyrirtækin á síðustu árum. Þá var því einnig lýst fyrirfram að umbreytingar á fasteignalánamarkaði yrðu þensluvaldandi, en reyndar gat enginn séð fyrir þá þenslu sem varð við innkomu viðskiptabankanna á þann markað í skyndi á síðari hluta árs 2004 og síðan.

*Því síður er forsenda til að kenna íslensku krónunni um. Gengisbreytingar eru ævinlega tvíhliða eða marghliða og fleiri gjaldmiðlar hækka og lækka en hún ein.*

Engin ástæða er til að fjargviðrast um hagstjórnarmistök. Þetta eru mikilsverð þróunarverkefni sem hafa veruleg áhrif á allt efnahagsumhverfið meðan á þeim stendur. Ekki eru heldur ástæður til að kenna stýrivöxtum um þensluna. Stýrivextir eru liður í viðbragði og lækningu en ekki undirrót vanda.

Því síður er forsenda til að kenna íslensku krónunni um. Gengisbreytingar eru ævinlega tvíhliða eða marghliða og fleiri gjaldmiðlar hækka og lækka en hún ein. Íslenska krónan hefur staðið sig eftir öllum atvikum vel og gegnt hlutverkum sínum enda liggur það fyrir að erlendir bankar lýsa áhuga á henni og á íslensku vaxtastigi með útgáfum krónubréfa.

Aftur á móti er ástæða til að hafa áhyggjur vegna afstöðu stjórnarandstöðunnar. Hún virðist einblína á útgjaldapólitík án þess að viðurkenna þörf á tekjuöflun og fyrir kröftugt samkeppnishæft atvinnulíf og viðskiptakerfi til að standa undir mennta- og velferðarkerfinu.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Vonbrigði

**Sigurjón M. Egilsson, ritstjóri DV, skrifar:**

Mikil eru þau vonbrigði að Fréttablaðið hafi valið í tvígang að birta athugasemdalaust grófar aðdróttanir Sigurðar G. Guðjónssonar í minn garð.
Eftir að hafa birt fullyrðingar Sigurðar í annað sinn leitaði Fréttablaðið viðbragða minna. Ég reyndi allt sem ég gat til að koma að viðbrögðum mínum vegna núverandi starfshátta Fréttablaðsins. Minn skilningur er sá að fulltrúa Fréttablaðsins hafi ekki þótt viðbrögð mín falla að sínum vilja. Farið var með nokkrar dæmisögur fyrir mig sem ég næ ekki að skilja, enda að mínu mati skrifum Fréttablaðsins og mínum viðbrögðum algjörlega óviðkomandi.
Lengst af var sú vinnuregla á Fréttablaðinu að þegar einstaklingur var borinn sökum af öðrum, bar að leita til þess sem fyrir ásökunum varð og fá hans viðbrögð áður en frétt birtist. Í það minnsta verður að ætlast til þess af fjölmiðli að hann kanni fullyrðingar áður en þær eru prentaðar án hindrana.
Þessi breyttu vinnubrögð Fréttablaðsins valda mér vonbrigðum.

### Opið bréf til heilbrigðisráðherra

**Stjórn Félags um lýðheilsu hefur sent eftirfarandi yfirlýsingu til heilbrigðisráðherra.**

Stjórn Félags um lýðheilsu hefur rætt fyrirhugaðan flutning á skimun Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands fyrir brjóstakrabbameini frá núverandi húsnæði til fyrirhugaðrar Miðstöðvar um brjóstakrabbamein á vegum Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH). Það er skoðun stjórnarinnar að staðsetning skimunar vegna brjóstakrabbameins eigi að vera utan LSH. Það er ekki eðlilegt ferli að þúsundir frískra kvenna leiti fyrsta stigs þjónustu vegna almennrar skimunar á stofnun sem er í eðli sínu fremsta sjúkrastofnun landsins hvað varðar lækningar við alvarleg veikindi. Flutningur á LSH klýfur auk þess núverandi þjónustu Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands við konur hvað varðar skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini. Stjórnin fer þess á leit við stjórnvöld og þá sem bera ábyrgð á þjónustu við konur sem koma í virka, almenna brjóstakrabbameinsskimun að þeir leiti sameiginlega allra leiða til að bæta núverandi þjónustu án þess að sjúkdómsvæða forvarnarstarfið.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

GÖTUMARKAÐUR
LAUGAVEGI 91
- opið til kl.19:00 í dag

VERÐHRUN
...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

| | | |
|---|---|---|
| BOLIR | FRÁ: | 990 |
| DÖMUSKÓR | FRÁ: | 1.990 |
| HERRA GALLABUXUR | FRÁ: | 2.990 |
| DÖMUSTÍGVÉL | FRÁ: | 2.990 |
| ÚLPUR | FRÁ: | 4.990 |
| JAKKAFÖT | FRÁ: | 7.990 |
| DIESEL GALLABUXUR | FRÁ: | 4.990 |
| HERRA LEÐURJAKKAR | FRÁ: | 5.990 |
| DÖMU GALLABUXUR | FRÁ: | 3.990 |
| DIESEL BARNAFÖT | AFSLÁTTUR | 70% |

Fyrstur kemur fyrstur fær

OPIÐ ALLA HELGINA:
FÖSTUDAG 11-19:00
LAUGARDAG 11-18
SUNNUDAG 13-18

galleri
laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

# Aðlögun innflytjenda

**UMRÆÐAN**
Málefni innflytjenda


SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

Nýverið kynnti félagsmálaráðherra, Magnús Stefánsson, stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Markmið hennar er að tryggja að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og séu virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífs.

**Innflytjendaráð**

Meginverkefni innflytjendaráðs, sem sett var á laggirnar í lok árs 2005, er að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. Meðal annars á ráðið að vera stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun í málaflokknum. Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur gert að sinni er afrakstur vinnu innflytjendaráðs í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila.

**Tungumálið lykillinn að þátttöku í samfélaginu**

Stefnan kemur inn á flesta þætti samfélagsins enda eru innflytjendamál ekki afmarkaður málaflokkur. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu enda ríkir þjóðarsátt um það að standa dyggilega vörð um íslenska tungu. Hún er sameign þjóðarinnar og geymir sögu hennar, menningu og sjálfsvitund. Hún er einnig tæki til félagslegra samskipta og lykill að þátttöku í þjóðlífinu. Með öflugum stuðningi við íslenskunám innflytjenda sem sniðið er að þörfum hvers og eins er þjónað því tvíþætta markmiði að flýta fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu og styrkja stöðu íslenskunnar til framtíðar. Forsenda aðlögunar að nýju samfélagi og þátttöku í því er að geta tjáð sig á tungumáli þjóðarinnar. Rannsóknir sýna að mikill meirihluti fólks af erlendum uppruna á Íslandi vill læra íslensku. Að því skal stefna að íslenskunám fyrir innflytjendur feli jafnframt í sér fræðslu um íslenskt samfélag, gildi þess, menningararf og réttindi borgara og skyldur.

*Sú sérstaða okkar að þátttaka í hópi innflytjenda á atvinnumarkaðnum er hér meiri en þekkist annars staðar gefur okkur einstakt tækifæri til að skapa samfélag jafnra tækifæra.*

**Atvinnuþátttaka og fyrstu skrefin**

Í stefnu ríkisstjórnarinnar er einnig lögð sérstök áhersla á atvinnuþátttöku innflytjenda því launað starf er undirstaða velferðar. Atvinnuþátttaka á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, ekki síst meðal innflytjenda og er það stefna stjórnvalda að svo verði áfram. Jafnframt er lögð áhersla á virkt eftirlit með að gildandi lög séu virt og að kjarasamningar haldi. Þá þurfa innflytjendur að fá greinargóðar upplýsingar um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur borgara í landinu sem stuðla að farsælli aðlögun og þátttöku þeirra í samfélaginu. Til þess að mæta þessu markmiði er í vinnslu útgáfa upplýsingabæklings í samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem veita innflytjendum þjónustu. Markmið slíks bæklings er að auðvelda innflytjendum fyrstu skrefin í nýju landi svo að allt ferlið gangi vel fyrir sig.

**Næstu skref**

Innihald stefnunnar er yfirgripsmeira en hægt er að gera skil í einni blaðagrein. Við þessi tímamót sem samþykkt ríkisstjórnarinnar á stefnu hennar um aðlögun innflytjenda er horfum við fram á veginn. Nú er að láta hendur standa fram úr ermum. Sú sérstaða okkar að þátttaka í hópi innflytjenda á atvinnumarkaðnum er hér meiri en þekkist annars staðar gefur okkur einstakt tækifæri til að skapa samfélag jafnra tækifæra allra og stuðla að þátttöku allra borgara, innflytjenda þar með talinna, í samfélaginu.

*Höfundur er þingmaður Framsóknar og formaður innflytjendaráðs.*

# Til stuðnings Margréti Sverrisdóttur

**UMRÆÐAN**
Landsþing


SIGURLÍN MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Menn hafa ekki farið varhluta af að miklar deilur geisa nú innanbúðar í Frjálslynda flokknum. Deilurnar snúast fyrst og fremst um hver sé hæfastur að leiða flokkinn.

Ég lýsi hér með fullum stuðningi við Margréti Sverrisdóttur sem sækist eftir embætti varaformanns Frjálslynda flokksins. Það er mér sönn ánægja að segja að ég hef átt gott samstarf við Margréti undanfarin fjögur árin sem ég hef þekkt hana. Hún gengur beint til verka og gengur ekki frá verki fyrr en fullklárað er. Hún þekkir stefnuskrá flokksins í gegn og vinnur samkvæmt henni af heilindum. Mörg málin hafa komið á borð til hennar og hún hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum í nafni Frjálslynda flokksins undanfarin ár og komið fram fyrir hans hönd á opinberum viðburðum og staðið fyrir máli sínu í nafni flokksins.

Margrét er sjálfs síns herra og lætur föður sinn, sem er stofnandi flokksins, ekki hafa orð fyrir sér eins og hlustendur Útvarps Sögu hafa fengið að heyra á undanförnum mánuðum. Mér er ljúft að rita þessar fáu línur til stuðnings Margréti Sverrisdóttur í fremstu forystu Frjálslynda flokkins á landsþingi sem haldið verður nú um helgina á Hótel Loftleiðum.

Hægt er að skrá sig í Frjálslynda flokkinn og koma á landsþingið og ljá Margréti Sverrisdóttur atkvæði sitt.

*Höfundur er varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi.*

# Landsstjórinn segir nei

**UMRÆÐAN**
Stækkun álversins


ELVAR GEIR SÆVARSSON

Árni Sigfússon er bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Samt segir hann í Morgunblaðinu þann 13. janúar að ekki verði um kosið um stóriðjuáform á Suðurnesjum. En er það Árna að ákveða það? Framkvæmdirnar sem bæjarstjórinn vill ekki að kosið verði um eru að megninu til í landi Garðs, Sandgerðis, Grindavíkur og Hafnarfjarðar en minnst af mannvirkjunum eru í því landi sem umboð bæjarstjórans í raun og veru nær til. Árni hefur aðeins umboð til þess að tala fyrir hönd Reykjanesbæjar. Samt sem áður lætur hann eins og hann sé full fær um að taka ákvarðanir, einn og óstuddur, fyrir hönd allra á Reykjanesskaganum.

Aðdragandinn að útspili Árna er fundur Sólar á Suðurnesjum þann 12. janúar síðastliðinn. Tilgangur fundarins var að kynna fyrir Suðurnesjamönnum og öðrum Íslendingum umsvif fyrirvofandi stóriðjuframkvæmda með álveri í Helguvík og tilheyrandi virkjunum víðsvegar á Reykjanesskaganum. Að frátöldum íbúafundi sem sveitarstjórnin í Garði stóð fyrir hefur lítið sem engin kynning farið fram á meðal íbúa svæðisins en engu að síður er unnið að framvindu málsins af fullum krafti. Íbúar sem málið varðar hafa ekki fengið neinar haldgóðar upplýsingar um stöðu mála og áformin í heild sinni, enda hafa allar umræður farið fram og allar ákvarðanir verið teknar fyrir luktum dyrum í bakherbergjum landsstjórans sjálfskipaða.

Markmið Sólar á Suðurnesjum eru þrjú: 1) Að varðveita náttúrufar og landslagsheildir Reykjanesskagans. 2) Að opna fyrir umræðu meðal almennings um áhrif álvers og orkumannvirkja á umhverfi og samfélag. 3) Að knýja fram kosningar um þessi stórfelldu áform sem varða öll sveitarfélögin á Reykjanesskaganum. Reykjanesbær og Garður hafa samkvæmt yfirlýsingu gert samning við álrisa um staðsetningu á álverksmiðju í Helguvík. Sól á Suðurnesjum krefst kosninga um málið en landstjóri segir nei því hann vill ekki ganga gegn gerðum samningum. Á heimasíðu Reykjanesbæjar hvetur bæjarstjórinn bæjarbúa til að hafa áhrif á stefnumótun og framkvæmdaröð í bæjarfélaginu, en þegar hann er inntur eftir þessu loforði sínu gengur hann engu að síður á bak orða sinna. Siðferðileg skylda hans ætti að vega þyngra gagnvart þegnum bæjarins en gagnvart erlendu stórfyrirtæki, en svo virðist ekki vera.

*Sól á Suðurnesjum krefst kosninga um málið en landstjóri segir nei því hann vill ekki ganga gegn gerðum samningum.*

Umhverfisraskið sem fylgja myndi álveri í Helguvík væri gríðarlegt. Til stendur að mæta orkuþörfinni með nokkrum nýjum jarðvarmavirkjunum víðsvegar á Reykjanesskaganum, í Krýsuvík, við Sandfell og á Trölladyngjusvæðinu. Háspennulínur myndu liggja eftir skaganum þvert og endilangt, og langþráður Ósabotnavegur yrði línuvegur ef áformin munu ná fram að ganga. Það liggur ekki einu sinni fyrir hvort nýtileg orka sé til staðar, en samt þykir ekki tímabært að spyrja íbúa Suðurnesja hvort þeir kæri sig um þessa afdrifaríku framkvæmd. Hafnfirðingar einir fá að kjósa um stækkun álversins í Straumsvík jafnvel þó virkjanir vegna þeirra framkvæmda séu í öðrum landshluta, og því ætti kosning að vera augljós kostur fyrir Suðurnesjamenn, þar sem verksmiðja og virkjanir eru í þeirra landi. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar er þó ekki þeirrar skoðunar enda finnst honum betra að lágmarka upplýsingaflæðið til þegna sinna. Það er gömul saga og ný að upplýsingar og upplýst umræða er jafnan óhagstæð framvindu mála og áforma þegar áformin eru í eðli sínu óréttlætanleg. Skyldu hinar sveitarstjórnirnar sem málið varðar vera hliðhollar vinnubrögðum einræðis og leyndar?

*Höfundur er talsmaður samtakanna Sól á Suðurnesjum.*


# Höldum óhreinindum á mottunni



Úti- og innimottur
fyrir íslenskar aðstæður

NOTRAX®
gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfið innandyra verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu



Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6217A


# Flokkurinn þarf samstæða forystu

**UMRÆÐAN**
Frjálslyndi flokkurinn


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Það er óhætt að segja að mjög óhefðbundnar aðferðir í kosningabaráttu hafi staðið yfir undir formerkjum sáttar þar sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa verið löðrungaðir hvað eftir annað.

Í yfirvofandi kosningum um forystu í Frjálslynda flokknum legg ég þunga áherslu á að kosin verði forysta sem getur staðið þétt saman í aðdraganda alþingiskosninga og ekki síður að loknum kosningum í vor.

Samhent forysta er gríðarlega mikilvæg fyrir framtíð flokksins og það er alls ekki gæfulegt að ætla að velja manneskju til að leiða flokkinn sem getur ekki lýst því yfir að hún ætli að starfa áfram í flokknum ef hún verður undir í kosningu.

Þau átök sem fara fram um helgina eiga sér nokkurn aðdraganda og er ljóst að þau snúast að sögn þeirra sem bjóða sig gegn núverandi forystu ekki um málefni. Hvert er þá bitbeinið? Það varðar eingöngu persónulegan metnað þeirra sem bjóða sig fram gegn forystu flokksins. Það er gert þótt augljóst sé að það geti skaðað Frjálslynda flokkinn og gert honum erfiðara um vik að vinna að baráttumálum sínum gegn kvótakerfinu og ranglátu skattkerfi.

Það er íhugunarefni að fara yfir það rök sem notuð hafa verið opinberlega gegn þingmönnum Frjálslynda flokksins á síðustu mánuðum.

Í fyrsta lagi hafa þingmenn verið sakaðir um óheilindi varðandi inngöngu félaga úr Nýju afli í Frjálslynda flokkinn. Ranglega hefur verið fjölyrt um einhverja sameiningu þessara flokka og má m.a. lesa þær rangfærslur í Blaðinu í dag. Þessi óvild í garð félaga í Frjálslynda flokknum sem komu úr Nýju afli er að einhverju leyti sprottin upp úr óvild og gömlum erjum í garð örfárra einstaklinga sem voru framarlega í þeirri sveit.

Ég er þeirrar skoðunar að fólk sem er í stjórnmálum verði að geta lagt til hliðar áragamlan persónulegan ágreining þegar lagst er á árar um að ná fram þjóðþrifamálum.

Í öðru lagi hafa þingmenn flokksins verið sakaðir um kynþáttahatur og andúð gegn múslimum og að fara á svig við stefnu flokksins í málefnum útlendinga og þar hafi fyrrverandi framkvæmdastjóri rétt af stefnu þingmannanna.

Í brigslyrðum í garð Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem stóð í orrahríð umræðunnar um útlendingamál jafnaði Margrét Sverrisdóttir fólki í Krossinum við öfgamenn úr röðum múslima.

Þau orð vöktu hörð viðbrögð meðlima Krossins og í framhaldinu ræddi ég við Gunnar Þorsteinsson um málið og tók sérstaklega fram að ég væri ekki sömu skoðunar og Margrét og reyndi að leiða Gunnari fyrir sjónir að ef til vill væri um túlkun blaðamanns að ræða.

Í þriðja lagi var eðlilegri uppsögn á framkvæmdastjóra þingflokks snúið á allra versta veg sem mögulegt var.

Í fjórða lagi hafa þingmenn Frjálslynda flokksins opinberlega verið sakaðir af frambjóðendum til forystu í flokknum um dómgreindarbrest og alvarleg mistök vegna þeirrar yfirlýsingar að vilja að varaformaður og formaður verði samstiga eftir komandi landsþing.

Í fimmta lagi er látið að því liggja að Frjálslyndi flokkurinn láti frambjóðendur til forystu í flokknum gjalda fyrir kyn sitt.

Í sjötta lagi er hótað sérframboði og klofningi í sambland við ólíkindafarsa í kringum eignarhald á nafni Frjálslynda flokksins.

Það er heilbrigt og gott að menn sýni persónulegan metnað og lýsi sig tilbúna til að taka á sig skyldur en kappi verður að fylgja forsjá.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Hvað er að frétta?




Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_

www.visir.is

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

**GÍSLI EINARSSON SJÓNVARPSMAÐUR ER FERTUGUR Í DAG**

*„Það bætir heilsuna talsvert að hafa gaman af því að vera til og taka ekki lífið of hátíðlega. Það er of stutt til þess.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 26. JANÚAR 1945**

## *Rauði herinn kemur til Auschwitz*



Á þessum degi árið 1945 frelsuðu sovéskir hermenn fanga í útrýmingarbúðunum í Auschwitz í Póllandi. Auschwitz voru í rauninni klasi fangabúða; þrjár aðalbúðir og 40 minni. Auschwitz II búðirnar í Birkenau, sem reistar voru 1941, voru alræmdastar. Þar voru yfir 300 kofar sem fangarnir bjuggu í, fjögur „baðhús“ eins og gasklefarnir voru kallaðir, líkkjallarar og líkbrennsluofnar. Þúsundir fanga gengust undir „læknisfræðitilraunir“ undir stjórn Jósefs Mengele, engils dauðans.

Rauði herinn hafði sótt sífellt lengra inn í Pólland frá því um miðjan janúar og eftir að hafa náð Varsjá og Kraká á sitt vald var stefnan tekin á Auschwitz. Þegar nasistar fengu veður af því fór morðaldan í búðunum á hærra stig. Fangar á sjúkrabeði voru skotnir og reynt var að brenna öll sönnunargögn. Þegar Sovétmenn náðu loksins til búðanna biðu þeirra um 650 lík og sjö þúsund illa leiknir fangar, nær dauða en lífi. Þá fundust sex vörugeymslur sem innihéldu hundruð þúsunda af kjólum, jakkafötum og skópörum fórnarlambanna sem nasistunum gafst ekki tími til að brenna.

**MERKISATBURÐIR**

**1778** Bretar hertaka Ástralíu.

**1788** Bresk fangaskip leggjast að höfn í Ástralíu. Fangarnir voru fyrsti vísir að fanganýlendu sem Bretar hugðust setja á fót í landinu.

**1865** Bretar lýsa því yfir að þeir muni ekki flytja fleiri fanga til Ástralíu.

**1930** Mohandas K. Ghandi, sjálfstæðisleiðtogi Indlands, sem var einnig þekktur sem „Mahatma“ Gandhi, hefur göngu sína yfir Indland til að mótmæla hersetu Breta.

**1947** Gústaf Adolf, krónprins Svíþjóðar, deyr í flugslysi í Danmörku. Hann var fertugur þegar slysið varð og skildi eftir sig fimm börn, þar á meðal Karl XVI Gústaf núverandi konung.

---



✝

*Elsku litla dóttir okkar, systir og barnabarn*

**Lísa Guðný Jónsdóttir**

Tröllateigi 49, Mosfellsbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans að kvöldi 23. janúar.

**Kristín Einarsdóttir** **Jón Karlsson**
**Einar Karl**
**Unnar Karl**
**Emma Sól**
**Guðný Kristín Árnadóttir** **Einar Markússon**
**Unnur Óskarsdóttir** **Karl Jóhannsson**

---



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnþrúður Björnsdóttir**

frá Grjótnesi, Safamýri 38, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 17. janúar síðastliðinn verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 30. janúar kl. 13:00.

**Sunna Karlsdóttir**
**Andri Valur Hrólfsson**
**Harpa Karlsdóttir**
**Vésteinn Rúni Eiríksson**
**Lilja Karlsdóttir**
**Snorri Páll Snorrason**
**Breki Karlsson**
**Fanný Kristín Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝

*Ástkær eiginmaður minn*

**Pétur Kristjánsson**

áður til heimilis á Fáskrúðsfirði, lést hinn 23. janúar á hjúkrunarheimilinu Garðvangi. Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bergþóra Eide Eyjólfsdóttir.**

---



**KAORU UMEZAWA** Kaoru hefur kennt japönsku við Háskóla Íslands frá árinu 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HÁSKÓLI ÍSLANDS:** JAPÖNSK HÁTÍÐ Í ÞRIÐJA SINN

# Gestir upplifa Japan

Japönsk hátíð verður haldin í þriðja sinn í hátíðarsal Háskóla Íslands á laugardag á vegum sendiráðs Japans og japanskrar kennsludeildar innan Háskólans.

Gestum verður boðið að upplifa Japan í gegnum margvíslegar uppákomur og kynningar. „Á þessu ári verðum við í fyrsta sinn með spurningakeppni fyrir áhorfendur þar sem við könnum vitneskju þeirra um Japan. Við reynum að vera með eitthvað nýtt á hverju ári. Það hefur gengið mjög vel undanfarin tvö ár og um 400 manns hafa mætt,“ segir Kaoru Umezawa, japönskukennari við Háskóla Íslands.

Á sviði háskólans verður Budo sýnt (Judo, Karate og Aikido bardagalistir) sem og kynningar á vegum nemenda svo sem anime og manga. Japanskar bókmenntir verða einnig kynntar ásamt japanskri matargerð. Hægt verður að smakka maccha te og nammi í tebásnum. Í japanska skrautskriftarbásnum geta gestir fengið nöfn sín skrifuð í kanji- og katakanaletri eða farið og séð origami-bréfbrot í samnefndum bás.

Að auki verður á hátíðinni m.a. ljósmyndasýning og úrval af mismunandi gerðum japanskrar nútímatónlistar. Fólk mun einnig fá tækifæri til að læra að leika igo, sem er japönsk gerð skákar, auk þess sem karaokebar með óáfengum veitingum verður opinn. Allir básar lúta reglunni „fyrstir koma, fyrstir fá“. Hátíðin stendur yfir frá klukkan 13 til 18 og er frítt inn.

Að sögn Kaoru er japanska kennd til þrjátíu og sextíu eininga við Háskóla Íslands. Fyrstu þrjátíu einingarnar geta nemendur tekið hér á landi en hinar þrjátíu þarf að taka í Japan. Verið er að vinna í því að nemendur geti tekið sextíu einingar hér á landi, enda er mikill áhugi fyrir því á meðal nemenda. **freyr@frettabladid.is**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,*

**Björn Sigurðsson**

bóndi, Sauðhaga 2, Völlum,

andaðist 20. janúar. Útför hans fer fram frá Egilsstaðakirkju hinn 27. janúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Egilsstöðum eða Krabbameinsfélagið.

**Jóhanna Freyja Björnsdóttir** **Magnús S. Magnússon**
**Magnea Herborg Björnsdóttir** **Sigmar Björnsson**
**Amalía Björnsdóttir** **Sigurður Ragnar**
**Ásbjörg, Hrafnhildur, Magnús, Freyja, Björn Geir, Baldvin, Ólöf Sölvadóttir .**

---



✝

*Í minningu ástkærrar eiginkonu og besta vinar,*

**Ólafar Hermannsdóttur (Lóu)**

sérkennara, Barmahlíð 28.

Ólöf lést hinn 16. janúar á LSH Fossvogi. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ragnar Jóhann Guðjónsson**
**Guðbjörg Ragnarsdóttir (Gugga)** **Holgeir Jónsson**
**Ragnar Jóhann Holgeirsson og Berglind Anna Holgeirsdóttir.**

---



*Elsku mamma okkar, fósturmamma, tengdamamma, amma, langamma, langaló og systir,*

**Kristín Eiríksdóttir**

Jöklaseli 25, 109 Rvk,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 23. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jónína Þóra Sigurjónsdóttir** **Sveinn F. Sveinsson**
**Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir** **Salmann Tamimi**
**Katrín Sigurjónsdóttir** **Sölvi Guðbjartsson**
**Ásdís Þórðardóttir** **Hallgrímur J. Jónasson**
**Barnabörn, langömmubörn og systkini.**

# Nýjar vörur



**Peysa**
m/hettu
margir litir
st. 8-14
TILBOÐ
**2.999 kr**
Verð áður 3.499,-

**Bolur**
margir litir
st. S-L
**1.499 kr**



true
**Bolur**
svartur
st. S-XL
**1.999 kr**

**Hlírabolur**
margir litir
st. S-L
**799 kr**

ICHI
**Gallabuxur**
st. 25:32-32:34
TILBOÐ
**4.999 kr**
Verð áður 5.499,-

**Leggings**
svartar, gráar
st. S/M-X/L
**1.499 kr**

## Ný sending af flottum töskum





**Stígvél**
svört, brún
st. 36-41
verð frá
**4.999 kr**

**Stígvél**
svört, brún
st. 36-41
**4.999 kr**



**Canvas skór**
án reima
st. 28-46
verð frá
**1.999 kr**

**Canvas skór**
st. 28-46
verð frá
**1.999 kr**

Gildir til 28. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






## STUÐ MILLI STRÍÐA: HUGMYNDALEYSI OG HALLÆRISHEIT

**ROALD EYVINDSSON** VILL STOFNA EVRÓVISJÓN ANONYMOUS



Nú er forkeppni á framlagi Íslendinga til Evróvisjón hafin og menn enn einu sinni farnir að hneykslast á hugmyndaleysinu, hallærisheitunum og lágkúrunni sem þar veður uppi. Sjálfum finnst mér með ólíkindum að fólk sé enn og aftur farið að æsa sig yfir þessu öllu saman. En það er bara eins og fólk ráði ekki við sig. Þetta er mynstur sem endurtekur sig á hverju ári og mætti skipta niður í fjögur stig.

Við erum sem stendur stödd á fyrsta stiginu, það er að segja „Svartsýniskastinu“. Það lýsir sér í vonbrigðum með forkeppnina, hugsanlegu ósætti með sigurvegara hennar og litla sem enga von um gott gengi í undan/aðalkeppninni.

Þá tekur næsta stig við, „Bjartsýnisbústið“. Eftir að keppendur hinna landanna hafa flutt lög sín áttum við okkur á því að íslenska framlagið er kannski ekki svo slæmt. Það er bara alveg ágætt, sérstaklega eftir að því var snarað á ensku og skelfilegu búningunum skipt út. Engar svuntur, takk fyrir!

Stig þrjú: „Sigurvissan“. Eftir látlausa spilun í útvarpi, góðar spár veðbanka og þá jákvæðu athygli sem íslenski keppandinn fær ytra, er nokkuð ljóst að við munum vinna keppnina. Eins gott að flýta aftur framkvæmdum á byggingu tónlistarhússins. Ekki skulu fjandans Danirnir fá að halda keppnina fyrir okkur, svo mikið er víst.

Fjórða og síðasta stigið: „Afneitun“. Við sigrum ekki, heldur einhver klæðalítill keppandi með dularfullum hreim. Enginn skilur neitt í neinu. Hér hljóta að vera pólitísk öfl að verki. Kannski bölvun. Þetta er nú ekki í fyrsta sinn sem við lendum í 16. sæti. Búningurinn var reyndar ekki til að hrópa húrra fyrir. Heldur ekki hárið. Hvað var síðan málið með bakraddadansinn? Keppandinn var líka eitthvað taugaóstyrkur. Þetta lag var náttúrlega vitavonlaust frá upphafi. Til hvers erum við annars með? Þetta fólk er hvort eð er mörgum öldum á eftir í tónlistarsmekk. Við látum sko ekki hafa okkur út í svona vitleysu á næsta ári. Eða hvað?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





LAGERSALA
Office1
Skeifunni 17
70% afsláttur
70% afsláttur
af ritföngum, skrifstofuvörum,
húsgögnum og skólavörum.
SPRENGJUTILBOÐ
á tölvum og flatskjám
Aðeins brotabrot af þeim tölvum
sem eru á tilboði hjá okkur!!!
1GB
VINNSLUMINNI
BÚÚÚÚMM!
BÚÚÚÚMM!
AIRIS
RUGL
VERÐ
AIRIS
Fartölva N920
TILBOÐ
54.990.-
Takmarkað magn!
acer
Fartölva AS 3660
100
GB
HARÐUR DISKUR
TILBOÐ
99.900.-
Takmarkað magn!
RUGL
VERÐ
Office1 Superstore

**Kl. 14.00**
*Stephan Stephensen, öðru nafni President Bongo, sýnir í 101 Gallery við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina IF YOU WANT BLOOD … YOU´VE GOT IT! og er opin milli kl. 14-17, þriðjudaga til laugardaga, til 15. febrúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gítartónleikar í Áskirkju

Gítarleikarinn Kristinn Árnason heldur tónleika í Áskirkju á morgun kl. 15. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Weiss, Bach, Barrios, Giuliani og Granados. Einnig frumflytur Kristinn verk eftir sjálfan sig.
Kristinn hóf ungur nám í klassískum gítarleik og lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 1983. Hann stundaði framhaldsnám í New York, Englandi og á Spáni. Hann hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og erlendis og auk þess hljóðritað fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Kristinn hefur leikið inn á fjölda geisladiska og hlaut diskur hans með verkum eftir Sor og Ponce íslensku tónlistarverðlaunin árið 1997. Hann hefur einnig starfað með fjölmörgum hljómsveitum, þar á meðal sýrupolkasveitinni Hr. Ingi R og Rússíbönunum.



**KLASSÍK Í ÁSKIRKJU** Kristinn Árnason gítarleikari flytur fjölbreytt verk á tónleikum sínum á morgun.



**> Dustaðu rykið af …**

Grettissögu. Skáldmælta heljarmennið hefur orðið ófáum innblástur en nú á vordögum bregður leikarinn Halldór Gylfason sér í gervi Grettis í samnefndum söngleik. Þá er ekki heldur úr vegi að renna yfir kvæði Gríms Thomsen þar sem segir af átökum þeirra Grettis og Gláms.

# Drungarokk í Nýló

Innsetning Kolbeins Huga Höskuldssonar í Nýlistasafninu verður tekin niður á mánudag, stóri salurinn á Laugaveginum hreinsaður út. Fíklaheimurinn þrifinn og salurinn fær aftur á sig hreina mynd hvítþvegins hofs nútímalistarinnar. Innsetningin er gífurlega áhrifamikil og grípur áhorfanda og gest þungur leiði og örvænting þegar stigið er inn í túlkun myndlistarmannsins á þessari hugsýn sem hann hefur staðfest með svo áþreifanlegum hætti. Til hátíðabrigða verður efnt til hljómleika í innsetningunni á laugardagskvöld: eru það síðustu tónleikar tónleikaraðarinnar Íslensk ógæfa. Hljómsveitirnar I Adapt, Retron og Alli og útlagarnir munu leika fyrir dansi og er fólk á öllum aldri hvatt til að koma og hlusta á tónana sem brúa kynslóðabilið í fréttatilkynningu Nýló um dæmið: „Hér er einstakt tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi og snobba bæði upp og niður og njóta myndlistarsýningar og tónleika. Kolbeinn mun ásamt samleigjendum sínum og vinum Elvari og Jóni Pálmari dvelja í Nýló yfir helgina og verður opið til miðnættis,“ segir þar og verður innsetningin mönnuð. Þeir sem vilja sjá verkið óspjallað af drungarokksgræjum verða að líta inn fyrir eða eftir giggið.

I Adapt er um þessar mundir að klára plötu í fullri lengd sem bera mun nafnið Chainlike Burden. Nýverið kom út í Bandaríkjunum klofningsskífa með I Adapt og The Neon Hookers á vegum Cabal Records útgáfunnar. Breska rokktímaritið Kerrang! hlóð hljómsveitina lofi eftir frammistöðu hennar á síðustu Airwaves-hátíð og minntust sérstaklega á fersk efnistök og kraftmikinn flutning. Sögðu m.a. að þetta hafi verið ein þeirra hljómsveita sem sannarlega hafi verið þess virði að hlusta á og undraði greinarhöfundur sig á því að hljómsveitin hefði ekki verið hærra skrifuð af tónleikahöldurum.



**KOLBEINN HUGI HÖSKULDSSON MYNDLISTARMAÐUR**

Í hinu bandinu, Retron eru tveir menn, tveir gítarar, IBM tölva og stundum trommari. Retron mun leika lög af óútgefnu meistarastykki sínu „Swordplay & Guitarslay“. Tónleikar þeirra eru sjónarspil sem verður að sjást ásamt því að heyrast, og eru því blindir ekki hvattir til að mæta. Þeir vöktu mikla athygli nýlega fyrir verk sitt Sonur minn, vélin sem frumflutt var í Tjarnarbíói í vetur. Að sögn eru helstu áhrifavaldar þeirra Player's Handbook og Dungeon Master's Guide. Sem sé leikandi létt stuð í heimi fíkniefnanna eins og Kolbeinn Hugi hugsar dæmið. **- pbb**



**LJÓSMYNDIR** Ein hinna áhrifamiklu mynda frá yfirgefinni skrifstofu í Chernobyl.

# Síðustu forvöð

Nú fer hver að verða síðastur að berja augum ljósmyndir David McMillan frá Chernobyl. Eins og flestir vita varð þar mikið kjarnorkuslys árið 1986 og 135.000 manns fluttir frá svæðinu. McMillan heimsótti svæðið fyrst árið 1994 og hefur síðan farið þangað ellefu sinnum. Hann hefur aðallega myndað í borginni Pripyat þar sem verkamenn kjarnorkuversins og fjölskyldur þeirra bjuggu. Á þessum tólf árum hafa byggingar hrörnað og gróður tekið yfir. Eins og hann segir sjálfur: „Þetta lokaða svæði er ótrúlegt, ekki dautt og staðnað eins og ætla mætti, heldur eiga sér stað breytingar og vöxtur dag frá degi.“

Sýningin er í galleríi Auga fyrir auga, Hverfisgötu 35 og er opin í dag kl. 15-19 og um helgina milli 14 og 17.



**LEIKLIST** Jóhann Sigurðarson, leikstjóri, leikari, söngvari og framkvæmdamaður í Sjálfstæðishúsinu gamla við Austurvöll – daginn fyrir frumsýningu.

# Jóhann leikstýrir í Nasa

**Það er frumsýning í kvöld hjá Jóhanni Sigurðarsyni leikara, nema að nú er hann ekki í búningi og reiðubúinn að skella sér á svið þegar kallið kemur. Í kvöld situr hann í sal og fylgist með að allt fari rétt fram. Frumsýningin er merkileg fyrir ýmsar sakir.**

Jóhann er að leikstýra sýningu fyrir eigið fyrirtæki í húsi sem í nær aldarfjórðung var alhliða menningar- og samkomuhús Reykvíkinga, Sjálfstæðishúsið gamla við Austurvöll eða Nasa eins og það kallast nú. Verkið er spennuleikur en nokkuð er liðið síðan hrein spennuverk stóðu leikhúsunnendum til boða. Höfundurinn kann að hrísla menn með brögðum sínum; verkið er Misery eftir Stephen King.

„Þetta er leikgerð sem fór fljótt af stað eftir að sagan kom út,“ segir Jóhann, „og hefur víða verið leikin. Ég hef ekki séð hana, en okkur hjá Studio 4 datt í hug að setja þetta á svið fyrir tveimur árum.“ Fyrirtækið sem hann talar fyrir var þá sett af stað í Saga Film stúdíóinu gamla í Vatnagörðum. Nú eru þeir komnir með reksturinn í Nasa.

„Það kom enginn til greina í þetta hlutverk nema Lolla,“ segir Jóhann, og á við Ólafíu Hrönn Jónsdóttur en hún leikur annað tveggja hlutverka í Misery. Mótleikari hennar er Valdimar Örn Flygenring en hann er einn aðstandenda Studio 4. Misery var bestseller spennusaga en er einkum þekkt í hugum manna sem kvikmynd með þeim James Caan og Kathy Bates í hlutverkunum tveimur.

„Leikurinn gerist í litlum bæ,“ segir Jóhann með sinni sterku rödd. „Svo var Lolla bara svo upptekin að við ákváðum að bíða. Við höfum æft þetta með hléum frá því í haust en verið að síðustu fimm vikur.“ Þau Ólafía eru reyndar bæði í vinnu hjá Baltasar Kormáki í Þjóðleikhúsinu þessa dagana í samlokuverkefni hans og Þjóðleikhússins, Ivanov fyrir svið og aðlögun til Íslands fyrir hvíta tjaldið. Það er nóg að gera.

„Það er betra að hafa rétt kast í hlutverkum, það verður að manna skútuna réttum mönnum og Ólafía hefur verið á ansi góðri undanfarið,“ segir Jóhann.

Það er dirfskufull tilraun að hefja leiksýningar í Sjálfstæðishúsinu á nýjan leik. Þar voru einkum fluttar revíur og skemmtidagskrár Bláu stjörnunnar frá 1947 til 1952. Sviðið þar var grunnt en breitt. Það hefur nú verið byggt fram og upp. Áður fyrr tók Sjálfstæðishúsið um 800 gesti, en viðmið hafa breyst, eldvarnarreglur eru aðrar og rekstrarumhverfi. Það verða um 200 sæti seld á sýningar á Misery. Hljóðkerfi og ljósabúnaður hússins hafa verið endurbætt og nýir stólar keyptir. Jóhann og félagar tjalda ekki til einnar nætur: „Húsið ber tiltekna tegund sýninga,“ segir Jóhann. Í eina tíð var vagga leiklistar í kvosinni. Það er steinsnar í Nýja klúbbinn þar sem Herkastalinn stendur, Hressingarskálann og hússtæði Fjalakattarins. Á öllum þessum stöðum var leikið. Iðnó er enn á sínum stað og Tjarnarbíó. Það er því skyndileg 50 prósenta aukning á leikhúsum í Kvosinni.

Jóhann er í launalausu leyfi frá Þjóðleikhúsinu. Hann og Valdimar reka Studio 4 ásamt Helga Ólafssyni skákmeistara, Hinrik Ólafssyni leikara og Ágústi Sindra Karlssyni lögmanni. Hann hefur fleiri járn í eldinum: í sjö ár hafa þeir Ólafur Haukur Símonarson unnið að verkefninu Þorpið, leikinni þáttaröð fyrir sjónvarp. Ólafur á sögurnar og samtölin. Verkefnið fékk á sínum tíma styrk frá Nýsköpunarsjóði, því hefur verið vel tekið hjá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum og Media-sjóði. Nú er Ólafur Rögnvaldsson framleiðandi kominn að verkefninu. „Hér heima hefur hvorki verið hugur né geta til að ráðast í leikið sjónvarpsefni, segir Jóhann, „kannski fer það að breytast.“

Það styttist í lokatékk fyrir kvöldið hjá leikstjóra og framkvæmdamanni. Hann fékk frí hjá Balta en þarf að fara að æfa í næstu viku. Misery verður í sýningum næstu vikur meðan aðsókn leyfir. **- pbb**


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
ÚTSALA
10-20% afsláttur af nýjum vörum
30-70% afsláttur af völdum vörum
Stendur til 1. febrúar
Premier
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 (örfásæti laus) /
Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

**Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN**

Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt /
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 /
Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 /
Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2 mar kl. 20

AUSTURBÆR

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is



Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

**FRÁBÆRIR SÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingveldur Ýr og Eyjólfur**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Landsvirkjun

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Í kvöld kl. 20 5.sýning Blá kort
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 2/2 kl. 20 Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús

Í dag kl. 17 FORSÝNING kr. 1.000
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fim 1/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20

**LADDI AFMÆLISSÝNING**
Lau 17/2 kl. 20 Lau 24/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Miðasala hafin Miðaverð 3.400

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**FOOTLOOSE**
Lau 27/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Allra síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 28/1 kl. 14 Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 4/2 kl. 13 UPPS. Sun 4/2 kl. 14 UPPS.
Sun 4/2 kl. 15 UPPS. Sun 11/2 kl. 13 UPPS.
Sun 11/2 kl. 14 UPPS. Sun 11/2 kl. 15 UPPS.
Sun 18/2 kl. 13 UPPS. Sun 18/2 kl. 14 UPPS.
Sun 18/2 kl. 15 UPPS. Sun 25/2 kl. 13 UPPS.
Sun 25/2 kl. 14 UPPS. Sun 25/2 kl. 15 UPPS.
Sun 4/3 kl. 13 UPPS. Sun 4/3 kl. 14 UPPS.
Sun 4/3 kl. 15 UPPS. Sun 11/3 kl. 13 UPPS.
Sun 11/3 kl. 14 UPPS. Sun 11/3 kl. 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13 Sun 18/3 kl. 14
Sun 18/3 kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1 **nokkur sæti laus,** fös. 2/2, fös. 9/2. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 28/1 **kl. 14:00** uppselt, sun. 4/2 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus,** sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2** kl. 20:00, **sun. 25/2 kl. 14:00.**

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
Í kvöld fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"?
í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau 27/1 **nokkur sæti laus,** mið. 7/2 **örfá sæti laus.** fös.2/2,
mið. 7/2 **örfá sæti laus,** lau. 10/2, lau. 17/2 **kl. 16:00 nokkur sæti laus,** mið. 21/2 **uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus, fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 27/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** uppselt og **kl. 14:00 uppselt,** sun. 28/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 örfá sæti laus, kl:14:00 uppselt** og **kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.**
**Síðustu sýningar.**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 örfá sæti laus og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**


# Nefnum dansleikhús



**LISTDANS** Dansleikhúsum fjölgar. Þetta eru piltarnir í dansleikhúsinu Watch My Back. Nú er að finna nafn á Dansleikhús LR og ÍD.

Snemma sumars verða fimm ár liðin frá því sambýlingar í Borgarleikhúsi, Leikfélag Reykjavíkur og Íslenski dansflokkurinn, stofnuðu til dansleikhúskeppni. Hefur hún jafnan átt sér stað í júní þar sem hefur komið saman margt nýtilegra hugmynda sem valdir höfundar hafa þróað með leikurum og dönsurum. Nú er undirbúningur hafinn að fimmtu keppninni og vilja samstarfsaðilar koma fastara formi á fyrirbærið, þar á meðal að gefa því nafn.

Dansleikhús er nýtt og vaxandi listform en tilgangur keppni af þessu tagi er að styðja þetta form, kanna möguleika þess og veita listamönnum tækifæri til að kynnast greininni betur. Mikill áhugi er á dansleikhúsi meðal listamanna þvert á listgreinarnar en umsækjendur hafa verið úr myndlist, tónlist, dansi og leiklist. Þetta er í fyrsta sinn í nær fjóra áratugi sem Leikfélag Reykjavíkur stofnar formlega undirdeild, en félagið hefur átt gott samstarf við Dansflokkinn sem hófst með flutningi hans í húsið í tíð Þórhildar Þorleifsdóttur. Dansleikhúsið er eðlilegt framhald af samkeppninni, en framúrskarandi þátttakendum keppninnar gefst nú kostur á að vinna áfram að sínum hugmyndum með hópi listafólks úr röðum Leikfélagsins og Dansflokksins. Dansleikhúsið hóf göngu sína í desember og völdust tveir höfundar til að leiða fyrsta verkefni dansleikhússins, Marta Nordal leikkona og Peter Anderson, dansari og danshöfundur. Marta er sigurvegari dansleikhús/samkeppninnar 2006 en Peter hefur átt verk í keppninni frá upphafi og hefur unnið til verðlauna, þá hefur hann samið verk fyrir Íslenska dansflokkinn, Reykjavík dansfestival o.fl. Fjórir dansarar og leikarar taka þátt í verkefninu sem verður frumsýnt 7. júní sama kvöld og danleikhús/samkeppnin 2007 fer fram, en almennar sýningar á verkinu verða í haust.

Leikfélagið og Íslenski dansflokkurinn efna til samkeppni um nafn á þetta nýstofnaða dansleikhús en þeir sem hafa áhuga á að senda inn tillögur geta nálgast allar upplýsingar á heimasíðu Borgarleikhússins, www.borgarleikhus.is.

**- pbb**

# Flæðarmál í fáum myndum



**EINSTAKUR FERILL** Rafn Hafnfjörð er einn ármanna íslenskrar ljósmyndunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rafn Hafnfjörð sýnir nokkrar ljósmynda sinna í matsölunni og kaffihúsinu Cafe Milanó í Skeifunni í Reykjavík um þessar mundir. Sýninguna kallar hann Flæðarmálið en myndefnið er allt sótt í ögurstund flóðs og fjöru.

Rafn er einn ármanna íslenskrar ljósmyndunar, kominn hátt á áttræðisaldurinn, nýbúinn að selja Litbrá sem hann rak um áratugaskeið, en enn við að festa form í filmu og í minnið. Ferill hans er um margt einstakur: Rafn er menntaður í ljósprentun eins og hún var kölluð í upphafi en var svo nefnd offsetprentun. Hann er einn af mörgum í því fagi sem höfðu innilegan áhuga á listum og iðn hans veitti honum innsýn í tæknilega framvindu myndarinnar og eftirgerðar hennar af filmu. Rafn byrjaði barnungur að taka ljósmyndir í Hafnarfirði þar sem hann ólst upp hjá frændfólki sínu. Áhugi hans á ljósmyndum var sprottinn af þörf á tjáningu í mynd. Hann varð síðan ungur maður félagi í Litla ljósmyndaklúbbnum. Hann fékk verðlaun á ljósmyndasýningu Ferðafélagsins 1952 og tók þátt í samsýningu áhugaljósmyndara tveimur árum síðar og hinni frægu sýningu þeirra 1961. Á þessum tíma nutu áhugaljósmyndarar leiðbeiningar manna eins og Kaldals og afstrakt-málaranna, voru í alþjóðlegu samstarfi og sendu myndir sínar víða, fylgdust með verkum manna á borð við Capa, Amsel og Cunningham í gegnum amerísk tímarit um listræna ljósmyndun. Rafn hafði áhuga á listrænni ljósmyndun en í gegnum vinnu sína komst hann í kynni við Dieter Roth, en Litbrá prentaði fyrir Dieter bækur hans á tímabili. Það leiddi hann inn á enn frekari tilraunir með vinnslu myndefnis úr náttúrunni og til þátttöku hans í sýningarhaldi í Kúlunni, mynda fyrir verslunina Icelandic Arts and Crafts í New York og loks mynda í Íslandsdeildinni á Heimssýningunni í New York 1967.

Rafn hefur haldið fjölda sýninga á ljósmyndum sínum. Hann heldur sig enn við að mynda mótíf úr náttúru en margir hafa þrætt slóð hans á þá leið. Rafn hefur haldið úti vef með myndum af Íslandi til sölu. Fáar myndir þar inni eru í ætt við listrænar myndir hans, þær eru af öðrum toga. Ferill hans er orðinn æði fjölbreyttur og myndasafn hans stórt og merkilegt, bæði sem söguleg heimild og listrænt framlag til myndlistar á Íslandi. Erfitt verður að taka saman ítarlega yfirlitssýningu um ljósmyndir hans en vert. Sýningin í Cafe Mílanó stendur til 10. febrúar. Greinargott viðtal er við Rafn í útgáfuröð Þjóðminjasafns Íslands: Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970 sem Guðrún Harðardóttir tók saman. Þar rekur hann sinn einstaka feril á mótunarárunum.

**- pbb**


KRINGLU KRÁIN

Hljómsveitin
Signia í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Hugarheimar - Guðrún Bergsdóttir**
sýnir útsaum og tússteikningar
Sýningin er framlengd til 4. febrúar
vegna mikillar aðsóknar!

**Um næstu helgi...**

**Rúrí: Tími - Afstæði - Gildi**
Sjónþing og sýning frá glæstum ferli
Laugardaginn 3. febrúar kl. 13:30 - 16:00

**Vissir þú...**
...að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur
Sjá nánari upplýsingar á www.gerduberg.is

Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700



**Unaðslegar stundir**

**með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars**

rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakkka
www.raudahusid.is

# Mýramaður leitar róta

Fréttamaðurinn, veislustjórinn og skemmtikrafturinn Gísli Einarsson er í nýju landnámi og hefur valið því stað á gömlum slóðum en er kominn upp á loftið á Landnámssetrinu í Borgarnesi. Hann er líka nýr og betri maður, endurnýjaður eftir fertugsafmæli sitt í gær, einum degi eldri í dag.

Sem veitir ekki af: í kvöld verður splunkunýtt leikverk frumsýnt á Söguloftinu en ekki er mánuður liðinn frá frumsýningu sagnasöngleiksins Svona eru menn. Þar voru á ferðinni vanir piltar, en í kvöld stígur Gísli á svið á loftinu. Í verkinu rekur hann þróunarsögu Mýramannsins allt frá steinöld að Mýraeldunum 2006. Þetta gerir hann í eigin persónu með hjálp hreyfimynda. Meðal gestaleikara á hvíta tjaldin eru Ilmur Kristjánsdóttir leikkona, Hallgrímur Ólafsson og formenn stjórnmálaflokkanna ásamt fjölda annarra karla og kvenna sem hafa öslað mýrar og ætt um móa í aldanna rás.

Mýramaðurinn er þriðja frumsýningin á Söguloftinu. Sú fyrsta var Mr. Skallagrímsson sem leikin var fyrir fullu húsi frá opnun Landnámsseturs til loka október. Önnur var Svona eru menn með þeim KK og Einari Kárassyni og nú Mýramaðurinn eftir Gísla Einarsson.

Gísla Einarsson þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Hann hefur heillað áhorfendur sjónvarpsins með sinni einstöku og einlægu framkomu, leitað uppi athyglisverða Íslendinga á ferðum sínum út og suður. Nú beinir hann kastljósinu í sinn eigin rann og gerir upp við Mýramanninn í sjálfum sér, en eins og allir vita sem til þekkja er Mýramaðurinn Hopo Palestrus kynþáttur út af fyrir sig og ólíkur öðrum mönnum segir Gísli, en hann þekkir vel til í sinni sveit. Aðrir geta fengið smjörþefinn af þeim kynþætti með heimsókn í Borgarnes á Landnámssetrið. Sýningar halda áfram eftir kvöldið í kvöld næstu vikur og jafnvel mánuði ef aðsókn leyfir og Gísli nennir. - pbb



**LEIKLIST/UPPISTAND** Miðaldra Mýramaður í mólendi - blautur á rassinum eða á bak við eyrun? Gísli Einarsson á heimaslóðum.


TAKK FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!

Vegna fjölda áskoranna hefur verið bætt við aukasýningu sunnudaginn 28. janúar

Föstudagur 26/1 UPPSELT
Sunnudagur 28/1 AUKASÝNING
Laugardagur 3/2 UPPSELT
Sunnudagur 4/2 UPPSELT
Föstudagur 9/2 UPPSELT

næstu sýningar sun 11/2, lau 17/2, sun 18/2

DAGUR VONAR
EFTIR BIRGI SIGURÐSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




**Í KVARTETT Á RÓSENBERG** Eyjólfur Þorleifsson og Andrés Þór munda tæki sín.

## Bræddar nýsmíðar

Jazzkvartettinn BonSom leikur núna á Kaffi Rósenberg í kvöld og annað kvöld. Sveitin leikur nýja tónlist eftir hljómsveitarmeðlimi og er hún undir fjölbreyttum áhrifum – allt frá sykursætu rokki til harðnaglapönks og framsækinnar djasstónlistar.

Sveitina skipa Eyjólfur Þorleifsson saxófónleikari, Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari og Scott McLemore sem leikur á trommur.

Fjörið hefst kl. 23 bæði kvöldin og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

## Þingað um málfræði

Tvær ráðstefnur um málfræði fara fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands um helgina. Sú fyrri hefst kl. 11 í dag og er á vegum Norms. Þar er fjallað um setningarstöðu sagna og er ráðstefnan hluti af stóru samnorrænu rannsóknarverkefni.

Hin síðari fer fram á morgun en þar er á ferðinni 21. Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði. Þar verður meðal annars rætt um nýútkomna Stafsetningarorðabók en um hana eru skiptar skoðanir.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.malvis.hi.is.



**ARI PÁLL KRISTINSSON MÁLFRÆÐINGUR** Ræðir um nýju Stafsetningarorðabókina á málþingi á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

23 24 25 **26** 27 28 29

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Árlegir raftónleikar **Myrkra Músikdaga** í **Salnum** í Kópavogi. Á dagskránni eru verk eftir norræn raftónskáld. Íslensku tónskáldin eru **Ríkharður H. Friðriksson**, **Hilmar Þórðarson** og **Kjartan Ólafsson**, en einnig eiga verk á tónleikunum **Fredric Bergström** frá Svíþjóð, **Hans Peter Stubbe Teglbjerg** frá Danmörku, og **Marius Baranauskas** frá Litháen. Tónleikarnir eru styrktir af NOMUS og Visby Centre for Composers.

#### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

☐ 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

☐ 13.00 **Þórunn Hjartardóttir** sýnir málverk og ljósmyndir í **Anima gallerí**, **Ingólfsstræti 8,** 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**

☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

#### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 Ljóðaheimur í söng, litum og krafti í **Norræna húsinu**. Listahópurinn **Iris Ensemble** frá Finnlandi flytur verk finnsk-sænska ljóðskáldsins **Edith Södergren**. Hópurinn er skipaður atvinnufólki í dansi, tónlist og upplestri. Enginn aðgangseyrir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







## > Í SPILARANUM

**Deerhoof** - Friend Opportunity
**Dappled Cities Fly** - Granddance
**Ólafur Arnalds** - Eulogy for Evolution
**The Good, The Bad & The Queen** - The Good, The Bad & The Queen
**Of Montreal** - Hissing Fauna, Are You The Destroyer?

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Wu-Tang mætt aftur

Eftir margra ára tafir mun rappsveitin Wu-Tang Clan gefa út hljóðsversplötuna 8 Diagrams næsta sumar.

Platan mun m.a. innihalda óútgefið lag með fyrrum meðlimi sveitarinnar, Ol' Dirty Bastard, sem lést fyrir tveimur árum. Einnig verður þar lag tileinkað ODB sem nefnist Life Changes.

Síðasta plata Wu-Tang Clan, Iron Flag, kom út árið 2001 en sveitin sló í gegn með sinni fyrstu plötu, Enter the Wu-Tang (36 Chambers) árið 1993. „Fólk vill hlusta á eitthvað sem kemur adrenalíninu af stað. Við ætlum að sprauta því í ykkur,“ sagði RZA, einn af stofnmeðlimunum. „Hvernig getur hip-hop verið dautt þegar Wu-Tang lifir að eilífu? Við erum mættir til að hressa upp á hlutina og fylla umhverfið af þeirri orku sem hefur vantað svo sárlega undanfarið.“



**WU-TANG CLAN** Rappsveitin Wu-Tang Clan gefur út plötuna 8 Diagrams næsta sumar.



## > Plata vikunnar

múm - The Peel Session

★★★★

„The Peel Session með múm var tekin upp haustið 2002 og hefur að geyma lög af fyrstu tveimur múm-plötunum í nokkuð breyttum útgáfum. Frábær plata sem hljómar jafn fersk og flott í dag og þegar hún var tekin upp.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# Mikil sala = lítil gæði?

„Þótt þú hafir selt milljónir af plötum þýðir það ekki að þú sért góð. McDonald's selur fullt af hamborgurum,“ á Ahmet Ertegun að hafa sagt við Tori Amos. Ahmet, sem lést í desember síðastliðnum, var stofnandi og stjórnandi Atlantic-plötufyrirtækisins. Tímaritið Rolling Stone birti mjög yfirgripsmikla umfjöllun í minningu þessa mikla frömuðar sem blaðið kallar „The Greatest Record Man of All Time“. Ahmet fær ellefu síður í blaðinu á meðan sjálfur James Brown fær ekki nema sjö.

Ahmet Ertegun var sonur tyrknesks sendiherra í Bandaríkjunum. Hann var forfallinn djass- og blúsgeggjari og stofnaði Atlantic árið 1947. Hann gerði annan geggjara og fyrrum tónlistarrýni hjá Billboard, Jerry Wexler, að meðeiganda og saman gerðu þeir Atlantic að stórveldi. Ahmet uppgötvaði Ray Charles og gerði Arethu Franklin og Wilson Pickett að stjörnum. Hann náði í bæði Led Zeppelin og Rolling Stones. Og hann gerði samninga við Cream og King Crimson og Tori Amos. Atlantic hélt áfram að vaxa löngu eftir að hin óháðu fyrirtækin sem spruttu upp á eftirstríðsárunum (Chess, King, Vee-Jay ...) lentu í erfiðleikum. Ahmet hélt áfram að stjórna fyrirtækinu eftir að hann seldi það Warner-risanum. Hann var á fullu til dauðadags og lést reyndar eftir að hann datt illa á tónleikum með Stones, 83 ára að aldri ... Stórmenni í tónlistarsögunni sem hélt áfram að styðja við listamennina sem hann uppgötvaði eftir að þeir yfirgáfu hann og fóru annað. Blessuð sé minning hans.



**AHMET ERTEGUN, STOFNANDI OG STJÓRNANDI ATLANTIC RECORDS-PLÖTUFYRIRTÆKISINS.**

Þessi orð Ahmets við Tori komu annars upp í hugann þegar ég rakst á lista yfir mest seldu plöturnar í Bandaríkjunum árið 2006. Þvílík hörmung! Tónlist úr Disney-þætti í fyrsta sæti, útþynnt kántrí miðjumoð númer tvö og Idol-stjarnan Carrie Underwood númer þrjú. Bestu plötur ársins samkvæmt helstu fjölmiðlum eru hvergi sjáanlegar. Getur verið að gæði og mikil sala fari hreinlega eftir saman?




# The Shins teygja úr sér

**Íslandsvinirnir í The Shins senda í næstu viku frá sér sína þriðju breiðskífu sem hefur þó verið fáanleg í langan tíma á netinu. Steinþór Helgi Arnsteinsson skoðaði gripinn og sögu hans.**



**THE SHINS** Fyrstu viðbrögð við nýju plötunni, þegar hún lak á netið, voru vonbrigði aðdáenda. Gagnrýnendur hafa hins vegar keppst við að lofa plötuna.

The Shins er upprunalega frá Albuquerque, höfuðborg Nýju Mexíkó, sem kemur meðal annars fyrir í hinu ógleymanlega King of Rock 'n' Roll með Prefab Sprout þar sem segir í viðlaginu: „Hot dog, jumping frog, Albuquerque!“ En nóg um borgina. Aðalmaðurinn á bak við The Shins er söngvarinn, James Mercer, en hann stofnaði sveitina upp úr 1997. Hjólin byrjuðu síðan að snúast fyrir alvöru þegar sveitin hitaði upp fyrir Modest Mouse og fékk í kjölfarið samning hjá hinni frábæru Sub Pop-útgáfu en þriðja platan verður jafnframt sú síðasta hjá útgáfunni. Fyrsta plata sveitarinnar, Oh, Inverted World, kom út árið 2001 og fékk mikið lof. Þótti metnaðarfull indípopplata, undir sólskinsáhrifum frá Beach Boys þótt meðlimum sveitarinnar líki illa sá samanburður. Platan Chutes too Narrow fylgdi í kjölfarið árið 2003.

### Hið nýja svarta?

The Shins stóð því frammi fyrir verðugu markmiði, að setja saman sína þriðju plötu sem svo margar aðrar sveitir hafa brennt sig á. Strax frá fyrstu fregnum um nýju plötuna var alveg ljóst að meðlimir sveitarinnar ætluðu að feta nýjar slóðir. Í viðtali við Billboard sögðu þeir að í fyrsta skiptið hefði sveitin svigrúm til þess að teygja almennilega úr sér. Platan fékk nafnið Wincing the Night Away (útúrsnúningur á laginu Twistin' the Night Away sem Sam Cooke gerði vinsælt) og er tilvísun í svefnleysi Mercer. Platan var tekin upp af Joe Chiccarelli sem hefur unnið með listamönnum á borð við Beck, Tori Amos og U2 en einnig hefur nýr meðlimur bæst við, Eric Johnson úr Fruit Bats. The Shins hefur einnig flutt sig yfir til Portland í Oregon-ríki. Einn dáðasti drengur þeirrar borgar, Stephen Malkmus, lét einmitt hafa það eftir sér að Shins og önnur Portlandsveit, The Decemberists, væru hið nýja svarta.

### Óþægilegur leki

Hinn 20. október lak platan hins vegar á netið og fór þar eins og eldur um sinu. Meðlimir sveitarinnar hafa ítrekað að hljómgæðin séu allt önnur og mun verri á lekanum auk þess sem tveimur lögum hefur verið bætt við plötuna. Til þess að bæta gráu ofan á svart setti iTunes plötuna óvart á sölu í tvo daga fyrir nokkrum vikum síðan. Þegar platan lak á netið virtust allir netverjar vera sammála um að hér væri komin sísta plata Shins til þessa. Nýlegir dómar frá ýmsum tónlistarmiðlum hafa hins vegar verið á öðru máli. Bæði NME og Drowned in Sound gáfu sem dæmi plötunni níu af tíu mögulegum.

Platan er þó töluvert frábrugðin fyrri plötum, því neitar enginn. Yfirborðið er þykkara og tónninn alvarlegri.

„Mér finnst það alltaf svalt að koma fólki á óvart, og þú veist, tvöfalt svalara ef þú getur komið því á óvart og vakið aðdáun. Mér fannst við megnugir þess og einfaldlega hafa gert eitthvað sem Shins-aðdáendur ættu ekki von á,“ sagði Mercer í nýlegu viðtali. Það er bara að bíða og sjá hvað aðdáendurnir segja.

## BRENNSLAN HAFDÍS HREIÐARSDÓTTIR

# Algjörlega „random“

„Þessi listi er bland af því sem ég hef verið að hlusta á í soldinn tíma. Ég get stundum alveg staðið í stað

þegar ég finn eitthvað sem mér líkar, annars hlusta ég á frekar blandaða tónlist daglega. Mér finnst fínt að hafa þetta algjörlega „random“,“ segir Hafdís Hreiðarsdóttir, söngkona Dýrðarinnar, um brennsluna sína.

**Lag 1: Forever More - Moloko**

Lag sem kemur mér í mikið dansstuð alltaf.

**Lag 2: Last Night I Dreamt That Somebody Loved Me - The Smiths**

Þetta er bara fallegt.

**Lag 3: 79 Lorimer Song - The Besties**

Klassaband frá Brooklyn og miklir vinir Dýrðarinnar. Lagið er um heimili þeirra, frekar sniðugt.

**Lag 4: Later Operator - All Girl Summer Fun Band**

Stelpuhljómsveit frá Portland, Oregon - mjög skemmtilegar. Eitt af fjölmörgum frábærum lögum af fyrsta disknum þeirra.

**Lag 5: Fire Destroys Children - Bacon**

Fínt lag.

**Lag 6: Snowman Song - Icicles**

Þetta er frábært lag sem Dýrðin hefur verið að taka. Við höfum meira að segja spilað það fyrir þau sjálf. Soldið fyndið en gaman.

**Lag 7: What Katie Did - The Libertines**

Skemmtilegt lag sem kemur manni í léttan gír.

**Lag 8: I'll Get By - Billie Holiday**

Gott að hlusta á Billie þegar maður er heima í rólegheitunum.

**Lag 9: Love the Honey - Æla**

Klikkar ekki, sérstaklega læf!

**Lag 10: Sometimes Always - The Jesus and Mary Chain**



**HAFDÍS HREIÐARSDÓTTIR** Söngkona Dýrðarinnar hefur fjölbreyttan tónlistarsmekk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alltaf haldið upp á þetta lag enda er það eitt fyrsta lagið sem bróðir minn kenndi mér á gítar.

## Í BÚNINGSHERBERGINU GNARLS BARKLEY




Tunna með djúpsteiktum kjúklingi, minnst 20 bitar
Grænmetisbakki
Karfa með ávöxtum
12 gosdósir, Kók og Sprite
Poki með Snickers
Vatn í flöskum
Appelsínu- og ananassafi
Te og hunang
Brauð, hnetusmjör og sultur
Kassi af bjór, Heineken eða Corona
Grey Goose vodka
Hennesey-koníak
12 Red Bull dósirw






Pakki af Magnum smokkum
Vindlakassi
Hvítir íþróttasokkar

# Sígild endurútgáfa

Hin sígilda plata Stuðmanna, Tívoli, verður endurútgefin á mánudag. Platan kom út fyrst 1976 og er af mörgum talin ein besta poppplata Íslandssögunnar.

Búið er að auka hljómgæðin á plötunni og gera veglegt umslag með upplýsingum um hvert lag plötunnar. Í inngangi segir m.a.: „Tívolí platan varð til á nokkrum sumarvikum árið 1976. Drjúgur hluti laga og texta var saminn í bílferð til Lundúna með viðkomu í ferjunni Norrænu og þar með í Færeyjum.“

Á meðal laga á plötunni eru Ólína og ég, Hr. Reykjavík og Bíólagið, auk þess sem sex aukalög fylgja með. Voru þau flest tekin upp á tónleikum í Þjóðleikhúsinu árið 2002 en eitt lagið, Í stórum hring móti sól, var tekið upp í Royal Albert Hall árið 2005.




**TIVOLI** Sex aukalög er að finna á endurútgáfunni.



**STUÐMENN** Hljómsveitin Stuðmenn tók upp plötuna Tívoli árið 1976.



**RAGE AGAINST THE MACHINE** Gítarleikarinn Tom Morello gefur út sína fyrstu sólóplötu í lok apríl.

# Fyrsta sólóplatan

Tom Morello, gítarleikari Audioslave, gefur út sólóplötuna One Man Revolution hinn 24. apríl. Þetta er fyrsta sólóplata Morellos og verður hann jafnframt í fyrsta sinn fyrir framan míkrófóninn. Platan, sem hefur að geyma þrettán lög í kassagítarsútsetningum, verður gefin út hjá útgáfufyrirtæki Morellos, The Nightwatchman.

Ætlar kappinn í tónleikaferð um Bandaríkin í mars til að fylgja plötunni eftir.

Fregnir af tónleikum Rage Against the Machine á Coachella-hátíðinni í Kaliforníu í apríl hafa komið mörgum á óvart. Sveitin hætti störfum fyrir sjö árum þegar söngvarinn Zach de la Rocha vildi einbeita sér að öðrum hlutum. Eftir það stofnaði Morello Audioslave með hljóðfæraleikurum Rage auk söngvarans Chris Cornell. Sú sveit er í pásu um þessar mundir á meðan Cornell tekur upp sólóplötu sína. Mun hún því ekki fylgja eftir þriðju plötu sinni, Revelations, með tónleikaferð.

Ekki er vitað hvort Rage Against the Machine ætli að taka upp þráðinn á nýjan leik en vitað er að söngvarinn de la Rocha er í góðu sambandi við fyrrverandi félaga sína úr sveitinni.



**RED HOT CHILI PEPPERS** Kaliforníusveitin spilar á Hróarskeldu í sumar.

# Red Hot á Hróarskeldu

Bandaríska hljómsveitin Red Hot Chili Peppers mun koma fram á tónlistarhátíðinni Roskilde í Danmörku í sumar. Red Hot er fyrsta stóra nafnið sem hefur boðað komu sína hátíðina.

Hljómsveitin sló fyrst almennilega í gegn árið 1991 með plötu sinni Blood Sugar Sex Magik og síðan þá hefur hún verið meðal fremstu rokkveita í heiminum. Þykir hún ótrúleg á sviði með bassaleikarann Flea (Michael Balzary) fremstan í flokki.

Miðsalan á hátíðina er í fullum gangi á midi.is Nánari upplýsingar má finna á www.roskilde-festival.is.


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090








DREYMIR ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idol-inu** og **Halla Vilhjálms** úr X-factor kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi.** 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

REYKJAVÍKURNÆTUR **HARPA PÉTURSDÓTTIR HITTI ALVÖRU ÍSLENDINGA Á ÍTALÍU**

# *Hin ótrúlegu*

Svo ég segi ykkur nú meira frá Selva-ferðinni minni þá komst ég að ansi fyndinni staðreynd sem ég hef reyndar mörgum sinnum tekið eftir áður.
Við vorum sem sagt stór hópur Íslendinga á leiðinni á sama stað en á nokkur hótel. Strax sama kvöld og við lentum fórum við á stúfana að skoða umhverfið. Fljótlega eftir að við náðum á aðalgötu bæjarins var okkur heilsað og við spurð á hvaða hóteli við værum svo og hvort við hefðum náð í tæka tíð til að leigja okkur skíði fyrir morgundaginn. Algerlega án þess að vera eitthvað merkileg með okkur fannst okkur þó sérstakt hvernig þessar samræður bar að. Þetta myndi aldrei gerast nema þá aðeins fyrir þá staðreynd að við vorum öll Íslendingar á Ítalíu. Segjum sem svo að ég hefði farið í strætó í vinnuna. Ég hefði án efa verið samferða einhverju fólki sem færi út á sömu stoppistöð og ég. Þá fyndist okkur öllum mjög einkennilegt ef seinna sama dag myndi ég hitta einhvern af viðkomandi, þau ganga rakleitt til mín til og spyrja hvort ég hafi nokkuð verið of sein í vinnuna eða hvort ég væri ekki í fínni vinnu svona almennt séð. Íslendingar, sem eru yfirleitt mjög kaldir og einhverfir svona úti á götu, verða hreinlega bestu mátar þegar þeir eru á sama stað í útlöndum! Þetta verður að teljast nokkuð sérkennilegt og kannski á sama tíma einkennandi fyrir svo litla þjóð sem er ekki vön að hitta samlanda sína á erlendri grundu. Það sama á við um okkur, hin ótrúlegu, þegar einhver sýnir árangur fyrir utan landsteinana. Tökum sem dæmi íslenska landsliðið í handbolta. Allt í einu rauk þjóðerniskenndin upp í fólki, það fór að kalla þá strákana sína og jafnvel að finna upp á því að styrkja liðið með peningagjöfum. Ég er hrædd um að þetta myndi fáum detta í hug undir venjulegum kringumstæðum!



Þegar ég velti þessu fyrir mér var fyrsta skýringin sem mér datt í hug hræsni. Við nánari umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu að hræsni getur ekki verið svarið. Það væri frekar í þá áttina að svo lítil þjóð, sem býr í hörðum og hröðum heimi, lætur þjóðerniskenndina lönd og leið í amstri hversdagsins. Svo þegar eitthvað sérstakt kemur uppá og við skörum framúr á einhvern hátt eða mætumst í hinum stóra heimi, sem gerist ekki svo oft, rýkur kenndin upp og yfirtekur það sem venjulega telst skynsamleg hegðun. Það að vera partur af svo lítilli þjóð er einfaldlega sterkara en töffaraskapurinn!

## Keppendur kvöldsins



**ALAN JONES**
Like I Love You
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: JUSTIN TIMBERLAKE
HÓPUR: EINAR BÁRÐARSON



**GIS**
This Love
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MAROON FIVE
HÓPUR: PÁLL ÓSKAR



**SIGURÐUR INGIMARSSON**
Beautiful Day
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: U2
HÓPUR: EINAR BÁRÐARSON



**INGA SÆLAND**
How Do I Live
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: LEANN RIMES
HÓPUR: EINAR BÁRÐARSON



**SIGURBJÖRG TINNA**
You Oughta Know
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ALANIS MORRISETTE
HÓPUR: ELLÝ



**JÁ**
Fields of Gold
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: STING
HÓPUR: PÁLL ÓSKAR

# Cowell sagður mæta í lokaþátt X-Factor á Íslandi

**Óvæntan gest gæti borið að garði í úrslitaþætti X-Factor en fyrsta beina útsendingin verður frá Smáralindinni í kvöld.**



**ALLT AÐ VERÐA KLÁRT** Þór Freysson og hans fólk voru að leggja lokahönd á undirbúning fyrir fyrstu beinu útsendinguna úr X-Factor í Smáralindinni í gærdag.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú róið að því öllum árum að fá sjálfan Simon Cowell til að krýna fyrsta sigurvegara X-Factor á Íslandi. Cowell er þessa stundina önnum kafinn í American Idol en þættirnir eru teknir upp í Los Angeles og því gæti allt eins farið svo að Cowell legði leið sína hingað á klakann. Þór Freysson, framleiðslustjóri þáttanna, vildi ekki staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið en viðurkenndi hins vegar að unnið væri að því að fá stórt nafn hingað í lokaþáttinn.

Undirbúningur fyrir beinu útsendinguna var í fullum gangi í gær. Hátt í áttatíu manns koma að útsendingunni með einum eða öðrum hætti í kvöld og mikil eftirvænting ríkti meðal aðstandenda þáttarins. „Hér er mikil spenna og það iða allir í skinninu," segir Þór. „Smiðir hafa verið á fullu síðan á þriðja í jólum við að henda sviðinu upp," bætir hann við og telur að öll sviðsmynd og umhverfi verði eins og best verði á kosið.



**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Hermt er að Simon Cowell mæti í lokaþátt X-Factor hér á landi og krýni sigurvegarann.

Dómararnir þrír, þau Einar Bárðarson, Páll Óskar og Ellý í Q4U, hafa valið fjögur atriði hvert um sig og fá áhorfendur tækifæri til að kveða upp sinn dóm með símakosningu. Þór segir að þættirnir hafi mælst ágætlega fyrir. „En fólk hefur kannski átt í smá erfiðleikum með að átta sig á fyrirkomulaginu," útskýrir framleiðslustjórinn. Þau atriði sem hafa vafist fyrir áhorfendum ættu því að skýrast í kvöld.

Þór segir að dómararnir þrír séu fullir sjálfstrausts. „Þau eru sannfærð um sigur í keppninni, eru mikið keppnisfólk og ætla að leggja allt í sölurnar," útskýrir Þór.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## Keppendur kvöldsins



**JOHANNA M. WIKLUND**
Hedonism
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: SKUNK ANANSIE
HÓPUR: ELLÝ



**GUÐBJÖRG HILMARSDÓTTIR**
Walk Away
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: KELLY CLARKSON
HÓPUR: ELLÝ



**HARA**
Girls just Want to Have Fun
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: CYNDI LAUPER
HÓPUR: PÁLL ÓSKAR



**GYLFI VÍÐISSON**
Outside
UPPPHAFLEGUR FLYTJANDI: STAIND
HÓPUR: ELLÝ



**JÓGVAN HANSEN**
Everlasting Love
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: JAMIE CULLUM-ÚTGÁFAN



**FJÓRFLÉTTA**
I Will Survive
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: GLORIA GAYNOR
HÓPUR: PÁLL ÓSKAR






# Svartur köttur á fjölunum

Leikfélag Akureyrar frumsýndi Svartan kött eftir Martin McDonagh um síðustu helgi. Um var að ræða sérstaka hátíðarfrumsýningu í tilefni af 100 ára afmæli samkomuhússins. Húsfyllir var og gestirnir skemmtu sér vel í þessari einni helstu bæjarprýði Akureyrar. Húsið hefur verið aðsetur Leikfélags Akureyrar frá upphafi en Svartur köttur er 286. uppsetning Leikfélagsins.



**MÆTTU Í LEIKHÚSIÐ** Útvarpsmaðurinn geðþekki Gestur Einar og eiginkona hans mættu á hátíðarfrumsýninguna.



**BÆJARSTJÓRATAL** Kristján Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri Akureyrar og núverandi forseti bæjarstjórnar, ásamt bæjarstjóranum Sigrúnu Björk Jakobsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



**LISTAHJÓN** Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður og Elín Edda leikmyndahönnuður.



**FLOTT FEÐGIN** Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla á Dalvík, mætti í leikhúsið ásamt dóttur sinni Júlíu Margréti.



**FLOTT HJÓN** Halldór Blöndal og eiginkona hans, Kristrún Eymundsdóttir, létu sig ekki vanta.

# 2 FYRIR 1 ALLA HELGINA

## Á MEST LOFUÐU MYND ÁRSINS FYRIR LESENDUR FRÉTTABLAÐSINS*

*Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar gegn framvísun úrklippunnar að neðan.

★ ★ ★ ★

„Little Children er stórgóð kvikmynd, 120 mínútna langt listaverk og er ég alveg viss um að hver sá sem sér hana, verði betri maður fyrir vikið.“

- Dóri DNA, DV

„Heldur manni í heljargreipum frá upphafi til óvænts endis!“

- Sigríður Péturs, Rás 1

3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

BESTA LEIKKONA
KATE WINSLET

BESTI AUKALEIKARI
JACKIE EARLE HALEY

BESTA HANDRIT
TODD FIELD & TOM PERROTTA

Kate Winslet Jennifer Connelly Patrick Wilson

# Little Children

LÍTIL BÖRN | SÝND Í LAUGARÁSBÍÓI OG REGNBOGANUM



14

KLIPPIÐ HÉR!

**Gullnu reglur Græna ljóssins**

1 **Ekkert hlé** Myndin sýnd í einum rykk

2 **Minna af auglýsingum** Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 **Engin truflun** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

**www.graenaljosid.is** – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins









**BRANDY** Leik- og söngkonan lenti í hörðum fjögurra bíla árekstri hinn 30. desember.

# Í hörðum árekstri

Leik- og söngkonan Brandy lenti í fjögurra bíla árekstri þar sem ein kona dó. Slysið átti sér stað á þjóðvegi í Kaliforníu hinn 30. desember.

Brandy klessti aftan á annan bíl og lést ökumaður hans eftir að hafa lent í árekstri við annan bíl. Verið er að rannsaka atvikið. Hvorki áfengi né fíkniefni komu við sögu í árekstrinum.

Brandy hefur gefið út fimm plötur og vann Grammy-verðlaun árið 1999. Á meðal þekktustu laga hennar eru What About Us og The Boy Is Mine. Hún hefur m.a leikið í sjónvarpsþættinum Moesha.

Brandy hefur ekki viljað tjá sig um málið. Umboðsmaður hennar segir hana enn vera í sjokki.



# Ómeiddur eftir Túnistudda

**Hugi Halldórsson hefur vakið mikla athygli í Þýskalandi fyrir frammistöðu sína sem stuðningsmaður íslenska landsliðsins. En það er ekki alltaf dans á rósum að styðja sitt lið með glans.**

„Ég var nú ekki að reyna að espa einhvern upp eða reita til reiði,“ segir Hugi Halldórsson, betur þekktur sem Ofur-Hugi. En hann skráði sig að öllum líkindum á spjöld handknattleikssögu Íslands í fyrradag. Lenti í klóm handboltabullu frá Túnis sem fannst stolt sitt sært þegar stuðningsmaður Íslands númer eitt hljóp með íslenska fánann framhjá stuðningsmönnum Túnis. Umræddur maður hljóp Huga uppi og sparkaði aftan í hann. Öryggisverðir Halle gripu kauða glóðvolgan og hentu honum út, Huga til mikillar gleði. Enda einhverjum öðrum hent út heldur en honum. „Kannski að ég fái verðlaun fyrir háttvísi enda var ég ekkert að espa mig upp,“ segir Hugi. Stuðningsmenn Túnis fóru mikinn í fyrri hálfleik og léku við hvern sinn fingur. Enda lið þeirra í góðum málum gegn Íslendingum. Í seinni hálfleik snérist dæmið síðan við og landsliðsmennirnir fór á kostum. Og ástæða var fyrir Huga að samfagna samlöndum sínum með þessum hætti.

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni hefur staðið í stórræðum á HM. Hann var varla fyrr búinn að semja frið við íþróttafréttamanninn Adolf Inga Erlingsson eftir minniháttar árekstra en að þetta kom upp.

Hugi gerir lítið úr meiðslum sínum og segir að varla sjáist á sér. „Ég hef fengið verri tæklingar í fótboltanum heima,“ segir hann kokhraustur. „Ég hafði bara gleymt hvað þeir eru blóðheitir,“ bætir sjónvarpsmaðurinn við. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Hugi fagnar góðu gengi Íslands á þennan hátt. En á EM í Sviss tók hann upp á því að hlaupa fyrir framan stuðningsmenn Serba með agnarsmáan fána. „Þeir hlógu mikið að þessu,“ segir Hugi en því var ekki að heilsa hjá Túnismönnum.

Hugi segir að stuðningsmenn Íslands hafi brugðist við á hárréttan hátt. Hafi haldið ró sinni og því urðu engir eftirmálar af átökum, ef átök skyldi kalla. „Þeim fannst þetta pínulítið fyndið en athuguðu þó hvort ekki væri allt í lagi með mig,“ segir Hugi.

# Heche skilin

Leikkonan Anne Heche er skilin við eiginmann sinn Coleman Laffoon eftir fimm ára hjónaband. Heche, sem er 37 ára, og myndatökumaðurinn Laffoon giftu sig í september árið 2001. Eiga þau saman einn son, hinn fjögurra ára Homer.

Þau hittust við tökur á heimildarmynd um endurkomu Ellen DeGeneres sem uppistandari. Heche átti einmitt í ástarsambandi við Ellen sem stóð yfir í þrjú ár. Lauk því árið 2000.

Heche leikur um þessar mundir í sjónvarpsþættinum Men in Trees. Á meðal kvikmynda sem hún hefur leikið í eru Wag the Dog, John Q og Donnie Brasco.



**ANNE HECHE** Heche er skilin við eiginmann sinn Coleman Laffoon eftir fimm ára hjónaband. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






# Diskódrottningarnar enn ótrúlega sætar

„Sko, hann Sverrir á Rex bað mig um að sjá um eina helgi í mánuði. Svona diskóhelgi,“ segir Kolla Ólafs skemmtanastjóri með meiru. Og hún leitaði ekki langt yfir skammt eða til velmektarára sinna og fjölmargra annarra þegar aðalskemmtistaðurinn var Hollywood við Ármúla. Haldið verður á Rex á laugardagskvöld sérstakt Holly-kvöld með tilheyrandi glimmeri, túberuðu hári, bömpi og diskói. Vonast aðstandendur til þess að þetta verði fastur punktur í skemmtanahaldinu. Mánaðarlega.

Á árunum í kringum 1980 skiptust skemmtanaglaðir Íslendingar einkum í tvö horn.

„Pönkararnir fóru bara á Borgina en við hin vorum í Hollý. Þetta var danstími aldarinnar. Maður fór bara til að dansa. Við stefnum að því að vera með þessa orginal diskótónlist sem þá var. Ekki mixaða heldur ekta ekta.“

Kolla segir svo frá að hún hafi á sínum tíma verið öllum stundum í Hollywood. Nánast fékk þangað sendan póst sinn.

„Þarna voru tísku- og danssýningar. Ég var í danssýningunum og maður bara átti heima þarna. Þetta vantar í dag. Að maður sé ekki bara að fara út til að drekka heldur til að horfa á eitthvað. Ég er búin að hafa samband við alla sem voru áberandi í Hollý á sínum tíma. Þarna verða allir helstu diskóboltarnir og diskódrottningarnar.“



**KOLLA ÓLAFS** Segir diskódrottningarnar sem skemmtu sér í Hollywood á árunum í kringum 1980 ennþá ótrúlega sætar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Á stundum laumuðust þeir sem aðhylltust pönkið upp í Ármúla enda verður að segjast að þar voru sætustu stelpurnar. Og svo verður enn að sögn Kollu – á Rex.

„Diskódrottningarnar eru ennþá alveg rosalega sætar. Nei-neinei, ekki fölnuð diskóblóm. Alls ekki. Þetta er kynslóð sem heldur sér alveg ótrúlega vel.“



**TINNA** 900-9003 / SMS **X 3** Í NÚMERIÐ 1918

ALANIS MORISSETTE „YOU OUGHTA KNOW“



**HARA** 900-9008 / SMS **X 8** Í NÚMERIÐ 1918

CYNDI LAUPER „GIRLS JUST WANNA HAVE FUN“



**INGA SÆLAND** 900-9004 / SMS **X 4** Í NÚMERIÐ 1918

LEANN RIMES „HOW DO I LIVE“



**GUÐBJÖRG** 900-9012 / SMS **X 12** Í NÚMERIÐ 1918

KELLY CLARKSON „WALK AWAY“



**FJÓRFLETTA** 900-9005 / SMS **X 5** Í NÚMERIÐ 1918

TANGÓ ÚTGAFA „I WILL SURVIVE „



**GYLFI** 900-9006 / SMS **X 6** Í NÚMERIÐ 1918

STAIND „OUTSIDE“

X FACTOR

BEIN
ÚTSENDING
HEFST KL. 20:30
Í KVÖLD

GOTT FÓLK McCANN



**JOHANNA** 900-9009 / SMS **X 9** Í NÚMERIÐ 1918

SKUNK ANANSIE „HEDONISM“



**JÓGVAN** 900-9007 / SMS **X 7** Í NÚMERIÐ 1918

JAMIE CULLUM „EVERLASTING LOVE“



**SIGURÐUR** 900-9001 / SMS **X 1** Í NÚMERIÐ 1918

U2 „BEAUTIFUL DAY“



**JÁ** 900-9011 / SMS **X 11** Í NÚMERIÐ 1918

STING „FIELDS OF GOLD“



**GÍS** 900-9002 / SMS **X 2** Í NÚMERIÐ 1918

MAROON 5 „THIS LOVE“



**ALAN** 900-9010 / SMS **X 10** Í NÚMERIÐ 1918

JUSTIN TIMBERLAKE „LIKE I LOVE YOU“

## MIÐASALA – UPPSELT Í KVÖLD

Keppendurnir syngja á glæsilegasta sviði íslenskrar sjónvarpssögu. Þú getur kosið þinn uppáhalds keppanda með því að taka þátt í símakosningunni. Fylgstu með frá byrjun!

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | OG VODAFONE

Esso

## > Styðjum strákana

Íslenska handboltalandsliðið hefur gefið þjóðinni ófáar gleðistundirnar á síðustu dögum og nú getur þjóðin sýnt stuðning sinn í verki. Með því að hringja í Stuðningsnúmer HSÍ í síma 907-2800 skuldfærast 1000 krónur af símreikningi viðkomandi. Það er ljóst að það kostar sitt að eiga landslið í fremstu röð og þeir sem komast ekki til Þýskalands til þess að styðja strákana á pöllunum geta samt látið til sín taka og hjálpað HSÍ að halda landsliðinu í hópi þeirra bestu.



# sport

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON: Á Í VIÐRÆÐUM VIÐ ÖNNUR LIÐ EN BRANN

# *Kristján hafnaði samningstilboði Brann*

Kristján Örn Sigurðsson hefur hafnað samningstilboði frá norska úrvalsdeildarliðinu Brann og er í viðræðum við önnur lið. Þetta staðfesti Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, í samtali við Fréttablaðið í gær. Kristján hefur undanfarin tvö ár leikið með Brann og síðastliðið sumar átti hann afar góðu gengi að fagna. Hann var valinn í lið ársins af leikmönnum deildarinnar. Núverandi samningur hans við félagið rennur út í lok ársins en samningstilboðið sem hann fékk var til langs tíma.

Sjálfur segist Kristján Örn vera þolinmóður yfir þessu öllu saman og að hann sé fyrst og fremst að kanna hvernig landið liggur.

„Ég hef ekkert ákveðið mig, hvort ég verði áfram hjá Brann eða ekki. Ég ætla að sjá til hvernig þessi mál þróast næstu mánuðina," sagði Kristján. Honum hefur verið sýndur áhugi víða að. Meðal annars af liðum í Englandi, Belgíu, Sviss og Norðurlöndunum.

Hann er þó ánægður í Brann og segir að það komi vel til greina að framlengja samning sinn þar.

„Ég er opinn fyrir öllu. Ég býst við að þetta komi bara í ljós á næstu vikum og mánuðum."

Kristján Örn er einn þriggja Íslendinga hjá Brann en þeir eru allir varnarmenn. Ólafur Örn Bjarnason hefur spilað við hlið Kristjáns Arnar í hjarta varnarinnar og í ágúst síðastliðnum gekk Ármann Smári Björnsson til liðs við félagið frá Íslandsmeisturum FH.

Kristján og Ólafur eru í miklum metum í Björgvin en sá síðarnefndi ákvað í haust að framlengja samning sinn við félagið um eitt ár til viðbótar. Það gæti því einnig verið að hann sé á förum frá félaginu í lok ársins.





**KLAUFASKAPUR** Snorri Steinn Guðjónsson var ekki sáttur með þróun mála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Snorri Steinn Guðjónsson:

## Áttum að slátra leiknum

**HANDBOLTI** „Við vorum ekki að spila nógu vel í dag og það verður að játast. Við gerðum mikið af mistökum bæði í vörn og sókn, fengum mörk á okkur einum fleiri og skjótum illa og fyrir okkar eigin klaufaskap töpum við þessum leik," sagði leikstjórnandinn Snorri Steinn Guðjónsson eftir leik.

„Við fengum tækifæri en það er skandall að hafa ekki slátrað leiknum þegar við komumst fjórum mörkum yfir. Þess í stað slökum við á og þeir ganga á lagið sem endar með tapi." – hbg

Leikmannamál Grindavíkur:

## Gætu spilað án Kana á móti ÍR

**KÖRFUBOLTI Karlalið Grindavíkur í körfunni leitar nú að bandarískum leikmanni til þess að fylla skarð Steven Thomas sem meiddist á dögunum. Grindavík spilar við ÍR í undanúrslitaleik bikarkeppni KKÍ og Lýsingar á sunnudagskvöldið og má því ekki við því að leika án bandarísks leikmanns í jafn stórum leik.**

**Að sögn Friðriks Ragnarssonar, þjálfara Grindavíkur, er ekki öruggt að nýr leikmaður verði kominn fyrir leikinn.**

**„Það eru svona helmingslíkur á að við náum inn nýjum manni. Ég er að bíða eftir svörum að utan," sagði Friðrik í gær en málin ættu að skýrast betur í dag. Grindavík lék án bandarísks leikmanns á sunnudag og vann þá Þór úr Þorlákshöfn 98-97.** - óój



**TAKK FYRIR LEIKINN** Alfreð Gíslason þakkar fyrrum lærisveini sínum hjá Magdeburg fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HM Í ÞÝSKALANDI

# Grátlegt tap gegn Pólverjum

**Íslenska landsliðinu fataðist flugið á HM í gær. Strákarnir voru sjálfum sér verstir gegn Pólverjum en arfaslök dómgæsla spænskra dómara leiksins hjálpaði heldur ekki til.**

**HANDBOLTI** Eftir tvo frábæra leiki á HM kom íslenska liðið niður á jörðina gegn Pólverjum. Það hafði öll ráð í hendi sér nánast allan leikinn en klaufaskapur í bland við ömurlega dómgæslu kom Pólverjum inn í leikinn og þeir pökkuðu fyrir með því að taka öll stigin í tveggja marka sigri, 33-35.

Alfreð þjálfari byrjaði leikinn á því að láta Guðjón Val og Alexander stíga vel út í hinar öflugu skyttur Pólverja. Íslenska liðið reyndi að keyra upp hraðann í leiknum og átti greinilega að ganga frá leiknum hið fyrsta.

Pólverjar hafa þá tilhneigingu að leggja niður vopnin þegar þeir missa andstæðinginn of langt fram úr sér og á það átti greinilega að reyna í þessum leik. Allir leikmenn komu vel stemmdir, sóknin gekk vel, vörnin var öflug og Birkir Ívar í fínu formi þar fyrir aftan. Strákarnir voru alltaf skrefi á undan en í hvert skipti sem þeir fengu tækifæri til að ná vænni forystu gerðu þeir sig seka um klaufaleg mistök sem skiluðu mörkum hjá Pólverjum. Staðan í hálfleik hefði klárlega getað verið vænleg en klaufaskapurinn gerði það að verkum að munurinn var aðeins tvö mörk í leikhléi, 14-12.

Strákarnir byrjuðu síðari hálfleikinn af miklum krafti og unnu kafla manni færri 2-0. Þá fóru dómararnir að henda strákunum af velli fyrir litlar sakir og fyrir vikið komust Pólverjar inn í leikinn á ný.

Ísland komst í 18-14 en í stöðunni 20-17 hrundi leikur liðsins og Pólverjar komust yfir, 20-21, þegar tæpar 20 mínútur voru eftir af leiknum. Á þessum kafla var varnarleikurinn slakur, markvarslan engin og takturinn í sókninni hvarf einnig aldrei þessu vant og munaði nokkuð um að Logi Geirsson fór meiddur af velli.

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi en það datt allt með Pólverjum síðustu mínúturnar sem kristallaðist vel í marki Bieleckis er hann kom Póllandi í 32-34. Boltinn hafði viðkomu af varnarmanni og inn. Þar tapaðist leikurinn endanlega. Óþarfa tveggja mínútna brottvísun fyrir ólöglega innáskiptingu undir lokin hjálpaði heldur ekki til.

Þetta var í einu orði sagt grátlegt. Liðið lék ágætlega lengstum og var alltaf við það að ganga frá leiknum. Það vantaði hins vegar drápseðlið í strákana okkar í dag og það hlýtur að vera þeim mikið áfall að tapa þessum leik sem þeir höfðu í hendi sér nánast frá upphafi. Þeir geta betur, áttu að gera betur og vita það manna best sjálfir. Vonandi verða þeir með blóð á tönnunum er þeir mæta Slóvenum á morgun.

Það voru margir góðir í dag en það er á engan hallað þegar Róbert Gunnarsson er tekinn út en hann átti stórbrotinn leik, skoraði úr öllum sex skotum sínum og fiskaði Pólverjana út af hvað eftir annað. Alexander var einnig frábær og það er búið að vera hrein unun að fylgjast með honum á þessu móti.



**HVAÐ, EKKERT DÆMT?** Ólafur Stefánsson horfir biðlandi til dómara leiksins í gær. Á litlu myndinni til hægri getur Guðjón Valur ekki leynt vonbrigðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Þvílíkur leikmaður. Ólafur og Guðjón áttu fína spretti og Birkir varði vel í fyrri hálfleik.



HM Í ÞÝSKALANDI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Dortmund*
henry@frettabladid.is



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

# *Klaufar að fá ekkert út úr leiknum*

Leikur Íslands og Póllands bauð upp á flest allt sem góður handboltaleikur hefur upp á að bjóða. Leikurinn var hraður og snarpur og það voru spilaðar góðar varnir. Munurinn á liðunum var aldrei mikill og þetta gat farið hvernig sem er. Því miður fyrir okkur þá féll sigurinn ekki okkar megin. Jafntefli hefðu verið sanngjörnustu úrslitin.

Íslenska liðið byrjaði leikinn vel og var greinilega ákveðið að selja sig dýrt. Varnarleikur liðsins var mun betri en gegn Túnis. Birkir Ívar stóð þéttur fyrir aftan vörnina, varði meðal annars tvö vítaskot í byrjun leiks og samtals 9 bolta í fyrri hálfleik.

Íslenska liðið náði að standa vörnina nokkuð vel í fyrri hálfleik en helst lenti það í vandræðum með hröð upphlaup Pólverja en helmingur marka þeirra kom með þeim hætti í fyrri hálfleik.

Í seinni hálfleik spiluðum við 6:0 vörn sem var því miður ekki eins sterk og 5+1 vörnin í fyrri hálfleik. Það vantaði helst að miðjan væri að vinna nægilega góða vinnu.

Seinni hálfleikur hófst með svipuðum hætti og sá fyrri og tókst okkur að halda frumkvæðinu framan af. Pólverjar voru aldrei langt undan en okkur tókst aldrei að ná 3-4 marka forustu. Það hefði getað munað miklu. Þegar síga fór á seinni hlutann komu Pólverjar sterkir inn og síðustu mínúturnar voru gríðarlega spennandi.

Það var mjög svekkjandi að uppskera ekkert út úr þessum leik því vissulega áttum við annað stigið skilið.

Ef það er við einhvern að sakast þá er það við okkur sjálfa því í raun var það fyrir okkar eigin klaufaskap að uppskeran var engin. Frammistaða leikmanna var mjög misjöfn.

Allir leikmenn lögðu sig fram en uppskáru ekki alveg í takt við það. Alex, sem vart sást í fyrri hálfleik, átti frábæran seinni hálfleik og skoraði þá sex mörk. Ólafur sem var frábær í fyrri hálfleik átti erfitt uppdráttar í þeim síðari.

Guðjón Valur stóð sig vel en meiðslin sem hann varð fyrir háðu honum á lokasprettinum. Snorra voru nokkuð mislagðar hendur þótt að hann hefði skorað fimm mörk var sóknarnýting hans ekki nægilega góð. Birkir Ívar var nokkuð fínn í fyrri hálfleik en því miður var markvarslan slök í seinni hálfleik. Roland kom inn á fljótlega í seinni hálfleik en fann sig ekki og spurning var um hvort sú skipting hafi átt rétt á sér. Það er samt auðvelt að vera vitur eftir á.

Logi spilaði nokkuð vel, var skynsamur og nýtti færin sín vel. Ég hefði viljað fá að sjá Markús koma inn en ekki Arnór þegar Logi var hvíldur. Okkur gekk erfiðlega að finna línuna í fyrri hálfleik en í þeim síðari kom Róbert mjög sterkur inn.

Niðurstaðan er því sú að við spiluðum mjög fínan leik en vorum klaufar að kasta sigrinum frá okkur í lokin. Þetta er þó enginn heimsendir og nú er bara að leggja Slóvena af velli í næsta leik en til þess höfum við alla burði.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Öruggur staður til að vera á

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**RONALDO** Real Madrid er að losa sig við fallnar stjörnur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópski fótboltinn:

## Ronaldo á leið til AC Milan

**FÓTBOLTI** Real Madrid er búið að selja brasilíska framherjann Ronaldo til ítalska liðsins AC Milan. Kaupverðið er upp á sex milljónir evra, um 535 milljónir íslenskra króna.

AC Milan hefur verið lengi á eftir Ronaldo og bauð ítrekað í hann í sumar en hann snýr nú aftur til Mílanó-borgar þar sem hann spilaði með Inter á árunum 1997 til 2002. - óój

Roger Federer fór létt með Andy Roddick á opna ástralska meistaramótinu:

# Sharapova og Serena í úrslitum

**TENNIS** Í gær kom í ljós hverjir mætast í úrslitaviðureign einliðaleiks kvenna en þá voru undanúrslitin leikin. Maria Sharapova frá Rússlandi og hin bandaríska Serena Williams mætast í úrslitunum í fyrramálið.

Í fyrri undanúrslitaleik einliðaleiks karla vann besti leikmaður heimsins í dag, Roger Federer, léttan sigur á Andy Roddick frá Bandaríkjunum. Yfirburðir hans í viðureigninni voru algerir.

Sharapova vann Kim Clijsters frá Belgíu í gær frekar auðveldlega, 6-4 og 6-2. Var þetta síðasta viðureign Clijsters á opna ástralska þar sem hún hefur ákveðið að hætta í árslok.

„Auðvitað mun ég sakna þessa,“ sagði hún. „Mér finnst leiðinlegt að hafa ekki staðið mig betur í dag. Ég reyndi hvað ég gat en mætti mér betri leikmanni í dag.“

Serena Williams hefur komið skemmtilega á óvart og í gær vann hún Nicole Vaidisova frá Tékklandi, 7-6 og 6-4. - esá



**SHARAPOVA** Vann góðan sigur á Kim Clijsters í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

NBA-deildin í körfubolta:

## Endurkoma Shaq ekki nóg

**KÖRFUBOLTI Shaquille O'Neal spilaði í fyrrinótt sinn fyrsta leik með Miami Heat síðan í nóvember en það dugði þó ekki því NBA-meistararnir töpuðu fyrir Indiana, 96-94, í framlengdum leik. Miami missti niður 20 stiga forskot í seinni hálfleik.**

**O'Neal var búinn að missa af síðustu 35 leikjum Miami en hann var með 5 stig og 5 fráköst á þeim 14 mínútum sem hann spilaði.**

**„Það er gott að vera aftur byrjaður að spila en ég er augljóslega enn nokkuð ryðgaður. Ég mun losa mig við ryðið og ná mínum takti aftur,“ sagði Shaq eftir leikinn. Dwyane Wade, sem hafði misst af síðasta leik, var með 32 stig og 8 stoðsendingar.** - óój

**HM Í ÞÝSKALANDI**

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### 1. RIÐILL

| | |
|---|---|
| TÚNIS-ÞÝSKALAND | 28-35 |

| | |
|---|---|
| PÓLLAND-ÍSLAND | 35-33 |

**Mörk Íslands (skot):** Róbert Gunnarsson 6 (6), Alexander Petersson 6 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (9), Ólafur Stefánsson 6/1 (10/1), Snorri Steinn Guðjónsson 5 (11), Logi Geirsson 4 (9), Ásgeir Örn Hallgrímsson 0 (2), Arnór Atlason 0 (2).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 12/2 (38/3, 32%), Roland Valur Eradze 2 (af 11, 18%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðjón 3, Róbert 2, Alexander)
**Fiskuð víti:** 1 (Sigfús Sigurðsson)
**Utan vallar:** 14 mínútur.
**Mörk Póllands:** Mariusz Jurasik 7, Karol Bielecki 7, Marcin Lijewski 6, Mateusz Jachlewski 4, Michal Jurecki 4, Bartosz Jurecki 3, Grzegorz Tkaczyk 2, Tomasz Tluczynski 2/1.
**Varin skot:** Slawomir Szmal 13, Adam Weiner 5.
**Hraðaupphlaup:** 9
**Utan vallar:** 10 mínútur.

| | |
|---|---|
| **FRAKKLAND-SLÓVENÍA** | **33-19** |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FRAKKLAND** | **3** | **2** | **0** | **1** | **88-73** | **4** |
| ÍSLAND | 3 | 2 | 0 | 1 | 101-89 | 4 |
| **ÞÝSKALAND** | **3** | **2** | **0** | **1** | **95-84** | **4** |
| PÓLLAND | 3 | 2 | 0 | 1 | 84-89 | 4 |
| **SLÓVENÍA** | **3** | **1** | **0** | **2** | **82-95** | **2** |
| TÚNIS | 3 | 0 | 0 | 3 | 85-105 | 0 |

### 2. RIÐILL

| | |
|---|---|
| TÉKKLAND-RÚSSLAND | 26-30 |
| KRÓATÍA-UNGVERJALAND | 25-18 |
| DANMÖRK-SPÁNN | 27-23 |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KRÓATÍA** | **3** | **3** | **0** | **0** | **85-71** | **6** |
| SPÁNN | 3 | 2 | 0 | 1 | 91-85 | 4 |
| **UNGVERJAL.** | **3** | **2** | **0** | **1** | **76-79** | **4** |
| DANMÖRK | 3 | 1 | 0 | 2 | 82-81 | 2 |
| **RÚSSLAND** | **3** | **1** | **0** | **2** | **86-91** | **2** |
| TÉKKLAND | 3 | 0 | 0 | 3 | 80-93 | 0 |

### AÐRIR LEIKIR

| | |
|---|---|
| KATAR-MAROKKÓ | 27-44 |
| KÚVÆT-ARGENTÍNA | 25-28 |
| GRÆNLAND-BRASILÍA | 30-33 |
| EGYPTALAND-SUÐUR-KÓREA | 30-36 |

# Sjálfum okkur verstir

**Alfreð Gíslason segir að íslenska liðið hafi farið illa að ráði sínu gegn Pólverjum í gær og að slök dómgæsla hafi einnig lítið hjálpað.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason var eðlilega ekki sáttur í leikslok enda tapið sárt þar sem íslenska liðið hafði leikinn í höndum sér fram að síðustu tíu mínútunum.

„Við áttum alltaf möguleika og vorum með þennan leik lengstum. Þegar við fengum tækifæri til að ganga frá leiknum við fengum við dæmdan á okkur ruðning og sumir þessara dóma voru algjört grín. Dómararnir dæmdu líka stundum of snemma. Við vorum þá að keyra kerfi og þeir fatta ekki hvað við erum að gera. Ég hef oft fengið þessa dómara áður og þetta er það slakasta sem ég hef séð frá þeim. Það var ekkert samræmi í þessari dómgæslu í dag,“ sagði Alfreð brúnaþungur að loknum blaðamannafundi.

Hann vill þó ekki skella skuldinni alfarið á dómarana þó að flestir geti verið sammála um að þeir hafi verið slakir.

„Við vorum að taka ótímabær skot og annað. Við fórum skelfilega illa að ráði okkar og við vorum sjálfum okkur verstir. Við vorum svo í vandræðum með skytturnar og þegar við sóttum út kom hinn sterki línumaður þeirra sér vel fyrir og fékk boltann. Þetta var allt svolítið erfitt og sendingafeilarnir voru líka margir,“ sagði Alfreð en hefði hann viljað gera eitthvað öðruvísi varðandi vörnina og markvörsluna í síðari hálfleik?

„Ég veit það ekki. Ég var að prófa ýmislegt og báðir markverðir fengu sinn tíma en það skilaði litlu. Það var allt reynt en það bara gekk ekki í dag. Þetta var hrikalega svekkjandi,“ sagði Alfreð, sem var ekki búinn að ákveða hvernig deginum í dag yrði varið en Ísland á leik aftur á morgun Slóvenum.

henry@frettabladid.is



**FÓRU ILLA AÐ RÁÐI SÍNU** Þjálfarinn Alfreð Gíslason sagði strákana hafa farið illa að ráði sínu því þeir hefðu fengið tækifæri til þess að ganga frá leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SLÆMT HÖGG** Logi Geirsson fékk slæmt högg á öxlina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Logi Geirsson meiddist á öxl:

## Við komum tvíefldir til baka

**HANDBOLTI** Stórskyttan Logi Geirsson var frekar illa lemstraður eftir leik en hann meiddist á öxl í leiknum.

"Heilsan er fín en ég varð samt hræddur því ég hef farið úr axlarlið á þessari sömu öxl. Ég finn að öxlin er byrjuð að bólgna upp þannig að núna tekur við kæling og sjúkraþjálfun," sagði Logi merkilega brattur enda jákvæður maður með eindæmum.

"Ég kom inn aftur þó ég væri ekki alveg heill. Maður varð að fórna sér enda var ég lélegur í seinni hálfleik. Annars var þetta slakur leikur en við komum tvíefldir til baka og vinnum Slóvena. Það er ekki spurning. Það vantaði "killerinn" í okkur í dag til að klára leikinn og skil ekki alveg hvað gerðist í dag," sagði Logi. – hbg




# MAX

VALDAR VÖRUR **15-90%** AFSLÁTTUR

ÖRFÁ VERÐ DÆMI

# DÚNDUR DAGAR



DÚNDUR verð **194.999 kr.**

37 tommur

Fullt verð ~~229.999~~

**Philips 37PF7331**
- 37" HD Ready LCD breiðtjald
- Pixel Plus myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Noise Reduction
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam Stereó stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi



DÚNDUR verð **269.999 kr.**

Fullt verð ~~329.999~~

42 tommur

**Philips 42PF7621D**
- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari
- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi



DÚNDUR verð **79.999 kr.**

Fullt verð ~~119.999~~

**Toshiba Sattelite Pro A120**
- Core2Duo T550 1.66 örgjörvi
- 512 innra minni,
- 15,4" breiðtjaldsskjár
- 80gb harður diskur
- DVD spilari
- Práðlaust net
- XP Pro



DÚNDUR verð **19.999 kr.**

Fullt verð ~~28.999~~

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

DÚNDUR verð **39.999 kr.** Fullt verð ~~52.788~~



**Panasonic DMREH55 UPPTÖKUTÆKI**
- DVD upptökutæki
- Með 160GB hörðum disk
- Allt að 284 tíma upptaka á harðan disk
- Auðvelt að tengja tökuvél við spilarann
- Rauf fyrir SD kort



DVD MYNDIR

DÚNDUR verð **1.949 kr.** Fullt verð ~~2.299~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

## > BEN AFFLECK



Benjamin Geza Affleck fæddist 15. ágúst 1972 í Bandaríkjunum. Ben vildi verða leikari frá því hann man eftir sér og frumraun hans á því sviði var í Burger King auglýsingu. Þegar hann lék í sjónvarpsþáttum kynntist hann Matt Damon og þeir menntuðu sig saman í leiklistinni. Hann er þekktur fyrir það í bransanum að leggja sig alltaf allan fram og sýna verkefnum sínum mikinn metnað. Það hefur komið honum langt. Hann leikur í myndinni Jersey Girl sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON TEKUR JACK BAUER FAGNANDI

# *Tvær leiðir til að deyja*

Sjötti sólarhringurinn í lífi terroristaskelfisins Jack Bauer hófst á Stöð 2 á sunnudaginn. Heldur var af okkar manni dregið í þessum fyrsta þætti 24 þar sem hann sneri aftur eftir erfitt frí í Kína. Bauer er enginn venjulegur maður og stóð af sér píslir og vandarhögg kínverskra kvalara sinna til þess eins að láta forseta sinn fórna sér í refskák við grimma hryðjuverkamenn.

Jack var nú ekki að gera veður út af því enda alltaf tilbúinn til að deyja fyrir þjóð sína. Hafði meira að segja tórað í Kína vegna þess eins að hann vildi ekki deyja til einskis.

Jack er með þetta allt á hreinu. Það eru tvær leiðir til að deyja. Til einskis eða fyrir eitthvað sem skiptir máli og Jack tekur auðvitað seinni kostinn.

Ræða Jacks um mikilvægi þess að deyja fyrir eitthvað var á mörkum þess að vera hallærisleg þó Jack sé töff. Amerísk þjóðremban verður stundum bara svo yfirgengileg í þáttunum og Jack var þarna fyrst og fremst að brýna það fyrir áhorfendum að þeir ættu allir að líta á það sem heiður að fá að fórna sér fyrir þjóð sína í stríðinu við hryðjuverkamenn.

Skilaboð Jacks eru skýr enda kom hann til sögunnar eftir 9/11 og er maður nýrra tíma. Þættirnir eru grímulaus áróður fyrir því að útsendarar yfirvalda eigi að hafa alveg frjálsar hendur þegar það kemur að því að uppræta þjóðarmein og afhjúpa svikara.



Þess er þó vandlega gætt að senda Bush-stjórninni tóninn reglulega og góða fólkið í Hvíta húsinu veit að herlög og fangabúðir leysa engan vanda. Lausn 24 á hryðjuverkavandanum er einfaldlega sú að hafa skynsama demókrata í Hvíta húsinu en leyfa þeim að beita fyrir sig mannlegum vígvélum sem er jafn umhugað um mannréttindi og yktri skrípamynd af Donald Rumsfeld.

Þrátt fyrir þetta er Bauer okkar maður. Langflottastur. Spennan og skemmtigildið kaffæra heilbrigða skynsemi og ég mun ekki hika við að helga honum næstu 23 sunnudagskvöld. Verst samt ef ég og börnin mín verðum Bauer svo fylgispök að við förum að taka meðul hans góð og gild.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Pretty Woman Stöð 2 bíó



▶ **19.30** Trailer Park Boys Skjár einn



▶ **20.05** The Simpsons Stöð 2



▶ **22.30** Till Death Do Us Part Sirkus



▶ **00.00** Philadelphia - Cleveland Sýn

## SJÓNVARPIÐ

**12.45 Alpasyrpa** Samantekt af heimsbikarmótum í alpagreinum.

**14.05 HM í handbolta** Endursýndur leikur Frakka og Slóvena í milliriðli.

**14.05 HM í handbolta** Endursýndur leikur Íslands og Póllands í milliriðli.

▶**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Snillingarnir** (20:28)

**18.25 Ungar ofurhetjur** (12:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** Flutt verða lögin þrjú sem komust áfram á laugardagskvöld.

**20.25 Eldflaugin** (The Rocketeer) Bandarísk ævintýramynd frá 1991. Ungur flugmaður kemst yfir eldflaug og reynir með hjálp velgjörðarmanns síns að bjarga elskunni sinni og snúa á nasista. Leikstjóri er Joe Johnston og meðal leikenda eru Bill Campbell, Jennifer Connelly, Alan Arkin og Timothy Dalton.

**22.15 Hindurvitni** (Superstition) Bresk bíómynd frá 2001. Nítján ára barnapía er sökuð um morð eftir að kviknar í rúmi barnsins sem hún er að passa. Leikstjóri er Kenneth Hope og meðal leikenda eru Mark Strong, Sienna Guillory, David Warner og Charlotte Rampling.

**23.50 Trufluð stelpa** (Girl, Interrupted) Bandarísk bíómynd frá 1999. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:05 Without a Paddle** Bönnuð b.

**08:00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde** (Löggilt ljóska 2) 2003.

**10:00 Pretty Woman** (Stórkostleg stúlka)

**12:00 Jersey Girl** (Stelpan frá Jersey)

**13:40 Harry Potter and the Chamber of Secrets** (Harry Potter og leyniklefinn)

**16:15 Legally Blonde 2: Red, White**

▶**18:00 Pretty Woman**

**20:00 Jersey Girl** (Stelpan frá Jersey)

**22:00 Spider-Man 2**

**00:05 Taking Lives** (Lífssviptingar) Stranglega bönnuð börnum.

**02:00 Without a Paddle**

**04:00 Spider-Man 2**

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**

**09:00 Bold and the Beautiful**

**09:20 Í fínu formi 2005**

**09:35 Oprah**

**10:20 Ísland í bítið (e)**

**12:00 Hádegisfréttir**

**12:40 Nágrannar** (Neighbours)

**13:05 Valentína**

**14:35 Extreme Makeover: Home Edition** (25:25) (Hús í andlitslyftingu)

**15:55 Hestaklúbburinn** (Saddle Club)

**16:18 Nýja vonda nornin**

**16:38 Kringlukast** (BeyBlade)

**17:03 Töfravagninn**

**17:28 Bold and the Beautiful**

**17:53 Nágrannar** (Neighbours)

**18:18 Íþróttir og veður**

**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19:00 Ísland í dag**

▶**20:05 The Simpsons** (4:22) (Simpsons-fjölskyldan) Átjánda og nýjasta þáttaröð langlífustu og einnar allra færsælustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins.

**20:30 X-Factor** (10:20) (Úrslit 12) Tólf atriði komast í úrslit og munu dómararnir skipta þátttakendum jafnt á milli sín og aðstoða þá við að komast alla leið.

**21:55 Punk´d - NÝTT** (1:16) (Gómaður) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar.

**22:25 X-Factor - úrslit símakosningar** Niðurstöður símakosningar í X-Factor kynntar og í ljós kemur hver fellur úr leik og kemst ekki lengra í úrslitakeppninni í X-Factor. 2006.

**22:55 From Justin to Kelly** (From Justin to Kelly) Leikin bíómynd fyrir alla sanna aðdáendur American Idol-þáttanna vinsælu. Hér leikur Kelly Clarkson sjálfa sig í sögu sem segir frá því hvernig þessi óþekkta stelpa fór að því að koma sjá og sigra í fyrstu American Idol-keppninni. 2003.

**00:15 A Walk to Remember** (Minningabrot) Áhrifamikil kvikmynd um líf ungmenna í Norður-Karólínu. Landon Carter er stefnulaus maður sem gerir fátt annað en að slæpast með vinum sínum. Aðalhlutverk: Shane West, Mandy Moore, Peter Coyote, Daryl Hannah. Leikstjóri: Adam Shankman. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.

**01:55 Garage Days** (Bílskúrsdagar)

**03:35 Ísland í bítið e**

**05:10 Fréttir og Ísland í dag**

**06:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Entertainment Tonight (e)**

**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19:00 Ísland í dag**

**19:30 American Dad 3 (e)**

**20:00 Up In Smoke Tour** (Snoop Dogg, Eminem, Dr. Dre & Ice Cube) Dr. Dre, Ice Cube, Eminem og Snoop Dogg eru hér samankomnir á frábærum tónleikum.

▶**22:30 Till Death Do Us Part: Carmen (e)** Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tökum lýkur. Ofurgellan Carmen Electra og metrórokkarinn Dave Navarro eru ekki undanskilin þeirri gullnu reglu og í þessum þáttum fáum við að fylgjast með undirbúningi brúðkaups þeirra og lífinu í kjölfarið. Hjónin dugðu í 7 þætti sem er bara nokkuð gott í Hollywood ekki satt?

**23:00 Sirkus Rvk (e)**

**23:30 South Park (e)**

**00:00 A Man Apart** (Tættur) Mögnuð hasarspennumynd. Sean Vetter starfar í fíkniefnalöggunni og hefur orðið vel ágengt við að stöðva eiturlyfjasmyglið frá Mexíkó. Aðalhlutverk: Vin Diesel, Alice Amter, Jim Boeke, Ken Davitian. Leikstjóri: F. Gary Gray. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**01:50 Chappelle´s Show 1 (e)**

**02:20 Brat Camp USA (e)**

**03:10 Pepper Dennis (e)**

**04:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla.** Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08:00 Rachael Ray (e)**

**08:55 Vörutorg**

**09:55 Melrose Place (e)**

**10:40 Óstöðvandi tónlist**

**14:05 The King of Queens (e)**

**14:35 Vörutorg**

**15:35 Queer Eye for the Straight Guy**

**16:35 Beverly Hills 90210**

**17:20 Rachael Ray**

**18:15 Melrose Place**

**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**

▶**19:30 Trailer Park Boys** Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.

**20:00 T.H.E.M. (e)** Ótrúlegar sjónhverfingar og töfrabrögð sem koma öllum í gott skap. Hópur sjónhverfingameistara vinnur hér saman til að koma fólki í opna skjöldu með brellum og brögðum.

**21:00 The Bachelor VIII** Bandarísk raunveruleikasería.

**22:00 Kojak**

**22:50 Everybody Loves Raymond**

**23:20 Nightmares and Dreamscapes** Hrollvekjandi þáttaröð sem byggð er á smásögum eftir Stephen King. William H. Macy leikur aðalhlutverkið í þessari mögnuðu sögu um rithöfund sem er harmi sleginn eftir fráfall sonar síns og þráir að komast í nýtt umhverfi. Hann skrifar sjálfan sig í eina af skáldsögum sínum og hefur vistaskipti við aðalsöguhetjuna, einkaspæjarann Clyde Umney. Bönnuð börnum.

**00:20 House (e).**

**01:20 Close to Home (e)**

**02:10 Beverly Hills 90210 (e)**

**02:55 Vörutorg**

**03:55 Melrose Place (e)**

**04:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

**06:15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**14:00 Man. City - Blackburn (frá 20.jan)**

**16:00 Portsmouth - Charlton (frá 20. jan)**

**18:00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.

**18:30 Wigan - Everton (frá 21.jan)**

**20:30 Juventus - Bari (frá 20. jan)**

**22:30 Lazio - AC Milan (frá 21.jan)**

**00:30 Dagskrárlok**




# Skafmiðaleikur Prince Polo



## Yfir 1000 vinningar!

Veldu 4 eða 6 stykkja Prince Polo pakka með skafmiða og freistaðu gæfunnar!

**Glæsilegir vinningar:**

- Acer fartölva frá Svar tækni
- Fartölvutaska
- Miði á fjölskyldumyndina Artúr og Mínimóarnir
- Pakkar af Prince Polo mini



**Prince Polo – alltaf jafn gott**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-Factor



Úrslitakeppnin í X-Factor er hafin í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind. Tólf atriði mæta til úrslita, fjögur úr hverjum hópi. Fyrir hönd Páls Óskars keppa sönghóparnir Fjórflettan, skipaður þeim Ásdísi Björk Kristjánsdóttur, Hjalteyu Sigurðardóttur, Elvu Árnadóttur og Hjördísi Birgisdóttur; Já, skipaður systkinunum Hans Júlíusi og Ásdísi Rósu Þórðarbörnum; Hara, skipaður systrunum Hildi og Rakeli Magnúsdætrum og Gís, skipaður Guðnýju Pálu Rögnvaldsdóttur og Írisi Hólm Jónsdóttur. Fyrir hönd Einars Bárðarsonar í hópnum 25 ára og eldri keppa Sigurður Ingimarsson, Jógvan Hansen, Inga Sædal og Allan Jones. Fyrir hönd Ellýjar, í hópnum 16-24 ára keppa Gylfi Víðisson, Guðbjörg Hilmarsdóttir, Sigurbjörg Tinna Gunnarsdóttir og Jóhanna M. Wiklund. Eitt atriði fellur úr keppni í hverjum þætti og það er þjóðin sem hefur valið í símakosningu. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn? Fylgist með úrslitakeppninni frá upphafi.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SPIDERMAN 2 STÖÐ 2 BÍÓ 22.00

Ein allra vinsælasta ofurhetjumynd sögunnar og ekki nóg með það heldur einnig einhver rómaðasta mynd þeirrar tegundar sem um getur. Í þessari framhaldsmynd Sams Raimi um Köngulóarmanninn þarf hin rauðklædda hetja að glíma við illmennið Kolkrabba, leikinn af Alfred Molina, sem eins og sönnu illmenni sæmir hefur í hyggju að leggja undir sig heiminn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (19:23)
**14.30** Miðdegistónar Tónlist eftir Mozart
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Fáfræðin er óvinur lýðræðisins
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Litla flugan (Frá því í gær)
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.10 Presidents Cup 2007 - Official**
**18.35 Gillette Sportpakkinn**
**19.05 FA Cup - Preview Show 2007** Hitað upp fyrir næstu umferð í þessari elstu bikarkeppni heims í knattspyrnu.
**19.35 Spænski boltinn - upphitun**
**20.00 Ameríski fótboltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**20.30 Pro bull riding**
**21.30 World Supercross GP 2006-2007**
**22.30 Heimsmótaröðin í Póker**
▶**00.00 NBA deildin** (Philadelphia - Cleveland) Bein útsending frá leik Philadelphia 76ers og Cleveland Cavaliers í NBA-körfuboltanum. Forvitnilegt verður að fylgjast með Philadelphiu en liðið hefur nýlega látið Alan Iverson fara frá félaginu en hann hefur verið helsta stjarna liðsins í tæpan áratug.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Gnotterne **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **8.30** Børneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** Kend dit hus **10.00** DR-Derude i Skotland **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Barnestjerner for Folket - hundrede år med Nordisk Film **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Disney Sjov **19.00** Dansk Melodi Grand Prix 2007 **20.00** TV Avisen **20.30** Vinderne af 1. semifinale **20.45** Minority Report **23.05** Outbreak **1.10** Boogie Listen

## NRK 1

**8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Schrödingers katt **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20 Fra Oslo og** Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 1**6.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.15** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Chuck Berry - live fra BBC Theatre i 1972 **0.00** Sorte orm

## SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Ramp höjdare **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Under stjärnorna **10.15** Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** På spåret **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Konståkning: EM **17.00** Höjdarna **17.25** Budfirman Bums **17.30** Pelikanmannen **18.00** Mitt liv som en Popat **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Brandvägg **21.30** Konståkning: EM **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** We Were Soldiers **1.05** Sändningar från SVT24


Treystum tengslin
norður yfir heiðar



Höfum opnað nýja og glæsilega verslun
að Baldursnesi 6, Akureyri

Frábær opnunartilboð í verslunum
okkar á Akureyri og í Kópavogi

Hjá Tengi getur þú valið um alla breiddina, það glæsilegasta jafnt sem hagkvæmasta bæði í verði og útliti, fyrir eldhúsið, baðið og þvottahúsið, í meiriháttar úrvali.

Komdu, upplifðu úrvalið, skoðaðu nýjar lausnir og fáðu skemmtilegar hugmyndir.

Tilboðsdagar



**Ifö**
**handlaugar**
Ifö Sign - nýja línan frá Ifö. Auðveld í þrifum, fallegar og nettar.
tilboð:
**25% afsláttur**



**mora**
**blöndunartæki**
Þekkt fyrir gæði sem fara skínandi vel í eldhúsinu eða á baðinu.
tilboð:
**25% afsláttur**



**intra**
**eldhúsvaskar**
Framleiddir úr gæðastáli og fást í fjölbreyttum gerðum og formi.
tilboð:
**25% afsláttur**



**GEBERIT**
**innbyggt salerni**
Vegghengt salerni með innbyggðum kassa og harðri setu.
tilboð:
**34.900kr.**



**Sundance Spas**
**Heitir pottar**
Eigðu unaðsstundir í náttúrunni í ríkulega búnum potti.
**Athyglisverð tilboð!**

H:N markaðssamskipti / SÍA

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is
Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050 Fax 414 1051

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Páll Óskar Hjálmtýsson sem undirbýr fyrstu sólóplötu sína í átta ár, samhliða því að dæma söngfuglana í X-Factor og sinna Eurovision-þörfum landsmanna.*

# Garðar úr leik eftir bráðabarkabólgu

„Þetta kom upp á versta tíma. Það var búið að bóka heljarinnar fjölmiðla- og kynningarfund fyrir Garðar í síðustu viku. Við vorum búnir að leigja flottasta klúbbinn í London og 32 manna sinfóníuhljómsveit til að spila undir í fimm lögum en þessu hefur því miður verið frestað,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars Cortes. Stórtenórinn hefur nú legið veikur í tvær vikur og var nýlega greindur með bráðabarkabólgu. „Hann er að komast á ról núna og við reiknum með að halda þessa kynningu í næsta viku,“ segir Einar.



**EINAR BÁRÐARSON** Segir stórsöngvarann vera á góðu róli og hann sé allur að braggast.

Allt átti að leggja í sölurnar á þessari kynningu og segir Einar að þeir ætli að halda sínu striki. „Garðar átti að koma fram með Catherine Jenkins í kvöld en við ákváðum að draga hann út úr þeirri dagskrá og hvíla hann,“ útskýrir Einar. Bretarnir fengu engan meðaljón til að fylla skarð íslensku vonarstjörnunnar heldur fengu einhvern vinsælasta ungtenór landsins, Mark Spence, til að fylla upp í tómið sem Garðar skilur eftir sig.

Einar vildi ekkert tjá sig um samningaviðræðurnar við Universal-útgáfufyrirtækið sem hefur mikinn hug á að fá Garðar til liðs við sig. „Þetta er í réttum farvegi,“ sagði umboðsmaðurinn. **- fgg**



**GARÐAR** Veiktist heiftarlega og hefur legið fyrir í tvær vikur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2 sléttur **6** tveir eins **8** af **9** knæpa **11** til **12** goðmögn **14** óviss í tali **16** utan **17** fley **18** fát **20** í röð **21** fullnægja.
**LÓÐRÉTT**
1 mjúkleiki **3** frá **4** afsal **5** hvíld **7** dröfnóttur **10** svif **13** bókstafur **15** auma **16** upphrópun **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 jafn, 6 ýý, 8 frá, 9 krá, 11 að, 12 tótem, 14 tafsa, 16 út, 17 far, 18 fum, 20 lm, 21 fróa. **LÓÐRÉTT:** 1 mýkt, 3 af, 4 framsal, 5 náð, 7 ýróttur, 10 áta, 13 eff, 15 arma, 16 úff, 19 mó.


HM í handbolta
Fáðu fréttir af strákunum okkar!



www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar




**GUNNAR HANSSON** Hyggst launa mótleikara sínum lambið gráa og láta hann finna til tevatnsins á sunnudaginn.

GUNNAR HANSSON: MEIDDIST VIÐ ÆFINGAR Í BORGARLEIKHÚSINU

# Með brotið rifbein og laskaður eins og boxari

„Ég festi höndina eitthvað undir mér í átakssenu milli mín og Ellerts. Og það með þessum afleiðingum,“ segir leikarinn Gunnar Hansson, sem rifbeinsbrotnaði á sýningunni Degi vonar síðastliðið sunnudagskvöld. „Ég átti þetta sennilega skilið. Enda búinn að gera mikið grín að samstarfsfélaga mínum Halldóri Gylfasyni eftir að hann sleit hásin í fótboltaleik milli Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins,“ bætir leikarinn við og reynir af veikum mætti að líkja líkamsástandi sínu við hnefaleikakappa. En það fellur um sjálft sig. „Ég væri alltaf grátandi í hringnum,“ segir hann og hlær.

Gunnar segir að sýningin hafi nánast gengið frá honum líkamlega því áður en æfingar hófust þurfti leikarinn að fara í aðgerð á fæti. „Ég hafði talið sjálfum mér trú um að þetta væri eitthvað smávægilegt. En var síðan draghaltur á fyrri hluta æfingaferilsins,“ segir Gunnar en þar með er ekki öll sagan sögð. „Í einu slagsmálaatriðinu festi ég putta í skyrtu Ellerts og tognaði það illa að hann þrefaldaðist,“ útskýrir Gunnar auk þess sem þumalputtarnir eru báðir nokkuð bólgnir eftir átökin á sviðinu. „Ég og Ellert tökumst sérstaklega mikið á í tveimur atriðum. Og höfðum ákveðið að hafa þetta ekki of óekta heldur láta hvor annan finna fyrir því,“ segir leikarinn og þetta eru fórnirnar sem hann þarf að færa.

Gunnar ætlar að harka af sér og mun bryðja verkjatöflur fyrir átökin. „Ég er helvíti aumur. Læknirinn ýtti létt á veika blettinn og ég væli eins og kelling,“ segir Gunnar. „Reyndar er það nú þannig að þegar ég er aumur þá er ég alveg agalega aumur,“ bætir leikarinn við. Og segist vera farinn að finna fyrir því hjá samstarfsfólki sínu að það haldi að hann sé algjör kveif. „Enda hef ég alltaf verið að væla og nú sést þetta ekki einu sinni á mér,“ segir hann og hlær.

Og áhorfendur Borgarleikhússins mega búast við miklum átökum á sviðinu því Gunnar sendir mótleikara sínum Ellerti tóninn. Vonar að hann sé stoltur af sjálfum sér og afrekum sínum. „Hann er fauti og fantur. Og ég mun borga fyrir mig,“ segir hann.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjöldi Íslendinga sem mætir á Upton Park, heimavöll enska úrvalsdeildarliðsins West Ham, hefur margfaldast eftir að þeir **Eggert Magnússon** og **Björgólfur Guðmundsson** eignuðust félagið fyrir skemmstu. Landsbankinn bauð til að mynda helstu toppunum í HB Granda á leik West Ham við Fulham á dögunum og skemmti hópurinn sér hið besta. Það var þó ekki leikurinn sem var það eftirminnilegasta við ferð HB Grandamanna því enn meira sport þótti fólgið í því að sitja í einkaþotu **Björgólfs Thors Björgólfssonar** til London og aftur til baka.



Bloggarar ýmist telja sig hafa staðfestar heimildir fyrir því að dreginn verði fram undirritaður samningur um kaup 365 á Skjá einum í kjölfar þess að RÚV-frumvarpinu umdeilda var þröngvað í gegnum þingið. Og því er hvíslað að **Magnús Ragnarsson** á Skjá einum verði sjónvarpsstjóri en það yrði þá í mikilli óþökk **Ara Edwald**, forstjóra 365, og hans nánustu en Magnús er ekki efstur á vinsældalista þar á bæ eftir áralangar ýfingar. Enda mun Magnús ganga undir nafninu „Maggi glæpur“ á markaðsdeild 365 sem hefur aðsetur í gamla Nýherjahúsinu við Skaftahlíð. Eftirgrennslanir Fréttablaðsins leiða reyndar í ljós að kaup á Skjá einum séu ekki á teikniborðinu sem stendur hvað sem seinna verður. **- hdm/jbg**






FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14

SÚR HVALUR - SÚRT RENGI
HARÐFISKUR




# Bubbi með brjósklos í hálsi

„Þetta er áfall. En þeir eru ekkert heilagir þessir læknar þótt margir haldi það. Ég held því fram að þetta sé klemmd taug. Of miklar æfingar,“ segir Bubbi Morthens, sem í gær var staddur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem hann gekkst undir ómskoðun. Úrskurður lækna var sá að Bubbi þjáðist af brjósklosi í hálsi. Fella þurfti niður fyrirhugaða tónleika í Sjallanum á Akureyri í gærkvöldi og ljóst að Bubbi telur það hið mesta skaðræði í þeim bransa sem hann starfar í – tónleikahaldi. „Alveg ferlegt.“ En hann er hins vegar algerlega óspilafær og lítið við því að segja. Hægri hönd nánast lömuð og hann dofinn og aumur í hálsi.

Ástæður þess að blása þurfti af tónleikana eru ekki þær að Bubbi sé fallinn – ef einhver kynni að draga þá ályktun við þær fregnir að enginn var Bubbi að spila á Akureyri eins og til stóð. Bubbi er ekki fallinn en eftir tæpan mánuð verður einmitt tekið fyrir í Hæstarétti mál hans á hendur tímaritinu sáluga, Hér og nú, sem dæmt var í héraði til að greiða Bubba bætur fyrir að hafa á forsíðu fyrirsögnina „Bubbi fallinn“. Voru að vísa til reykingabindindis en dómarinn féllst á það með gallhörðum lögmanni Bubba, Sigríði Rut, að þetta mætti aðeins skilja á einn veg. **- jbg**



**BUBBI MORTHENS** Fella þurfti niður tónleika fyrir norðan í gær vegna eymsla í hálsi og dofinnar handar.

# Framköllunartilboð

Gildir til 31. janúar



## Filmu framköllun

Borgar fyrir eina filmu en framkallar tvær!

*** 2 fyrir 1**

* Greitt er fyrir dýrari framköllunina



## Stafræn framköllun aðeins 25 kr myndin

Verðdæmi: þú færð 100 myndir á 2.500 kr

**25 kr. stk.**

Framkallaðu myndirnar þínar og varðveittu minningarnar á öruggan hátt

100 ára
HANS PETERSEN
1907–2007

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




BAKÞANKAR

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

## *Stefnulaus heift*

Það hefur mikið verið rætt um útlendinga- og kynþáttahatur í íslensku samfélagi, einkum eftir sérkennilegt upphlaup ákveðins flokks í sjálfsmyndarkrísu seint á síðasta ári. Það hafði umræðu í för með sér og sem betur fer var mikið af skynsömu og gáfuðu fólki sem þar tók til máls.

**EIN** er sú tegund útlendingahaturs sem sjaldan er gagnrýnd og getur þó orðið mjög svæsin. Það er hin glórulausa andúð á Bandaríkjamönnum og öllu sem frá þeim kemur.

**BANDARÍKJAMENN** eru nefnilega heimskir, þröngsýnir, hættulegir offitusjúklingar og ofsatrúarmenn. Ég þekki fullt af fólki sem myndi kinka kolli við hverja einustu af þessum staðhæfingum. Og það er allt fólk sem telur sig almennt víðsýna heimsborgara.

**Á** hverju eru þessar hugmyndir byggðar? Annars vegar er það á utanríkisstefnu bandarískra stjórnvalda. Hún er vissulega ekki til þess fallin að afla Bandaríkjamönnum vinsælda annars staðar í heiminum. En þó að stjórnvöld séu valin af þjóðinni, þá má ekki leggja þetta tvennt að jöfnu. Eða dettur einhverjum það fyrst í hug þegar hann hittir Dana á djamminu að rjúka á hann og saka um rasisma vegna innflytjendastefnu danskra stjórnvalda? Undir þessu mega bandarískir ferðamenn sitja ef þeir hætta sér út á lífið í Reykjavík.

**HINS** vegar virðast mér hugmyndir margra um Bandaríkjamenn byggðar á þeim hluta spjallþáttar Jay Leno sem kallast Jaywalking. Þá fer Jay út á götu og spyr vegfarendur spurninga um allt milli himins og jarðar. Síðan heldur hann með upptökurnar heim í klippiherbergi og klippir út alla með eitthvað milli eyrnanna, en sýnir okkur nokkra gæfulausa einstaklinga sem þekkja ekki muninn á hundi og ketti. Af því að það getur verið fyndið. En af hverju dettur nokkrum í hug að það sýni þverskurð af bandarísku þjóðinni? Myndi einhver Íslendingur vilja láta dæma sig út frá djammþáttunum á Sirkus?

**ÞAÐ** er helber hræsni að úthrópa aðra sem útlendingahatara fyrir fordóma gagnvart Pólverjum og Víetnömum, en gera svo Bandaríkjamenn að blóraböggli fyrir eigin útlendingahatur og líta á það sem einhvers konar pólitíska meðvitund og gagnrýna hugsun. Það er hægt að gagnrýna ýmislegt í öllum þjóðfélögum. En þetta er þjóðin sem færði heiminum djassinn og rokkið, svo fátt eitt sé nefnt, og hún á ekki skilið slíka stefnulausa heift.


MARKAÐURINN
Einfalt mál
á www.visir.is
alla daga








GLITNIR STYRKIR AFREKSKONUR Í ÍÞRÓTTUM

Afrekskvennasjóður Glitnis og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands hefur verið stofnaður með 20 milljóna króna framlagi Glitnis. Tilgangur sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda íþrótt sína og ná árangri.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.glitnir.is og www.isi.is.

ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI

GLITNIR